



Ársskýrslur ÍBA 2010-2011



*Íþróttamaður Akureyrar 2010
Bryndís Rún var ekki á landinu*



*Íþróttamaður Akureyrar 2011, Bryndís Rún
Hansen Sundfélagið Óðinn*





*Þeir sem voru
tilnefndir til
Íþróttamaður
Akureyrar 2010*



*Nói Björnsson,
Skjöldur Jónsson og
Kristinn Svanbergsson*



*Árni Jónsson,
Gunnar Eiríksson,
Hrefna tók við fyrir
Skjöld Jónsson, Stefán
Jónasson og Núi
Björnsson*

Ársskýrslur ÍBA

2010-2011

59. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar

haldið á Hótel KEA 14. apríl 2010

1. Þingsetning.

Þröstur Guðjónsson formaður ÍBA setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Þröstur byrjaði þingið á því að minnast látinna; **Sigbjörn Gunnarsson KA, Ragnar Sigtryggsson KA, Gísli Bjarnason TBA, Sverrir Leósson, Svavar Ottesen, Gunnars Þorvaldssonar UFA. Egill Jónasson og Gunnsteinn Sólberg Sigurðsson Létti.**

2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Halldór Arinbjarnarson, Garðar Sigurðsson og Þórunn Harðardóttir

3. kosning þingforseta og þingritara:

Þingforseti Hannes Karlsson og Páll Jóhannesson þingritari

4. Ávörp gesta.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir bar þinginu kveðju forseta ÍSÍ og færði þinginu fréttir af starfsemi ÍSÍ hvað hafi gerst undanfarin tvö ár. Kom Helga inná marga hluti t.d. hvatti hún aðildarfélögin til að vera dugleg að uppfylla fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Einnig sagði Helga Steinunn að íþróttahreyfingin að vera duglega að láta í sér heyra og verja ferðajöfnunarsjóðinn. Einnig þakkaði hún stuðningin til áfram haldandi stjórnarsetu í ÍSÍ.

Ólafur Jónsson formaður ÍRA. Ólafur fór leit yfir farin veg á síðasta kjörtímabili og ekki síst vegna þess hve vel tókst til við framkvæmd Landsmóts UMFÍ 2009. Drög að íþróttastefna Akureyrarbæjar liggur nú fyrir og mikil vinna hefur verið lögð í. Segist Ólafur vonast til að hún nái fram að ganga nú og verði samþykkt. Samskipti íþróttafélaga við ÍBA varðandi fjölgun félaga. Menn verði að skoða betur hvort menn ættu ekki frekar að stækka félagin með nýjum deildum og nýta þá fjármuni sem eru til skiptanna. Biður hann menn að skoða þessi mál með opnum huga.

5. Skýrsla stjórnar og sérráða og reikningar þeirra.

Þröstur Guðjónsson formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir þeim verkefnum sem hæst báru frá seinasta þingi ÍBA, Þröstur hóf mál sitt á því að segja mönnum frá því að skýrslan hafi verið óvenjulega snemma tilbúinn eða 21. mars og vildi hann þakka fyrir það.

5. formannafundur voru haldnir á síðasta kjörtímabili en samkvæmt lögum á ÍBA að halda 4-5 formanna fundi á tveggja ára kjörtímabili.

6. Kjörbréfanefnd skilar af sér og skýrir niðurstöður.

Halldór Arinbjarnarson formaður kjörnefndar fer yfir störf nefndarinnar.

7. Fjárhagsáætlun ÍBA 2010.

Gunnar Karlsson gjaldkeri ÍBA flutti fjárhagsáætlun ÍBA fyrir árið 2010. Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina og er vísað til fjárlaganefndar..

Tekjur:

Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9.250.000 kr.
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	750.000 –
Framlag frá Getraunum	600.000 –
Vaxtatekjur	200.000 –
Lottótekjur	6.600.000 –

Tekjur samtals

17.400.000 -

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	3.600.000 kr.
Skrifstofu- og tölvukostnaður	400.000 –
Sími og nettenging	300.000 –
Styrkir og framlög	400.000 –
Vefsíða	180.000 –
Auglýsingar ofl.	150.000 –
Ferðakostnaður	50.000 –
Verðlaun og gjafir	60.000 –
Þing ÍSÍ og sérsambanda	300.000 –
Fundakostnaður	200.000 –
Ársþing ÍBA og skýrsla	1.000.000 –
Húsaleiga Austursíður/Skólástíg/Hamri	4.300.000 –
Íþróttamaður Akureyrar	150.000 –
Ýmis kostnaður	10.000 –

Gjöld samtals.

10.940.000 kr.

8. Lagabreytingar.

Þröstur Guðjónsson formaður fer yfir þær lagabreytingar sem liggja fyrir fundinum. Samtals liggja fyrir 5 lagabreytingar á 2. gr. 7. gr. 9. gr. 12. gr. 15. gr. Eftir að Þröstur hefur farið yfir þær er orðið gefið laust um breytingarnar. Síðan eru tillögunum vísað til laganeftar..

9. Tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Haukur Valtýsson kynnir þær tillögur sem liggja fyrir þinginu. Auk þeirra tillaga sem fyrir liggja leggja forráðamenn Bilaklúbbs Akureyrar fram eina tillögu. Engar umræður eru um tillögurnar og er þeim vísað til allsherjarnefndar.

10. kosið í nefndir.

Laganefnd; Björn Gunnarsson, Jósep Sigurjónsson og Birna Ágústsdóttir.

Fjárhagsnefnd; Arnar Árnason, Sigríður Jóhannsdóttir og Viðar Jónsson.

Allsherjarnefnd; Ásta Birgisdóttir, Árni Óðinsson og Jónsteinn Aðalsteinsson. .

11. Hafa íþróttir forvarnargildi.

Ársæll Már Arnarson Dósent í sálfræði við Háskólann á Akureyri flutti mjög athyglisvert erindi þar sem það er skoðað hvort íþróttir hafi forvarnargildi Ársæll telur að ákveðin fylgni sé milli þess hve hátt hlutfall barna- og unglinga sem stunda íþróttir og hins vegar hátt hlutfall barna- og unglinga sem aldrei hafa prufað áfengi, tóbak eða önnur vímuefni sé vísbending um að mikil þátttaka hjá börnum- og unglingum haldi þeim frá neyslu þessara efna.

Þinghlé:

12. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.

Fjárhagsnefnd; Sigríður Jóhannsdóttir sem fór fyrir fjárhagsnefnd skýrðir frá því að nefndin gerði engar breytingar á fámhagsáætlun 2010. Þingið samþykkir fjárhagsáætlunina.

Laganefnd; Björn Gunnarsson fer yfir þær breytingar sem nefndin gerir á þeim lagabreytingum sem fyrir liggja. Eftir umræður eru þessar breytingar gerðar á lögum bandalagsins.

2. gr. 8. liður. Að skipa nefnd sem sér um framkvæmd á kosningu á íþróttamanni Akureyrar.

5. gr. Aðildarfélög og sérráð skulu senda ársskýrslu til ÍBA fyrir 1. mars og starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Félag og sérráð skulu í ársskýrslu tilgreina aðalstjórn, stjórn deilda og nefnda ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið.

6. gr. Aðildarfélög og sérráð sem ekki hafa sent tilskilin gögn sbr. 5.gr. missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBA og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á ársþing ÍBA. Í slíkum tilvikum skal aðildarfélagi veitt skrifleg áminning. Verði úrbætur ekki gerðar innan 6 vikna er stjórn ÍBA heimilt að afnema tímabundið réttindi aðildarfélags, svo sem keppnisrétt, styrki og fjárfamlög skv. rekstrarsamningi við Akureyrarbæ. Næsta ársþing ÍBA skal taka ákvörðun um það hvort félaginu skuli vikið úr bandalaginu skv. tillögu stjórnar ÍBA.

7. gr. Aðildarfélag getur misst öll réttindi sín innan ÍBA um stundarsakir ef það brýtur landslög um íþróttamál, lög og reglur eða ákvæði ÍBA, lög sambanda sem bandalagið er meðlimur ísvo og leikreglur ÍSÍ og öðlast þau ekki aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsíákvæðum.

9. gr. Þing ÍBA skal halda annar hvert ár eigi síðar en 15. apríl og fer það með æðstu stjórn ÍBA. Átta vikum fyrir þing skal stjórn ÍBA tilnefna 3. manna uppstilliganefnd.

12. gr. 5. liður. Fyrri umræða um tillögur til lagabreytingar.

8. liður. Kosnar þrjár fastanefndir þriggja manna fjárhags, allsherjar og laganefndir.

Kosnir verði tveir skoðunarmenn.

15. gr. 1. liður. Formanni ÍBA ber að kalla saman formannafund ekki síðar en 1 mánuði eftir ÍBA þing

16. gr. fyrirhuguð breyting falli út.

Allar breytingar voru bornar upp til atkvæða og voru þær samþykktar.

Allsherjarnefnd; Ásta Birgisdóttir fer yfir störf nefndarinnar og eftir kynningu og stuttar umræður eru tillögunar samþykktar.

a. 59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 2010 samþykkir að Knattspyrnufélaginu Vinum verði vikið úr ÍBA skv. 6.gr. laga Íþróttabandalags Akureyrar þar sem félagið hefur ekki uppfyllt skyldur sínar við bandalagið.

b. 59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 2010, skorar á bæjarýfirvöld á Akureyri að standa fyrir því að skráð verði saga íþróttahreyfingarinnar á Akureyri. Mikilvægt er að varðveita þessa ríflega aldar gömlu sögu og nauðsýnlegt að bregðast við meðan við höfum enn aðgengi að fólki sem þekkir söguna frá fyrri tíð.

c. 59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 2010 skorar á bæjarýfirvöld á Akureyri að koma á fót íþróttasafni á Akureyri. Akureyri hefur fest sig í sessi sem íþróttabær. Mikill fjöldi fólks sækir bæinn heim vegna íþróttaviðburða og hér væri því vel við hæfi að koma á fót slíku safni og tengja það öðrum söfnum í bænum.

d. 59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 2010 samþykkir innngöngu Karatefélag Akureyrar í ÍBA sbr. 4. gr. í lögum Bandalagsins.

e. 59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 2010 samþykkir innngöngu Knattspyrnufélagsins Draupnis inn í ÍBA sbr. 4. gr. í lögum Bandalagsins.

f. 59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 201 samþykkir innngöngu Kraftlyfingafélags Akureyrar í ÍBA sbr. 4. gr. laga Bandalagsins.

g. 59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 2010 samþykkir innngöngu Svifflugufélags Akureyrar í ÍBA sbr. 4. gr. laga Bandalagsins.

h. 59. ársþing ÍBA, haldið 14. apríl 2010, þakkar bæjarýfirvöldum á Akureyri þann stuðning sem þau hafa sýnt íþróttahreyfingunni í bænum með uppbyggingu glæsilegra íþróttamannvirkja. Jafnframt hvetur þingið Akureyrarbæ til áframhaldandi uppbyggingar íþróttamannvirkja fyrir þær greinar sem enn hafa ekki fullnægjandi aðstöðu.

59. þing ÍBA, haldið 14. apríl 2010 krefst þess að Akureyrarbær gangi frá uppbyggingar- og rekstrarsamningi við Bílaklúbb Akureyrar hið allra fyrsta rétt eins og samningu bandalagsins við Akureyrarbæ kveður á um.

13. Kosningar og tilnefningar.

Kosning formanns. Uppstillingarnefnd gerði tillögu að stjórn ÍBA í uppstillingarnefnd sátu:

Sigurður Sigurðsson SA,
Stefán Gunnlaugsson KA
og Valdimar Pálsson Þór;.

Aðalstjórn:

Þröstur Guðjónsson formaður,
Haukur Valtýsson,
Magnús Gauti Gautason,
Margrét Ólafsdóttir.

Varastjórn:

Áslaug Kristjánsdóttir
Hörður Sigurharðarson
Ármann Ketilsson

Skoðumarmenn reikninga:

Sveinn Pálsson
Guðmundur B. Guðmundsson

Allt þetta fólk var samþykkt samhljóða.

14. Önnur mál.

Ásta Birgisdóttir ræddi um fyrirmyndarfélög og áminnti menn um að þegar kemur að styrkjum til íþróttafólks sé það á ábyrgð íþróttafélaganna að fylgja

úr hlaði hvaða rétt íþróttafólkið á til þeirra. Einnig bendir hún á að þing ÍBA mættu vera pappírslausar og jafnvel taka þær upp til að auðvelda eftirvinnu við fundargerð og fleira. Einnig að lengd þingsins sé full mikil.

Viðar Sigurjónsson Sviðstjóri fræðsluviðs ÍSÍ. Viðar óskaði ÍBA til hamingju með glæsilegt þing og mál-efnalega vinnu við úrvinnslu þeirra mála sem komu upp á þinginu.

Andrea formaður Léttis: Tók undir með Ástu um tíma-lengd þingsins. Einnig saknaði hún þess að sjá ekki fána aðildarfélaganna á borðum og að lokum gerði hún athugasemd við að þingið hafi ekki verið auglýst á heimasíðu bandalagsins.

12. Þingslit:

Þröstur Guðjónsson formaður Í.B.A. sleit þessu 59. þingi Íþróttabandalags Akureyrar og þakkaði traustið. Að lokum færði hann Fríðu Pétursdóttir og Gunnari Karlssyni blóm fyrir vel unnin störf en þau eru ekki lengur í stjórn. Þá færði hann þinginu kveðju Sigfúsar Helgasonar sem er veikur og þakkaði Hermanní Sigtryggssyni heiðursfélaga ÍBA fyrir að hafa heiðrað þingið með nærveru sinni.

Akureyri 14. apríl 2010

Páll Jóhannesson



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar Ársskýrsla 2010

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar fór fram 24. apríl 2010. Stjórn var kosin til tveggja ára og skipti með sér verkum:

Formaður: Þröstur Guðjónsson

Varaformaður: Haukur Valtýsson

Gjaldkeri: Magnús Gauti Gautason

Ritari: Margrét Ólafsdóttir

Varamenn í stjórn, Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Ármann Ketilsson.

Stjórnarfundir voru 10 á árinu 2010 og formannafundir voru 4 á árinu.

Drög að íþróttastefnu Akureyrarbæjar

ÍBA stóð fyrir opnum fundi ásamt ÍRA, þar sem kynnt voru drög að afreksstefnu. Forsaga málsins er að ÍBA og ÍRA stóðu sameiginlega að fundum með öllum aðildarfélögum. ÍRA vann svo framhaldið í nefndum sem aðildarfélög áttu fulltrúa í og Trausti Þorsteinsson og Rúnar Sigþórsson frá HA hafa leitt þá vinnu.

Mannvirkja- og húsnæðismál aðildarfélaga

ÍBA hefur ráðstöfunarrétt á tímum í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar eftir að skóla lýkur á hverjum degi. Þessir tímar eru mjög vel nýttir en eru alltaf í endurskoðun m.v. skráningu á mætingu í tímana, ÍBA og ÍRA fara sameiginlega yfir þetta.

Á fyrsta formannafundi starfsársins hélt Sonja Sif Jóhannsdóttir fyrirlestur undir fyrirsögninni **Þín heilsa þín ábyrgð** frá TM. Stjórn ÍBA tók ákvörðun um að á öllum formannafundum verði flutt erindi sem snertir starfsemi hreyfingarinnar. Hér er um að ræða fræðslu um stjórnun og stjórnunarhætti aðildarfélaga, forvarnir og hina miklu ábyrgð sem aðildarfélög bera gagnvart barna og unglinga-starfi. Einnig voru haldin tvö námskeið í Felix á vegum ÍSÍ.

Á árinu flutti starfsemi Golfklúbbs Akureyrar í Íþróttahöllina og einnig Skotfélag Akureyrar.

Gerður var sérstakur samningur við Þrekhöllina varðandi Golfhermi sem ekki var hægt að koma fyrir í Íþróttahöllinni.

Fimleikafélagið flutti í glæsilega aðstöðu í Giljaskóla.

TBA, Akur og Eik fengu glæsilega aðstöðu í Íþróttahúsi Glerárskóla.

Á árinu var haldinn fundur með Kraftlyftingasambandi Íslands og Kraftlyftingafélagi Akureyrar, sem er nýtt aðildarfélag ÍBA. Þessi fundur var í alla staði mjög fróðlegur.

Eins og undanfarin ár er ÍBA í góðu samstarfi við jafnréttisráð. Ráðið leitar reglulega eftir upplýsingum varðandi jafna skiptingu kynja í nefndir og æfingatíma aðildarfélaga.

Formaður ÍBA sat í lok nóvember fund í Forvarnarnefnd Akureyrarbæjar, þessir fundir fara fram tvisvar á ári.

Á formannafundi 8. desember 2010 var gestur fundarins Gísli Eyland og kynnti hann vinnustofu í íþróttamarkaðssetningu, mjög svo athyglisvert.

Nefnd varðandi val á Íþróttamanni Akureyrar hóf störf í desember 2010 undir stjórn Margrétar Ólafsdóttur ritara ÍBA. Með henni í nefndinni voru Halldór Arinbjarnarson Óðni, Rúnar Haukur Ingimarsson Þór, Fanney Valsdóttir KA og Óskar Þór Halldórsson KA. Íþróttamaður Akureyrar 2010 var Bryndís Rún Hansen, sundfélaginu Óðni.

Þröstur Guðjónsson, formaður



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar Ársskýrsla 2011

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundir og 3 formannafundi árið 2011.

Heiðursfélagi ÍBA, Hermann Sigtryggsson varð áttæður þann 15. janúar 2011. ÍBA tók þátt í því að halda honum samkvæmi ásamt ÍSÍ, SKÍ og SKA.

Í febrúar 2011 var haldinn fundur með stjórnnum allra aðildarféлага. Fundir voru haldnir í samvinnu við ÍRA, umræðuefnið var: samskipti, starfsemi félaganna, barna og unglingaþjálfun, fjármál, aðstaða, framtíðarsýn, forvarnir og fræðsla. Forvarnarfulltrúi Akureyrar var með kynningu á þessum fundum. Þessir fundir gengu mjög vel.

70. Ársþing ÍSÍ fór fram í Reykjavík 8.-9. apríl 2011. ÍBA sendi 7 fulltrúa á þingið og afhenti platta til ÍSÍ til minningar um þetta tímamótapið.

Samtök foreldraráða skóla boðuðu til fundar varðandi samfelldan skóladag á Akureyri. Á þeim fundi kynnti ÍBA **Fjölgreinafjör** sem var prófað í Grunnskólum Akureyrar árið 2008.

16. maí voru lögð fyrir stjórn ÍBA drög að framkvæmda-áætlun Íþróttaráðs til 2020, þessi áætlun er nákvæmlega í anda tillögu ÍBA frá árinu 2006.

Á formannafundi ÍBA 2. september 2011 var farið ítarlega yfir Lottóúthlutun til féлага og lögð áhersla á að Felixkerfið væri notað til grundvallar. Magnús Gauti gjaldkeri fór yfir þessi mál.

Á stjórnarfundum 15. október 2011 var rætt um þörf á að skrifa Íþróttasögu Akureyrar síðustu 110 ár og að setja upp á Akureyri íþróttasafn. Þessi tvö málefni hafa því miður hlotið litla umfjöllun og engar ákvarðanir verið teknar. Þessi málefni hafa komið til umræðu nokkrum sinnum áður.

Karl Guðmundsson verkefnastjóri hjá Akureyrarbæ kom á fund með starfsmanni og formanni ÍBA í lok september 2011 þar sem rætt var um samning ÍBA við Akureyrarbæ og farið var yfir orðalag og markmið. Einnig var farið yfir áætlanir og ársreikninga aðildarféлага og þar kom fram að aðildarfélög þurfa að vanda betur vinnu við áætlanagerð sína.

ÍBA barst bréf frá afmælisnefnd Akureyrarbæjar varð-

andi 150 ára afmæli bæjarins 2012. Skipuð var þriggja manna nefnd sem hafði það að markmiði að hvetja aðildarfélögin til að tileinka viðburð eða standa fyrir kynningu á starfi sínu á afmælisárinu. Nefndina skipa Áslaug Kristjánsdóttir formaður, Hörður Sigurharðarson og Ármann Ketilsson.

Einnig barst bréf frá ÍSÍ um að aðildarfélög ÍBA til-einki ÍSÍ atburð á 100 ára afmæli samtakanna sem er á árinu 2012.

Á formannafundi 6. desember 2011 hélt Ólafur R. Ólafsson fyrirlestur um ábyrgð og skyldur stjórnarmanna íþróttaféлага sem var löngu tímabært. Á þessum fundi var Kristni Svanbergssyni framkvæmdastjóra Íþróttaráðs Akureyrarbæjar þakkað samstarfið á liðnum árum. Kristinn hætti störfum 1. desember 2011.

Formaður ÍBA og formaður ÍRA héldu í desember fund með forseta Sundsambands Íslands og formanni Sundfélagsins Óðins og farið var yfir framtíðarsýn er snýr að sundíþróttinni.

Í desember bauðst mjög ánægjulegur stuðningur við íþróttastarf á Akureyri þegar Landflutningar Samskip höfðu samband og bauð fyrirtækið stuðning sem felst í því að öll innkoma vegna jólapakkasendinga milli Akureyrar og Reykjavíkur, í desember, skyldi renna til barna- og unglingastarfs aðildarféлага ÍBA. Frábært framtak, takk fyrir.

Í lok árs 2011 var samþykkt í stjórn ÍBA að leggja fyrir afmælisnefnd Akureyrarbæjar eftirfarandi hugmynd að framlagi ÍBA á 150 ára afmæli bæjarins.

1. Aðildarfélög væru áberandi á afmælisári.
2. Skorað verði á bæjaryfirvöld að búa til Akureyrarleika í ákveðnum íþróttum í samstarfi við vinabæi Akureyrar.
3. ÍBA standi fyrir fyrirlesturum (3 til 4) er varði heilsu, hollustu og forvarnir á afmælisárinu.

Nefnd varðandi val á Íþróttamanni Akureyrar 2011 hóf störf í lok desember undir stjórn Margrétar Ólafsdóttur ritara ÍBA. Auk hennar voru Halldór Arinbjarnarson Óðni, Rúnar Haukur Ingimarsson Þór, Fanney Valsdóttir KA. Íþróttamaður Akureyrar 2011 var valin Bryndís Rún Hansen, sundfélaginu Óðni.

ÍBA hefur að vanda staðið fyrir viðburði er varðar

útnefningu Íþróttamanns Akureyrar, þessi viðburður hefur hlotið verðskuldaða athygli. Þarna er einnig á ferð viðurkenning til þeirra sem hafa starfað að miklum dugnaði fyrir aðildarfélögin. Einnig hefur Afreks- og styrktarsjóður Akureyrarbæjar gert samninga við þá bestu sem eru að æfa og keppa og eru samningarnar á ársgrundvelli.

Að þessum viðburði hafa komið eftirtaldir styrktaraðilar, Akureyrarbær, TM, Blómaval, Bjartur útgáfa ofl.

Lokaorð

Nú er að ljúka tveggja ára starfi stjórnar ÍBA. Á þessum tíma hefur íþrótt- og tómstundastarf hér á Akureyri dafnað. Við lifum í skemmtilegu og spennandi umhverfi, mun meiri fjölbreytni einkennir framboð á íþrótt- og tómstundastarfi nú en áður. Í dag eru gerðar miklar kröfur til íþróttastarfs, fólk krefst þess að það sjálft og börn þeirra geti iðkað íþróttir og tómstundir. Í þessu mikla starfi er mikil ábyrgð, þar má nefna forvarnir, tilsögn, næring, heilsa, samskipti, virðing og tillitsemi.

Akureyrarbær hefur á undanförunum árum sýnt skilning og metnað til að styðja við hið mikla sjálfboðaliðastarf sem er unnið á vegum aðildarfélaga.

Það er ljóst að íþróttastarf að núverandi umfangi, hvað þá ef það eykst, verður ekki haldið úti nema með góðu samstarfi stjórnar, nefnda, foreldra og bæjaryfirvalda.

Hér í bæ eru í dag 22 aðildarfélög og 32 íþróttagreinar, þannig að framboð er fjölbreytt.

ÍBA stefnir að nánú samstarfi við skóla, í forvarnarmálum og tómstundastarfi til að laða fram það besta í fólki.

ÍRA hefur eins og undanfarin ár staðið fyrir viðurkenningar- og styrkveitingum til Íslandsmeistara og landsliðsfólks hér í bæ. Þetta er frábær stuðningur við okkar besta afreksfólk.

Pröstur Guðjónsson, formaður



Stofnað 1974

Bíla klúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2010

Aðalfundur B.A. var haldinn 7. maí í veislusal Greifans. Stjórnarmenn BA eru þessir:

Kristján Þ. Kristinsson, formaður
Anton Ólafsson, varaformaður
Þórður Helgason, gjaldkeri
Björgvin Ólafsson, aðst. gjaldkeri
Grétar Óli Ingþórsson, fjölmiðlafulltrúi
Garðar Sigurðsson, ritari
Garðar Þór Garðarsson, meðstjórnandi
Sigurður Ágústsson, eignavörður
Stefán Örn Steinþórsson, húsvörður

Árið 2010 hófst eins og undanfarin ár með mikilli vinnu hjá landsvæðaráði félagsins vegna komandi samninga við bæinn. Íttrekuð loforð voru þó ávallt svikin og virtist sem stjórnendur bæjarins hefðu hvorki kjark né stuðning frá sínu fólki til þessa að ganga frá hlutunum við okkur. Á vormánuðum fór að líða að kosningum og þá fóru forvarsmenn flokkanna flestir að tala vel um okkar verkefni og nauðsynlega uppbyggingu á svæði fyrir okkar íþróttir –

þar sem klúbburinn er búinn að vera algjörlega aðstöðulaus í 36 ár. Eftir kosningar komu hreinskilnir einstaklingar að samningaborðinu, enda akstursíþróttasvæði fyrir Bíla klúbbinn elsta kosningaloforð L-listans og nú fór að koma eðlilegur skriður á málið, þó vissulega hafi tekið tíma að koma nýjum mönnum inni bæði starf sitt sem og starfsemi okkar.

Bíladagar 2010 voru svo fyrstu viðburðir félagsins þetta






árið og enn bættum við aðsóknarmet á viðburði Bíladaga en það voru ríflega 16 þúsund gestir sem sóttu þá. Við keyrðum dagskrána með eðlilegu sniði og kepptum í Drifti, Götuspyrnu og Burn-Outi ásamt því að halda okkar árlegu þjóðhátíðarsýningu í Boganum.

Sandspyrnur BA voru þrjár þetta árið og héldum við tvær þeirra hér á Akureyri og svo eina á Sauðárkróki í samstarfi við Bílklúbb Skagafjarðar. Þrjú Íslandsmet voru sett í sandspyrnu en það voru þeir Leifur Rósenbergsson í opnum flokki, Björgvin Ólafsson í fólksbílaflokki og Stefán Bjarnhéðinsson í jeppaflokki sem settu þau. Ekkert varð úr keppnishaldi í Ölfusi vegna aðstæðna þar.

Greifatorfæran fór fram um verslunarmannahelgina þetta árið og tókst hún mjög vel. Stigahæsti maður helgarnar og jafnframt Greifinn 2010 var Haukur Þorvaldsson. Þrír félagsmenn voru tilnefndir til Akstursíþróttamanns ársins hjá Akstursíþróttanefnd ÍSÍ en það voru þeir Jón Örn Ingileifsson, Björgvin Ólafsson og Haukur Þorvaldsson. Jón Örn Ingileifsson var svo kjörinn Akstursíþróttamaður ársins á hófi nefndarinnar á Selfossi.

Bílaklúbburinn átti 16 Íslandsmeistara á árinu og Akstursíþróttamaður Bílklúbbs Akureyrar árið 2010 var kjörinn Stefán Bjarnhéðinsson.

Hjá Fornbíladeild félagsins hófst vinna að nýju í Ford AA vörubífreið félagsins og stendur til að koma honum í hjólin á næstu 1-2 árum. Fornbíladeildin fór í nokkrar



góðar sumarferðir og var með vikulega rúnta um miðbæinn ásamt heimsóknnum í skúra yfir vetrartímann.

Það er einlæg von okkar að á nýju ári verði gengið frá uppbyggingarsamningi við Bílklúbbinn svo að vinna við akstursíþróttasvæðið geti hafist að nýju og við getum því bætt við bæjarfélagið myndarlegu mannvirki sem ekki á sinn líkan hér á landi. Starfsemi okkar, aðstöðulaus, er svo margbúin að sanna að þetta er brýnasta verkið í íþróttamálum bæjarins.

*Kristján Þ. Kristinsson
formaður Bílklúbbs Akureyrar*



Stofnað 1974

Bílaklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2011

Aðalfundur B.A. var haldinn 25. mars í veislusal Greifans. Stjórnarmenn BA eru þessir:

Kristján Þ. Kristinsson, formaður
Garðar Sigurðsson, varaformaður
Þórður Helgason, gjaldkeri
Björgvin Ólafsson, aðst. gjaldkeri
Grétar Óli Ingþórsson, fjölmiðlafulltrúi
Anton Ólafsson, ritari
Stefán Örn Steinþórsson, meðstjórnandi
Sigurður Ágústsson, eignavörður
Jónas Freyr Sigurbjörnsson, húsvörður

Þann 3. febrúar 2011 skrifuðum við undir rekstar- og uppbyggingarsamning við Akureyrarbæ en eins og þeir vita sem fylgst hafa með sögu okkar er hér um afar langþráðan samning að ræða. Það hefur verið eitt helsta baráttumál félagsins allt frá stofnun þess að fá að byggja upp alvöru akstursíþróttasvæði hér í bæ og stuðla að því að koma hraðakstri af götnum og inná lokað svæði. Með samningi þessum getum við nú hafist handa á ný við þessa uppbyggingu og því gríðarlega spennandi tímar framundan hjá félaginu. Við viljum sérstaklega þakka þeim Oddi Helgasoni, Nóa Björnssyni og Geir Kristni Aðalsteinssyni fyrir fagleg og góð vinnubrögð og jafnframt óska þeim til hamingju með að hafa þorað að stíga þetta skref á tímum nið-

urskurðar og aðhalds í öllum rekstri bæjarins. Þeir sáu það sem við vitum að þarna skapast miklar tekjur bæði við uppbygginguna sjálfa og svo við þá starfsemi sem við bæði höldum úti nú þegar og þá sem við getum nú farið að bæta við okkur þegar aðstaðan fer að skapast.

Keppnishaldið hjá okkur fór formlega af stað í lok maí mánaðar með sandspyrnu og torfæru á landsvæðinu okkar. Þessir viðburðir breyttust þó fljótt í drulluspyrnu og leðjukeppnir þar sem veturinn virtist ekki alveg vera búinn að segja sitt síðasta. Spyrran var þó kláruð í flestum flokkum og torfærumenn skemmtu sér hið besta í drullu og snjó.

Bíladagar 2011 voru sögulegir að mörgu leiti en helst



ber þó þar að nefna að nú gátum við flutt tvo af okkar viðburðum inná svæðið okkar en þar var keppt í Drifti og Burn-Outi. Tjaldsvæðið fluttum við einnig á staðinn og voru gestir okkar mjög svo ánægðir með þetta fyrirkomulag. Okkar framlag til hins almenna bæjarbúa var einnig að hafa opið æfingarsvæði fyrir alla gesti Bíladaga í ár og var það gert til þess að sporna gegn hraðakstri og spólæfingum sem við höfum orðið varir við í bænum. Nýtingin á æfingarsvæðinu fór fram úr öllum vonum og þar var keyrt nánast allan sólarhringinn og ekki bárust neinar fregnir af ósæmilegum akstri í bænum okkar, sem gladdi okkur mikið og sannaði á ný hver þörfin fyrir þetta svæði er mikil. Þar sem 17. júní var nú á föstudegi þetta árið gerðum við tilraun með sýninguna okkar og höfðum hana opna í tvo daga í stað eins. Okkur hefur lengi langað til þess að prufa að hafa sýninguna lengri en erum þó á því eftir árið í ár að halda okkar striki og hafa hana einungis á 17. júní hér eftir. Sextánda árið í röð slógum við aðsóknarmet á viðburði Bíladaga en samkvæmt okkar tölum voru á milli 17-18 þús. manns sem komu og tóku þátt í þessum allra stærsta íþróttaviðburði sem haldinn er hér á Akureyri.

Hjóladagar 2011 voru svo viðburður sem við gátum bætt inn á dagskrá okkar með betri aðstöðu og við héldum fyrstu hjólaspyrnuna okkar þann 15. júlí með mjög góðri þátttöku. Þar voru keyrðir 100 metrar í hinum ýmsu hjóla-flokkum og mat allra að þessi viðburður væri bara byrjunin í því að gera Hjóladaga á Akureyri að stórum og góðum viðburði. Hjólamenn voru einnig duglegir að nýta sér það svæði sem náðist að malbika á árinu með því að setja upp hringakstursbraut á svæðinu þar sem einn ökumaður í einu gat æft í kappi við eigin getu.

Spyrnudeildin kláraði svo almanaksárið með sandspyrnu um verslunarmannahelgina og aftur þann 17. september. Halldór Hauksson náði að bæta Íslandsmet í fjórhjólaflokk og Stefán Bjarnhéðinsson bætti eigið met í jeppaflokk. Opnar spyrnuæfingar á malbiki voru einnig prufaðar og var mæting þar fram úr björtustu vonum, enda mikið til af tækjum hér í bæ sem hafa verið að keppa en ökumenn hafa aldrei fengið tækifæri á því að æfa sig og setja upp ökutæki sín.

Á keppnisárinu 2011 átti félagið 15 Íslandsmeistara og Stefán Bjarnhéðinsson var bæði kjörinn akstursíþróttamaður ársins hjá Bílaskúlinum og eins af Akstursíþróttanefnd ÍSÍ á lokahófi nefndarinnar sem haldið var í Sjallanum þann 5. nóvember.

Fornbíladeildin hélt áfram með uppgerð á Ford AA vörubifreið félagsins og sýndi afraksturinn af vetrarstarfi sínu á þjóðhátíðarbílasýningunni okkar. Áfram voru vikulegir sumarrúntar og fundir yfir vetrartíman. Þrjár langferðir voru farnar ásamt Tröllaskagaferð með Fornbíla-klúbbi Íslands, bónferð í Ystafell og sýningu á Melgerðis-melum.

Á haustdögum förum við í söluferli á félagsheimili okkar til 23 ára og eftir að ásætlanlegt tilboð barst í húsnaðið okkar, sem alfarið var fjármagnað úr okkar eigin starfi, þá varð úr að við afhentum það til nýrra eigenda þann 1. nóvember. Við festum svo kaup á bráðarbirgðarhúsnaði til þess að nota við Hlíðarfjallsveginn, en það ætlum við að nýta fyrir starfssemi okkar þar til að við



erum búnir að safna fyrir nýbyggingu á staðnum. Húsið settum við niður við innkeyrluna á staðnum en þessar einingar fengum við frá Ólafsfirði og ætlum okkur að nýta veturinn í að koma þeim í stand fyrir komandi starfsár.

Ársins 2011 verður minnst sem tímamótaári í sögu félagsins vegna samninga við Akureyrarbæ og mun það marka nýtt upphaf í sögu akstursíþróttabæði í okkar bókum og eins á landsvísi. Nú er það okkar að binda þannig um hnútana að við getum boðið upp á sem besta aðstöðu fyrir okkar akstursíþróttamenn og jafnframt nýtt svæðið okkar sem best bæði fyrir ferðamenn og fyrir hinn almenna bæjarbúa. Við förum nú fullir bjartsýni inn í nýja og skemmtilega tíma.

*Kristján Þ. Kristinnsson
formaður Bílaskúls Akureyrar*



Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2010

Aðalfundur félagsins var haldinn 29. maí 2010.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.

Ragnheiður Austfjörð, varaformaður

Jakob Jóhannesson, ritari

Stefán Jónsson, gjaldkeri

Ólafur Njáll Óskarsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir.

Guðrún Helgadóttir.

Valdimar Sigurðsson.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir



Vinningshafar í einstaklingskeppni á Slippmótinu, f.v. Davíð Brynjólfsson, Nanna Haraldsdóttir og Sigfús Jóhannesson.

Starfsemi félagsins.

- Starfsemi félagsins á árinu var með hefðbundnum hætti.
- Haldnir voru 9 stjórnarfundir á árinu.
- Formaður sat formannafundi Í.B.A.
- 59. ársþing ÍBA var haldið 14. apríl, fulltrúar félagsins voru stjórnarmennirnir Haukur, Ragnheiður og Ólafur.
- Þann 7. apríl var borgarafundur um stöðu og rekstur íþróttafélaga á Akureyri, þar kom fram framtíðarstefna í íþróttamálum á Akureyri, hjá öllum stjórnsmálaflokkum sem buðu sig fram til bæjarstjórnakosninga.
- Þann 28. apríl var haldin fundur um framtíðar afreksstefnu Akureyrarbæjar.
- Formannafundur Í.F. var haldin þann 17. apríl í Reykjavík. Á fundinum eru tekin fyrir þau mál sem efst eru á baugi hjá sambandinu. Einnig segja fulltrúar aðildarfélaganna frá starfi síns félags. Haukur formaður sat fundinn f.h. félagsins.
- Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit í tengslum við aðalfund félagsins þann 29. maí. En það er oftast árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem María Dröfn Einarsdóttir hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Kristín Ólafsdóttir fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.
- Æfingar í boccía yfir veturinn voru sem fyrr á mánuðögum, fimmtudögum og laugardögum. En í frjálsum íþróttum á þriðjudögum og fimmtudögum, stærsta hluta ársins.



Glaðbeittir vinningshafar í einstaklings- og sveitakeppni á Slippmótinu.

- Æfingar fóru fram í Íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahúsi Glerárskóla, Glerársundlaug, Þórsvelli og Boganum.
- Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru sem fyrr, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirsson og Aðalheiður Gísladóttir.
- Þau gleðilegu tíðindu urðu á árinu að öllum æfingum var hætt í íþróttahúsinu við Laugargötu, þar sem við höfum haft æfingaaðstöðu um áratuga skeið. Það húsnaði hentaði okkur afar illa, það var bæði alltof lítið og aðgengi fyrir fatlaða var mjög slæmt.
- Í núverandi aðstöðu í Íþróttahúsi Glerárskóla geta allir sem æfa boccía verið samtímis á æfingu, sem gerir þær mun skemmtilegri og heppilegri, bæði fyrir keppendur og þjálfara.
- Í nóvember var haldið í Reykjavík þjálfaranámskeið ásamt æfingabúðum Í.F. í frjálsum íþróttum. Óskað var eftir því af landsliðsþjálfara að Kristófer Fannar og María Dröfn mættu á æfinguna. Þau fóru bæði ásamt

Valgeiri Þór þjálfara sem tók þátt í námskeiðinu. Áformað var að æfingar yrðu 3 í vetur, en þau gátu aðeins mætt á þá fyrstu.

- Íþrótt- og tómstundaráð Akureyrar hélt að venju hóf milli jóla og nýárs til heiðurs þeim íþróttamönnum sem urðu íslandsmeistarar á árinu. Íslandsmeistarar félagsins á árinu voru Baldvin Steinn Torfason, Kristófer Fannar Sigmarsson og María Dröfn Einarsdóttir.

Íþróttamót innanlands

- **Slippmótið** sem er innanfélagsmót Eikar var haldið þann 6. mars í íþróttahúsinu á Hrafnagili. Heiti mótsins er vegna stuðnings Slippsins við það í formi verðlauna og viðurkenninga. Félagar í Kiwanisklúbbunum Kaldbak og Emblu sáu um dómgæslu á mótinu. Keppendur á mótinu voru 32.
 - Úslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð E-sveit í 1. sæti, hana skipuðu Heiðar Hjalti Bergsson, Nanna Haraldsdóttir og Telma Axelsdóttir.
 - Í 2. sæti varð J-sveit, hana skipuðu Baldvin Steinn Torfason, Kristín Ólafsdóttir og Sigfús Jóhannesson.
 - Í 3. sæti varð D-sveit, hana skipuðu María Gísladóttir, Sölvi Víkingsson og Vignir Hauksson.
 - Í einstaklingskeppni varð Nanna Haraldsdóttir í 1. sæti, Sigfús Jóhannesson í 2. sæti og Davíð Brynjólfsson í 3. sæti.
- **Íslandsmót Í.F.** í frjálsum íþróttum, innanhúss, var haldið í Reykjavík 21. mars, keppendur félagsins voru 7. Heiðar Hjalti Bergsson varð í 3. sæti í sínum flokki í 60 m. hlaupi og kúluvarpi og 2. sæti í langstökki, Kristín Ólafsdóttir 2. sæti í 60 m. hlaupi, Elma Stefánsdóttir 3. sæti í 60 m. hlaupi og langstökki, Sigfús Jóhannesson 3. sæti í 60 m. hlaupi, langstökki og kúluvarpi, Baldvin Steinn Torfason 1. sæti í kúluvarpi og 3. sæti í 60 m. hlaupi, flokki 19-22 ára, María Dröfn Einarsdóttir 1. sæti í 60 og 200 m. hlaupi og langstökki.
- **Íslandsmót Í.F.** í boccía, sveitakeppni, var haldið í Reykjavík 20. og 22. mars, 35 keppendur félagsins tóku þátt í mótinu. Því miður tókst okkar liðum ekki að komast í verðlaunaseti í þetta sinn, þrátt fyrir að allir keppendur hefðu staðið sig mjög vel. En það eru mjög mörg og góð lið sem við erum að keppa við og engin skömm að tapa fyrir þeim.
- **Hængsmótið** var haldið í Íþróttahöllinni á Akureyri 30. apríl og 1. maí, þetta var í 28. skiptið sem Lionsklúbburinn Hængur á Akureyri hefur staðið fyrir þessu mjög svo vinsæla móti. Allir keppendur félagsins tóku þátt í boccía, þ.e. 33 í sveitakeppni og 26 þeirra kepptu einnig í einliðaleik. Í sveitakeppni varð sveit Eikar í 2. sæti, sveitina skipuðu Áskell Traustason, Elísabet Hannesdóttir og Heiðar Hjalti Bergsson. Í einliðaleik varð Vignir Hauksson í 2. sæti.
- **Íslandsmót** í frjálsum íþróttum var haldið á Laugarðalsvelli 5. júní og tóku 7 félagar þátt í mótinu. Kristín Ólafsdóttir varð í 3. sæti í langstökki, Elma Stefánsdóttir í 2. sæti í langstökki, Heiðar Hjalti Bergsson 3. sæti í langstökki og kúluvarpi, Kristófer Fannar Sigmarsson varð í 1. sæti í langstökki, hástökki og kúlu-



Á Hængsmótinu vann þessi vaska sveit til silfurverðlauna, f.v. Áskell Traustason, Elísabet Hannesdóttir og Heiðar Hjalti Bergsson.



Frá vorfagnaði félagsins 2010, f.v. Kristín Ólafsdóttir með ÍSÍ bikarinn og María Dröfn Einarsdóttir með Hvatningabikarinn.

varpi, Sigfús Jóhannesson varð í 3. sæti í langstökki og 2. sæti í kúluvarpi, María Dröfn Einarsdóttir varð í 1. sæti í langstökki og Bára Sigurðardóttir í 3. sæti.

- **Íslandsmót Í.F.** í boccía einliðaleik var haldið í Reykjaneshæ 2. og 3. október og sá íþróttafélagið Nes um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd Í.F. Keppendur félagsins voru 25. Kristófer Fannar Sigmarsson varð Íslandsmeistari í 7. deild.
- **Norðurlandsmót** var haldið á Siglufirði 6. nóvember. Íþróttafélagið Snerpa á Siglufirði sá um mótið að þessu sinni, keppendur Eikar voru 37. Í sveitakeppni hreyfihamlaðra varð Eik-P í 1. sæti, sveitina skipuðu Heiðar Hjalti Bergsson og Laufey Gísladóttir.

Íþróttamót erlendis

Norðurlandamót í frjálsum íþróttum var haldið í Danmörku 14.-17. maí. Heiðar Hjalti Bergsson var valinn af hálfu Í.F. í lið Íslands. En þegar hópurinn var kominn á Keflavíkurflugvöll á leið til Danmerkur var því miður ekki hægt að fljúga vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Þar með var draumur keppenda um skemmtilega og væntanlega árangursrika keppnisferð á enda, en enginn ræður við náttúruöflin sem gripu svo hressilega inn í þessa atburðarás.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var í aðalatriðum með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum, og sölu jólakorta. En æfingagjöld voru ekki innheimt á árinu m.a. vegna veglegra styrkja frá Samherja hf., Þroskahjálpi á N.E. o.fl. aðilum.

Á árinu voru þessir styrkir óvenju margir og veglegir, einnig fékk félagið úthlutað styrk úr ferðasjóði ÍSÍ. Allir þessir styrkir frá fyrirtækjum og félagasamtökum koma sér ákaflega vel fyrir félagið, en þó fyrst og fremst fyrir alla þá sem æfa og keppa fyrir félagið. Því þeir koma í stað innheimtu æfingagjalda og einnig getur félagið greitt verulega niður ferðakostnað keppenda á íþróttamót.

Lokaorð

Við ykkur kæra íþróttafólk vil ég segja. Þið mættuð mjög vel á æfingar, þó sérstaklega eftir að allar æfingar

fluttust úr Laugargötu í Glerárskóla, enda varð og árangur ykkar á árinu 2010 mjög góður þegar á heildina er litið. Og eitt veit ég fyrir vist að þið hafið öll mikinn og góðan vilja til að sigra á íþróttamótum, það er mjög rík og eðlileg hvöt í fari okkar mannanna að vilja sigra og gleðjast mjög yfir góðum árangri. En hafið samt ávallt hugfast kærufélagar að kjörorð okkar er og hefur alltaf verið það sama, að stærsti sigurinn er að vera með og hafa ánægju og gleði af öllu því sem við gerum best og það er að vera saman, í leik og starfi.

Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu og ekki síst fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður.



Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2011

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. maí 2011.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.

Ragnheiður Austfjörð, varaformaður

Björgvin Jónsson, ritari

Stefán Jónsson, gjaldkeri

Ólafur Njáll Óskarsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Aðalheiður Gísladóttir.

Guðrún Helgadóttir.

Valdimar Sigurðsson.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir

Starfsemi félagsins.

Starfsemi félagsins á árinu var með hefðbundnum hætti.

Haldnir voru 8 stjórnarfundir á árinu.

Formaður sat formannafundi Í.B.A.

Sambandsþing Í.F. var haldið 2. apríl á Hótel Selfossi. Fulltrúar félagsins voru Haukur Þorsteinsson, Jakob Jóhannsson og Ólafur Njáll Óskarsson.

Formannafundur Í.F. var haldin þann 12. nóvember í Reykjavík, Á fundinum voru tekin fyrir þau mál sem eru



Vinningshafar í einstaklingskeppni á Slippmótinu, f.v. Kristófer Fannar Sigmarsson, Nanna Kristín Antonsdóttir og Magnús Ásmundsson.

efst á baugi hjá Í.F. Einnig skýra fulltrúar aðildarfélaganna frá starfsemi síns félags. Haukur formaður sat fundinn f.h. félagsins.

Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit í tengslum við aðalfund félagsins þann 28. maí. En það er oftast árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem Kristófer Fannar Sigmarsson hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á

árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Sigfús Jóhannesson fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.

Æfingar í boccía yfir veturinn voru sem fyrr á mánuðögum, fimmtudögum og laugardögum í Íþróttahúsi Glerárskóla. Sundæfingar voru á laugardögum í Glerársundlaug yfir vetrartímann. Æfingar í frjálsum íþróttum voru á þriðjudögum og fimmtudögum, stærsta hluta ársins á Þórsvelli og Boganum.

Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru sem fyrr, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirson og Aðalheiður Gísladóttir.

Íþrótt- og tómstundaráð Akureyrar hélt að venju hóf milli jóla og nýárs til heiðurs þeim íþróttamönnum sem urðu Íslandsmeistarar á árinu. Íslandsmeistarar Eikar á árinu voru Baldvin Steinn Torfason, Heiðar Hjalti Bergsson, Hörður Þorsteinsson, Kristófer Fannar Sigmarsson og María Dröfn Einarsdóttir.

Íþróttamót innanlands

Slippmótið sem er innanfélagsmót Eikar í boccía var haldið þann 19. febrúar í íþróttahúsinu á Hrafnagili. heiti mótsins er vegna stuðnings Slippsins við það í formi verðlauna og viðurkenninga. Félagar í Kiwanisklúbbunum Kaldbak sáu um dómgæslu á mótinu. Keppendur á mótinu voru 36.

Úslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð A sveit í 1. sæti, hana skipuðu Guðmundur Adólfsson, Karen Alda Mikaelisdóttir og Vignir Hauksson.

Í 2. sæti varð J sveit, hana skipuðu Elma Berglind Stefánsdóttir, Guðmundur Rúnar Bjarnason og Jón Óskar Ísleifsson.

Í 3. sæti varð G sveit, hana skipuðu Áskell Traustason, Nanna Haraldsdóttir og María Dröfn Einarsdóttir.

Í einstaklingskeppni varð Nanna Antonsdóttir í 1. sæti, Kristófer Fannar Sigmarsson í 2. sæti og Magnús Ásmundsson í 3. sæti.

Íslandsmót Í.F. í boccía, sveitakeppni, var haldið í Haukahúsinu, Hafnarfirði 26. og 27. mars, keppendur félagsins voru 36. Íslandsmeistarar í 3. deild varð Eik-K, sveitina skipuðu Hörður Þorsteinsson, Kristófer Fannar Sigmarsson og Baldvin Steinn Torfason.

Íslandsmót Í.F. í frjálsum íþróttum, innanhúss, var haldið í Reykjavík 10. apríl, keppendur félagsins voru 6, eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki. Heiðar Hjalti Bergsson varð í 2. sæti í 60 m. hlaupi og kúluvarpi, Kristín Ólafsdóttir 3. sæti í 60 m. hlaupi og langstökki, Elma Stefánsdóttir 2. sæti í langstökki og kúluvarpi, María Dröfn Einarsdóttir varð Íslandsmeistari í 60 og 200 m. hlaupi og langstökki. Bára Sigurðardóttir 2. sæti í 60 m. hlaupi og langstökki, Kristófer Fannar Sigmarsson varð Íslandsmeistari í 60 m. hlaupi, langstökki **Íslandsmet** og hástökki, 2. sæti í 200 m. hlaupi og kúluvarpi.

Hængsmótið var haldið í KA heimilinu og Síðuskóla á Akureyri 29. og 30. apríl. Þetta var í 29. skiptið sem Lionsklúburinn Hængur á Akureyri hefur staðið fyrir þessu mjög svo vinsæla móti. Í sveitakeppni tóku 36 félagar þátt og 28 þeirra kepptu einnig í einliðaleik, einn



Vinningshafar í sveitakeppni á Slippmótinu, f.v. Elma Berglind Stefánsdóttir, Jón Óskar Ísleifsson og Guðmundur Rúnar Bjarnason.



Íslandsmeistarar í sveitakeppni í 3. deild, f.v. Kristófer Fannar Sigmarsson, Baldvin Steinn Torfason og Hörður Þorsteinsson.

félagi tók þátt í opnum flokki. Í sveitakeppni þroskaheftra varð J sveit Eikar í 3. sæti, sveitina skipuðu Hörður Þorsteinsson, Kristófer Fannar Sigmarsson og Baldvin Steinn Torfason. Í einliðaleik varð Kristín Ólafsdóttir í 2. sæti og Elma Berglind Stefánsdóttir í 3. sæti.

Íslandsmót í frjálsum íþróttum utanhúss var haldið á Laugardalsvelli 11. júní, keppendur félagsins voru 7, eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki. Kristín Ólafsdóttir varð í 2. sæti í 100 m. hlaupi og 3. sæti í langstökki, Elma Stefánsdóttir varð í 3. sæti í 100 m. hlaupi og 2. sæti í langstökki, Heiðar Hjalti Bergsson Íslandsmeistari í 100 m. hlaupi og 2. sæti í kúluvarpi, Kristófer Fannar Sigmarsson varð Íslandsmeistari í 100, 200 og 400 m. hlaupi langstökki **Íslandsmet**, hástökki og kúluvarpi, María Dröfn Einarsdóttir varð Íslandsmeistari í 100, 200 og 400 m. hlaupi og langstökki, Bára Sigurðardóttir 2. sæti í 100, 200 m. hlaupi og Karen Alda Mikaelisdóttir 2. sæti í 100 og 200 m. hlaupi.

Akureyrarmót UFA var haldið 15. og 16. júlí, 3 félagsmenn tóku þátt í mótinu þ.e. Kristófer Fannar Sigmarsson, María Dröfn Einarsdóttir og Bára Sigurðardóttir.

Íslandsmót Í.F. í boccía einliðaleik var haldið í Vestmannaeyjum 8.-9. október, íþróttafélagið Ægir í Vest-



Frá vorfagnaði félagsins, f.v. Kristófer Fannar Sigmarsson með Hvatningabikarinn og Sigfús Jóhannesson með ÍSÍ bikarinn.



Eikarfélagar á leið í land frá Vestmannaeyjum með Herjólf, eftir þátttöku á Íslandsmeiti. Setið var úti á dekki í kuldanum til að slá á sjóveiki sem hrjáði marga. F.v. Baldvin Steinn Torfason, Vignir Hauksson, Kristín Ólafsdóttir og Kristín Björnsdóttir.

mannaeyjum sá um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd Í.F. Keppendur félagsins voru 23 og einn keppandi Sævar Bergsson vann til verðlauna, hann varð í 3. sæti í 5 deild. Þetta varð löng og erfið ferð en mjög skemmtileg.

Norðurlandsmótið var haldið á Húsavík 5. nóvember. Boccíadeild Völsungs á Húsavík sá um framkvæmd móts-

ins. Keppendur félagsins voru 34 að þessu sinni. Kristín Ólafsdóttir og Vignir Hauksson unnu 3. sætið í sveitakeppni þroskaheftra og Guðmundur Adólfsson og Gunnar Egill Sigurðsson 3. sætið í U flokki.

Íþróttamót erlendis

Alþjóðaleikar Special Olympics voru haldir í Aþenu í Grikklandi 25. júní- 4. júní 2011. En áður en leikarnir hófust, heimsóttu íslensku keppendurnir vinabæ sinn frá 20. – 24. júní.

Í október 2010 óskaði Í.F. eftir tilnefningum um þátttakendur frá sínum aðildarfélögum.

Stjórn og þjálfarar Eikar sendi tillögur sínar um 4 keppendur. Aðeins María Dröfn Einarsdóttir var síðan valin af hálfu Í.F. til þátttöku í frjálsum íþróttum.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum, og sölu jólakorta. En æfingagiöld voru ekki innheimt á árinu m.a. vegna veglegra styrkja frá Samherja hf, Þroskahjálpi á N.E. o.fl. aðilum, einnig fékk félagið úthlutað styrk úr ferðasjóði ÍSÍ. Þessir styrkir koma sér ákaflega vel fyrir félagið, en þó fyrst og fremst fyrir alla þá sem æfa og keppa fyrir félagið. Því þeir koma í stað innheimtu æfingagjalda og einnig getur félagið greitt verulega niður ferðakostnað keppenda á íþróttamót.

Lokaorð

Kæra íþróttafólk, árangur ykkar á árinu 2011 var mjög góður þegar á heildina er litið, sérstaklega var árangur ykkar sem æfa og keppa í frjálsum íþróttum glæsilegur. Á tveimur frjálsíþróttamótum, úti og inni, unnust tugir verðlauna m.a. 2 Íslandsmet. En hafið það ávallt hugfast kæru félagar að kjörorð okkar er og hefur alltaf verið það sama, að stærsti sigurinn sé er að vera með.

Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu og ekki síst fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður.



Stofnað 1935

Golfklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2010

Skýrsla formanns

Ágætu kylfingar! nú er lokið 75. afmælisári Golfklúbbs Akureyrar og var þess minnst á ýmsan hátt. Sérstaklega skal getið útgáfu blaðs um klúbbinn og stutt ágríp um starfsemi hans, sem var í höndum Rúnars Antonssonar og Margrétar Þóru Þórsdóttur. Á afmælisdaginn var opið hús fyrir GA félag og mættu margir til að minnast þessara tímamóta.

Þess má einnig geta að Akureyrarbær lét gera tillögu að deiliskipulagi á svæði klúbbsins og var sú vinna í höndum Teikn, ráðgjöf og hönnun og Edwins Roalds, golfvallarhönnuðar, er sú vinna í kynningarferli hjá Akureyrarbæ.

Nú er ljóst að Golfbær hefur fengið varanlega inniaðstöðu í kjallara Íþróttahallarinnar ásamt hluta nýbyggingar Þrekhallarinnar og er verið að vinna við framkvæmdir svo hægt sé að byrja þar. Eins og undanfarin ár hefur verið unnið að nýframkvæmdum við völlinn og hafa þessar framkvæmdir fengið mikið hrós frá gestum okkar.

Það er von okkar í stjórn að það góða samstarf sem hefur verið við kylfinga megi halda áfram og okkur takist að ljúka þeim framkvæmdum sem samið hefur verið um, sem fyrst.

Félagafjöldi í lok árs er 675.

Skýrsla Vallarnefndar

Framkvæmdir byrjuðu snemma þetta árið. Miklar endurbætur fóru fram á 3. braut svo sem vinna við mön, nýr lækur mótaður frá æfingaflötum gegnum 2. og 3. braut og tjörn milli 2. og 3. þá var unnið í nokkrum teigum og þeir endurbættir og lagaðir. Vökvunarkefi sett á 7. flöt og í nokkra teiga.

Vinnudagur var svo þann 15.maí og mættu um 70 félagar og unnu hörðum höndum við hin ýmsu störf. Völlurinn var svo opnaður með golfmótinu Vinnufúsir.

3 nýjar æfingaflatir voru opnaðar þann 23.júní sem er mikil bylting fyrir félag GA, bæta mætti þó umgengni á og við flatirnar.

Opnað var inn á nýja 17.flöt í september og var spilað á henni út golfárið.

Fjárfest var í nýrri röfsvél á haustmánuðum þar sem ein röfsvél réð illa við þetta feiknarstóra röfsvæði. Ennfremur er búið að leggja drög að kaupum á nýrri brautarsláttuvél sem kæmi þá næsta vor.

Framkvæmdir tókust almennt vel og fékk Jaðarsvöllur gott umtal, frá þeim fjölmörgu keppendum opinna móta og annarra kylfinga sem heimsóttu okkur í sumar. Fjölgað var um 4 starfsmenn í sumar sem átti mikinn þátt í því

hversu miklu betur gekk með allar framkvæmdir og hyrðingu.

Vill vallarnefnd og vallarstjóri þakka öllum þeim sjálfboðliðum sem lögðu hönd á plóg. Er það okkar einlæga von að sjá sem flesta að ári.

Skýrsla kappleikjanefndar

Mótahald sumarsins var með hefðbundnum hætti eins og verið hefur undanfarin ár. Sumarið fór rólega af stað, styrktarmót unglingaráðs, Sumargleðin var á sínum stað auk hefðbundinna vormóta. Fyrsta stórmót sumarsins var Arctic Open og er fjallað um það í sér kafla hér á eftir.

Júlímánuður var rólegur í mótshaldi þar sem stefnan var að hafa völlin opinn fyrir félagana og gesti í aðalsumarfrismánuðinum. Við höldum þó eitt mjög vel heppnað kvennamót Volare Open þar sem öllum konunum var boðið upp á fótabað og axlarnudd. Skemmtileg nýjung sem mæltist mjög vel fyrir. Einnig var eitt lítið öldungamót haldið hér í júlí.

Meistaramótið er eitt stærsta mót sumarsins. Í Meistaramóti klúbbsins í ár voru skráðir til leiks 128 keppendur í 12 flokkum fullorðinna og um 50 börn og unglingar. Það er heldur færra en á síðasta ári en þá var meðþátttaka. Leiðinlegt veður og veðurspá hefur greinilega haft áhrif á skráningu og afskráningu úr mótinu.

Klúbbameistarar voru þau Örvar Samúelsson hann lék á 293 höggum og Halla Berglind Arnarsdóttir hún lék á 365 höggum.

Ágúst mánuður var einnig með hefðbundnu sniði en þar eru nokkur stórmót sem haldin eru á hverju ári. Verslunarmannahelgarbomban er þar fyrst, svo Bautamótið, Hjóna- og parakeppni GA, Lostætis og Hótel Akureyrar og í lok ágúst Mitsubishi Open og lokamót í unglingamótaröð norðurlands Greifamótið. Auk þessa var nýtt mót á mótaskránni Herramót Heimsferða og Rub23, sem mæltist mjög vel fyrir og er komið til að vera. Þar voru keppendur tæplega 100 og var keppt um forlata jakka auk glæsilegra verðlauna.

Veitt voru verðlaun fyrir „best klædda kylfinginn“ og valdi dómnefnd Hauk Dór Kjartansson best klædda kylfinginn. Þess má geta að uppselt var í öll þessi stórmót í ágúst.

Sveitakeppni GSÍ öldunadeild var haldin hér í ágúst, 23 sveitir voru skráðar til leiks í 1. og 2. karla og 1. deild kvenna. Karlasveit GA sigraði en kvennasveitin féll niður í 2. deild.

September var með sín föstu mót, firmakeppni, bændaglímu, liðakeppnin AM AM og vinnufúsir voru á sínum



Hatta- og pilsamót GA kvenna

stað. Þar sem október var mjög góður veðurfarslega og völlurinn í sínu besta standi var ákveðið að halda eitt gott lokamót og rann öll innkoma af því til unglingaráðs.

Holukeppnin var svo spiluð í allt sumar og var mikil og góð stemming í þeirri keppni. Holumeistari GA í ár var Anton Ingi Þorsteinsson, en hann háði einvígi við bróðir sinn Konráð Vestmann Þorsteinsson kokk og í 3. sæti var annar kokkur Albert Hannesson.

Auk þeirra móta sem eru upp talin í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamóta bæði stór og smá svo mikið hefur verið um að vera hjá okkur í sumar.

Vill stjórn GA þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að móta-haldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf. *Úrslit allra móta GA er að finna á www.golf.is og www.gagolf.is undir fréttir.*

Skýrsla Arctic open

Að venju þurfti að leggja nótt við dag síðustu daga fyrir mót til að tryggja að allir hlutir væru í fullkomnu lagi. Fjölmargir GA félagar hjálpuðu til við undirbúning og framkvæmd mótsins og er þeim þakkað kærlega fyrir sína framgöngu.

Framkvæmd mótsins tókst í alla staði vel og voru veðurguðirnir okkur hliðhollir og fengu keppendur miðnætursól bæði fyrir mótið og í mótinu sjálfu. Það gerist ekki betra.

Flugfélag Íslands var aðal samstarfsaðili um framkvæmd mótsins og verðlaun voru gefin af Golfbúðinni Hafnarfirði og NTC verslunum.

Þátttakendur á mótinu voru 147 sem við mótshaldarar vorum mjög sátt við og var ræst út frá kl. 16.00 fram að miðnætti.

Á hverju ári fer mikil vinna í að markaðssetja mótið þó

það hafi sinn fasta sess. Alltaf er reynt að finna nýjar leiðir til að koma mótinu á framfæri við ferðaskrifstofuaðila bæði hér á landi og erlendis og viðhalda viðskiptasamböndum við stuðningsaðila og aðra sem að mótinu koma. Það er trú okkar að mótið muni áfram skila þeirri skemmtun og athygli sem það hefur gert og geti á komandi árum farið að skila jafn miklum tekjum til GA og þegar best lét.

Skýrsla unglinganefndar

Unglingaráð hittist í byrjun árs 2010 til að skipuleggja komandi ár.

Veturinn hófst á Þúttmótaröð sem var haldin í Golfbæ til styrktar eldri unglingum og í framhaldi af því hófust æfingar inni.

Í febrúar var haldinn sameiginlegur fundur með tengiliðum frá öllum golfklúbbunum sem koma að norðurlandsmótaröðinni og hún skipulögð.

Í byrjun mars hittust svo börn, unglingar og foreldrar í Golfbæ og skemmtu sér við ýmsar þrautir og svo var endað á pizzahlaðborði.

Páskamót með þrautum og leikjum var haldið í Boganum í lok mars, við góðar undirtektir barna, unglinga og foreldra.

Sumardaginn fyrsta var svo haldið árlegt kaffihlaðborð unglingaráðs og stóðst það væntingar allra með miklum sóma.

Í vor fór 26 manna hópur í æfingaferð á Akranes. Reynt var að hafa ferðina sem ódýrasta og við fengum gistingu í skóla sem sparaði töluvert mikið. Skemmst er frá að segja að sú ferð heppnaðist gífurlega vel og allir voru mjög ánægðir. Okkar völlur opnaði svo um miðjan maí og þá hófust æfingar af fullum krafti.

Nokkrir unglingar kepptu á stigamótaröð GSÍ í sumar og stóðu sig afar vel.

Klúbburinn okkar hélt svo Nettómót þar sem sérmót var fyrir börn og unglinga. Það tókst frábærlega og elstu krökkunum þótti ekki ónýtt að fá að spila að kvöldi til.

Í júlí var haldið með stóran hóp á Íslandsmót í höggleik til Vestmannaeyja.

Keppnin til að komast inn í mótið er orðin mjög hörð. Á síðasta ári komust drengir 14 ára og yngri inn með 22 í forgjöf. Í ár þurftu þeir að vera komnir í 17,5 til að komast inn. Einungis 36 komast í mótið í hverjum flokki og GA átti 8 fulltrúa í þessum flokki. Þeir stækkuðu svo mótið aðeins þannig að einn GA félagi bættist við. Af 12 stúlkum 14 ára og yngri, eigum við 2 og svo er einn í flokki 15-16 ára og ein stúlka í 17-18 ára. GA átti því að þessu sinni 13 ungmenni sem eru komin með það lága forgjöf að þau komast inn í þetta mót, 3 stúlkur og 9 drengi. Segir það mikið um hið góða starf sem GA er að vinna með unglingunum.

Krakkarnir stóðu sig öll með miklum sóma og margir töluðu um hvað væri mikið af GA fólki á mótinu.

Sveitakeppni 14 ára og yngri var haldin í Þorlákshöfn og þar átti GA 2 strákasveitir. Sveitakeppni 16 – 18 ára var haldin á Leirunni í Keflavík. Þar átti GA eina stúlkasveit og svo var ein sameiginleg sveit drengja frá GA, GH, GSS og GÓ.

Þessar sveitir stóðu sig geysilega vel og voru klúbbum sannarlega til sóma. Stúlkurnar komu heim með 3. verðlaun.

Lokamótið í norðurlandsmótaröðinni var svo haldið á Jaðri í lok ágúst og tóks mjög vel til.

Keppendur voru um 120 talsins.

Haupteðrið var yndislegt og æft var til septemberloka.

9. október var svo haldið opið golfmót til styrktar unglingaráði þar sem þátttaka fór fram úr björtustu vonum. Stefnt verður að því ef hægt verður að ljúka sumrinu með slíku móti framvegis. Golfárinu lauk svo með lokahófi 28. október þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir sumarið.

Alls æfðu rúmlega 100 börn og unglingar golf í sumar. En um 130 börn og unglingar greiddu árgjald til GA.

Unglingaráð vill þakka starfsmönnum GA sem og öllum þeim foreldrum sem unnu vel með börnunum í sumar.

Skýrsla Nýliðanefndar

Nýliðastarfið á liðandi starfsári var með svipuðu sniði og í fyrra.

Konurnar okkar standa alltaf fyrir sínu með miðvikudagskvöldin þar sem að þær spila með óvönnum konum og segja þeim til með einfaldar reglur, umgengni og kurteisissvenjur.

Áfram var spilað með nýliðum og var leitað til klúbbsmeðlima um að vera með í vanur og óvanur nokkur kvöld í sumar og voru margir sem gáfu kost á sér í að vera með. Norðurvöllurinn var lokaður á meðan til að nýliðar væru ekki að spila undir pressu sem mælist vel fyrir hjá nýliðum. Þetta voru 5 spilakvöld og mikil og góð þátttaka og allir nýliðar sem og námskeiðsfólk sem verið höfðu hjá Óla í kennslu voru mjög ánægð með þessi kvöld og er um að gera að halda áfram með þetta verkefni.

Framhalds- og grunnskólar bæjarins eru mjög duglegir

að koma með nemendur á golfvöllinn og er það að skila sér í fjölgun barna og unglinga sem koma á námskeið.

Skýrsla Öldunganefndar

Öldungaráðið hittist á nokkrum fundum og var eina sameiginlega verkefnið á dagskrá þetta árið Sveitakeppni öldunga sem fram fór á Jaðarsvelli. Það er skemmst frá því að segja að karlasveitin varð Íslandsmeistari í sveitakeppni öldunga eftir ævintýrlegan sigur á GR á lokadegi. Kvennasveitin féll í 2. deild.

Sigursveit karla skipuðu þeir, Björgvin Þorsteinsson, Hafberg Svansson, Halldór Rafnsson, Haraldur Júlíusson, Sævar Gunnarsson, Viðar Þorsteinsson, Þórarinn B. Jónsson, Þórhallur Pálsson, liðstjóri var Guðmundur Lárusson.

Kvennasveitina skipuðu þær, Aðalheiður Guðmundsdóttir, Halla Sif Svavarsdóttir, Sunna Borg, Unnur Elva Hallsdóttir, Þórunn Anna Haraldsdóttir og Þórunn Bergsdóttir sem jafnframt var liðstjóri.

Skýrsla Afreksnefndar

Afreksnefnd kom saman 3 sinnum á liðnu starfsári, auk sérstakra verkefna.

Norðurlandsmótaröðin hélt áfram í sumar og virðist vera að styrkja sig meira og meira, það eru frábærar fréttir fyrir alla keppniskylfinga á norðurlandi.

Nú á haustdögum var komin niðurstaða vegna húsnæðis fyrir innanhúsæfingar á vegum G.A. og fáum við góða aðstöðu í kjallara íþróttahallarinnar. Vinna við æfingaaðstöðuna þar er nú í fullum gangi og hafa margir kylfingar komið þar að með frjálsu vinnuframlagi og verður spennandi að sjá hvernig til tekst.

Nýr þjálfari okkar Ólafur Gylfason fór vel af stað eins og við var að búast og hafði hann umsjón með allri þjálfun og val í keppnislið á vegum G.A. Árangur G.A. var ágætur á sl. sumri og stefnt er að því að bæta hann ár frá ári. Vert er að geta þess að keppnisveit karla sigraði 2. deildina og keppir þar af leiðandi í fyrstu deild næsta sumar. Einnig átti Örvar Samúelsson gott sumar og varð hann einnig klúbbameistari annað árið í röð og níundi á Íslandsmótinu í Kiðjberginu og síðast en ekki síst jafnaði hann vallarmetið þar svo eftirminnilega með 6 fuglum í röð. Einnig má geta þess að Stefanía Kristín Valgeirsdóttir átti mjög gott sumar en hún keppir í unglingaflokki og varð í 6 sæti á Íslandsmótinu í Vestmannaeyjum. Einnig varð hún Norðurlandsmeistari stúlkna í flokki 17-18 ára og í öðru sæti í Meistaramótinu þar sem hún keppti í meistaraflokki.

Lokaorð

Þegar við hefjum nýtt starfsár er ljóst að ekki batnar starfsumhverfi okkar eins og viðar í samfélaginu, en við vonum að hægt sé að standa undir þeim kröfum sem kylfingar gera til vallarins. Hvert starfsár er áskorun til stjórnar og nefnda klúbbsins til framfara og er það von okkar að klúbbfélagar sjái breytingar í þá átt á hverju ári.

*Halldór M. Rafnsson
Formaður GA*



Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2011

Skýrsla formanns

Ágætu GA félagar, eins og kemur fram í skýrslu vallarnefndar hér á eftir var sumarið okkur mjög erfitt. Það segir þó ekki að ekkert hafi gerst á þessu rekstrarári. Í janúar fengum við nýja brautarsláttuvél og í mars var gengið frá nýju deiliskipulagi fyrir vallarsvæðið að Jaðri, þá var aðstaðan í Íþróttahöllinni opnuð með viðhöfn og notaði stjórnin tækifærið og gerði Stefán Hauk Jakobsson að heiðursfélaga GA. Eins og ég nefndi áður kom völlurinn mjög illa undan vetri, sótt var um styrk til Akureyrarbæjar og var samþykkt að styrkja klúbbinn um tvær milljónir. Í framhaldi að þessu fóru Edwin Rögnvaldsson og Steindór Ragnarsson og hittu kennarana Bjarna Guðleifsson og Guðna Þorvaldsson hjá Landbúnaðarháskólanum, var þar ákveðið að fara í samstarf um rannsóknir á grasi vallarins og hafa verið tekin nokkur sýni til rannsókna. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur stjórn GA átt í viðræðum við Bæjarstjórn Akureyrarbæjar um framkvæmdarsamning sem var gerður 2007 og endurskoðaður 2009, verður að segjast að nokkuð hafi gustað í þeirri umræðu og þeim málum er ekki lokið.

Í júní hafði Edwin Rögnvaldsson samband vegna þess að Kaupmannahafnar-háskóli sótti um styrk til Scandinavian Turfgrass and Environmental Research Foundation, en Edwin er í stjórn þar. Verkefnið snýst um landnotkun á vallarsvæðum og vantar Háskólanum völl á Íslandi til að vinna með og hefur okkur verið boðin þátttaka. Þetta getur verið gott innlegg í þróun og uppbyggingu golfvalla hér á Íslandi og er þetta okkur að kostnaðarlausu. Eins og þið sjáið er ýmislegt í gangi og ekki þýðir að gefast upp þó móðir náttúra hafi minnt all harkalega á sig á liðnu starfsári.

Skýrsla Vallarnefndar

Árið 2011 verður seint minnst sem góðu golfsumri að Jaðri. Völlurinn var illa leikinn eftir veturinn, gríðarlegar frostsKemmdir voru á mörgum svæðum vallarins.

Völlurinn opnaði þann 1. júní inn á vetrarflatið að hluta en eins og menn muna þá snjóaði í byrjun júní. Kaldur maí og júní var því ekki til bóta fyrir uppbyggingu grassvæða eftir vetrarskaðann, var því ekki fyrr en í júlí lok sem grassvæði fóru að sýna bata. Mun það taka Jaðar talsverðan tíma að ná fyrri bata og vonum við því að næsta vor og sumar verði okkur hliðhollt til að ná Jaðarsvelli í toppform aftur.

Vinnudagur var þann 14. maí þar sem hin ýmsu verk voru unnin og mæting var góð. Ekki var hægt að opna völlinn þann dag sökum veðurs og ástands vallar.

Framkvæmdir voru miklar og ber þar helst að nefna

nýja 1. flöt og samhliða nýjan 4 teig, aðkallandi var að fara í gerð forflata á flötum 5,6,7 og 18. Einnig var farið í framkvæmdir við nýja stóra teiga á 1, 4, 7, 12, 13, 14, og 15. Vökvunarkerfi var komið fyrir í nýju flatirnar og í teiga.

Vallarnefnd og vallarstjóri vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg fyrir vel unnin störf og vonandi sjáumst við sem flest að ári.

Skýrsla kappleikjanefndar

Mótahald sumarsins var mjög óhefðbundið framan af. Sumarið fór rólega af stað, þar sem vallaraðstæður voru þannig í sumar. Arctic Open var haldið 23.-24. júní sérstaklega er fjallað um það hér á eftir. Nokkur smærri mót voru haldin í júlí, Nýliðamót vanur - óvanur, Sumargleðin sem á fastan sess í mótaskránni en það mót er til styrktar unglingastarfi klúbbsins, kvennamót Volare, eitt mót til styrktar afreksstarfi GA og Nettó miðnætur unglingamót sem mæltist mjög vel fyrir. Hatta- og pilsamót GA kvenanna var á sínum stað í lok júlí og síðan Verslunarmannahelgarbomban en hún var í lok júlí er það eitt af stærri mótum sumarsins.

Meistaramótið var á sínum stað um miðjan júlí og var þátttaka með mesta móti. Nýtt fyrirkomulag var á mótinu í ár kylfingar léku í sínum flokki alla mótisdagana á útgefnu tíma frá mótisstjórn og mæltist þetta mjög vel fyrir og verður þetta fyrirkomulag haft áfram. Þátttakendur sem hófu leik í mótinu í ár voru í fullorðinsflokkum 163 og unglingar 35, sem er mun meiri þátttaka en árið á undan en þá voru einungis 128 keppendur skráðir í fullorðinsflokkum. Öldungameistari var Haraldur Júlíusson, Guðný Óskarsóttir sigraði flokk kvenna 50 ára og eldri og Anna Freyja Eðvarðsdóttir sigraði flokk kvenna 65 ára og eldri. Í öldungaflokki karla 70 ára og eldri sigraði Hilmar Gíslason. Meistari unglinga 14 ára og yngri var Kristján Benedikt Sveinsson. Ólafur Auðunn Gylfason golfkennari og Sunna Sævarsdóttir sigruðu í meistaraflokki.

Ágúst mánuður var með hefðbundnu sniði en það er okkar stæðsti mótamánuður, þar eru nokkur stórmót sem haldin eru á hverju ári. Herramót Heimsferða og Rub23, Hjóna- og parakeppni GA, Lostætis og Hótel Akureyrar, Mitsubishi Open og Bautamótið og VerslunarmannahelgarBomban var á sínum stað.

Uppselt var í flestöll stórmót sumarsins þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi ekki verið okkur hliðhollir í byrjun sumars.

September var með sín föstu mót, firmakeppni og bændaglímu, liðakeppnin AM AM og Greifamótið lokamótið í unglingamótaröð norðurlands og lokamót Norð-



Yngstu keppendur GA á Meistaramóti sumarið 2011

urlandsmótarað meistaraflokka. Auk þessa var nýtt mót á mótaskránni BYKO Open. Auk þeirra móta sem eru upp talin í þessari samantekt þá var haldin hér fjöldi fyrirtækjamaóta bæði stór og smá svo mikið hefur verið um að vera hjá okkur í sumar.

Holukeppnin var spiluð í allt sumar og eins og fyrri ár var mikil og góð stemming í þeirri keppni. Holumeistari GA í ár var Tumi Hrafn Kúld hann háði einvígi við Kristján Benedikt Sveinsson og í 3. sæti var sigurvegarinn frá í fyrra Anton Ingi Þorsteinsson.

Vill stjórn GA þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra störf.

Úrslit allra móta GA er að finna á www.golf.is og www.gagolf.is undir fréttir.

Skýrsla Arctic Open

Arctic Open mótið var haldið dagana 23. – 24. júní og var þetta 25. Arctic Open mótið. Þaðhefur verið haldið frá árinu 1986 og hafa á fjórða þúsund innlendir og erlendir gestir látið drauminn rætast og tekið þátt í mótinu. Þátttakendur í mótinu í ár voru 132.

Að venju hófst undirbúningur fyrir mótið strax að loknu síðasta móti. Það hefur lítið breyst í viðskiptaumhverfinu. Markaðssetning mótsins og skipulag tók því mið af þeirri staðreynd að fyrirtæki eru ekki að kaupa miða á viðburði sem þennan þó hefur verið reynt að halda allri umgjörð mótsins eins og verið hefur. Skipuleggjendur mótsins fóru ekki varhluta af því ástandi sem völlurinn var í þegar leið á júní mánuð og kom það líka á daginn að skráning var ekki eins góð síðustu vikurnar eins og menn vonuðu og jafnframt var ekki mikið um bókanir erlendis frá.

Framkvæmd mótsins tókst í alla staði vel og voru veðurguðirnir okkur hliðhollir og fengu keppendur miðnætursól bæði fyrir mótið og í mótinu sjálfu. En frekar kalt var í veðri.

Flugfélag Íslands var aðal samstarfsaðili um framkvæmd mótsins og verðlaun voru gefin af og NTC verslunum, Ecco, heildverslun Rolf Johansen, Sjósiglingu í Reykjavík og Golfbúðinni Hafnarfirði auk þess sem allir þátttakendur fengu sérstaka teiggjöf. Öllum þessum aðilum þökkum við samstarfið og bindum miklar vonir við þátttöku þeirra í framtíðinni.

Á hverju ári fer mikil vinna í að markaðssetja mótið þó það hafi sinn fasta sess. Alltaf er reynt að finna nýjar leiðir til að koma mótinu á framfæri við ferðaskrifstofuaðila bæði hér á landi og erlendis og viðhalda viðskiptasamböndum við stuðningsaðila og aðra sem að mótinu koma. Það er trú okkar að mótið muni áfram skila þeirri skemmtun og athygli sem það hefur gert og geti á komandi árum farið að skila jafn miklum tekjum til GA og þegar best lét, en mótið í ár var rekið með örlitlum halla.

Skýrsla unglinganefndar

Síðastliðinn vetur vorum við án inniaðstöðu þar til í apríl að hin stórgóða aðstaða í kjallara íþróttahallar opnaði. Við höfðum Bogann og voru eldri krakkarnir dugleg að nota sér hann til æfinga. Inniaðstaðan var vel sótt eftir opnun og allir kátir með hana. Páskamót með þrautum og leikjum var haldið í Boganum í lok mars, við góðar undirtektir barna, unglinga og foreldra. Árlegt kaffihlaðborð unglingaráðs var svo haldið á sumardaginn fyrsta.

6. – 8. maí fór hópur ungmenna í æfingaferð og heim sóttum við GS. Ferðin var vel heppnuð enda veðurguðirnir okkur hliðhollir.



Ný inniaðstaða Golfklúbbsins í kjallara Íþróttahallarinnar

Nokkrir kjarnakrakkar fóru á fyrsta mótið í Arion-bankaröðinni og stóðu sig með ágætum.

Við vorum með kynningu á golfíþróttinni fyrir alla 4. bekkina á Akureyri og var hún vel sótt. Þá var golfskólinn á sýnum stað og var hann einnig vel sóttur.

Í sumar voru sett upp mörg lítil mót á miðvikudögum þar sem öll börnin tóku þátt, auk þess sem hin árlega Ryderkeppni var haldið með krökkunum.

Meistaramót barna var haldið í júlí og og lauk því með grillveislu í boði Norðlenska.

Norðurlandsmótaröðin var á sínum stað, 4 mót og voru okkar krakkar dugleg við að raða sér ofarlega í hvert mót fyrir sig. Við eignuðumst 2 norðurlandsmeistara, þá Tuma Hrafn og Ævarr Frey.

Í ágúst var haldið íslandsmót í Höggleik á Grafarholtsvelli. Í flokki 15 – 16 ára átti GA 3 keppendur af þeim 36 sem komust inn í mótið. Bestan árangur þar átti Ævarr Freyr en hann varð í 8. sæti. Í flokki 14 ára og yngri áttum við 5 keppendur af 36. Bestum árangri þar náðu Tumi Hrafn sem varð í 6. sæti og Kristján Benedikt sem varð í 7. sæti. Stefanía Elsa varð í 10. sæti í flokki 15-16 ára stúlkna.



Á aðalfundi 2011. Tumi Hrafn Kúld holumeistari GA 2011, Ævarr Freyr Birgisson kylfingur GA 2011 og Stefanía Elsa Jónsdóttir fyrrmyndarkylfingur GA 2011.

Þessi frábæri árangur sýnir okkur að krakkarnir okkar eru komnir í baráttuna og gera eflaust betur að ári. Það er óneitanlega gaman og fyllir mann af stolti að sjá svona mörg GA nöfn í þessum keppnum aftur eftir smáhlé.

Þann 3. ágúst eignuðumst við unglingalandsmótsmeistara þegar Kristján Benedikt sigraði með miklum glæsibrag í flokki 11-13 ára.

Sveitakeppni unglinga var haldin á Flúðum í ágúst og sendum við tvær sveitir í flokki 15 ára og yngri þær komust báðar í átta liða úrslit, en 23 lið voru skráð til leiks Við enduðum í 4 og 8 sæti eftir mikla baráttuleiki.

Uppskeruhátíð var svo haldin 30. október með pizza-veislu og veittar voru ýmsar viðurkenningar.

Skýrsla Afreksnefndar

Rauði þráðurinn í starfi nefndarinnar á þessu ári var að leggja grunn að bættum árangri í afreksstarfi GA í framtíðinni. Til að það takist þarf margt að koma til, aðstaða þarf að halda áfram að þróast og batna. Lagt er til að nefndin eigi í framtíðinni að einbeita sér í meira mæli að unga fólkinu okkar sem er uppfyllt af áhuga og æfir alla daga í öllum veðrum. Með því að auka tengingu milli afreksnefndar og unglingaráðs teljum við að metnaður kylfinga aukist enn frekar og þeir ólíklegri til þess að hætta golfiðkun eða velja aðra afþreyingu fram yfir golfið. Enn fremur teljum við að það muni stuðli að þeirri hugarfarsbreytingu sem við teljum nauðsynlega til að bæta árangur kylfingar okkar á öllum sviðum íþróttarinnar.

Lokaorð formanns

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka öllu því fólki sem með mér hefur starfað undanfarin ár bæði í nefndum og stjórn klúbbsins og ekki síst starfsfólkinu okkar og óska um leið nýju fólki velfarnaðar í störfum sínum fyrir klúbbinn.

Halldór M. Rafnsson, formaður GA



Karatefélag Akureyrar

Ársskýrsla 2010

Aðalfundur Karatefélag Akureyrar var haldinn að Löngu-
mýri 30 á Akureyri þann 20. mars 2010. Kosið var í stjórn
félagsins fyrir árið 2010. Hlutverk hennar er að móta starf
félagsins, ráða þjálfara og hafa eftirlit með rekstri. Dagleg
umsjón og rekstur hvílir áfram á yfirþjálfara og gjaldkera
félagsins.

Stjórn Karatefélags Akureyrar 2010:

Magnús Sigbórsson, formaður
Hörður Sævaldsson, varaformaður
Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri
Hrannar Már Sigurðsson Hafberg, ritari
Ægir Ágústsson, meðstjórnandi
Arnar Pétursson, meðstjórnandi

Einnig voru kostnir

Jóhann Sigmundsson varamaður
Anna Ársælsdóttir varamaður
Hersir Sigurgeirsson skoðunarmaður
Jóhann Ásmundsson skoðunarmaður

Árið 2010 gekk framur vonum hjá félaginu. Þróunar
vinna og skipulagning félagsins er komið í gott horf.
Karatefélag Akureyrar var formlega tekið inn í IBA og þar
af leiðandi ÍSÍ á aðalfundi ÍBA 2010. Barna starfið hefur
aukist til muna og áfram aukning iðkenda. Öllum nýjum
iðkendum árið 2010 í barnahópnum voru afhent karate-



Miðhópur vor 2010

mappa sem kostuð er af félaginu. Félagið hefur einnig í
tenglum við afhendingu gráðanna, eins og fyrri ár verið
með upptöku fyrir börn og foreldra þeirra. Heimasíða
félagsins Karateakureyri.is stofnuð á árinu og er en í
þróun, tilkoma hennar hefur verið mjög til bóta hvað varð-
ar að koma upplýsingum um starfið til iðkenda.

Þjálfarar

Árið 2010 störfuðu eftirtaldir þjálfarar hjá félaginu

Yfirþjálfari: Magnús Sigbórsson

Aðstoðarþjálfari: Rut Guðbrandsdóttir



Aðstoðarþjálfarar barna:

Jóhannes Sigmundsson, Guðmundur Kári Daníelsson og Gyða Dögg Jónsdóttir hafa aðstoðað þegar börn þeirra eru á æfingum.

Iðkendur

Iðkendum hjá félaginu hafa fjölgað vonum framar. Haustið 2010 var nauðsynlegt að skipta barnahópunum sem voru 2 hópar í 3 hópa eftir aldri. Fullorðnir iðkendur hafa fjölgað jafnt og þétt.

Árið 2010

Fjöldi gráða Börn:

Vor 2010 = 57 stk

Haust 2010 = 73 stk

Fjöldi gráða Fullorðnir:

Vor 2010 = 10 stk

Haust 2010 = 12 stk

Árið 2009

Fjöldi gráða Börn:

Vor 2009: = 36 stk

Haust 2009: = 58 stk

Fjöldi gráða Fullorðnir:

Vor 2009: = 14 stk

Haust 2009: = 8 stk

Starfið framundan

Markmiðið félagsins er að bjóða upp á bestu karatekennslu sem völ er á, þjálfarar hafi reynslu af þjálfun,



Yngsti hópurinn vor 2010

góða þekkingu á íþróttinni og eiga gott með að koma henni til skila. Þjálfara eiga jafnframt að vera iðkendum góð fyrirmynd í hvívetna.

Félagið hefur ekki lagt áherslu á keppnir, en ef einstaklingur vill, þá mun félagið styðja þá. Að lokum vill stjórn Karatefélags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins starfsárið 2010.

Magnús Sigþórsson
Formaður



Stofnað 2008

Karatefélag Akureyrar Ársskýrsla 2011

Aðalfundur Karatefélags Akureyrar var haldinn að Löngumýri 30 á Akureyri þann 20 apríl 2011. Kosið var í stjórn félagsins fyrir árið 2011. Hlutverk hennar er að móta starf félagsins, ráða þjálfara og hafa eftirlit með rekstri. Dagleg umsjón og rekstur hvílir áfram á yfirþjálfara og gjaldkera félagsins.

Stjórn Karatefélags Akureyrar 2011:

Magnús Sigþórsson, formaður

Jóhannes Sigmundsson, varaformaður

Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri

Hrannar Már Sigurðsson Hafberg, ritari

Arnar Pétursson, meðstjórnandi

Einnig voru kostnir

Anna Ársælsdóttir varamaður

Gyða Dögg Jónsdóttir varamaður

Hersir Sigurgeirsson skoðunarmaður

Jóhann Ásmundsson skoðunarmaður



Yngsti hópurinn Haust 2011

fjöldi iðkenda var orðinn það mikill að auka þyrfti þá tímum í íþróttasölum sem ekki var kostur á. Barnastarfið hefur að mestuleiti verið eins frá fyrra ári þ.e. kennt í 3 hópum og árinu skipt í tvær annir. Í lok annar er gráðu-próf. Félagið hefur í tenglum við afhendingu gráðanna, eins og fyrri ár verið með uppákomur fyrir börn og foreldra þeirra og afhentar gjafir til barnana. Óvæntur og gleðilegur styrkur kom frá Samherja á árinu og var hann notaður upp í æfingagjöld hjá Barnahópunum. Heimasíða félagsins Karateakureyri.is sem stofnuð var árið 2010 var uppfærð og skráning iðkenda sett þar inn til hagræðingar.

Þjálfarar

Árið 2011 störfuðu eftirtaldir þjálfarar hjá félaginu

Yfirþjálfari:
Magnús Sigþórsson

Aðstoðarþjálfari:
Rut Guðbrandsdóttir
Aðstoðarþjálfarar barna:
Jóhannes Sigmundsson,
Guðmundur Kári Danielsson og Randver G. Ólafsson.

Árið 2011

Fjöldi gráða Börn:
Vor 2011 = 66 stk
Haust 2011 = 61 stk

Fjöldi gráða Fullorðnir:
Vor 2011 = 15 stk
Haust 2011 = 13 stk

Árið 2010

Fjöldi gráða Börn:
Vor 2010 = 57 stk
Haust 2010 = 73 stk

Fjöldi gráða Fullorðnir:
Vor 2010 = 10 stk
Haust 2010 = 12 stk



Beltaafhending vor 2011 miðhópur

Starfið framundan

Markmið félagsins eins og fyrri ár er að bjóða upp á bestu karatekennslu sem völ er á.

Ekki hefur en verið lögð áhersla á keppnir. Það sem er því helst til fyrirstöðu er aðstaða félagsins til æfinga. Mikil löngun er hjá félaginu að koma sér upp eigin húsnæði til æfinga og félagsaðstaða karatefélagsins sem er engin nú mun þá væntanlega verða að veruleika. Að lokum vill stjórn Karatefélags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins árið 2011.

*Magnús Sigþórsson
Formaður Karatefélags Akureyrar.*



Elsti hópurinn vor 2011



Stofnað 1928

Léttir hestamannafélag

Ársskýrsla 2010

Skýrsla stjórnar nóvember 2010

Þetta starfsár hefur verið ákaflega sérstakt fyrir okkur hestamenn þar sem smitandi hósti í hrossum hefur sett stórt strík í hestamennskuna. Þurfti því miður að hætta við margt sem fyrirætlað var. Til dæmis stóð til að halda mót fyrir minna vana keppendur en vegna ástandsins var það ekki gert, en verður vonandi gert í vetur. Fyrirhugað var að halda keppnisnámskeið fyrir börn og unglinga til undirbúnings fyrir Landsmótið sem var frestað, eins og flestir vita, og var námskeiðið þá einnig látið biða. Ferðanefndin hafði einnig áformað góða ferð í sumar en þurfti frá að hverfa vegna veikindanna.

Þrátt fyrir að margt hafi þurft að taka af dagskrá vegna veikindanna náðum við að afreka ýmislegt. KEA mótaröðin var haldin frá febrúar og fram í maí. Mikið var um góða hesta og var mótaröðin áhorfendavæn og skemmtileg. Stóð hún vel undir sér og munum við gera enn betur á næsta ári. Stjörnutölitið var einnig haldið að vanda og komu bæði góðir hestar og gestir á mótið sem var glæsilegt. Kristmundur sagði sig frá mótinu og tók stjórn Léttis yfir og er núna áætlað að sama nefnd komi til með að sjá um Stjörnutölitið og Fáka og fjör. Fákar og fjör var haldið í apríl og er þessi sýning alltaf að stækka og verða betri. Þrátt fyrir veikindi og veður gekk allt upp og úr varð hin mesta skemmtun. Þakkar stjórn nefndinni fyrir vel unnin störf. Við höldum svo gæðingakeppni á haustmánuðum



Þóra Höskuldsdóttir

sem tókst mjög vel í góðu veðri. Gaman var að sjá að veikindin virðast ekki ætla að hafa mikil áhrif á hrossin sem búin eru að ganga í gegnum þau.

Ýmis námskeið voru haldin og mætti þar nefna framtamninganámskeið og framhald á því, reiðnámskeið með Jakobi Svavarssyni og Þorsteini Björnssyni sem var með 2 námskeið. Mörg námskeið eru fyrirhuguð þennan vetur og er einu framtamninganámskeiði nú þegar lokið og verið er að kenna Reiðmanninn sem er nám frá Hvanneyri.

Mikið var um að vera hjá æskunni okkar síðasta starfsár. Knapamerkin voru kennd af kappi ásamt almennum reiðnámskeiðum en því miður var ekki hægt að klára þau vegna veikinda en verða kláruð um leið og starf hefst eftir áramót. Nokkrir krakkar frá Létti fóru á Íslandsmót á Hvammstanga í sumar og stóðu sig með þrýði. Léttir átti fulltrúa á FEIF Youth Cup sem haldinn var í Kalo í Danmörku og var það Björgvin Helgason sem fór frá okkur. Björgvin stóð sig mjög vel þrátt fyrir mikið mótlæti og erfðleika með hesta. Hann var landi sínu og félagi til sóma. Æskulýðsnefndin hélt svo góða uppskeruhátíð þar sem Ólafur Göran var valinn knapi ársins í barnaflokk og Fanndís Viðarsdóttir í unglingaflokk. Þóra Höskuldsdóttir var valin gæðingaknapi Léttis í barnaflokk.

Í fyrra var stofnuð nefnd um mat á Melgerðismelum og lauk hún störfum nú á haustmánuðum og þökkum við gott starf. Niðurstaða þess starfs var að Melgerðismelar eru metnir á 22,6 milljónir króna og er hlutur Léttis 11,1 milljónir. Funi gerði tilboð í Melana upp á 5,6 milljónir og gerði Léttir gagntilboð upp á 8,6 milljónir sem þeir svöruðu ekki. Staðan á Melgerðismelum er sú að nú þarf að fara í mikla vinnu við að semja um og skipuleggja afnot Funa og einstaklinga sem þar eiga hús af Melunum. Léttir á engar eignir á Melgerðismelum sem nota þurfa vatn og rafmagn og þarf að semja um afnot af rafstöð og vatnsveitu sem Léttir á á svæðinu.

Í sumar var farið í að stækka sólpallinn á Sörlastöðum og skipta um rotþró. Notkunin á Sörlastöðum var í lágmarki en þó meiri en við áttum von á. Uppi eru hugmyndir um að hólfa niður beitolandið á Sörlastöðum og er það í höndum Sörlastaðanefndar að vinna úr því.

Mikið var um að vera í Top Reiter höllinni þetta starfsár þrátt fyrir veikindi. Fyrir utan námskeiðshald á vegum Léttis er notkunin á húsinu alltaf að aukast hjá okkur hestamönnum. Einnig hefur Hundaræktarfélag Íslands leigt af okkur húsið. Því miður er Léttir ekki nógu fjársterkur til að byrja á efri hæðinni eins og við vorum að vonast til en við ætlum að reyna að koma upp snyrtingum frammi í sal ásamt hnakkageymslu. Of fáir þrifa eftir sig

þegar þeir hafa lokið æfingum í húsinu og er það eitthvað sem þarf að bæta úr. Friðrik er búinn að standa sig eins og hetja í að sjá um allt sem um hefur verið að vera og þökkum við honum kærlega fyrir vel unnin störf.

Í október sá Léttir um að halda landsþing Lands sambands hestamanna hér á Akureyri ásamt þingslita fagnaði. Þingið var haldið í Brekkuskóla við bestu mögu legu aðstæður. Á föstudagskvöldinu bauð Léttir þingfulltrúum og mökum þeirra í heimsókn í Top Reiter höllina og var haldin stutt sýning á hestum ásamt því að boðið var upp á léttar veitingar. Gestum fannst þetta frábært framtak og þótti gaman að sjá höllina. Á laugardeginum fóru Rósa María og Þór Sig. með maka þingfulltrúa í heimsókn

í Hof, siglingu með Húna um pollinn þar sem þau sungu og skemmtu fólkinu og enduðu svo ferðina í Víkingbrugg. Á laugardagskvöldinu héldum við frábæran þingslita fagnað þar sem Bautinn sá um matinn og þjónustuna, Stuðband Kobba Jóns spilaði og Reynir Hjartarson var veislustjóri. Fagnaðurinn fór vel fram og skemmti fólk sér konunglega. Létti hafa borist bréf þar sem þakkað er fyrir gott þing og frábærar móttökur.

Nú er bara að halda ótrauð áfram með bjartsýni og jákvæðni í fararbroddi og óskum við ykkur góðs vetrar.

Stjórn Léttis



Stofnað 1928

Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2011

Skýrsla stjórnar 2011

Árið byrjaði á frumtamninganámskeiði sem Lina Eriksson hélt og lukkaðist það mjög vel og var almenn ánægja með það námskeið. Bókleg próf í Knapamerkjum voru þreytt í byrjun janúar en sú nýbreytni var í ár að kenna bóklega hlutann í Knapamerkjum fyrir áramót og taka prófin í desember og janúar. Það léttir mikið á kennslunni eftir áramót.

Fyrsta mótið var haldið 28. janúar í minningu um félaga



Viðar Bragason

okkar Óla G. sem féll snögglega frá í byrjun árs. Léttir hélt styrktarmót fyrir Jónba Ara í byrjun febrúar og óhætt er að segja að mótið hafi tekist vel og var vel sótt. Uppboð var á folatollum og hamborgarar seldir og allur ágóði af mótinu fór óskiptur til Jónba og fjölskyldu.

KEA mótaröðin hófst 10. febrúar og lauk 24. mars og aldrei hafa fleiri tekið þátt og var mótaröðin féluginu til sóma. Veðrið stríddi okkur aðeins í vetur og fresta þurfti fimmgangskeppninni tvisvar vegna veðurs. Mótaröðin var vel sótt af áhorfendum og stóð hún undir sér fjárhagslega og vel það.

Stjörnutölt var haldið í Skautahöllinni í mars og var mikið um góða hesta en veðrið var okkur ekki hliðhollt og voru áhorfendur heldur í færri kantinum en mótið sjálft var vel skipulagt og gekk mjög vel.

Mörg fleiri mót voru haldin svo sem Gleðileikar Léttis, Líflandsmót barna, unglinga og ungmenna, Goðamót, Vormót og úrtaka fyrir Landsmót.

Stórsýningin okkar Fákar og fjör var haldin í apríl og var sýningin glæsileg. Mikið var af atriðum héðan úr firðinum ásamt því að við fengum góða gesti annarsstaðar frá. Sú breyting var gerð í ár að tvö hlé voru gerð á sýningunni og var seld súpa í hléunum og féll þetta vel í fólk. Margt var um áhorfendur og var það samhljóma álit gesta að þetta hafi verið frábær sýning.

Námskeið með Þorsteini Björnssyni var haldið í vetur ásamt námskeiði með Sigga Sig. Bæði þessi námskeið voru fullsetin og vinsæl. Erlingur Ingvarsson ætlaði að kenna hér á vordögum en fella þurfti það námskeið niður sökum dræmrar þátttöku.

Samherji styrkti æskulýðsstarf Létts um 600,000 krónur og fór peningurinn í niðurgreiðslu á námskeiðsgjöldum, greiðslu ferðakostnaðar á Æskan og hesturinn ásamt styrk til Landsmótsfara.

Æskulýðsstarf Létts er í miklum blóma og var ýmislegt gert. Þar má nefna reiðtygjahreinsun, spurningakeppni, námskeið og æfingamót. Skýrsla æskulýðsnefndar Létts lendir ævinlega ofarlega hjá æskulýðsnefnd L.H. Þegar valið er það félag sem sinnir æskulýðsstarfi hvað best á landinu.

FEIF stóð fyrir Youth camp í Skotlandi í sumar og var engin umsókn frá Létti þetta árið. Youth camp eru sumar-búðir fyrir krakka til að kynna öðrum hestakrökkum og kynna reiðmenningu annarra landa.

Létti sendi fullt hús keppanda á Landsmót og voru allir Léttsknarnir félagi sínu til sóma. Haldinn var knapafundur fyrir Landsmótið og var ákveðið þar að Ólafur Svansson færi sem liðsstjóri og var hann keppendum innanhandar með allt mögulegt og ómögulegt. Mikil og góð stemming var í félagsbúðum Létts.

Við verðum að hrósa börnunum okkar og unglingum fyrir frábæran árangur á þessu stærsta móti landsins. Helst ber að nefna árangur Sylvíu Sólar sem lenti í 10. sæti og Matthíasar Más Stefánssonar sem lenti í 12. sæti í barnaflokki. Óskar stjórn Létts öllum knöpum sem kepptu á Landsmóti til hamingju með sinn árangur.

Ferðanefnd Létts fór með vaska Léttsmenn og konur í reiðtúr í Bárðardal helgina fyrir verslunarmannahelgina. Farið var frá Sandhaugum í Stóru-Tungu og þaðan í Suðurárbotna og svo aftur í Sandhauga. Ferðin gekk vel og skemmti fólk og hestar sér konunglega í góðu veðri.

Nú er búið að lýsa alla reiðleiðina úr Breiðholtshverfi heim að reiðhöll ásamt því að gerður var reiðstígur meðfram Faxaskjóli og þarf því ekki að ríða á akveginum. Er þetta til mikilla bóta einkum þegar mikið er um að vera í höllinni og bílum lagt um allt.

Kaupvangsbakkar voru mikið til á floti í sumar og áttu margir erfitt með að nýta sér hólfín sín þar. Mikill sandur er í Eyjafjarðará og allir skurðir á bökkunum eru orðnir fullir af gróðri og sandi. Til stendur að reyna að ræsta landið út í á í vetur eða vor. Mjög erfitt er að fara með tæki á bakkana sökum bleytu.

Fyrstu hólfín í Skjaldarvík voru girt í sumar og er búið að úthluta 9 hólfum á svæðinu. Enn á eftir að gera slóðann á milli hólfanna til að auðvelda aðkomu að þeim. Vonir standa til að það verði gert fljótlega eða í síðasta lagi í vor.

Brotist var inn í nokkur hús í Breiðholtshverfinu á vor-

mánuðum og var fyrst og fremst mikið skemmt en litlu stolið, sem betur fer. Augljóst að þarna voru á ferð menn í leit að einhverju til að selja en þó ekki í hestaheiminum því mikið var um verðmætt hestadót sem skilið var eftir. Í kjölfarið var öryggismiðstöðin með tilboði fyrir hesthúsaeigendur.

Akureyrarbær ákvað uppá sitt einsdæmi að loka á okkur reiðleiðum um Naustaborgirnar vegna kvartana um hestaumferð á göngustígum í Hamraborgum. Stjórn fundaði með forstöðumanni Skipulagsdeildar bæjarins og svo tók reiðveganeftnd Létts við og eru þeir ásamt Akureyrarbæ í viðræðum um varanlegar reiðleiðir á svæðinu. Stjórnin vill ítreka það við hestamenn að fara ekki ríðandi á merktum gönguleiðum. Það veikir samningsstöðu okkur gagnvart bænum.

Uppskeruhátíð barna og unglinga var haldin 14. október í Top Reiter höllinni og veittar voru viðurkenningar.

Egill Már Þórsson var gæðingakeppnisknapi ársins í barnaflokki. Nanna Lind Stefánsdóttir hreppti þennan heiður í unglingaflokki. Sylvía Sól Guðmundsdóttir var valinn knapi ársins í barnaflokki og Ólafur Göran Gros valinn knapi ársins í unglingaflokki.

Á uppskeruhátíð fullorðinna og ungmenna voru 4 sæmdir silfurmerki félagsins en það voru þau, Kjartan Helgason, Áslaug Kristjánsdóttir, Sigurður Hjaltason og Sigurður Jónsson.

Efnilegasti knapi Létts var Björgvin Helgason og knapi ársins var Baldvin Ari Guðlaugsson. Við valið var farið eftir drögum að reglugerð sem Sigfús Helgason lagði fram á síðasta aðalfundi.

Óskum við þessum knöpum til hamingju með viðurkenningar sínar.

Þetta er búið að vera gott og lærdómsríkt ár og erum við í stjórninni þakklát fyrir alla þá aðstoð og stuðning sem við höfum fengið á árinu. Nú er bara að halda ótrauð áfram með bjartsýni og jákvæðni í fararbroddi.

*Óskum við ykkur góðs vetrar
Stjórn Létts*



Baldvin Ari Guðlaugsson



Stofnað 2005

Hamrarnir Ársskýrsla 2010-2011

Starfsemi Hamranna hefur á síðustu tveimur árum tekið talsverðum breytingum frá því sem var á fyrstu árum félagsins, en það var stofnað árið 2005. Knattspyrnudeild félagsins hefur legið í dvala undanfarnin ár en Hamrarnir hafa þó sent lið í utandeildina á hverju sumri sem Knattspyrnudómarafélag Norðurlands heldur utan um. Hamrarnir hafa einnig ákveðið að taka þátt í VISA-bikarkeppni KSÍ næsta vor (2012) en ekki er stefnt á að taka þátt í deildakeppninni á næstunni.

Frá haustinu 2008 hafa Hamrarnir haldið úti handknattleiksæfingum einu sinni til tvisvar í viku í KA-heimilinu og samhliða tekið þátt í utandeildarkeppni HSÍ.

Tímabilið 2009-2010 unnu Hamrarnir fjórtán af sextán leikjum sínum í undankeppninni en sá árangur dugði til að komast í undanúrslitin þar sem liðið tapaði naumlega gegn ÍR í framlengdum leik. ÍR stóð uppi sem sigurvegari utandeildarinnar það árið.

Tímabilið 2010-2011 tóku Hamrarnir þátt í landsbyggðarriðli og unnu þar sjö leiki og gerðu eitt jafntefli í átta leikjum. Við það komust Hamrarnir aftur í undanúrslit þar sem Kórdrengirnir voru lagðir með fjórum mörkum (30-26). Í úrslitaleiknum tók liðið á móti Júmboys, sem er samansafn af fyrrum leikmönnum Aftureldingar. Úrslitaleikurinn vannst 27-25 og Hamrarnir því utandeildarmeistarar HSÍ 2011.

Hamrarnir tóku einnig þátt í Eimskipsbikarkeppni HSÍ og unnu þar 1. deildarlið Fjölnis nokkuð örugglega í leik sem spilaður var á Blönduósi. Í 16 liða úrslitum drógust Hamrarnir gegn úrvalsdeildarliði Selfoss og tapaðist sá leikur í leik sem spilaður var á Selfossi. Árangur þennan vetur var þó mjög góður að mati leikmanna liðsins.

Tímabilið 2011-2012 tóku Hamrarnir aftur þátt í Eimskipsbikarkeppni HSÍ og spiluðu nú gegn 1. deildarliði Stjörnunnar í 32-liða úrslitum og tapaðist sá leikur heldur stórt. Fyrir þetta tímabil misstu Hamrarnir nokkra lykil-



Hamrarnir 2011

menn úr sínum röðum í aðra landshluta og önnur verkefni og fyrir vikið var mæting á æfingar verri en undanfarna vetur. Einnig hjálpaði það ekki að æfingatímarnir sem voru í boði fyrir félagið voru á það vöndum tímum að erfitt var að halda úti æfingum. Það skilaði sér í verri úrslitum og á endanum ákvað stjórnin að draga liðið úr keppni.

Handknattleikdeild Hamranna er því ekki virk í augnablikinu.

Stjórn Hamranna:

Formaður: Þorgeir Rúnar Finnsson

Varaformaður: Stefán Guðnason

Gjaldkeri: Gunnar Þórir Björnsson

Ritari: Arnór Sigmarsson

Meðstjórnandi: Sindri Kristjánsson

Akureyri, 15. mars 2012



Stofnað 1962

Sundfélagið Óðinn Ársskýrsla 2010

Aðalfundur 2010

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í kaffiteríu Íþróttahallarinnar á Akureyri 19. apríl 2010.

Ný stjórn var kjörin á fundinum. Formaður var kjörinn Halldór Arinbjarnarson og með honum sex aðalmenn í stjórn sem síðan skiptu með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Halla B. Halldórsdóttir, varaformaður

Halla B. Garðarsdóttir, gjaldkeri

Lísa B. Gunnarsdóttir, ritari

Arnar Snorrason, meðstjórnandi

Börkur Þór Ottósson, meðstjórnandi

Sif Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Uppskeruhátíð fyrir árið 2010

Uppskeruhátíð félagsins fyrir árið 2010 var haldin í sal Brekkuskóla 11. janúar 2011. Þar voru samkvæmt venju veittar viðurkenningar fyrir árangur ársins.

Í krókódílahópi, sem er eldri hópur félagsins fyrir fatlaða, fengu Lilja Rún Halldórsdóttir og Vilhelm Hafþórsson viðurkenningar fyrir stigahæstu sund karla og kvenna. Í sama hópi fékk Breki Arnarsson viðurkenningu fyrir ástundun og Kristján Logi Einarsson fyrir framfarir.

Í afrekshópi fengu viðurkenningu fyrir mestu bætingu á árinu Elísa Ýrr Erlendsdóttir og Birkir Leó Brynjarsson. Stigahæsta sund karla átti Freysteinn Viðar Viðarsson og stigahæsta sund kvenna Bryndís Rún Hansen.

Í yngri hópum fengu viðurkenningu fyrir ástundun Hákon Alexander Magnússon og Elín Kata Sigurgeirsdóttir og fyrir framfarir þær Saga Arnórsdóttir og Bryndís Bolladóttir.

Íslandsmeistarar félagsins á árinu 2010 voru heiðraðir sérstaklega á uppskeruhátíðinni. Alls kræktu 20 sundmenn í Íslandsmeistaratitli á árinu í hinum ýmsu aldursflokkum. Hafa þeir að líkindum aldrei verið jafn margir.

Gunnar Viðar Eiríksson, yfirdómari Óðins, var valinn dómari ársins hjá SSÍ, annað árið í röð.

Landsliðsverkefni

Jón Gunnar Halldórsson, Vilhelm Hafþórsson, Lilja Rún Halldórsdóttir og Breki Arnarsson fóru í æfingaferðir til Reykjavíkur til æfinga með landsliði Íþróttasambands fatlaðra. Þá tók Vilhelm Hafþórsson þátt í Opna þýska meistaramótinu með landsliði ÍF.

Þrír keppendur frá Óðni náðu lágmörkum inn á alþjóðlegt mót í Luxemborg í apríl á vegum SSÍ, þau Elín Erla Káradóttir, Freysteinn Viðar Viðarsson og Halldóra S.



Halldórsdóttir. Þá var Karen Malmquist, þjálfari hjá Óðni, fararstjóri í ferðinni.

Á Sundkeppni smáþjóða, sem haldin var í Hafnarfirði í júní, átti Óðinn sjö keppendur í landsliði SSÍ. Þetta voru Halldóra S. Halldórsdóttir, Erla Hrönn Unnsteinsdóttir, Bryndís Rún Hansen, Hildur Þórbjörg Ármannsdóttir, Júlía Ýr Þorvaldsdóttir, Oddur Viðar Malmquist og Freysteinn Viðar Viðarsson.

Á Ólympíuleikum ungmenna í Singapore í ágúst vann Bryndís Rún Hansen sér þátttökurétt, eins og nánar verður vikið að síðar. Jafnframt keppti hún í landskeppni Íslands og Færeyja í október og Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug í nóvember.

Sundmaður Akureyrar

Sundfélagið Óðinn valdi Bryndísi Rún Hansen sundmann Akureyrar 2010. Á árinu vann Bryndís þrjá Íslandsmeistaratitla og þá er hún tvöfaldur Íslandsmethafi og fjórfaldur stúlknamethafi. Hún var þannig Íslandsmeistari í 100 m flugsundi, bæði í 25 og 50 m laug. Þá varð hún Íslandsmeistari í 50 m flugsundi í 50 m laug. Bryndís er handhafi 52 Akureyrarmeta.



Bryndís vann sér inn keppnisrétt fyrr á árinu á fyrstu Ólympíuleikum ungmenna sem fram fóru í Singapore í ágúst 2010. Á Íslandsmeistaramóti í nóvember vann hún sér inn keppnisrétt í þremur greinum á Evrópumeistaramóti í 25m laug en mótið fór fram í Eindhoven í Hollandi í lok mánaðarins. Í janúar 2011 var hún svo útnefnd Íþróttamaður Akureyrar fyrir árið 2010, annað árið í röð.

Bryndís ákvað á árinu að hafa vistaskipti. Hún flutti í janúar 2011 til Bergen í Noregi þar sem hún hefur sest á skólabekk, auk þess að einbeita sér að sundinu.

Helstu mót og æfingabúðir

Afrekshópur félagsins fór í tveggja vikna æfingabúðir til Tenerife um páskana, eða kringum mánaðamótin mars-apríl. Þar var æft við bestu hugsanlegu aðstæður í veðurfari sem við eigum ekki að venjast hér á landi. Þótt vissulega sé ferð sem þessi að hluta hugsuð til skemmtunar þá var æfingum sinnt af kappi sem aldrei fyrr, sem skilaði sér í góðum árangri á vormánuðum. Þá er það einnig mikil og góð lífeyrsla að deila kjörum með félögum sínum í hálfan mánuð fjarri heimahögunum. Margt var til gamans gert sem lesa má nánar um á heimasíðu félagsins.

Bikarkeppni ÍF var haldin á Akureyri í júní. Um 60 keppendur frá fjórum félögum voru skráðir til leiks. Matur og gisting voru í boði í Brekkuskóla og tókst mótið vel í alla staði. Ekki skemmdi heldur fyrir góður árangur okkar fólks sem náði 2. sæti í heildarkeppninni.

Krókódila- og Krossfiskahópar fóru á haustmánuðum í einkar vel heppnaða ferð til Hríseyjar. Þar er aðstaða sem við gætum vissulega horft meira til að nýta, til uppbrots og skemmtunar í starfinu.

Við héldum Sprengimótið okkar í lok september eins og undanfarin ár. Því miður hefur mótið ekki náð því flugi sem við vonuðumst til sökum dræmrar þátttöku sundfélaga annars staðar að. Aðeins tvö félög, SH og ÍA, sóttu okkur heim að þessu sinni. Mótið gekk engu að síður vel og var okkur til sóma.

Annars sótti Óðinn „hefðbundin“ sundmót sunnan heiða á árinu, svo sem meistaramótin og önnur stærri mót. Á Aldursflokkameistaramóti Íslands urðum við í 4. sæti í stigakeppni félaganna sem er annar besti árangur Óðins frá upphafi.

Almennt um starfið

Eins og rakið hefur verið hér að framan var árið 2010 var gott ár hjá Óðni hvað árangur varðar. Þjálfarar félagsins hafa sinnt starfi sínu vel og tekist að halda stöðugleika meðal iðkenda, ekki hefur orðið teljandi brottfall sem rekja má til efnahagsástands. Sundmenn á öllum aldri eru í stöðugri sókn og margir efnilegir sundmenn að vaxa upp hjá félaginu. Metnaður stjórnar Óðins stendur til þess að sundmenn okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á Suðurlandinu þrátt fyrir þrengri aðbúnað á sumum sviðum.

Sem fyrr var aðstaða félagsins til sundæfinga mikið rædd og þá sérstaklega í útlaug Akureyrar. Ítrekuð erindi hafa verið send inn til ÍBA og Íþróttaráðs með ósk um aukið rými í sundlaug. Ósannngjarnt væri að segja að ekkert hefði gerst í þeim málum en ljóst er að betur má ef duga skal. Í raun má segja að fyrir liggi að plássleysi í laug er vandamál sem ekki verður leyst nema með byggingu nýrrar æfinga- og keppnislaugar á Akureyri. Stjórn Óðins mun halda áfram að minna á sig og leggja mikinn metnað í að sundmenn geti stundað íþróttina á Akureyri, frá sundskóla til afreksmanna og allt þar á milli.

Við megum þó heldur ekki gleyma að leggja rækt við innra starf okkar. Hvað fjölda iðkenda varðar er nokkuð ljóst að við erum komin að efri mörkum miðað við núverandi aðstöðu og tímafjölda og af þeim sökum er afar brýnt að hlúa að þeim sundmönnum sem við eigum. Gæði starfs-

ins eru ekki fyrst og síðast metin í fjölda gullpeninga eða bikara. Þau ráðast af því hvernig okkur tekst að byggja upp og styrkja sundmennina okkar sem einstaklinga til framtíðar. Ég er ekki að setja mig á háan hest eða neitt slíkt en ég veit að mörg íþróttafélög horfa með virðingu og aðdáun til þess starfs sem unnið er hjá Óðni. Af því getum við sannarlega verið stolt og það hvetur okkur til að gera enn betur.

Fjáraflanir

Fjáröflunarnefnd vann öflugt starf á árinu. Ljóst er að sundiðkun á Akureyri krefst verulega meiri fjárútláta fyrir sundmenn og fjölskyldur þeirra en hjá félögum á sv-horninu. Fyrir vikið þurfum við að vera enn duglegri í fjáröflunum. Ástandið í þjóðfélaginu almennt hefur því miður leitt til þess að harðnað hefur á dalnum í fjáröflunarstarfi íþróttafélaga. A.m.k. finnum við hjá Óðni verulega fyrir þeim samdrætti. Ein okkar helsta fjáröflun, sólarhring-sundið, hefur þannig dregist talsvert saman frá því sem best var. Styrkur Samherja til íþróttafélaga, sem nú var úthlutað í 3. sinn, hefur þó verulega létt róðurinn fyrir heimili sundfólks og verður seint fullpakkaður.

Önnur breyting hefur einnig orðið í fjáröflunum. Við höfum í auknum mæli verið að færa okkur frá sameiginlegum fjáröflunum og til þess að hafa þær merktar einstaklingum. Skiptar skoðanir kunna að vera á þessari breytingu en hún var að mínu mati ekki umflúin. Þetta hefur að sjálf-sögðu einnig í för með sér að niðurgreiðsla keppnisferða úr sameiginlegum sjóðum heyrir nánast sögunni til og verður hver og einn að reiða sig á eigið framlag í þeim efnum.

Áfram eru þó nokkrar sameiginlegar fjáraflanir, enda nauðsynlegt til að standa undir almennum rekstri Óðins. Auglýsingaskiltin á bakkanum eru komin upp aftur og var gert átak á haustmánuðum í að safna auglýsendum. Það skilaði verulegum árangri þannig að nú er allt önnur og betri staða á þeim en áður var. Enn höfum við líka svigrúm til að auka tekjur okkar á þessum vettvangi.

Lokaorð

Heimasíða Óðins www.odinn.is er fréttar- og upplýsingamiðill félagsins. Þar er m.a. að finna allar helstu upplýsingar. Allar fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar upptakomur, eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum sem gaman er að skoða aftur og aftur. Vil ég í þeim efnum færa Sævari Geir Sigurjónssyni ljósmyndara okkar sérstakar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf. Heimasíðan fékk nýtt útlit í ársbyrjun 2011 og er vonandi enn aðgengilegri en áður.

Stjórn Óðins þakkar öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt árið 2010 fyrir samvinnuna. Sérstakar þakkir vil ég færa öllum sem sátu í nefndum fyrir félagið, tóku að sér fararstjórn eða sinnu dóm-gæslu og öðrum störfum. Þátttaka og stuðningur foreldra og velunnara er sem fyrr lykillinn að góðu starfi.

Akureyri 20. mars 2011
Halldór Arinbjarnarson,
formaður



Sundfélagið Óðinn

Ársskýrsla 2011

Aðalfundur 2011

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í sal Brekkuskóla þann 24. mars 2011.

Ný stjórn var kjörin á fundinum. Formaður var kjörinn Bórkur Þór Ottósson og með honum sex aðalmenn í stjórn sem síðan skiptu með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Halla B. Halldórsdóttir, varaformaður
Halla B. Garðarsdóttir, gjaldkeri
Lísa B. Gunnarsdóttir, ritari
Arnar Snorrason, meðstjórnandi
Bjarni Pálsson, meðstjórnandi
Sif Sverrisdóttir, meðstjórnandi

Uppskeruhátíð fyrir árið 2011

Uppskeruhátíð félagsins fyrir árið 2011 var haldin í sal Brekkuskóla 12. janúar 2012. Þar voru samkvæmt venju veittar viðurkenningar fyrir árangur ársins.

Í krókódílahópi, sem er eldri hópur félagsins fyrir fatlaða, fengu Lilja Rún Halldórsdóttir og Vilhelm Hafþórsson viðurkenningar fyrir stigahæstu sund karla og kvenna. Í sama hópi fékk Breki Arnarsson viðurkenningu fyrir ástundun og Axel Birkir Þórðarsson fyrir framfarir.

Í afrekshópi fengu viðurkenningu fyrir mestu bætingu á árinu Nanna Björk Barkardóttir og Birkir Leó Brynjarsson. Stigahæsta sund karla átti Oddur Viðar Malmquist og stigahæsta sund kvenna Bryndís Rún Hansen.

Í yngri hópum fengu viðurkenningu fyrir ástundun Þórkatla Björk Ómarsdóttir, Ólavía Klara Einarsdóttir og Snævar Atli Halldórsson og fyrir framfarir þær Birta Huld Kristjánsdóttir og Embla Sólrún Einarsdóttir.

Íslandsmeistarar félagsins á árinu 2011 voru heiðraðir sérstaklega á uppskeruhátíðinni. Alls kræktu 6 sundmenn í Íslandsmeistaratitil á árinu í hinum ýmsu aldursflokkum.

Landsliðsverkefni

Jón Gunnar Halldórsson, Vilhelm Hafþórsson, Lilja Rún Halldórsdóttir og Breki Arnarsson fóru í æfingaferðir til Reykjavíkur til æfinga með landsliði Íþróttasambands fatlaðra. Þá tók Vilhelm Hafþórsson þátt í Norðurlandamóti-
nu í Finnlandi 22-23 október.

Óðinn átti tvo þáttakendur á Special Olympics í Aþenu 24. júní- 4. júlí, en það voru þau Jón Gunnar Halldórsson og Elísabet Þöll Hrafnisdóttir.



Myndarlegur hópur sundmanna á Uppskeruhátíð Óðins

Sundmaður Akureyrar

Sundfélagið Óðinn valdi Bryndísi Rún Hansen sundmann Akureyrar 2011. Árangur Bryndísar árið 2011 var góður, má m.a. telja fimm Íslandsmeistaratitla og fimm Íslands-
met. Hún er norskur meistari í fullorðinsflokki og margfaldur í unglingaflokki. Á Smáþjóðaleikunum í sumar vann hún til þriggja verðlauna.

Bryndís keppti á Evrópumeistaramóti í Póllandi nú í desember þar sem hún setti hún þrjú Íslandsmet, komst í undanúrslit og hafnaði í 13. sæti.

Helstu mót

Bikarkeppni SSI var haldin 11.-12. mars og stóðu krakkar-
arnir sig með sóma á þessu móti.

Bikarkeppni ÍF var haldin á Akureyri í júní. Um 60 keppendur frá fjórum félögum voru skráðir til leiks. Matur og gisting voru í boði í Brekkuskóla og tókst mótið vel í alla staði. Ekki skemmdi heldur fyrir góður árangur okkar fólks sem náði 2. sæti í heildarkeppninni.

Sprengimót Óðins var haldið í Sundlaug Akureyrar helgina 17.-18. september og gekk vel í sannkölluðu blíðu-
veðri. Keppendur voru um 75 talsins frá þrem félögum. Flestir voru frá Óðni og Akranesi auk keppenda frá UMSB. Við vorum einstaklega ánægð með gestina okkar en þó verður að segja að það voru okkur í Óðni veruleg vonbrigði að ekki skyldu fleiri félög heiðra okkur með nærveru sinni þessa fallegu helgi.

Annars sótti Óðinn „hefðbundin“ sundmót sunnan heiða á árinu, svo sem meistaramótið og önnur stærri mót. Á Aldursflokkameistaramóti Íslands urðum við í 3. sæti í

stigakeppni félaganna sem er jöfnun besti árangur Óðins frá upphafi, þess má geta að 13 félög kepptu á mótinu.

Almennt um starfið

Árið 2011 var gott ár hjá Óðni hvað árangur varðar. Félagið hefur á að skipa góðum þjálfurum sem hafa sinnt starfi sínu vel og tekist að halda stöðugleika meðal iðkenda.

Félagið sagði skilið við Vladislav Manikhin sem verið hafði yfirþjálfari hjá félaginu til margra ára. Auglýst var eftir nýjum yfirþjálfara á vordögum og sóttu nokkrir mjög hæfir þjálfarar um stöðuna. Fyrir valinu varð Ragnheiður Runólfssdóttir sem vart þarf að kynna. Miklar væntingar voru bornar til hennar og má með sanni segja að hún hafi staðið undir þeim. Sundmenn á öllum aldri eru í stöðugri sókn og margir efnilegir sundmenn að vaxa upp hjá félaginu. Metnaður stjórnar Óðins stendur til þess að sundmenn okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á Suðurlandinu þrátt fyrir þrengri aðbúnað á sumum sviðum.

Sem fyrr var aðstaða félagsins til sundæfinga mikið rædd og þá sérstaklega í útilaug Akureyrar. Ítrekuð erindi hafa verið send inn til ÍBA og Íþróttaráðs með ósk um aukið rými í sundlaug. Plássleysi í laug er vandamál sem ekki verður leyst nema með byggingu nýrrar æfinga- og keppnislaugar á Akureyri. Stjórn Óðins mun halda áfram að minna á sig og leggja mikinn metnað í að sundmenn geti stundað íþróttina á Akureyri, frá sundskóla til afreksmanna og allt þar á milli.

Með nýjum yfirþjálfara hafa komið nýjar áherslur og hafa til dæmis verið gerðar þær breytingar að nú æfir afreks- hópur þrek í Þrekhöllinni, en það er gjörbylting frá þeirri aðstöðu sem við höfðum í Laugargötunni. Einnig hefur verið farið á gönguskiði einu sinni í viku í vetur. Joga hefur líka verið í boði, þannig að það má með sanni segja að töluverðar breytingar hafi verið gerðar á æfingaforminu.

Fjárafilanir

Fjáröflunarnefnd vann öflugt starf á árinu. Sundiðkun á Akureyri krefst verulega meiri fjárútláta fyrir sundmenn og fjölskyldur þeirra en hjá félögum á sv-horninu. Fyrir vikið þurfum við að vera enn duglegri í fjáröflunum. Fjáröflunarnefnd hefur staðið sig með miklum ágætum og gert það að verkum að krakkarnir hafa getað safnað sér peningum til að standa straum af kostnaði við sundmót á sv-horninu. Sólarhringsundið, sem er ein af okkar helstu fjáröflunum kom betur út en undanfarin ár og þar sem sú fjáröflun stendur undir stórum hluta af rekstri félagsins er það mikilvægt félaginu. Styrkur Samherja til íþróttafélaga,



sem nú var úthlutað í 4. sinn, hefur þó verulega létt róðurinn fyrir heimili sundfólks og verður seint fullpakkaður.

Sameiginlegar fjárafilanir hafa minnkað enn frekar frá fyrra ári. Það leiðir til þess að félagið hefur nær alfarið hætt niðurgreiðslum á keppnisferðum. Þó eru alltaf nokkrar fjárafilanir sem eru nýttar til rekstur félagsins. Auglýsingaskiltin sem félagið fær að hafa á sundlaugarbakkanum hafa reynst félaginu traust fjáröflun í þeim tilgangi.

Lokaorð

Sundfélagið heldur úti heimasíðunni odinn.is, en þar er að finna fréttir og allar þær upplýsingar sem á þarf að halda. Heimasíðan er uppfærð reglulega og reynt að halda öllum upplýsingum ferskum. Ritari félagsins setur inn fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar upptakomur. Myndir sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum eru einnig að finna á heimasíðunni.

Fyrir hönd stjórnar Óðins vil ég þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt árið 2011 fyrir samvinnuna. Sérstakar þakkir vil ég færa öllum sem sátu í nefndum fyrir félagið, tóku að sér fararstjórn eða sinntu dómgæslu og öðrum störfum. Þátttaka og stuðningur foreldra og velunnara er sem fyrr lykillinn að góðu starfi.

Akureyri 22. febrúar 2012
Börkur Þór Ottósson,
formaður



Stofnað 1988

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2010

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru tæplega þúsund manns skráðir félagsmenn og þar af um 300 iðkendur.

Hér á eftir fer ársskýrsla félagsins fyrir starfsárið 2010

Aðalstjórn

Þuríður S. Árnadóttir, formaður
Svanhildur Karlsdóttir, varaformaður
Una Kristjana Jónatansdóttir, ritari
Hulda Ólafsdóttir, gjaldkeri
Gunnar Gíslason, meðstjórnandi
María Aldís Sverrisdóttir, varamaður
Rannveig Oddsdóttir, varamaður
Bjartmar Örnuson, fulltrúi iðkenda

Skoðunarmenn reikninga

Guðmundur Viðir Gunnlaugsson
Kristján Hreinsson

Fundahöld

Aðalfundur UFA vegna ársins 2009 var haldinn 24. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Fundarstjóri var Hermann Jón Tómasson bæjarstjóri. Fundarritari Una Jónatansdóttir. Gestir fundarins voru Haraldur Jóhannsson og Ómar Bragi Stefánsson frá UMFÍ og Haukur Valtýsson frá ÍBA. Úr stjórn gengu Guðmundur Viðir Gunnlaugsson, Hólmfríður Erlingsdóttir og Arna Brynja Ragnarsdóttir og inn í stjórn komu Gunnar Gíslason, Hulda Ólafsdóttir og Þuríður S. Árnadóttir. Viðurkenningar voru veittar íþróttafólki félagsins fyrir góðan árangur, framfarir og ástundun og íþróttamaður UFA 2009, Bjarki Gíslason heiðraður.

Stjórnarfundir voru um 25 á árinu. Formannafundur ÍBA voru sóttir af formanni. María Aldís fór á samráðsfund UMFÍ sem haldin var í Borgarnesi í maí og Þuríður formaður fór á samráðsfund UMFÍ á Egilsstöðum í október. Margir fundir voru haldnir með ÍBA, Þór og UFA um samning varðandi notkun og samskipti á nýja frjálsíþróttavellinum. Einnig fundir um aðbúnað í þeim mannvirkjum sem frjálsar eru stundaðar í, með ÍBA og fasteignum Akureyrarbæjar. Auk fjölda annarra funda með þjálfurum, iðkendum og aðstandendum iðkenda. Stjórnin hélt einnig nokkra vinnufundi til að vinna að málefnum félagsins.

Skýrsla stjórnar

Aðalstarf UFA er að sjá um öflugt frjálsíþróttastarf og var árið engin undantekning frá því. Stefnt var að því að nýta frjálsíþróttavöllinn eins og best verður á kosið. Framan af árinu fór drjúgur tími stjórnar í að ná samkomulagi við Þór um umgengni og aðgengi að vellinum sem bæði félögin væru sátta við. Undirritun samningsins fór fram 27. apríl 2010 en nokkrir fundir voru áfram um samarið vegna ágreinings sem upp kom. Nauðsynlegt er að endurskoða samninginn árlega meðan verið er að finpússa hann.

Starf stjórnar felst mikið í daglegum rekstri félagsins, s.s. að skipuleggja æfingar, ferðir á mót, mótahald og fjáröflun. Enginn launaður starfsmaður er hjá félaginu og nær öll störf þess, nema þjálfun, eru unnin í sjálfböðavinnu. Einsýnt þykir að ef á að efla félagið enn frekar og stækka þá verður að ráða starfsmann a.m.k. yfir sumartímann. Það myndi minnka vinnu stjórnarmanna og vonandi gæti starfsmaður sinnt betur fjáröflun en stjórn hefur tök á. Fjáröflun er mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélaga ef halda á úti öflugum starfi og halda kostnaði iðkenda í lágmarki.

Ein öflugasta fjáröflunarleið félagsins undanfarin ár hefur verið útgáfa kosningablaða og var á síðasta ári gefið út blað í tengslum við sveitarstjórnar-kosningarnar. Nefnd var komið á sem sá um útgáfu blaðsins, í samstarfi við stjórn og tókst sú útgáfa vel.

Mótahald er önnur helsta fjáröflunarleið félagsins. Félagið heldur ár hvert fjögur til fimm frjálsíþróttamót og nokkur almenningshlaup sem oft hafa gefið ágætlega af sér. Í ár voru hins vegar bæði Akureyrarhlaupið og 1. maí hlaupið fámennari en undanfarin ár og gáfu því minna af sér en ráð var fyrir gert. Í júlí var gripið til þess ráðs að nýta sér hina nýju frábæru vallaraðstöðu og gera Akureyrarmótið að öflugra tæki til fjáröflunar fyrir UFA. Mótið var opnað fyrir öðrum félögum til að taka þátt og keppnisgreinar voru ákveðnar í samráði við þjálfara félagsins. UFA sá alfarið um framkvæmd mótsins og kom þá í ljós að UFA á fullt af góðu og duglegu fólki til að framkvæma stórt mót. Mótið gekk ágætlega þó sumt megi endurskoða eins og uppröðun keppnisgreina.

Tvisvar á síðasta ári sótti UFA og UMSE um Unglingalandsmót UMFÍ án árangurs. Fyrst var sótt um að halda Unglingalandsmótið 2010 þegar Grundfirðingar gáfu það frá sér en Borgfirðingar fengu það mót. Í byrjun júní óskaði UMFÍ eftir umsóknum um Unglingalandsmótið 2012. Aftur var lagt af stað með fjölmenni til Reykjavíkur að kynna Akureyri sem mikinn og góðan valkost með öll

mannvirki til sem þyrfti. Fulltrúi L-listans og fulltrúi „Einnar með öllu“ fóru ásamt fulltrúa UFA og UMSE til að kynna aftur kosti Akureyrar, en 20 ár verða 2012 síðan UMSE stóð fyrir fyrsta Unglingalandsmótinu á Dalvík. En ekki varð okkur að ósk okkar heldur hrepptu HSK menn þriðja landsmótið á 5 árum!!

Þátttaka UFA í verkefnum tengdum UMFÍ var ekki mikil. Svanhildur stóð fyrir göngu eftir gömlu Þingmannleiðinni yfir Vaðlaheiði í verkefninu „Göngum á fjallið“. Reynt var að hafa gönguna í léttari kantinum svo fjölskyldan gæti farið saman. Um tíu manns tók þátt í göngunni á þessu ári. Önnur verkefni á vegum UMFÍ náðum við ekki að framkvæma vegna anna. Í júlí átti að vera Frjálsíþróttaskóli UMFÍ í samstarfi við UMSE en vegna lélegra þátttöku var hann feldur niður. Ástæðurnar eru hugsanlega tímasetningin og ónóg auglýsing hér á svæðinu.

Auk frjálsra íþrótta starfa tvær undirdeildir innan félagsins, langhlauparadeild og glímudeild. Starfsemi langhlauparadeildarinnar tengist á ýmsan hátt frjálsíþróttastarfinu, þannig koma langhlauparar að undirbúningi og framkvæmd almenningshlaupa og ágóði af þeim rennur til barna og unglingastarfs félagsins. Minni tengsl eru við glímudeildina sem hefur starfað alfarið undir eigin stjórn.

Heimasíða félagsins er vel virk og hafa stjórnarmeðlimirnir, Rannveig og Svanhildur aðallega séð um að skrá fréttir og upplýsingar inn á síðuna.

Helstu viðburðir og verkefni

Frjálsíþróttæfingar

UFA heldur úti æfingum í frjálsum íþróttum fyrir alla aldurshópa árið um kring. Yfir vetrartímann er æft í Boganum, Íþróttahöllinni og íþróttahúsinu við Laugargötu en yfir sumartímann er æft á frjálsíþróttavellinum á Þórs-svæðinu. Vegna góðrar tíðar í vor var hægt að færa æfingarnar út í byrjun maí sem er óvenju snemmt hér norðanlands. Ágæt þátttaka var á æfingum félagsins þó í ljós kæmi þegar æfingar hófust að æfingar stóru félagana rákust á þ.e. voru á sama tíma fyrir sömu aldurshópa og því ómögulegt fyrir börn að stunda æfingar t.d. í fótbolta og frjálsum í einu. Æskilegt væri að félögin myndu hafa samráð um æfingatíma yngri aldurshópa til að gefa krökkum tækifæri á að æfa fleiri en eina íþróttagrein á sumrin og til að auka fjölbærni sína.

Grunnskólamót UFA

Á síðasta vetri var óskað eftir samþykki skólustjórnenda Akureyrarbæjar að UFA stæði fyrir grunnskólamótum í frjálsum íþróttum í maí. Ákveðið var að byrja á að bjóða 4. - 7. bekkjum bæjarins og voru keppnisgreinarnar 60m hlaup, 600m hlaup, langstökk, 5x60m boðhlaup og reiptog. Hver bekkur kom einn fyrripart dags í maí og fór mótið fram á nýja frjálsíþróttavellinum. Þetta mót var fjölmennasta mót ársins hjá UFA, 764 keppendur voru skráðir til leiks í einstakar greinar, en auk þess keppti hópur barna í reiptogi og boðhlaupi og má því gera ráð fyrir að alls hafi verið um 1000 keppendur á mótinu. Kennarar skólanna aðstoðuðu við framkvæmd keppinnar og gekk allt vel.

Verðlaun voru veitt fyrir stigahæsta skóla í hverjum árgangi og einnig í heildarstiga-keppninni og fóru leikar þannig að Lundaskóli var stigahæstur með 421,5 stig, Brekkuskóli var annar með 347,5 stig og Glerárskóli var í þriðja sæti með 323 stig.

UFA dagurinn

UFA dagurinn var haldinn 5. júní á frjálsíþróttavellinum. Farið var í leiki og boðið upp á grillaðar pylsur og safa. Tekið var á móti æfingagjöldum. Skiptimarkaður var á notuðum UFA fatnaði og skóm og seldur var UFA fatnaður. Þátttaka var góð og almenn ánægja var með hvernig til tókst.

Norðurlandamót unglinga.

Stærsti viðburður ársins var Norðurlandamót unglinga, sem fór fram 29. – 30. ágúst. Sérstök nefnd, skipuð einstaklingum frá UFA, UMSE, FRÍ og Akureyrabæ sá um allan undirbúning og skipulagningu. Framkvæmd mótsins var í þeirra höndum auk margra sjálfbóðaliða sem tóku þátt í framkvæmd mótsins og sáu um veitingar og fleira. Framlag einstaklinganna var sjálfbóðavinna og einungis var ráðin framkvæmdastjóri yfir mótinu í einn mánuð fyrir mót. Launakostnaður var því í lámarki til að hámarka afkomu mótsins. Framlag sjálfbóðaliðana er félögunum, UFA og UMSE mikils virði. Framkvæmdin var mjög góð og allur undirbúningur til mikillar fyrirmyndar og eiga nefndarmenn miklar þakkir skildar fyrir vel unnin störf í þágu félaganna. Keppendur á mótinu voru um 250 talsins frá öllum Norðurlöndunum og heppnaðist mótið í alla staði vel, þó veðrið hefði mátt vera örlítið betra.

Íþróttaskóli barna í samstarfi við KA

Þriðja árið í röð starfræktu UFA og blakdeild KA íþróttaskóla fyrir börn í 1. – 3. bekk veturinn 2009-2010 og því samstarfi var haldið áfram haustið 2010. Aðsókn hefur verið ágæt og almenn ánægja með þetta fyrirkomulag

Stefnumótun UFA

Laugardaginn 9. október, stóð UFA fyrir stefnumótunarfundi í Brekkuskóla á Akureyri. Stjórn ákvað að halda stefnumótunarfund í stað haustfundar til að fá iðkendur og þá sem áhuga hafa á starfi félagsins til að móta stefnu félagsins til framtíðar. Sérstaklega þarf að móta stefnu í afreksmálum og umgjörð fyrir elstu iðkendur til að auðvelda utanhald. Fundurinn var öllum opin og mættu um þrjátíu manns. Starfað var í hópum og fjallað um ýmis mál eins og barna- og unglingastarf og meistaraflökkinn og afreksstefnu. Þeirri vinnu sem þar hófst þarf að halda áfram með því að fá einstaklinga í hópa til áframhaldandi vinnu.

Viðurkenningar

Hið árlega hóf Íþróttaráðs Akureyrar var haldið í Íþróttahöllinni þann 28. desember. Þar voru veittar viðurkenningar til íþróttafélaga innan ÍBA vegna Íslandsmeistararitla sem unnust á árinu og einnig voru afhentir styrkir vegna landsliðsmanna. Viðurkenning vegna Íslandsmeistara er innrammað skjal með nöfnum Íslandsmeistaranna,

sem voru 16 hjá UFA. Félagið fékk svo 70.000 kr í styrk vegna landsliðsmannanna sem voru sjö á árinu.

Nýársfagnaður UFA 7. Janúar 2011

Stjórn UFA ákvað að hafa nýársfagnað að þessu sinni til að ljúka árinu 2010, kynna val á íþróttamanni ársins og heiðra þá nokkra íþróttamenn. Rúmlega 50 manns mættu á fagnaðinn þó ófærðin hefði verið mikil þennan dag. Hótel KEA gaf súpu og brauð, Kexsverksmiðjan gaf smákukur með kaffinu á eftir.

Íslandsmeistarar ársins 2010 fengu áritað viðurkenningsarkjal og blóm. Einnig voru veittar viðurkenningar í meistaraflokki og hjá 14 ára og yngri aldurshópnum.

Í meistaraflokki voru veitt verðlaun fyrir besta afrekið, góða ástundun og mestu framfarirnar. Viðurkenningu fyrir besta afrekið hlaut Bjartmar Örnusson fyrir 800m hlaup 1:52,91 mín. En FRÍ hefur birt lista yfir tíu stíga-hæstu afrekin utanhúss í karla- og kvennaflokki samkvæmt stigatöflu IAAF árið 2010. Þar er Bjartmar Örnusson í 10.-11. sæti með tímann í 800m hlaupi, 1:52,91mín sem hann náði í Manchester á Englandi í ágúst. Það er gaman að geta þess að þetta er næst besti tími sem Akureyringur hefur hlaupið á, frá upphafi. Akureyrar-metið á Guðmundur Þorsteinsson 1,52,0 mín frá því í Gautaborg 1960, metið er því hálfrar aldar gamalt og er í 16.-17. sæti á afrekaskrá Íslands frá upphafi, en tími Bjartmars skilar honum 18.sæti á skránni. Tími Bjartmars er sá besti sem Íslendingur náði í greininni utanhúss á árinu. Heiðrún Dís Stefánsdóttir fékk viðurkenningu fyrir góða ástundun og Rakel Ósk Björnsdóttir fyrir miklar framfarir.

Í flokki 14 ára og yngri var veitt viðurkenning fyrir að vera góður félagi, góða ástundun og jákvætt hugarfar. Berglind Guðmundsdóttir fékk viðurkenningu fyrir að vera góður félagi, Selma Þórólfsdóttir fékk viðurkenningu fyrir góða ástundun og Einar Örn Gíslason fékk viðurkenningu fyrir jákvætt hugarfar.

Rannveig Oddsdóttir langhlaupari var kjörin íþróttamaður ársins 2010. Valið var erfitt því margir höfðu staðið sig vel árinu. Rannveig átti gott ár og bætti tímana sína í öllum vegalengdum á árinu. Hún hefur stundað langhlaup frá árinu 1998 og bætt sig jafnt og þétt á þeim tíma. Hún hefur bætt sig um rúmar 9 mínútur í 10km hlaupi frá árinu 1998, úr 47:03mín í 37.51mín. Í hálfu maraþoni hefur hún bætt sig um tæpar 23 mín, 1998 hljóp hún á 1:47:17 klst en á síðasta ári 1:24:32klst. Í heilu maraþoni hefur hún bætt sig um tæpar 16 mín. Hljóp árið 2000 á 3:13:20 og síðasta sumar varð hún íslandsmeistari í maraþoni og hljóp á 2:57:28klst. sem er fjórði besti tími íslenskrar konu í maraþoni frá upphafi. Einnig setti hún brautarmet í Jökulsárshlaupinu síðastliðið sumar þegar hún bætti eigið met frá 2005 um rúmar átta mínútur. Rannveig sem er 37 ára gömul og þriggja barna móðir hefur auk þess að hlaupa sjálf verið öflugur hvatamaður langhlaupa á Akureyri og komið að undirbúningi og framkvæmd flestra hlaupa á vegum UFA og þykir góð fyrirmynd innan vallar sem utan.

Úrvals- og Afrekshópur FRÍ

Í árslok 2010 höfðu eftirtaldir iðkendur náð árangri inn í úrvalshóp FRÍ:

Agnes Eva Þórarinsdóttir
Ásgerður Jana Ágústsdóttir
Bjarki Gíslason
Bjartmar Örnusson
Börkur Sveinsson
Heiðrún Dís Stefánsdóttir
Kolbeinn Höður Gunnarsson
Örn Dúi Kristjánsson

Einingis einn þessara íþróttamanna, Kolbeinn Höður, náði nægilega góðum árangri til að komast inn í afrekshóp FRÍ.

Íslandsmeistarar UFA 2010

Stefán Þór Jósefsson f 1993: 800m hlaup innanhúss í flokki 17-18 ára.

Kolbeinn Höður Gunnarsson f 1995: 60m hlaup, 200m hlaup 60m grindahlaup innanhúss og 100m grindahlaup, 100m hlaup, 200m hlaup og 400m hlaup utanhúss í flokki 15-16 ára.

Bjarki Gíslason f 1990: þristökk, 60m grindahlaup og stangarstökk innanhúss í flokki 19-22 ára og sjöþraut í karlaflokki og 110m grindahlaup og tugþraut utanhúss í karlaflokki.

Örn Dúi Kristjánsson f 1993: þristökk og 60m grindahlaup innanhúss og 110m grindahlaup, þristökk og 300m grindahlaup utanhúss í flokki 17-18 ára.

Bjartmar Örnusson f 1988: 3000m hlaup utanhúss í karlaflokki.

Agnes Eva Þórarinsdóttir f 1993: kringlukast utanhúss í flokki 17-18 ára og í liði 17-18 ára utanhúss.

Ásgerður Jana Ágústsdóttir f 1996: hástökk innanhúss í flokki 13 ára.

Kolbrún Helga Hansen f 1992: 800m hlaup utanhúss í flokki 17-18 ára og í liði 17-18 ára utanhúss.

Rannveig Oddsdóttir f 1973: maraþonhlaup kvenna.

Daníel Hafsteinsson f 1999: langstökk utanhúss í flokki 11 ára.

Rún Árnadóttir f 1998: 4x100m boðhlaup utanhúss í flokki 12 ára.

Melkorka Ýrr Gunnarsdóttir f 1998: 4x100m boðhlaup utanhúss í flokki 12 ára.

Berglind Björk Guðmundsdóttir f 1998: 4x100m boðhlaup utanhúss í fl 12 ára.

Rakel Róbertsdóttir f 1998: 4x 100m boðhlaup utanhúss í fl 12 ára.

Heiðrún Dís Stefánsdóttir f 1993: í liði 17-18 ára utanhúss.

Lið UFA 17-18 ára stúlkur: stigakeppni félagsliða utanhúss.

Þjálfarar

Unnar Vilhjálmsson, Gísli Sigurðsson og María Aldís Sverrisdóttir störfuðu allt árið hjá félaginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni. Einnig unnu leiðbeinendurnir Agnes Eva Þórarinsdóttir, Örn Dúi Kristjánsson og Elvar

Örn Sigurðsson yfir sumartímann samkvæmt samningi félagsins við vinnuskóla Akureyrarbæjar. Þá var Kolbeinn Höður Gunnarsson einnig til aðstoðar við þjálfun yfir hásumarið. Í vetur hafa Agnes Eva Þórarinsdóttir, Örn Dúi Kristjánsson og Heiðrún Dís Stefánsdóttir aðstoðað við þjálfun 9-10 ára aldurshópsins. Stjórn UFA þakkar öllu þessu fólki vel unnin störf.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári. Stjórn félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og ekki alltaf komist yfir að gera allt sem hún hefði viljað gera. Þó er það mat hennar að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi. Fjárhagsstaða félagsins var erfið í byrjun árs en með góðri fjáröflun náðist að rétta hana við og munar þar mestu um kosningablaðið og framlag félagsmanna vegna Norðurlandasmótsins en þar gáfu allir vinnu sína þannig að fjárhagslegur ávinningur varð af mótinu.

Ágætar framfarir voru hjá mörgum iðkendum á árinu og er það ekki síst að þakka góðum aðstæðum til æfinga sem félagið hefur í dag og góðum þjálfurum sem hafa verið hjá félaginu nokkuð lengi og staðið vel að málum.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar og árangur iðkenda í byrjun árs 2011 sýnir bættan árangur þannig að bjart er framundan hjá iðkendum.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkar sínar. Sérstakar þakkar færur við öllum þeim sem fögnuðu tíma sínum og lögðu á sig ómælda vinnu við undirbúning og framkvæmd Norðurlandamótsins sem og annarra móta á vegum vegum félagsins.

*Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar
Þuríður Sólveig Árnadóttir
Rannveig Oddsdóttir
Svanhildur Karlsdóttir*

Skýrsla langhlaupardeildar UFA

Starfsemi langhlaupardeildar UFA var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Deildin hélt úti æfingum fyrir hlaupara og kom að hlaupahaldi á vegum UFA. Eins og annað frjálsíþróttafólk í bænum hafa langhlauparar notið góðs af uppbyggingunni á Þórssvæðinu. Langhlaupardeildin hefur boðið upp á sprettæfingar þar einu sinni til tvisvar í viku, sem mælst hefur vel fyrir ekki síst yfir vetrartímann þegar snjór og hálka gera útihlaupin erfið.

Góð þátttaka var í flestum hlaupum á vegum UFA á árinu. Vetrarhlaupin halda áfram að stækka og önnur hlaup hafa haldið sínu hvað þátttöku í lengri vegalendum varðar en hins vegar hefur dregið úr þátttöku í styttri vegalengdunum eins og skólahlaupinu 1. maí og skemmtiskokki í Akureyrarhlaupinu.

Aðalfundur deildarinnar var haldinn 5. maí og mættu um tuttugu manns. Arnfríður Kjartansdóttir hélt erindi

um hlaup og markmið og rétt var um hlaupæfingar, hlaupahald og starfsemi langhlaupardeildarinnar.

*Stjórn deildarinnar skipa:
Rannveig Oddsdóttir, formaður
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi
Ingibjörg Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Elias Gíslason, varamaður*

Hlaup á vegum UFA 2010

Vetrarhlaup 2009-2010

Langhlaupardeild UFA stóð, sjöunda veturinn í röð, fyrir vetrarhlaupasyrpu veturinn 2009-2010. Þátttakan hefur aukist ár frá ári og að þessu sinni tóku alls 111 einstaklingar þátt, 70 karlar og 41 kona og var það töluverð aukning frá árinu á undan. Hlaupaserían samanstendur af sex 10 km hlaupum sem fara fram einu sinni í mánuði frá október og fram í mars. Keppt er í stigakeppni einstaklinga og liða og var hörð og spennandi keppni í flestum flokkum.

Fyrsta maí hlaup

Að venju stóð UFA fyrir almennings- og skólahlaupi 1. maí. Skólakrakkarnir hlupu tæplega 2 km hring en einnig var boðið upp á 4 og 10 km hlaup. Helstu styrktaraðilar voru eins og undanfarin ár Greifinn, stéttarfélögin, Vífilfell og Sportver. Allir þátttakendur hlutu viðurkenningarpening fyrir þátttökuna og boðið var upp á Greifapizzur og Svala. Að þessu sinni var hlaupið frá nýja frjálsíþróttavellinum og gafst það vel. Bæði hlaupaleiðir og öll umgjörð hlaupsins er barnvænni á þessum stað en niður við Glerárgötu þar sem hlaupið hefur farið fram undanfarin ár. Þrátt fyrir ágætis veður á hlaupadag var þátttaka heldur lakari en undanfarin ár, eða rétt rúmlega 200 manns. Skýringa var helst leitað í því að margt var um að vera í bænum þennan dag og e.t.v. hafa stærri grunnskólarnir gefist upp á því að reyna við bikarinn þar sem litlu skólarnir hafa nú unnið hann mörg ár í röð. Það fyrirkomulag verður því endurskoðað næsta vor og keppt í tveimur flokkum eftir nemendafjölda í skólunum.

Akureyrarhlaup KEA

Akureyrarhlaupið var haldið 26. júní í samstarfi við KEA. Boðið var upp á þrjár vegalengdir, hálfmaraþon, 10 km og skemmtiskokk. Áægt þátttaka var í lengri vegalengdunum eða hátt í 100 manns en einungis örfáir einstaklingar mættu í skemmtiskokkið. Nýjar hlaupaleiðir voru vígðar, en hlaupið var frá Átaki, um eyrina og síðan suður Drottningbraut fram í fjörð og til baka. Leiðin hefur þá kosti að vera marflöt og einföld og krefst því ekki mikillar brautarvörslu eða flókinna merkinga sem gerir framkvæmd hlaupsins þægilega.

Hausthlaup UFA

Hausthlaup UFA er nýjung í hlaupaflórunni á Akureyri, 10 km hlaup með einfaldri umgjörð, þar sem hlaupin var sama leið og í Akureyrarhlaupinu. Hlaupið fór fram við

kjöraðstæður þann 22. september, 28 hlauparar mættu til leiks og náðu margir góðum tímum, enda brautin flöt og hröð og aðstæður allar hinar bestu.

Gamlárshlaup

Gamlárshlaupið hefur verið vel sótt undanfarin ár og svo var einnig nú. Þrátt fyrir fljúgandi hálfu mættu hlauparar galvaskir til leiks og voru þátttakendur alls um 80 í 10 og 4 km hlaupi. Hlaupið var frá Bjargi og að hlaupi loknu áttu hlauparar notalega stund saman þar sem boðið var upp á dýrindis súpu frá RUB23 og dregin voru út útdráttarverðlaun frá Bjargi og Björgunarsveitinni Súlum.

Ársskýrsla Glímudeildar UFA 2010

Starfsemi deildarinnar snérist að mestu um að halda glímuæfingum áfram. Aðeins einn glímumaður deildarinnar stundaði æfingar á árinu, þ.e. Þorlákur Gunnarsson. Um æfingarnar sá Sindri Jónsson en Reyðfirðingar og Mývetningar tóku einnig þátt.

Þorlákur tók þátt í tveimur mótum á árinu: Grunnskólamótinu á Akranesi og Unglingalandsmótinu. Hann lenti í 4. sæti í sínum flokki á báðum mótunum.

Þorlákur meiddist síðastliðið haust þannig að hann hefur ekki glímt það sem af er vetri en hann er að komast af stað núna.

Jón Lambi



Stofnað 1938

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2011

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru 723 skráðir félagsmenn og þar af um 230 iðkendur.

Aðalstjórn

Gunnar Gíslason, formaður
Helgi Þorbjörn Svavarsson, varaformaður
Hulda Ólafsdóttir, gjaldkeri
Rannveig Oddsdóttir, ritari
Elfar Eiddsson, meðstjórnandi
Sigurður Hrafn Þorkelsson, varamaður

Fjalar Freyr Einarsson var varaformaður fram í júlí 2011 en flutti þá suður og lét af störfum í stjórn í kjölfarið.

Skoðunarmenn reikninga

Drífa Matthíasdóttir
Kristján Hreinsson

Foreldraráð yngri flokka

Björg Eiríksdóttir
Gísli Einarsson
Ingibjörg Baldursdóttir
Theódóra Kristjánsdóttir

Mótanefnd

Þuríður Árnadóttir
Gísli Pálsson
Hannes Ragnar Reynisson

Fundahöld

Aðalfundur UFA var haldinn miðvikudaginn 16. febrúar í kaffiteríu Íþróttahallarinnar. Tæplega 40 manns mættu á fundinn. Fundarstjóri var Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri. Fundarritari var Una Jónatansdóttir. Gestir fundarins voru Ómar Bragi Stefánsson frá UMFÍ, Óskar Þór Vilhjálmsson frá UMSE og Haukur Valtýsson frá ÍBA.

Að þessu sinni gengu fjórir úr stjórn; Þuríður Árnadóttir formaður, Una Jónatansdóttir ritari, Svanhildur Karlsdóttir varaformaður og María Aldís Sverrisdóttir varamaður.

Nýir stjórnarmenn voru kjörnir: Fjalar Freyr Einarsson, Elfar Eiddsson, Helgi Þorbjörn Svavarsson og Sigurður Hrafn Þorkelsson.

Stjórnarfundir voru 20 á árinu. Þá var einn fundur

stjórnar með stjórn ÍBA þar sem farið var yfir starfsemi félagsins og helstu framtíðaráform. Formaður sótti formannafundi ÍBA. Engir samráðsfundir UMFÍ voru sóttir, en tveir fulltrúar stjórnar sátu sambandsþing UMFÍ sem haldið var á Akureyri dagana 15. og 16. október 2011. Formaður og varaformaður áttu nokkra fundi ásamt þjálfurum með starfsmönnum Þórsvallar til að bæta upplýsingaflæði og skilgreina verkefni. Þá voru fundir haldnir með starfsmönnum Þórsvallar fyrir hvert mót. Nokkrir fundir voru haldnir með fulltrúum UMSE vegna sameiginlegra móta sem félögin stóðu að auk þess sem rétt var um meiri samvinnu félaganna í þjálfun og utanumhaldi með frjálsíþróttaaðferðum í meistarflokki. Tvo fundi sat formaður með formanni Íþróttaráðs Akureyrarbæjar og forstöðumanni Þórsvallar, þar sem málefni UFA og samskipti vegna notkunar Þórsvallar voru rædd.

Skýrsla stjórnar

Aðalstarf UFA er að sjá um öflugt frjálsíþróttastarf og var árið engin undantekning frá því. Stefnt var að því að nýta þá frábæru frjálsíþróttaaðstöðu sem er á Þórsvelli eins vel og kostur var.

Til þess að styrkja samastarfið við Þór um notkun Þórsvallar, var komið á reglulegum fundum formanns UFA, þjálfara og starfsmanna Þórsvallar. Ætlunin var að með þessum fundum mætti auka upplýsingaflæði og skipuleggja betur en áður allt starf og skipulag í kringum notkun vallarins. Þrátt fyrir þessa fundi komu upp nokkrir árekstrar þó þeir væru misalvarlegir. Greinilegt var að mörgum þótti notkun vallarins fyrir keppni í kringlukasti og sérstaklega sleggjukasti mjög alvarleg þar sem skemmdir á vellinum væru miklar. Er ljóst að þetta deilumál hefur ekki verið til lykta leitt enn og verður að halda áfram að leita lausna á því. Þá er ljóst af reynslu síðustu ára að halda verður áfram að styrkja á jákvæðan hátt samastarf og samskipti á vellinum til að fækka þeim núningsflötum sem þar hafa verið. Þetta verður ekki gert nema með reglulegum fundum starfsmanna Þórsvallar, þjálfurum Þórs með þjálfurum UFA og fulltrúum stjórnar.

Starf stjórnar felst að stórum hluta í daglegum rekstri félagsins, s.s. að skipuleggja æfingar, ferðir á mót, mótahald og fjáröflun. Enginn launaður starfsmaður er hjá félaginu og nær öll störf þess, nema þjálfun, eru unnin í sjálfbæðavinnu. Einsýnt þykir að ef efla á félagið enn frekar og stækka þá verður að ráða starfsmann a.m.k. yfir sumartímenn. Það myndi minnka vinnu stjórnarmanna og vonandi gæti starfsmaður sinnt betur fjáröflun en stjórn hefur tök á. Formaður sendi erindi um nauðsyn þess að fá

starfsmann a.m.k. í hlutastarf yfir sumarið til ÍBA sem kom erindinu til ÍRA. Málið er enn í vinnslu en ekki er líklegt að niðurstaða fáið fyrir sumarið 2012.

Til þess að mæta mikilli vinnu lagði stjórnin áherslu á að halda áfram með þá vinnu sem hófst í stjórnartíð fyrri stjórnar að skipuleggja og skipa í þrjá starfshópa sem eru mótanefnd, foreldraráð yngri flokka og meistaraflokksráð. Foreldraráð yngri flokka hefur verið virkt í a.m.k. tvö ár og vinnur mikið og þarft verk. Hefur ráðið séð að mestu um skipulag og utanumhald á ferðum á mót og Gautaborgarferðina sem farin var s.l. sumar. Hefur þetta létt mjög á starfi stjórnar. Þá hefur mótanefnd verið virk á s.l. ári og komið að undirbúningi mótahalds félagsins með stjórninni og létt þannig mikið undir við undirbúning. Meistaraflokksráð er enn að mestu í burðarliðnum og er unnið að því nú að virkja það til verka. Skilgreiningar á hlutverki og verkefnum þessara ráða fylgja með skýrslunni sem fylgiskjöl. Áfram verður unnið að því að skipuleggja starf félagsins betur og skilgreina betur hlutverk og ábyrgð þeirra sem að starfinu koma.

Fjáröflun er mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélaga ef halda á úti öflugri starfi og halda kostnaði iðkenda í lágmarki. Því miður hefur reynst erfitt að afla styrkja hjá fyrirtækjum í bænum. Undantekning á þessu er að Samherji hf styrkti félagið með myndarlegu og ómetanlegu framlagi eða einni milljón króna. Þetta framlag var notað til að lækka æfingagjöld hjá 14 ára og yngri á árinu.

Ein öflugasta fjáröflunarleið félagsins undanfarin ár hefur verið útgáfa kosningablaða. Þar sem engar kosningar voru á árinu kom ekki til útgáfu kosningablaðs.

Mótahald er önnur helsta fjáröflunarleið félagsins. Félagið heldur ár hvert fjögur til fimm frjálsíþróttamót og nokkur almenningshlaup sem oft hafa gefið ágætlega af sér. Í ár gáfu hins vegar bæði 1. maí hlaupið og Akureyrarhlaupið minna af sér en ráð var fyrir gert. Akureyrarmótið var haldið í júlí, en því er ætlað í framtíðinni að verða stór liður í fjáröflun félagsins. Því miður voru þátttakendur færri í ár en gert hafði verið ráð fyrir og því varð arður af mótinu heldur rýr. Þá fékk félagið ásamt UMSE úthlutað Meistaramóti 11-15 ára og var það haldið dagana 27. – 28. ágúst á Þórsvellinum. Með því að bjóða upp á gistingu í Síðuskóla tókst að auka aðeins tekjurnar af mótinu og kom það sér vel. Stjórn og mótanefnd höfðu í nægu að snúast allt sumarið í undirbúningi og framkvæmd móta, því auk þeirra tveggja stóru móta sem hér hafa verið nefnd tóku UFA og UMSE að sér að halda Bikarkeppni Íslands 2. deild með afar stuttum fyrirvara.

Til þess að geta haldið mót eins og þau sem nefnd hafa verið hér að framan er hverju félagi nauðsynlegt að eiga stóran hóp áhugasamra sjálfbóðaliða. Það hefur komið í ljós á undanförunum tveimur starfsárum að félagið á stóran og öflugan stuðningshóp sjálfbóðaliða sem hafa sýnt færni sína og dugnað í mótahaldi sem hefur tekist mjög vel, þrátt fyrir flókið skipulag og mikla vinnu eins og í Meistaramóti 11-15 ára.

Þátttaka félagsins í verkefnum tengdum UMFÍ var ekki mikil á þessu ári frekar en árið áður. Helgi Þ. Svavarsson tók að sér að skipuleggja Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem vera átti í júní. Var tilbúið mjög fínt skipulag sem varð að

engu þar sem aðsókn varð lítil sem engin. Þá stóð til að taka þátt í verkefninu „Göngum á fjallið“ og var búið að ákveða að bjóða upp á göngu á Súlur. Vegna veðurs varð ekkert úr framkvæmd þetta árið.

Aðstaða stjórnar og þjálfara félagsins hefur ekki verið fullnægjandi undanfarin ár. Ákveðið var að stjórnin fengi aðsetur með gögn sín og hluti í tækjahúsi stúkunnar á Þórsvelli. Aðstaðan hefur því miður ekki nýst sem skyldi vegna kulda á vetrum og því hefur stjórnin fundað hér og þar en þó mest í Glerárgötu 26. Rætt hefur verið við forstöðumann Þórsvallar og formann ÍRA um þetta vanda-mál en ekki hefur verið gengið frá lausn á því enn. Þetta er eitt af brýnum verkefnum nýrrar stjórnar, því það skiptir miklu máli að félagið hafi góða aðstöðu til að funda og halda utan um búnað. Aðstaða í áhaldageymslu hefur verið bætt að hluta en betur má ef duga skal.

Vinnu við að yfirfara allar skráningar í **FELIX** skráingarkerfi UMFÍ og ÍSÍ var lokið á árinu. Ljóst er að við þessa yfirferð fækkaði skráðum iðkendum og einnig skráðum félögum. Það er ljóst að það þarf að leggja vinnu í það á næstu árum að fjölga félagsmönnum og iðkendum. Iðkendur 13 ára og yngri eru orðnir allt of fáir og verður að leggja vinnu í að fjölga í þeim hópi.

Auk frjálsra íþróttastarfa tvær aðrar deildir innan félagsins, langhlaupara- og þríþrautardeild og glímudeild. Starfsemi langhlaupara- og þríþrautardeildarinnar tengist frjálsíþróttastarfinu á margan hátt. Þannig koma iðkendur þessara deilda að starfi deildanna eftir því hvað er í gangi hverju sinni og styðja þannig keppnishald hvers annars.

Heimasíða félagsins er mjög virk og hafa Rannveig Oddsdóttir og Svanhildur Karlsdóttir haft veg og vanda af því að uppfæra hana.

Helstu viðburðir og verkefni

Frjálsíþróttæfingar

UFA heldur úti frjálsíþróttæfingum fyrir alla aldurshópa allt árið. Yfir vetrartímann eru æfingar í íþróttahúsinu við Laugargötu, Íþróttahöllinni og í Boganum. Á sumrin fara æfingar fram á Þórsvellinum og kastsvæði austan Skarðshlíðar.

Íþróttaráð og stjórn ÍBA hafa átt viðræður við stjórn UFA um að breyta vetraræfingum þannig að æfingar séu meira á einum stað en mörgum. Hafa þjálfarar og stjórn sett fram hugmyndir sínar ef til þess kæmi að breyta núverandi fyrirkomulagi.

Grunnskólamót UFA

Dagana 24. - 27. maí var haldið eitt fjölmennasta frjálsíþróttamót landsins í Boganum við Skarðshlíð á Akureyri þegar ríflega eitt þúsund nemendur í 4. - 7. bekk grunnskólanna á Akureyri tóku þátt í grunnskólamóti UFA í frjálsum íþróttum.

Þetta var í annað sinn sem grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum var haldið en að þessu sinni fór það að mestu fram inni vegna óhagstæðs veðurs. Mótið fór fram á fjór-um dögum en á hverjum degi kepptu nemendur í sama árgangi. Keppt var í langstökki, 60 og 600 metra hlaupi, boðhlaupi og reiptogi. Nær allir nemendur tóku þátt í



einni eða fleiri greinum og þeir sem ekki tóku þátt í keppninni hvöttu sína keppendur dyggilega áfram með hrópum, köllum og veifandi fánum skólanna. Hver skóli fékk útlutuðum ákveðnum lit svo auðvelt var að sjá úr hvaða skóla nemendur voru. Enginn þurfti að láta sér leiðast því nóg var fyrir stafni á milli atriða. Hægt var að prófa sig í ýmis konar frjálsíþrótta-greinum á milli atriða s.s. grinda-hlaupi, hástökki o.fl.

Um stigakeppni var að ræða og fékk hver skóli tíu stig fyrir að eiga sigurvegara í hverri þraut, níu stig fyrir annað sætið og þannig koll af kolli. Þegar öll stig höfðu verið talin var það lið Lundarskóla sem vann í 4. bekk, Giljaskóli í 5. bekk, Lundarskóli í 6. bekk og Brekkuskóli í 7. bekk og fékk hver skóli eignarbikar fyrir sigur í sínum árgangi. Einnig var keppt um farandbikar en sá skóli sem hlaut flest samanlögð stig hlaut nafnbótina skólameistari í grunnskólamóti UFA í frjálsum íþróttum en það var Lundarskóli sem hlaut þessa nafnbót annað árið í röð.

Það er ljóst að grunnskólamót UFA í frjálsum íþróttum er komið til að vera, enda mikill áhugi meðal nemenda og gleðin skein úr hverju andliti.

UFA dagurinn

UFA dagurinn var haldinn laugardaginn 4. júní á Þórsvellinum. Farið var í leiki, grillað, tekið á móti æfingagjöldum og þá var haldinn skiptimarkaður á skóm og fatnaði. Þá var einnig boðið upp á mátun og pöntun á nýjum æfingagalla.

Íþróttaskóli barna í samstarfi við KA

Fjórdða árið í röð starfræktu UFA og blakdeild KA íþrótta-skóla fyrir börn í 1. – 3. bekkjum. Aðsókn hefur farið dvínandi í skólann og stendur til að endurskoða þetta fyrirkomulag.

Viðurkenningar ÍRA

Í árlegu hófi Íþróttaráðs Akureyrar-bæjar þriðjudag 27. desember var Íslandsmeisturum UFA árið 2011 veitt viðurkenning í formi viðurkenningar-skjals.

Sennilega hafa Íslandsmeistaratitlarnir aldrei verið fleiri í sögu félagsins og aldrei fleiri einstaklingar náð þessum árangri eða 22. Þessi fjöldi meistara hjá félaginu hlýtur að bera öfluglu starfi vitni sem ber að þakka þjálfurunum, Gísla, Unnari og Maríu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þann hluta hópsins sem hafði tök á því að mæta ásamt Unnari Vilhjálmsyni þjálfara.

Uppskeruhátíð UFA

Uppskeruhátíð UFA fyrir árið 2011 var haldin 17. janúar 2012. Íþróttamaður ársins var heiðraður og veittar viðurkenningar fyrir afrek, framfarir og ástundun. Margir iðkendur UFA náðu góðum árangri á liðnu ári og til að mynda urðu 22 iðkendur Íslandsmeistarar í einni eða fleiri greinum.

Íþróttamaður UFA 2011 er Bjartmar Örnunson 800 m hlaupari. Bjartmar varð Íslandsmeistari í 800m hlaupi karla innanhúss 2011 og náði verulegri bætingu í



þeirri grein á árinu en 800m hlaupið er hans aðalgrein. Bjartmar bætti einnig sinn persónulega árangur utanhúss í 800m hlaupi þegar hann náði þeim glæsilega árangri að koma fjórði í mark á Evrópubíkarkeppni A-Landsliða, en það mót fór fram í Reykjavík síðastliðið sumar. Bjartmar hefur sýnt nokkuð stöðugar framfarir síðustu ár og er enn í framför sem afreksíþróttamaður.

Viðurkenningar fyrir bestu afrek karla og kvenna á árinu fengu Bjartmar Örnuson fyrir árangur sinn í 800m hlaupi (997 stig) og Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir fyrir 400m hlaup (927 stig). Viðurkenningar fyrir ástund og framfarir voru veittar í bæði unglingsflokki og meistara-flokki. Í meistaraflokki fengu Kolbeinn Höður Gunnarsson og Ásgerður Jana Ágústsdóttir viðurkenningu fyrir framfarir og Agnes Eva Þórarinsdóttir fyrir góða ástund-un. Í unglingsflokki fékk Melkorka Ýrr Yrsudóttir viður-kenningu fyrir framfarir og Gígja Teitsdóttir fyrir ástund-un.

Íslandsmeistarar UFA 2011

Heiðrún Dís Stefánsdóttir í 800 m og 1500 m hlaupi inn-anhúss, 1500 m hlaupi (18-19 ára stúlkur), Íslandsmeistari félagsliða 18-19 ára stúlkur UFA.

Rakel Ósk Björnsdóttir í 400 m hlaupi innanhúss, stangarstökki innanhúss, 800 m hlaupi, stangarstökki (20-22 ára stúlkur)

Ásgerður Jana Ágústsdóttir í hástökki innanhúss (15 ára stúlkur), hástökki, spjótkesti (15 ára stúlkur), Sjöþraut meylla.

Rannveig Oddsdóttir í 5000 m hlaupi (konur)

Agnes Eva Þórarinsdóttir Íslandsmeistari félagsliða 18-19 ára stúlkur UFA

Kolbrún Helga Hansen Íslandsmeistari félagsliða 18-19 ára stúlkur UFA

Andri Fannar Gíslason í kúluvarpi (20-22 ára piltar)

Bjarki Gíslason í stangarstökki innanhúss, (20-22 ára piltar), 4x400 m boðhlaupi innanhúss (karlar), stangar-stökki (karlar)

Bjartmar Örnuson í 800m hlaupi innanhúss (karlar), 4x400m boðhlaupi innanhúss (karlar)

Elvar Örn Sigurðsson í langstökki, kringlukasti, (20-22 ára piltar)

Kolbeinn Höður Gunnarsson í 60 og 200 m hlaupi inn-anhúss, 60 m grindahlaupi innanhúss, 400 m grindahlaupi, 100, 200 og 400 m hlaupi (16-17 ára piltar), 400 m hlaupi innanhúss, 4x400 m boðhlaupi innanhúss (karlar)

Ormar Agnarsson í sleggjukasti (20-22 ára piltar)

Örn Dúi Kristjánsson í 110 og 400 m grindahlaupi, þrí-stökki, (18-19 ára piltar), 4x400 m boðhlaupi innanhúss (karlar)

Haukur Geir Valsson Íslandsmeistarar félagsliða 20-22 ára piltar UFA

Snævar Már Gestsson Íslandsmeistarar félagsliða 20-22 ára piltar UFA

Guðmundur Freyr Jónsson Íslandsmeistarararar félagsliða 20-22 ára piltar UFA

Melkorka Ýrr Yrsudóttir í 4 x 200 m boðhlaupi inn-anhúss, Íslandsmeistararar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA

Briat Ósk Ólafsdóttir í 4 x 200 m boðhlaupi innanhúss, 100 m hlaupi.

Íslandsmeistararar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA

Rún Árnadóttir í 4 x 200 m boðhlaupi innanhúss, Íslandsmeistararar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA

Berglind Björk Guðmundsdóttir í 4 x 200 m boðhlaupi innanhúss, Íslandsmeistararar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA

Sunna Rós Guðbergsdóttir í langstökki

Selma Líf Þórólfsdóttir Íslandsmeistararar félagsliða í flokki 13 ára stúlkna UFA

Landsliðsmenn UFA

Fjórir iðkendur úr UFA voru valdir í landslið Íslands sem keppti í Evrópukeppni landsliða í frjálsum sem haldið var í Reykjavík. Þetta voru Bjartmar Örnuson, Bjarki Gíslason, Kolbeinn Höður Gunnarsson og Rakel Ósk Dýrfjörð Björnsdóttir.

Úrvals- og afreks hópar FRÍ 2011-2012

Frjálsíþróttasamband Íslands kynnti á árinu nýja afreks- og úrvalshópa ungmenna. Í þessum hópum eru þeir ein-staklingar sem náð hafa tilskildum árangri í sínum aldurs-flokkum. UFA átti sjö iðkendur í þessum hópum, en þeir voru:

F. 1996: Ásgerður Jana Ágústsdóttir.

F. 1994 og 1995: Kolbeinn Höður Gunnarsson.

F. 1992 og 1993: Örn Dúi Kristjánsson, Eiríkur Árni Árnason, Agnes Eva Þórarinsdóttir og Heiðrún Dís Stefánsdóttir.

F. 1989, 1990 og 1991: Bjarki Gíslason

Kolbeinn Höður náði einnig lágmörkum í sínum grein-um inn í afreks hópin.

Byrsmót UFA

Um 170 keppendur tóku þátt í Byrsmóti UFA sem haldið var í Boganum laugardaginn 12. mars. Keppendur komu frá öllum helstu nágrannafélögum þ.e. frá UMSE, Eik, HSB, USAH, ÚÍA, UMSS, Narfa í Hrísey og Glóa á Siglufirði. Skemmtileg og jöfn keppni var í mörgum grein-um. Að lokinni keppni var svo pizzuveisla.

Akureyrarmótið

Akureyrarmót UFA fór fram dagana 16. – 17. júlí á Þórs-vellinum. 134 keppendur voru skráðir til leiks frá 14 félögum en þeir fengu finasta keppnisveður og voru marg-ir að bæta sín persónulegu met. Í heildarstigakeppni félag-anna stóð UMSS uppi sem sigurvegari.

Meistaramót Íslands í 5.000 m og 10.000 m hlaupi

Meistaramót Íslands í 5.000m brautarhlaupi kvenna og 10.000m brautarhlaupi karla var haldið samhliða Akur-eyrarmótinu í frjálsum íþróttum.

Rannveig Oddsdóttir UFA varð Íslandsmeistari í 5.000m hlaupinu, hljóp á tímanum 18:31,88mín sem er 12. besti árangur á Íslandi frá upphafi í 5.000m hlaupi kvenna. Þorbergur Ingi Jónsson ÍR varð Íslandsmeistari í 10.000m hlaupinu, hann hljóp á 31:43,04mín sem einnig er 12. besti tími frá upphafi.



Bikarkeppni FRÍ 2. deild

UFA og UMSE tóku að sér með mjög stuttum fyrirvara að halda keppnina sem fór fram á Þórsvelli 14. ágúst. Keppendur voru 39 og keppnisliðin þrjú. USAH vann með 52 stigum, Norðurland B varð í öðru sæti með 48,5 stig og Norðurland C varð í þriðja sæti með 29,5 stig.

MÍ 15-22 ára

UFA og UMSE tóku að sér að halda mótið á Þórsvelli dagana 27. – 28. ágúst. Mótið var mjög viðamikilið en keppendur voru 177 og fjöldi skráninga í greinar 818. Boðið var upp á gistingu og morgunverð í Síðuskóla. Starfsmenn stóðu sig allir með mikilli þryði og stóðust tímaseðlar að mestu leyti mjög vel.

Lið UFA varð í 2.sæti í heildarstigakeppninni á MÍ 15-22 ára en lið ÍR sigraði, hlaut 759 stig en UFA hlaut 347 stig.

Samtals hlaut UFA 18 Íslandsmeistararitla auk fjölda silfur og brons verðlauna.

MÍ í fjölþrautum

MÍ í fjölþrautum og lengri boðhlaupum var haldið í blíðskaparveðri á Akureyri 11. september og sá UFA um framkvæmdina. 20 starfsmenn komu að mótinu, og leystu þeir sín verk fagmannlega að venju.

Samtals luku átta keppendur keppni í hinum ýmsu aldursflokkum, þrjár konur og fimm karlar. Einstakir íþróttamenn voru að bæta sinn persónulega árangur í fjölmörgum greinum innan þrautarinnar – og margir að stórbæta samanlagðan árangur sinn í þrautunum.

Ásgerður Jana Ágústsdóttir sem keppti í flokki 16-17 ára þrátt fyrir að hún yrði aðeins 15 ára á árinu, varð Íslandsmeistari í sjöþraut og Stefán Þór Jósefsson varð í 2. sæti í tugþraut í flokki 17-18 ára.

Kolbeinn Höður Gunnarsson keppti í 100m hlaupi og hljóp á sínum besta tíma, 10.99sek en meðvindur var aðeins of mikill.

Hríseyjarmótið 2011

Hríseyjarmótið 2011 var haldið í íþróttahúsinu í Hrísey þann 7. október. Keppendur voru 38 frá UFA og íþróttafélaginu Narfa í Hrísey.

Nóvembermót UFA

Nóvembermót UFA var haldið laugardaginn 12. nóvem-

ber í Boganum. Mótið tókst vel og voru rúmlega 130 keppendur skráðir til leiks frá UFA og átta nágrannafélögum. Kjötsúpa og kaffiveitingar var í boði fyrir keppendur og starfsmenn.

Þjálfarar

Unnar Vilhjálmsson og Gísli Sigurðsson störfuðu allt árið sem þjálfarar há féluginu og báru hitann og þungann af þjálfuninni. María Aldís Sverrisdóttir starfaði við hlið þeirra fram á haust en við starfi hennar tók Ari Jósavínsson frá hausti. Þá hafa Agnes Eva Þórarinsdóttir, Heiðrún Dís Stefánsdóttir, Örn Dúi Kristjánsson, Ásgerður Jana Ágústsdóttir og Stefán Þór Jósefsson öll komið að þjálfun hjá félaginu, mismikið þó. Stjórn UFA þakkar þeim öllum afar vel unnin störf, enda afrakstur ársins mjög góður.

Lokaorð

Hér að framan hefur verið hlaupið á því helsta sem borið hefur við hjá UFA á liðnu ári. Stjórn félagsins hefur lengst af verið störfum hlaðin og ekki komist yfir að gera allt sem hún hefði viljað gera. Þó er það mat hennar að flestir þættir í starfi UFA séu í góðu horfi.

Fjárhagsstaða félagsins var góð í byrjun árs en því miður hefur gengið mjög á lausafjástöðu félagsins. Ástæðan er sú að engin stór fjárfloflun var á árinu þar sem ekki buðust stór mót eða tækifæri til að gefa út kosningablað. Það er ljóst af þessu að á árinu 2012 verður að koma til tækifæri til að afla tekna sem nema tveimur til þremur milljónum til að geta staðið undir þeim rekstri sem félagið er nú með.

Miklar framfarir voru hjá mörgum iðkendum á árinu og hafa sjaldan eða aldrei unnist jafn margir Íslandsmeistararitlar. Er það ekki síst að þakka góðum aðstæðum til æfinga sem félagið hefur í dag og góðum þjálfurum sem hafa verið hjá félaginu nokkuð lengi og staðið vel að málum.

Það eru því spennandi tímar framundan hjá Ungmennafélagi Akureyrar.

Stjórn UFA færir öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti hafa lagt félaginu lið á liðnu ári þakkir sínar. Sérstakar þakkir færur við öllum þeim sem fóruðu tíma sínum og lögðu á sig ómælda vinnu við undirbúning og framkvæmd móta á vegum vegum félagsins.

Fyrir hönd Ungmennafélags Akureyrar

Skýrsla langhlaupa- og þríþrautardeildar UFA

Í byrjun árs sóttu áhugamenn um þríþraut um að stofna þríþrautardeild innan UFA. Í stað þess að stofna nýja deild var ákveðið að fara þá leið að útvíkka starfssvið langhlaupardeildarinnar og fékk deildin því nýtt heiti og heitir nú Langhlaupa- og þríþrautardeild UFA.

Deildin bauð upp á kynningarfyrirlestur um þríþraut í mars þar sem járnhjónin Helga Árnadóttir og Stefán Viðar Sigtryggsson kynntu íþróttina og sína reynslu af

æfingum og keppni. Fyrirlesturinn var vel sóttur og góður hópur fólks fór að æfa og tók þátt í þeim þríþrautarmótum sem haldin voru á landinu í ár.

Annars var starfsemi deildarinnar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Boðið var upp á sprettæfingar á vellinum 1-2 sinnum í viku og deildin aðstoðaði við hlaupahald á vegum UFA.

Stjórn deildarinnar skipa:

Rannveig Oddsdóttir, formaður
Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi
Ingibjörg Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Elías Gíslason, varamaður

Hlaup á vegum UFA 2011

Vetrarhlaup

Eins og undanfarin ár stóð Langhlauparadeild UFA fyrir vetrarhlaupasyrpu veturinn 2010-2011. Að þessu sinni tóku hátt í 100 einstaklingar þátt í einu eða fleiri hlaupum. Hlaupaserían samanstendur af sex 10 km hlaupum sem fara fram einu sinni í mánuði frá október og fram í mars. Keppt er í stigakeppni einstaklinga og liða og var hörð og spennandi keppni í flestum flokkum.

1. maí hlaup

1. maí hlaupið var tekið til endurskoðunar og gerðar svolitlar breytingar á hlaupinu. Skólakeppninni var nú skipt í tvo flokka og keppt í flokki fámennra skóla annars vegar og fjölmennra skóla hins vegar. Þetta var gert til að jafna möguleika allra skóla á að vinna til verðlauna. Ákveðið var að hætta að veita verðlaun fyrir fyrstu sætin í aldursflokkum þar sem það er ekki í anda stefnu ÍSÍ að ungir krakkar keppi um verðlaunasæti á íþróttamótum og auk þess stríðir það á móti þeirri hugmyndafræði sem boðuð er með skólakeppninni að aðalatriðið sé að vera með og ná fjöldabátttöku í skólunum. Einnig var tekin upp sú nýjung að bjóða upp á leikskólahlaup. Hlaupið var frá Þórsvellinum eins og árið á undan. Leikskólakrakkarnir hlupu einn hring inni á vellinum og skólakrakkarnir 2 km hring umhverfis völlinn. Í stað þess að bjóða upp á 4 og 10 km hlaup með tímatöku eins og verið hefur var að þessu sinni aðeins keppt í 5 km hlaupi. Helstu styrktaraðilar voru eins

og undanfarin ár Greifinn, stéttarfélögin við Eyjafjörð, Vífilfell og Sportver.

Akureyrarhlaup Íslenskra Verðbréfa

Akureyrarhlaupið hefur átt svolítið erfitt uppdráttar undanfarin ár og þátttaka heldur dalað frá því sem best var. Eftir að hafa í mörg ár reynt með takmörkuðum árangri að blása lífi í skemmtiskokkið var ákveðið að slá það af, leggja meiri áherslu á lengri vegalengdirnar og halda keppnishlaup með einfaldri umgjörð. Einnig var ákveðið að prófa að halda hlaupið á virku kvöldi í stað laugardags og varð fimmtudagur í lok júní fyrir valinu. Þá helgi eru tvö stór fótboltamót í bænum og Þorvaldsdalsskokkið fer einnig fram þessa helgi en þessir atburðir gætu hjálpað til við að trekkja að fólk sem kemur lengra að og getur þá sótt fleiri viðburði í sömu ferð. Íslensk Verðbréf voru aðalstyrktaraðili hlaupsins að þessu sinni, en Átak, MS Hleðsla og Sportver styrktu hlaupið einnig. Keppt var í þremur vegalengdum 5 km, 10 km og hálfmaraþoni og voru þátttakendur 130 sem er heldur meira en undanfarin ár.

Hausthlaup

Í byrjun október var haldið einfalt 10 km hlaup með tímatöku. Þátttaka var dræm en þar hafði trúlega áhrif að hlaupinu var fyrst frestað um hálfan mánuð og fór síðan fram í heldur hryssingslegu haustveðri.

Skýrsla glímudeildar

Starfsemi glímudeildar var í lágmarki á síðasta ári hvað má rekja til þess að virkur glímumaður deildarinnar er aðeins einn, nefnilega Þorlákur Gunnarsson en hann varð fyrir því óhappi að tábrotna rétt eftir jólin. Hann keppti því aðeins á Landsmótinu sem fram fór um verslunarmannahelgina og stóð sig ásættanlega miðað við að hafa ekki getað æft nokkuð að ráði. Glímuæfingar lágu niðri á haustmánuðum en hafa nú hafist af fullum krafti í samvinnu við Reyðfirðinga en nýráðinn glímuþjálfari er Magnús Ásmundsson frá Reyðarfirði. Þingeysku skólafólki á Akureyri hefur einnig verið boðið að æfa með.

Jón Einar Haraldsson Lambi



Stofnað 1937

Skautafélag Akureyrar Ársskýrsla 2010

Skýrsla Skautafélags Akureyrar 2010-2011

Stjórn Skautafélags Akureyrar, kjörin á aðalfundi 2011:

Sigurður Sveinn Sigurðsson formaður
Ólöf B. Sigurðardóttir varaformaður
Dröfn Áslaugsdóttir gjaldkeri
Heiða Hrönn Hreiðarsdóttir
Hallgrímur Valsson
Davið Valsson
Reynir Sigurðsson

Innan vébanda Skautafélags Akureyrar starfa þrjár deildir hvar mikið og gott starf með börnum og unglingum sem og fullorðnum er unnið á degi hverjum. Starfið er blómlegt, rekstur deildanna gengur vel. Aðalstjórn Skautafélagsins hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins og Skautahöllinni, en rekstur hennar er vandasamt verkefni sem krefst mikillar vinnu. Róðurinn hefur þýngst á síðustu árum með auknum rekstrarkostnaði og þar munar mest um stöðuga hækkun orkukostnaðar. Rekstrarsamningur félagsins vegna Skautahallarinnar er félaginu óhagstæður en endurskoðun á honum stendur yfir og vonandi verður endursamið á árinu 2012.

Ljósið í myrkrinu er hins vegar góður árangur deilda félagsins, bæði í daglegum rekstri sem og í keppni en félagið var t.a.m. með flesta Íslandsmeistara og flesta landsliðsmenn allra akureyrskra íþróttafélaga á nýliðnu ári. Hér á eftir koma ársskýrslur hverrar deildar fyrir sig.

*Með kveðju,
Sigurður Sigurðsson
formaður Skautafélags Akureyrar.*




Skýrsla Krulludeildar 2010-2011

Stjórn Krulludeildar, kjörin á aðalfundi 2010:

Hallgrímur Valsson formaður
Ólafur Hreinsson varaformaður
Svanfríður Sigurðardóttir ritari
Davið Valsson gjaldkeri
Ólafur Númason meðstjórnandi
Gísli Kristinsson varamaður
Sævar Sveinbjörnsson varamaður

Stjórn Krulludeildar, kjörin á aðalfundi 2011:

Hallgrímur Valsson formaður
Ólafur Númason varaformaður
Svanfríður Sigurðardóttir ritari
Davið Valsson gjaldkeri
Haraldur Ingólfsson meðstjórnandi
Gísli Kristinsson varamaður
Rúnar Steingrímsson varamaður



Stafsemi krulludeildar var með hefðbundnu sniði árin 2010 og 2011. Starfsemin byggist aðallega á mótahaldi sem fram fer yfir tímabilið. Íslandsmótið ber þar hæst en eins og staðan er í dag eru aðeins lið frá Akureyri sem taka þátt þar sem íþróttin er ekki stunduð í skautahöllunum í Reykjavík. Átta lið tóku þátt í Íslandsmótinu 2010 og sjö árið 2011. Íslandsmeistari 2010 varð lið Mammúta, en lið Garpa vann titilinn árið 2011.

Íslandsmeistarar hvers árs vinna sér rétt til að taka þátt í Evrópumóti krullulandsliða og sendum við lið bæði 2010 og 2011. Árið 2010 spilaði liðið í B-deild, en eftir það var búin til sérstök C-deild vegna fjölgunar aðildarþjóða og leikur Ísland í C-deild. Alls eru 37 Evrópuþjóðir í Evrópska krullusambandinu (ECF). Ágætur árangur náðist bæði árin, þrátt fyrir að ekki næðist að vinna þátttökurétt í B-deildinni.

Einnig er nokkuð um að krullarar fari á opin mót erlendis og til dæmis á árinu 2011 fóru lið héðan til Skotlands og Danmerkur.

Í lok hvers tímabils heldur deildin alþjóðlegt mót, Ice Cup. Ávallt





koma nokkur erlend lið á það mót. Þrjár bandarískar krullukonur tóku þátt í mótinu 2011 og var það í fimmta skiptið sem þær taka þátt. Í lokahófi sem haldið var eftir mótið færði ein kvennanna, Gwen Krailo, fyrrverandi forseti Grand National Curling Club, krullusambands sem nær yfir norðausturhluta Bandaríkjanna, deildinni gjafabréf þar sem fram kemur að krulludeildin fái 5.000 dali frá sjóði sem hún stofnaði til að styrkja krullu á Íslandi, þegar deildin kemst í eigin aðstöðu.

Aðstöðuleysi deildarinnar stendur framgangi íþróttarinnar verulega fyrir þrífum því skautais hentar ekki vel fyrir íþróttina. Auk þess er skautahöllin svo ásetin að deildin er einungis með tíma seint að kvöldi tvisvar í viku.



Skýrsla Hokkídeildar SA 2010

Stjórn Hokkídeildar, kjörin á aðalfundi 2010:

Ólöf B. Sigurðardóttir formaður
Héðinn Björnsson varaformaður
María Stefánsdóttir gjaldkeri
Ásdís Sæmundsdóttir ritari
Sveinn Björnsson meðstjórnandi
Reynir Sigurðsson meðstjórnandi
Hrönn Vignisdóttir meðstjórnandi
Jón B. Gíslason meðstjórnandi

Starfsemin á árinu 2010 hófst af fullum krafti strax eftir jólafrí. U-20 landsliðið var þá erlendis við keppni og gekk mjög vel. Fyrsti leikur á nýju ári var hérna heima og þá áttust við „junior“ og „senior“ liðin okkar, og eftir það var spilað um hverja einustu helgi. Í lok janúar fóru yngstu iðkendur suður á seinna mótið sem haldið er þar og gekk sú ferð í alla staði vel. Í lok febrúar fór 4. flokkur í keppnisferð suður.


Úrslitakeppni meistaraflokks karla var frekar snemma þennan veturinn

og hófst hún í byrjun mars. Mikil breyting varð á liði Bjarnarins eftir áramót sem komu sterkir inn og unnu svo til alla sína leiki og komust upp fyrir SR í deildarkeppni. Lið SA varð deildarmeistari og spilaði til úrslita við Björninn. Fyrstu tveir leikirnir fóru fram hér fyrir norðan og staðan 1-1 að þeim loknum. Tveir næstu voru í Egilshöll og eftir þá rímu var staðan 2-2. Oddaleikurinn var spilaður á Akureyri. Keppnin var mjög spennandi í ár og sjaldan eða aldrei hefur umfjöllun og áhorf verið jafn mikið. Oddaleikurinn var meðal annars sýndur á N4, og þökkum við þeim kærlega fyrir það frumkvæði. Metfjöldi mætti í Skautahöllina og mikil stemming á leiknum. SA vann leikinn og varð þar með Íslandsmeistari 2010.

Úrslitakeppni kvenna var ekki síður spennandi. Fyrsti leikur var syðra og varð tap í vítakeppni raunin. Þær unnu svo næsta leik hér fyrir norðan og því þurfti hreinan oddaleik hjá þeim einnig. Sá leikur fór fram syðra. SA-stelpur sigruðu og komu með bikarinn heim.

Haldið var NIAC kvennamót hér og kom eitt erlent lið hingað. Það var bæði gaman og lærdómsríkt fyrir stelpurnar. Þær spilaði einnig Kvennalandsliðið okkar. Þökkum við skipuleggjendum þess vel fyrir framtakið því svona mót er kærkomið fyrir kvennahokki á Íslandi.

A-landslið karla hélt utan um miðjan apríl þar sem liðinu gekk mjög vel. Síðasta mót sem við höldum á tímabilinu var um miðjan apríl, en var það mót fyrir 5., 6. og 7.



flokk og voru um 150 þátttakendur á því móti. Enduðum við svo tímabilið með því að fara með 4. flokk á mót í Laugardalnum. Sú nýbreytni var tekin upp að bjóða upp á voræfingar utandyra fyrir alla flokka og voru þær vel sóttar.

Að loknu sumarleyfi hófst tímabilið á Hókkibúðum fyrir alla flokka í byrjun ágúst. Ágætis mæting var í búðirnar. Æfingar hófust í september. Litlar breytingar urðu í röðum þjálfara. Sú breyting var gerð að SA sendi nú fjögur lið til keppni í meistaraflokki vegna tilmæla frá ÍHÍ, tvö karla- og tvö kvennalið. Þetta var gert að kröfu IIHF, en við höfum verið á undanþágu varðandi liðafjölda því samkvæmt reglum ættu að vera átta lið hér á landi. Liðin okkar fengu nöfnin SA-Víkingar (A-lið), SA-Jötnar (B-lið), SA-Valkyrjur (eldri) og SA-Ynjur (yngri). Kvennalið SR bættist við og því orðin fjögur lið í Íslandsmóti, bæði hjá körlum og konum.

Nýliðum fjölgaði mjög og greinilegt að það skilar sér að heimsækja skólana. Um 35 ný börn hófu æfingar.

Nokkrir leikmenn úr meistaraflokki karla tóku þátt í Asetamótinu í byrjun september. Síðan hófst keppnistímabilið af fullum krafti og fyrsta mót um miðjan september í Egilshöll þar sem 4. flokkur tók þátt. Okkar fyrsta mót var í október, fyrir 3. flokk, en 5., 6. og 7. flokkur kepptu á móti fyrir sunnan í október og síðan hér heima í nóvember. Mót var fyrir 4. flokk hér heima í nóvember og 3. flokk fyrir sunnan. Desember er að jafnaði rólegur mánuður, en þó fóru fram leikir í meistaraflokki.



Skýrsla Hókkídeildar SA 2011

Stjórn Hókkídeildar, kjörin á aðalfundi 2011:

Ólöf B. Sigurðardóttir formaður
Héðinn Björnsson varaformaður
María Stefánsdóttir gjaldkeri
Ásdís Sæmundsdóttir ritari
Sveinn Björnsson meðstjórnandi
Reynir Sigurðsson meðstjórnandi
Hrönn Vignisdóttir meðstjórnandi
Sæmundur Þór Leifsson meðstjórnandi

Keppni hófst strax í janúar og spilað svo til um hverja helgi. Helgarmót barna og ungmenna voru haldin í skautahöllinni og lið héðan fóru á mót fyrir sunnan.

Úrslitakeppnin um Íslandsmeistaratitil karla hófst í byrjun mars. SA-Víkingar tryggðu sér deildarmeistaratitilinn og þar með heimaleikjaréttinn. Andstæðingur í úrslitum var lið SR og lentum við 0-2 undir í einvíginu. Strákunum tókst að jafna, 2-2, svo hreinn úrslitaleikur fór fram hér á Akureyri. SA-Víkingar unnu þá viðureign 6-2 eftir skemmtilegan og spennandi leik.

Úrslitakeppni kvenna var svo aðra helgi í mars og höfðu SA-stúlkur einnig tryggt sér deildarmeistaratitilinn og þar með heimaleikjaréttinn. Þær spiluðu við Bjarnarstelpur og sigruðu í þeirri viðureign. SA-stelpurnar eru því einnig Íslandsmeistarar.

Heimsmeistaramót kvenna var haldið hér á landi þetta árið og spilað var í Laugardalnum í lok mars og byrjun apríl. Áttum við góðan hóp í landsliðinu. Kærkomið var að spila hér á landi.

Með gullverðlaunum í 4. deild árið 2008 í Rúmeníu hafði liðið tryggt sér sæti í 3. deild. Því miður er lítið fjármagn sett í kvennamótin og enginn sem treysti sér til að halda keppnina 2009, en 2010 var Ólympíuár og þá er ekki keppni. Eftir einhverjar skipulagsbreytingar voru stelpurnar þá aftur komnar í 4. deild.

U-20 karla fór utan í lok árs 2010. U-18 spilaði erlendis í mars og A-landsliðið í apríl. 4. flokkur B vann Íslandsmeistaratitil þannig að þetta tímabil fengum við fimm bikara í hús. Voræfingar voru svo utan dyra í maí var notast við svæðið í kringum höllina. Uppskeruhátíðir voru svo haldnar fyrir flokkana áður en farið var í sumarfrí. Byrjuðum við svo aftur í ágúst með hokkibúðir en með smá breyttu sniði. Venjubundnar æfingar hófust um svipað leyti og skólarnir og er það um viku fyrr en venjulega. Fyrstu mót og leikir fóru fram strax í byrjun september. Voru nú fimm lið skráð til keppni í meistaraflokki karla þar sem Björninn tefldi fram tveimur liðum og fékk hið nýja lið nafnið Húnar. Áfram voru fjögur lið í meistaraflokki kvenna. Breyting var gerð á nafngift liðs okkar í kvennadeildinni og fékk liðið nafnið SA-Ásynjur. Liðin okkar í meistaraflokki kvenna heita því SA-Ásynjur, sem eru 20+, og SA-Ynjur, sem eru 20-. Þar með fengu SA-Valkyrjur nafn sitt til baka, en það er hópur góðra kvenna sem æfir saman og tekur þátt í þeim kvennamótum sem standa þeim til boða.

SA-Víkingar misstu þrjá lykilmenn fyrir þetta tímabil þar sem þeir skiptu í lið erlendis. Þetta voru þeir Jón Benedikt Gíslason, sem hélt til Danmerkur, Jóhann Már Leifsson, sem fór til Kanada, og Ingólfur Tryggvi Elíasson, sem fór til Svíþjóðar.

Fyrsta mót var í byrjun september þegar 3. flokkur fór suður, síðan leikir hjá meistaraflokkunum og svo 4. flokks mót sem var haldið hér. Um 150 börn spiluðu frá morgni til kvölds á móti 5., 6. og 7. flokks, mikið um að vera og aldrei auður ís. Í nóvember tók 3. flokkur þátt í helgarmóti syðra. Haldið var mót fyrir 2. flokk á Akureyri, og 5., 6. og 7. flokkur fóru í helgarferð suður.

Skýrsla Listhlaupadeildar SA 2010

Stjórn Listhlaupadeildar kosin á aðalfundi 2010:

Rut Hermannsdóttir formaður
Bergsveinn E. Kristinsson varaformaður
Hólmfríður Egilson gjaldkeri
Helga M. Sigurjónsdóttir ritari
Guðlaug Reynisdóttir meðstjórnandi
Inga Margrét Skúladóttir meðstjórnandi
Kristín Þöll Þórsdóttir varamaður
Vilborg Sveinbjörnsdóttir varamaður
Gerður Ósk Hjaltadóttir varamaður

Fyrri hluta árs var hún Helga Margrét Clarke, yfirþjálfari deildarinnar og sem fyrr stóð hún sig venju samkvæmt með mikilli þrýði og er það gríðarlegur fengur fyrir deildina að hafa hana í forystu starfsins. Hún hyggst hins vegar stefna á önnur mið næstu tvö árin og fara í námsleyfi. Í hennar stað var gengið frá samning við erlendan þjálfara sem er okkur nú vel kunn því hún hefur verið hér all oft sem gestaþjálfari, en það er hún Iveta Reitmayerova. Auk Helgu yfirþjálfara eru um 10 yngri þjálfarar að störfum í yngri flokkum og koma þeir þjálfarar verulega sterkir inn og taka þeir ár frá ári meiri ábyrgð innan deildarinnar, sem er fagnaðarefni – á þeim vettvangi eigum við sannkallaða gullkistu. Næsta vetur er von okkar að yngri þjálfarar sjái um alla þjálfun D og C flokka.

Við höldum nokkur mót í vetur, sem hafa verið haldin með framúrskarandi umgjörð í stjórn Huldu Bjargar Kristjánsdóttur, Sigríðar Stefaníu Stefánsdóttur og Jóhönnu Sigmarsdóttur, en þær vinna eftir gæðahandbók, sem Hulda Björg gerði verulega fagmannlega í fyrra. Auk þess sem við tókum þátt í nokkrum mótum í Reykjavík, öllum mótum Skautasambandsins, Kristalsmótsins fyrir C-skautara og Reykjavík International fyrir A-skautara og eldri B-skautara. Deildin stóð fyrir tveimur sýningum á liðnu skautarári. Jólasýningin og vorsýning, sem báðar voru alveg ótrúlega mikil skemmtun, þá sýna iðkendur oft sínar bestu hliðar og gleðin er alls ráðandi í höllinni.

Ýmis fjáröflun hefur verið í vetur, fyrir einstaklinga hefur verið í boði að selja kerti, klósettpappír, páskaegg og eldhúsrúllur. Seld voru kerti fyrir jólin og verður ágóðinn notaður til niðurgreiðslu fyrir einstaklinga í æfingabúðunum. Venju samkvæmt var öskudagsnammið lang stærsta einstaka fjáröflunin og gekk hún vonum ágætlega þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu, en salan hins vegar hefur



minnkað jafnt og þétt frá hruninu. Áheitasöfnun fyrir maraþonið nú í lok vetrar gekk vel. Um þessar mundir stendur síðan yfir fjáröflun fyrir æfingabúðum á Akureyri í ágúst, sem og tveggja vikna æfingaferð til Ostrava í Tékklandi, en um 12 iðkendur stefna á þær búðir. Fjáröflun er margs konar og felst m.a. í sölu á kleinum, hreingerningarvörum, páskaeggjum, flöskusöfnun og pizzahappdrætti, svo eitthvað sé nefnt. Fjáröflunin hefur þegar á heildina er litið gengið ágætlega, en þó ekki eins vel og árin fyrir kreppu.

Í febrúar var haldið byrjendanámskeið fyrir fullorðna, sem er að verða hefð hjá deildinni

Töluverð breyting er að verða á íþróttinni með tilkomu svokallaðra grunnprófa. Allir sem vilja keppa í A eða B flokkum verða að taka slíkt próf til þess að geta keppt í viðkomandi getuflokkum. Margir hafa gengið í gegnum það að falla á þessum prófum, sem getur reynt á börnin. Á næsta ári verður innleiðingu þessa kerfis lokið og allir keppendur búnir að fara í gegnum slíkt próf. Jákvæðu hliðarnar á slíku prófi er að það setur ákveðin viðmið fyrir skautara og þjálfari sem er mjög nán skauturum og foreldrum tekur ekki einn ákvörðun um í hvaða flokki viðkomandi á að vera. Neikvæðu hliðarnar geta verið að prófum sem þessum fylgi töluvert álag og oft á tíðum sár vonbrigði.



Skýrsla Listhlaupadeildar SA 2011

Stjórn Listhlaupadeildar kosin á aðalfundi 2011:

Rut Hermannsdóttir formaður
Bergsveinn E. Kristinnsson varaformaður
Kristín Þöll Þórsdóttir gjaldkeri
Hilda Jana Gísladóttir ritari
Heiðar Hrönn Hreiðarsdóttir meðstjórnandi
Inga Randversdóttir meðstjórnandi
Ellý Kristjánsdóttir meðstjórnandi

Árið 2011 var skemmtilegt og viðburðaríkt hjá Listhlaupadeildinni, mikið var um að vera og allaf gaman að sjá unga skautara vera að spreyta sig á svellinu. Flestir iðkendur deildarinnar eru á aldrinum 4ra til 19 ára, en þó leynast einhverjir eldri sem hafa gaman að læra undirstöðuatriðin í listhlaupi.

Iðkendur LSA tóku þátt í fjölda móta, hérlandis og erlendis, og einnig voru haldnar sumaræfingabúðir. Keppendum í listhlaupi er skipt í flokka eftir getu og eru



þrír keppnisflokkar A, B og C, en einnig er aldursskipting innan hvers flokks. C keppendur tóku þátt í fjórum mótum, tvö þeirra voru innanfélagsmót og tvö þar sem allir C keppendur landsins tóku þátt. Annað þeirra er Vinamótið og er það LSA sem stendur fyrir því og hitt mótið er haldið af Birninum. Keppendur okkar stóðu sig með þryði og höfðu gaman af. A og B keppendur tóku þátt í sex mótum, tveimur innanfélagsmótum og fjórum mótum á vegum Skautasambands Íslands (ÍSS). Árangur A og B keppenda var mjög góður á mótum ÍSS og komu margir verðlaunapeningarnir norður. Einnig tóku A og eldri B keppendur þátt í Reykjavík International Games (RIG) og að vanda skiluðu skautararnir frábærum árangri. Friður hópur skautara, 11 talsins, fór til Stokkhólms að keppa á Stockholm Trophy 2011 og var það mjög skemmtileg ferð og lærdómsrík. Slóvakía var líka heimsótt af fjórum skauturum og spreyttu þeir sig á móti þar með mjög góðum árangri.

Árið 2011 áttum við tvo landsliðsskautara, Urði Ylfu Arnarsdóttur og Hrafnhildi Ósk Birgisdóttur, og fóru þær báðar út að keppa fyrir Íslands hönd. Urður Ylfa fór á Isblomsten sem haldið var í Danmörku og Hrafnhildur Ósk fór til Lúxemborgar og keppti á Coupe de Printemps og stóðu þær sig mjög vel.

Nýr Akureyrameistari var krýndur og þar bar sigur úr bítum Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir. Var hún einnig valin af ÍSS til að taka þátt í Finnlandsverkefninu og er það verkefni til næstu þriggja ára. Finnlandsverkefnið er þróunarverkefni sem öll Norðurlöndin taka þátt í og hefur hvert land sex skautara. Skautakona ársins 2011 var valin



um áramótin og þar varð fyrir valinu Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir.

Margt fleira stóð upp úr á árinu eins og frábærar vor- og jólasýningar. Vorsýningin var létt og skemmtileg og var með söngleikjaþema og margir hafa talað um að vorsýning ársins 2011 sé jafnvel sú besta sem hefur verið haldin, skemmtilegt þema og allir lögðu mikla vinnu í dansana sína. Jólasýningin bar nafnið „Jólaskautinn“ og var hugljúf jólasaga sem allir iðkendur deildarinnar tóku þátt í og sýndu listir sínar. Iðkendur og hjálparar lögðu hart að sér að halda frábæra sýningu því jólasýningin var til minningar um Ágúst Ásgrímsson sem var einn af stofnendum félagsins. Á árinu voru 100 ár frá fæðingu Ágústs og því var sýningin í minningu hans og var ættingjum hans og heiðursfélögum boðið á sýninguna.

Grunnprófin eru orðin fastur liður í skautaiðkun og í ár



stóðu allir skautarar frá LSA sem þreyttu prófin sig með eindæmum vel og allir geta verið stoltir af árangrinum.

Ekki er hægt að segja að skautahöllin hafi verið tóm sumarið 2011 því miklar æfingabúðir voru haldnar í júlí og ágúst og fékk almenningur einnig að skella sér í kuldann á heitum sumardögum. Haldinn var skautaskóli allan júlí kl. 9-12 alla virka daga og var hann vel sóttur af ungum krökkum á aldrinum 5-9 ára. Í skautaskólanum var fjölbreytt dagskrá sem innihélt tvær ísæfingar, leikir og teygjur og aðra afþreyingu. Grillað var á hverjum föstudegi og skemmtilegar uppákomur. Skautararnir sem tóku þátt í æfingabúðunum æfðu stíft undir leiðsögn Ivetu Reitmayrovu og einnig var fengin rússneskur balletthjálpari, Ana Matyskina, sem sá um ballett og danskennslu. Því var mikið líf í Skautahöllinni á Akureyri sumarið 2011.



Stofnað 2010

Kraftlyftingafélag Akureyrar

Ársskýrslur 2010-2011

Stjórn KFA starfsárið 2010

Einar Már Ríkarðsson, formaður
Erlendur Helgi Jóhannesson, varaformaður
Grétar Skúli Gunnarsson, gjaldkeri/ritari
Bjarki Garðarsson, meðstjórnandi
Kristján H. Buch, meðstjórnandi

Stjórn KFA starfsárið 2011

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður
Einar Már Ríkarðsson, varaformaður
Kristján H. Buch, gjaldkeri/ritari
Bjarki Garðarsson, meðstjórnandi
Erlendur Helgi Jóhannesson, meðstjórnandi

Samantekt

Tímabilið 2010-2011 var býsna gott með tilliti til árangurs og uppbyggingar á starfsemi KFA og íþróttarinnar. 15. apríl 2010 var KRAFT (Kraftlyftingasamband Íslands) samþykkt sem sérsamband innan Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands. Innleiðing kraftlyftinga inn í ÍSÍ fór að sýna augljósa kosti strax frá byrjun, en iðkun og nýliðun í íþróttinni hefur aldrei verið umfangsmeiri en yfir þessi fyrstu tvö ár innan sambandsins.

KFA hefur lengi verið framarlega í aðstöðumálum og mótahaldi kraftlyftinga á Íslandi, en með aðild að ÍSÍ hafa sprottið upp nýjar deildir og félög víða (þó einkum á stór Reykjavíkursvæðinu). Með mikilli nýliðun og mun skipulagðari starfsemi íþróttarinnar hefur skapast það faglega umhverfi í kringum þá hópa af kraftlyftingaiþróttamönnum sem svo lengi hefur sárlega vantað fyrir aukna framþróun í okkar íþrótt.

Hluti af starfi okkar í stjórn KFA hefur verið að koma á framfæri kraftlyftingum í nærliggjandi sveitarfélögum, en KFA er einna kraftlyftingafélagið á landsbyggðinni fyrir utan lítið félag á Höfn í Hornafirði.

Árangur

Helsti árangur keppnismanna árið 2010:

Erlendur Helgi Jóhannesson keppti á Smáþjóðaleikum í tvíþraut og hlaut þar verðlaun fyrir besta árangur unglunga. Erlendur sló einnig nokkur íslandsmet á árinu.

Grétar Skúli Gunnarsson var stigahæstur unglunga keppnisárið 2010 hjá Kraftlyftingasambandi Íslands og sló út öll Íslandsmet í sínum aldurs- og þyngdarflokki.

Grétar Skúli var valinn kraftlyftingamaður ársins 2010.



Viktor Samúelsson

Helsti árangur keppnismanna árið 2011:

Viktor Samúelsson fæddur 1993 afrekaði heilmikið á þessu ári. Sigræði unglunga og drengjaflokk á stigum á Íslandsmótinu í mars, fékk silfur á Evrópumóti unglunga -105 kg í drengjaflokki, varð jafnframt stigahæstur unglunga og drengja á Bikarmótinu í nóvember og annar í opnum flokki. Viktor hlaut að auki „ungur og efnilegur“ afreksstyrk frá Kraftlyftingasambandi Íslands upp á 150.000 kr.

Grétar Skúli Gunnarsson fór til Svíþjóðar og keppti á Norðurlandamóti unglunga, hann hlaut bronsverðlaun á því móti.

Einar Þór Birgisson tók 240.0 kg í bekkpressu á Gamlármótinu og átti þar einnig mjög góða „aukatilraun“ við 253.0 (Íslandsmet) í -120 kg. flokki, en Einar vigtaðist aðeins 106.9 kg á mótinu – afbragðs árangur.

Viktor Samúelsson var valinn Kraftlyftingamaður ársins 2011.

Mótahald

Tímabilið var þungt í mótahaldi, en KFA hélt 11 mót á tímabilinu, sem jafnast á við hvað öll hinn aðildarfélögin héldu til samans. Flest voru frekar hefðbundinn, með í kringum 10-20 keppendum. Bikarmót Kraft var hápunkturinn en þar komu saman allir helstu kraftlyftingamenn og konur Íslands.



Erlendur Helgi
Jóhannesson

Árið 2010 stóð KFA fyrir 6 mótum: Byrjendamót KRAFT, Hængsmót, Sunnumót, Akureyrarmót, Jólámót, og Gamlármót í bekkpressu.

Árið 2011 stóð KFA fyrir 5 mótum: Þorramót, Hængsmót, Sunnumót, Bikarmót KRAFT og Gamlármót í bekkpressu – en Akureyrarmót var haldið samhliða Bikarmótinu.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum, æfingargjöldum og sölu á fatnaði merktum

félaginu. Þess fyrir utan tóku félagsmenn að sér dyravörslu og fjósavinnu til að bæta upp fjárhag félagsins og auðvelda kaup á nýjum lóðum.

Lokaorð

Þessi tvö ára hafa verið ansi fljót að líða og ótrúlegt hvað okkur hefur tekist að ná að afreka á þessum stutta tíma. Jarðvegurinn er frjór fyrir miklu meiri framfarir í okkar starfi og lítur framtíðin vel út. Sú ákvörðun að vera með Kraft í inngöngu ÍSÍ reyndist vera rétt og hefur haft mjög góð áhrif á félagið og starfsemi kraftlyftinga á Akureyri.



KKA akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2010

Stjórn félagsins 2010 var svo skipuð:

Þorsteinn Hjaltason formaður
Guðmundur Hannesson
Gunnar Hákonarson
Stefán Þór Jónsson

Varamenn

Sigurður Bjarnason
Unnar Helgason

Mikil vinna fer fram í nefndum og ráðum félagsins, sem eru margar.

Í upphafi árs var tíðin hagstæð til aksturs mótorkjóra á ís og var löggilt keppnis- og æfingarsvæði félagsins við Hvamm vel nýtt. Vetraríþróttahátíðin var sett 6. febrúar og sá KKA um keppni í snjósleðaspyrnu í flóðljósum við skautahöllina og íscrossi á Leirutjörn. Þetta voru fjölmennir og skemmtilegir viðburðir enda mættu mjög margir áhorfendur og fylgdust með stórskemmtilegri keppni. Svo-kallaður peningafundur KKA var haldinn 9. febrúar. Á



Bjarki Sigurðsson íþróttamaður ársins 2008-2010

slíkum fundum er farið yfir fjármál félagsins undanfarið ár og gerðar áætlanir fyrir næsta ár.

KKA heldur árlega nokkur enduromót eða þolakstur á mótorkjólum. Til að halda slík mót þarf töluvert stórt svæði og fékk KKA stækkun svæðis með óformlegum



Mótocrossbrautir KKA

Mótorhjól og hestar með skynsemi, tillitssemi og þekkingu hverfa vandamál.

Mótorhjólamaður:

- a. Reiðvegir hafa verið gerðir sérstaklega fyrir hestamenn og þeir merktir sem slíkir. Mótorhjól eiga alls ekki að vera á slíkum reiðvegum.
- b. Sýnið þolinmæði, t.d. stoppa snemma og fara seint af stað. Það verður að gefa hesti og manni góðan tíma til að átta sig.
- c. Víkið út í kant þegar hestamönnum er mætt.
- d. Drepið á mótor.
- e. Tekið niður hjálm.
- f. Ekki hefja framúrastur fyrr en ljóst er að hestamaður hefur tekið eftir hjólinu og víkið út í kant.
- g. Engar óþarfa inngjafir þegar farið er framhjá hestum.

Hestamaður:

- a. Hesturinn róast við að heyra rólega og yfirvegaða rödd knapans tala til sín.
- c. Klappa hestinum róandi á makkann.
- d. Æsingur og órólegar raddir hræða hestinn.
- e. Hægja ferðina.
- f. Vikja þegar hleypa þarf mótorhjólum framhjá. Jafnvel stöðva og snúa hestinum ef hann róast við að sjá hjólin.
- i. Notið áberandi fatnað og endurskin.
- j. Notið alltaf hjálm og hugsanlega fleiri hlifar ef ástæða er til. Svo sem hlifar fyrir bak, brjóst, mjaðmir, axlir, læri, olnboga og hné.
- m. Verið í góðum tengslum við mótorhjólamenn.

Virðum reglur og höfum samskiptin í lagi svo allir geti haft ánægju af sínu áhugamáli.



Fræðushuplakat KKA. Tekið úr fræðslumynd félagsins

hætti árið 2008 til að halda enduromótin 2009. Eftir sumarið kom í ljós að misskilningur hafði orðið um stærð svæðisins svo KKA sótti um stærra svæði. Í apríl barst bréf frá skipulagsstjóra Akureyrarbæjar þar sem félaginu var tilkynnt að því hefði verið úthlutað svæði upp að fjallskilagirðingu. Félagið hafði sótt um heldur stærra svæði eða upp að gamla Hlíðarfjallsveginum. Svæðinu var úthlutað til bráðabirgða til 5 ára. Þetta var mjög mikilvægt skref í sögu KKA því erfitt er að halda enduromót án nægilegs lands.

Þegar voraði voru nagladekkin tekin undan og snjósléðar settir í skúra. Æfingar hófust tiltölulega snemma eða 3. maí á KKA svæðinu. Fyrsta enduromót sumarsins var haldið að Bolöldu. Bjarki Sigurðsson sigraði og fleiri KKA menn stóðu sig vel. Þann 30. maí stóð KKA fyrir endurocrossmóti. Endúrócross nýtur stöðugt meiri vinsælda en þar er keppt á mótorhjólum í erfiðri þrautabaut. Þann 19. júní var 2. umferð íslandsmótsins í enduro haldin á Akureyri og voru 104 keppendur skráðir til leiks. Veðrið var frábært og mótið tókst með miklum ágætum á nýfengnu landi félagsins.

Þann 22. júní fékk formaður KKA fund með skipulagsnefnd til að kynna starfssemi félagsins, m.a. þörfina á stærra landi undir enduroaksturinn. Sunnudaginn 1. ágúst stóð KKA fyrir enduronámskeiði á svæði sínu. Kennari var Þorsteinn Hjaltason og var svo farið með hópinn í 3

klst. enduroferð í nágrenni Akureyrar. Þann 7. ágúst hélt KKA svo 4. umferð íslandsmótsins í motocrossi. Þann 9. ágúst var farið í árlega enduroferð með KKA ungliða í landi Draflastaða. Gos og grill handa öllum og leikir af fingrum fram. Ferðin var hin besta í alla staði. Í lok sumars var svo lokið við að þökuleggja 2.600 fermetra svæði norðan við félagsheimili KKA. Þann 23. nóvember hélt KEA samsæti og var þar m.a. tilkynnt að KKA fengi styrk frá KEA í ár.

KKA hefur kappkostað að hafa góð samskipti við hestamenn og haldið því á lofti að þessar íþróttagreinar geti vel þrífist saman í sátt og samlyndi. KKA gerði myndband um hvernig hestamenn og hjólamenn eiga að haga sér þegar þeir mætast. Myndbandið var birt á Youtube vefnum (heitir: Hestar og mótorhjól) og samkvæmt teljara á síðunni var búið að spila myndbandið af meira en þúsund tölum þremur dögum eftir að það hafði verið sett inn. Ennfremur gerði KKA kynningarplakat um sama efni.

Útgerðarfélagið Samherji hefur styrkt íþróttastarf gríðarlega mikið undanfarin ár og í ár ákvað félagið að styrkja KKA um 500.000 kr.

Bjarki Sigurðsson var þriðja árið í röð kjörinn íþróttamaður ársins hjá KKA.

Akureyri 1. mars 2012

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



KKA akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2011

Stjórn félagsins 2011 var svo skipuð:

Þorsteinn Hjaltason formaður
Guðmundur Hannesson
Gunnar Hákonarson
Stefán Þór Jónsson

Varamenn

Sigurður Bjarnason
Unnar Helgason

Peningafundur KKA var haldinn 19. febrúar og er fjárhagsstaða félagsins sterk að vanda og grannt farið eftir þeim meginreglum félagsins að stofna ekki til skulda. Vetraríþróttahátíðin Éljagangur var haldin í febrúar og stóð KKA fyrir spyrnu á vélsleðum og íscrossi á mótorkjólum. Hátíðin var mjög vel heppnuð í alla staði. Þann



Úr snjótúr



Einar Sigurðsson íþróttamaður ársins 2011



Félagsheimili KKA í Glerárhólum

24. febrúar var KKA með kynningu á Hótel KEA á nýjum búnaði svokölluðum snjóhjólum. ÍBA, Íþróttaráð og forvarnarfulltrúi funduðu svo síðasta dag febrúarmánaðar með fulltrúum KKA þar sem farið var yfir starfssemi félagsins, barna og unglingastarf o.m.fl.

Vorið var kalt og snjór var lengi að fara svo svæðið kom seint undan snjó.

Þann 16. júní voru sérstök motocrossnámskeið fyrir börn og unglinga með aðkomupjálfa. Þann 18. júní var 3. og 4. umferð íslandsmótsins í enduro haldið á endurosvæði KKA í Torfdalnum. Fimmtudagskvöldið 14. júlí hélt KKA allsherjar endurófjallabúggi til kynningar á endurosportinu. Fjöldi mætti á staðinn og skemmtu allir sér konunglega og var svo grillað á eftir. Þann 30. júlí hélt KKA Íslandsmót í motocrossi og tókst mótið gríðarlega vel enda var eins og venjulega frábært veður og brautin á heimsmælikvarða. Meðal keppenda var þekktur kanadískur ökumaður, Oliver Biron. Hann fjallaði um mótið á erlendum vettvangi og fór mjög fögrum orðum um aðstöðu KKA og sagði hana betri en gerist á sumum alþjóðamótum í Kanada. Aðalfundur KKA var haldinn 27. nóvember.



Flóðlýst svæði KKA

KEA styrkti KKA keppnismanninn Einar Sigurðsson.

Samherji veitti KKA annað



Úr barnabraut KKA

árið í röð 500.000 kr. fjárstyrk og var tilkynnt um það í veglegri veislu þann 28. desember.

Einar Sigurðsson var kjörinn íþróttamaður KKA. Einar tekur við titlinum af Bjarka bróður sínum sem hefur haft hann þrjú undanfarin ár. Einar átti hreint frábært ár. Hann sigraði með fullu húsi stiga bæði í motocrossi og enduro sem þýðir að hann sigraði í hverri einustu umferð í öllum íslandsmótum sumarsins.

Akureyri 1. mars 2012

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



SKÍÐAFÉLAG
AKUREYRAR
Stofnað 1938

Skíðafélag Akureyrar Ársskýrsla 2010

Stjórn SKA og nefndir starfsárið 2010-2011

Stjórn SKA

Stjórn fundaði formlega 21 sinnum á starfsárinu. Í stjórninni sátu:

Björn Gunnarsson (formaður)
Gunnar Reynisson (varaformaður)
Hildigunnur Svavarsdóttir (ritari)
Aðalgeir Hallgrímsson (meðstjórnandi)
Tómas Ingi Jónsson (meðstjórnandi)
Baldvin Stefánsson (meðstjórnandi)
Ingólfur Gíslason (meðstjórnandi)

Auk stjórnar störfuðu tvær sérgreinanefndir, þ.e. alpagreinanefnd og skíðagöngunefnd. Þá eru starfræktar sex starfsnefndir, en það eru *barna- og unglinganefnd, ferðanefnd, fjárhagsnefnd, mótanefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd* og *Andrésar andarnefnd*.



Alpagreinanefnd

Í alpagreinanefnd sátu Gunnar Reynisson (formaður), Tómas Ingi Jónsson, Hrefna Magnúsdóttir, Dagný Linda Kristjánsdóttir, Ásmundur Einarsson. Kári Ellertsson var fulltrúi þjálfara í nefndinni.

Starfssvið alpagreinanefndar er í stórum dráttum tvíþætt, annars vegar að efla þátttöku og getu iðkenda í alpagreinum og hins vegar að efla þátttöku almennings í alpagreinum.

Skíðagöngunefnd

Í skíðagöngunefnd sátu Kári Jóhannesson (formaður), Baldvin Stefánsson, Guðmundur B. Guðmundsson, Kári Jóhannesson, Sigurgeir Svavarsson og fulltrúi þjálfara var Ólafur Björnsson. Markmið nefndarinnar er að hlúa að skíðagönguþróttinni og kynna hana sem best.

Barna- og unglinganefnd

Í barna- og unglinganefnd sátu Stefania Steinsdóttir formaður, Hilmar Tómasson, Hallgrímur Frimannsson, Ísak Oddgeirsson, Hjördís Stefánsdóttir, Nína Hrönn Gunnarsdóttir. Tengiliðir við göngu voru Jónbjörg S. Hannesdóttir og Guðni B. Guðmundsson.

Ferðanefnd

Í ferðanefnd sátu Fanney Jónsdóttir formaður, Björk Guðmundsdóttir, Svala Reynisdóttir og Þórunn Sif Harðardóttir. Ágústa Kristjánsdóttir var tengiliður við göngu.

Fjárhagsnefnd

Í fjárhagsnefnd sátu Aðalgeir Hallgrímsson (formaður), Björn Gunnarsson, Svala Jónsdóttir, Ingólfur Gíslason.

Mótanefnd

Í mótanefnd alpagreina sátu Gunnar Gunnarsson (formaður), Ögmundur H. Knútsson, Dan Brynjarsson, Tómas Leifsson, Guðmundur Hólm Guðmundsson, Sigurgeir Svavarsson og Halldór Halldórsson.

Meginhlutverk mótanefndar er skipulag og ábyrgð á mótahaldi SKA og öll umsjón með mótum sem haldin eru á vegum félagsins.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Í fræðslu- og útbreiðslunefnd sátu Gísli Einar Árnason (formaður), Hulda Rafnsdóttir, Hermann V. Sigtryggsson, Helgi Jónsson og vefstjóri SKA var Gréta ...

Meginhlutverk mótanefndar er útgáfa Skíðablaðsins sem kemur út ár hvert í samstarfi við Andrésar andarnefndina.



Flottir krakkara á Kaldbak

Andrésar andarnefnd

Í Andrésar andarnefnd voru Ingólfur H. Gíslason (formaður), Þóra Leifsdóttir (gjaldkeri), Smári Kristinsson, Aðalgeir Hallgrímsson, Arna Ívarsdóttir, Jóhannes Kára-son og Sigurgeir Svavarsson.

Yfirlit yfir starfssemi félagsins veturinn 2010-2011

Iðkendur

Samtals voru 130 iðkendur hjá SKA veturinn 2010-2011. Iðkendur í alpagreinum voru 104 talsins, þar af 43 drengir og 61 stúlka. 26 iðkendur voru í göngu, þar af 20 drengir og 6 stúlkur.

Þjálfarar

Þjálfarar í alpagreinum: Þjálfarar iðkenda 13 ára og eldri voru Markús Jakobson, Jón Viðar Þorvaldsson og Kári Ellertsson. Þjálfarar 11- 12 ára iðkenda voru Helgi Steinar Andrésson og Stefán Geir Andrésson. Hrefna Dagbjartsdóttir, Fjalar Úlfarsson, Hansína Gunnarsdóttir og Kristinn Magnússon þjálfuðu 9 – 10 ára iðkendur. Aðalheiður Reynisdóttir, Tinna Tómasdóttir, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir, Silja Garðarsdóttir og Anna Sif Guðmundsdóttir þjálfuðu iðkendur 8 ára og yngri. Stefanía Steinsdóttir hafði umsjón með Andrésar andar skólanum.

Þjálfarar í skíðagöngu voru Ólafur Björnsson, yfirþjálfari og Veronika Lagun með iðkendur 12 ára og yngri en um iðkendur 13 ára og eldri sá Vadím Gusev.

Mót

Eftirtalin mót voru haldin á vegum alpagreinaneftdar:

- Akureyrarmót – svig (allir aldurshópar)
- Akureyrarmót – stórsvig (allir aldurshópar)
- Svalamót (12 ára og yngri)
- Opið páskaeggjamót á annan í páskum 2010
- Rafeyrarmót (12 ára og yngri)
- Bikarkeppni SKÍ 20.-21. febrúar 2010
- Icelandair Cup

Eftirtalin mót voru haldin á vegum skíðagöngu:

- Flugfélags Íslands trimm, páskadag 4. apríl 2010
- Skíðastaðagangin 23. janúar 2010
- Akureyrarmót – annars vegar með frjálsri aðferð og hins vegar hefðbundin ganga
- Bikarmót SKÍ - febrúar
- Opna SKA mótið – desember 2010.

Þá voru hinir árlegu Andrésar andarleikar haldnir undir lok vertíðar í alpagreinum og göngu.

Merkustu viðburðir og árangur iðkenda SKA veturinn 2010-2011

Árangur iðkenda SKA á liðnum vetri er eins og svo oft áður góður.

Í A-landsliði alpagreina voru Sigurgeir Halldórsson, Róbert Ingi Tómasson, María Guðmundsdóttir, Íris Guðmundsdóttir og Katrín Kristjánsdóttir. Í Junior 2 unglingalandsliði alpagreina voru Tinna Dagbjartsdóttir og



8 ára og yngri

Gunnar Þór Halldórsson og í Junior 1 unglingalandsliði alpagreina var Karen Sigurbjörnsdóttir.

Í A-landsliði skíðagöngumanna voru Andri Steindórsson og Brynjar Leó Kristinsson. Í unglingalandsliði skíðagöngumanna voru Kristinn Þráinn Kristjánsson og Sindri Freyr Kristinsson.

Íslandsmeistaratitlar hjá alpagreinafólki 2010:

Íris Guðmundsdóttir hlaut Íslandsmeistaratitil í stórsvigi kvenna, alpatvíkeppni kvenna, stórsvigi kvenna 17-19 ára, svigi kvenna 17-19 ára, alpatvíkeppni kvenna 17-19 ára. María Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í svigi kvenna, svigi stúlkna 15-16 ára, stórsvigi stúlkna 15-16 ára og alpatvíkeppni stúlkna 15-16 ára. Sigurgeir Halldórsson varð Íslandsmeistari í svigi karla 17-19 ára, stórsvigi karla 17-19 ára og alpatvíkeppni karla 17-19 ára. Róbert Ingi Tómasson varð Íslandsmeistari í stórsvigi pilta 15-16 ára og Auður Brynja Sölvadóttir í svigi stúlkna 13-14 ára.

Íslandsmeistaratitlar hjá skíðagöngufólki 2010:

Vadím Gusev var Íslandsmeistari í 30 km hefðbundinni aðferð, 10 km frjálsri aðferð, 15 km hefðbundinni aðferð,

göngutvíkeppni SMÍ 2010 og boðgöngu karla. Andri Steindórsson var Íslandsmeistari sprettgöngu. Í flokki 13-14 ára varð Ragnar Gamalíel Sigurgeirsson Íslandsmeistari í 5 km. hefðbundinni aðferð, 2,5 km frjálsri aðferð og tvíkeppni UMÍ.

Stefna og markmið SKA

Skíðafélag Akureyrar, SKA, er sérgreinasamband innan ÍBA. Tilgangur þess er að efla skíðaiþróttina, hreyfingu og heilbriggt líferni jafnt meðal keppnismanna sem almennings. Félagið stendur fyrir æfingum fyrir börn, unglinga og fullorðna og á að jafnaði keppendur á öllum helstu skíðamótum innanlands sem utan. Félagið er einnig mikilvægur og jákvæður félagslegur vettvangur iðkenda og aðstandenda þeirra. Hjá SKA starfa vel menntaðir og reyndir þjálfarar.

Í félaginu eru starfandi fagmennir fyrir alpagreinar, skíðagöngugreinar og frá hausti 2011 einnig fyrir bretta- greinar. Samkvæmt lögum félagsins er tilgangur þess að efla iðkun skíðaiþróttarinnar, bæði meðal keppnismanna og almennings og auka áhuga á gildi iþróttarinnar. Íþróttafélagið stendur fyrir þjálfun í iþróttinni. Því er mikilvægt að samvinna og samheldni ríki meðal félagsmanna og stjórnenda deilda auk þess sem þeir kappkosti að vinna að framgangi félagsins og markmiðum. Stjórnarmenn og þjálfarar í félaginu eru hvattir til að hafa frumkvæði og stuðla að virkri og árangursríkri samvinnu. Hér er um margþætta samvinnu að ræða sem nær ekki aðeins til allra þeirra sem annast stjórnslu hjá félaginu, heldur einnig til iðkenda og starfsmanna. Þá nær samvinnan einnig út fyrir raðir félagsins, eins og til foreldra, skóla, ÍBA, Íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrar, Skíðasambands Íslands og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Stefnt er að samstarfi við önnur íþróttafélög og grunnskóla þannig að börnum og unglingum verði sköpuð tækifæri til iþróttaiðkunar á breiðum grunni. Fjölhæf kunnátta og leikni barna í mörgum iþróttagreinum á unga aldri skilar sér í öflugum keppnis- og afreksmönnum framtíðar. Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að stuðla að iðkun iþróttar fyrir almenning sem og keppnis- og afrekshólk.



Skíðafélag Akureyrar **Ársskýrsla 2011**

Stjórn SKA og nefndir starfsárið 2010-2011

Stjórn SKA

Stjórn fundaði formlega 21 sinnum á starfsárinu. Í stjórninni sátu:

Hildigunnur Svavarsdóttir (formaður)
Gunnar Reynisson (varaformaður)
Guðríður Jónasdóttir (gjaldkeri)
Eyþór Bergmannsson (ritari)
Baldvin Stefánsson (meðstjórnandi)
Erlingur Guðmundsson (meðstjórnandi)
Ingólfur Gíslason (meðstjórnandi)

Á aðalfundi SKA í apríl 2011 gengu stjórnarmennirnir Baldvin Stefánsson og Ingólfur Gíslason úr stjórn, en báðir hafa þeir unnið óeigingjarnt starf fyrir félagið.

Auk stjórnar störfuðu tvær sérgreinanefndir, þ.e. alpagreinanefnd og skíðagöngunefnd. Þá eru starfræktar sex starfsnefndir, en það eru *barna- og unglinganefnd, ferðanefnd, fjárhagsnefnd, mótanefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd* og *Andrésar andarnefnd*.

Nú hefur þriðja sérgreinanefndin verið virkju, brettanefnd sem hóf formlega starfsemi sína haustið 2011.

Alpagreinanefnd

Í alpagreinanefnd sátu Ásmundur Einarsson, Dagný Linda Kristjánsdóttir, Gunnar H. Reynisson, Hrefna Magnúsdóttir og Tómas Ingi Jónsson. Fulltrúi þjálfara var Markús Jakobson.

Starfssvið alpagreinanefndar er í stórum dráttum tvíþætt, annars vegar að efla þátttöku og getu iðkenda í alpagreinum og hins vegar að efla þátttöku almennings í alpagreinum.

Skíðagöngunefnd

Í skíðagöngunefnd sátu Kári Jóhannesson formaður og meðstjórnendur voru Eyþór Bergmannsson, Baldvin Stefánsson, Jóhannes Kárasen, Sigurgeir Svavarsson og Ólafur Björnsson. Markmið nefndarinnar er að hlúa að skíðagönguþróttinni og kynna hana sem best.

Barna- og unglinganefnd

Í barna- og unglinganefnd sátu Stefanía Steinsdóttir formaður, Sólrún Tryggvadóttir, Erlingur Guðmundsson, Martha Óskarsdóttir, Lena Sif Björgólfsdóttir, Alma Ólafsdóttir, Þórunn Halldórsdóttir og Fríða Stefánsdóttir.

Ferðanefnd

Í ferðanefnd sátu Fanney Jónsdóttir formaður, Björk Guðmundsdóttir, Svala Reynisdóttir og Þórunn Harðardóttir.

Fjárhagsnefnd

Svala Jónsdóttir, Tómas Ingi Jónsson, Ingólfur Gíslason, Aðalgeir Hallgrímsson og Guðríður Jónasdóttir

Mótanefnd

Í mótanefnd alpagreina sátu Alma Ágústsdóttir, Dan Brynjarsson, Guðjón Marteinson, Guðmundur Hólm, Gunnar Gunnarsson og Ögmundur Knútsson.

Meginhlutverk mótanefndar er skipulag og ábyrgð á mótahaldi SKA og öll umsjón með mótum sem haldin eru á vegum félagsins.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Í fræðslu- og útbreiðslunefnd sátu Hermann Sigtryggsson, Helgi Jónsson, Indiana Hrönn Arnardóttir, Ingibjörg Lára Símonardóttir og Kári Jóhannesson. Meginhlutverk mótanefndar er útgáfa Skíðablaðsins sem kemur út ár hvert í samstarfi við Andrésar andar nefndina.

Andrésar andarnefnd

Í Andrésar andarnefnd voru Ingólfur H. Gíslason, Þóra Leifsdóttir, Smári Kristinsson, Aðalgeir Hallgrímsson, Arna Ívarsdóttir, Jóhannes Kárasen og Sigurgeir Svavarsson.



Bikarmót fullorðnir



Bikarmót fullorðnir



Yfirlit yfir starfssemi félagsins veturinn 2010-2011

Iðkendur

Samtals voru 126 skráðir iðkendur hjá SKA veturinn 2010-2011. Í alpagreinum voru 102 iðkendur, 46 drengir og 56 stúlkur. Í skíðagöngu voru 24 iðkendur, 15 drengir og 9 stúlkur.

Þjálfarar

Þjálfarar í alpagreinum: Þjálfarar iðkenda 15 ára og eldri voru Markús Jakobson og Jón Viðar Þorvaldsson. Þjálfari 13-14 ára iðkenda var Helgi Steinar Andrússon en þjálfari 11-12 ára iðkenda var Stefán Geir Andrússon, Snorri Páll og Krístrún María Björnsdóttir. Kristinn Magnússon og Ása Katrín Gunnlaugsdóttir þjálfuðu 9 – 10 ára iðkendur og Þóra Ýr Sveinsdóttir og Aðalheiður Reynisdóttir þjálfuðu iðkendur 8 ára og yngri. Tinna Tómasdóttir hafði umsjón með Andrésar andar skólanum.

Þjálfarar í skíðagöngu voru Ólafur Björnsson og Veronika Lagun með iðkendur 12 ára og yngri en um iðkendur 13 ára og eldri sá Vádim Gusev.

Fjáröflun

Nokkuð vel gekk að afla fjármagns fyrir Skíðafélagið í vetur. Helstu styrktaraðilar voru Samherji, Íslandsbanki og Glerártorg auk margra annarra fyrirtækja sem hafa stutt félagið með einum eða öðrum hætti. Auglýsingar voru settar á staurana í stólalýftunni og þar eru allir aug-

lýsendur með þriggja ára samninga. Einnig eru auglýsingar á staurum í Strýttunni og auglýsingaskiltið í eigu SKA við Shell Nesti er aftur komið í notkun. Þá gekk vonum frammar að afla auglýsinga fyrir Skíðablaðið sem fræðslu- og útbreiðslunefnd gaf út í apríl.

Mót

Alpagreinar:

- FIS mót: Dagnýjarmót, í fullorðinsflokki sem haldið var á milli jóla og nýárs.
- FIS mót: Hermannsmót var haldið um miðjan janúar.
- FIS mót: Icelandair Cup var haldið 9.-10. apríl 2011.
- Unglingameistaramót Íslands fyrir 13- 16 ára iðkendur.
- Svalamót fyrir yngri iðkendur
- Hilmarismót í svigi og stórsvigi
- Akureyrarmót í svigi og stórsvigi
- Andrésar Andar leikarnir í lok apríl. Að þessu sinni voru Andrésar Andarleikarnir einnig bikarmót hjá 13-14 ára flokki þar sem ekki hafði tekist að halda fyrirhuguð bikarmót í Bláfjöllum eða á Ísafirði sökum veðurs eða snjóleysis.

Almennt má segja að mótahald hafi gengið mjög vel, þegar hægt var að halda mót, en veturinn var mjög erfiður verðurfarslega og þurfti oft að fresta mótum, fyrst og fremst vegna þrálátrar SV-áttar í fjallinu. Þó tókst að halda öll mót sem fyrirhuguð voru, utan tveggja innanfélagsmóta fyrir iðkendur eldri en 13 ára þ.e. Akureyrarmóti og Svalamóti.

Skíðagöngumót:

- Keppnistímabil göngumanna byrjaði í desember með OFUR-göngu SKA, sem er fimm klukkutíma skíðaganga.
- Skíðastaðagangan fór fram í Hlíðarfjalli þann 15. janúar, voru þátttakendur tæplega hundrað og gekk mótið vel fyrir sig og var mikil fjöldi sem gekk lengstu vegalengd eða 24 km.
- Bikarmót fór fram helgina 4.-6. febrúar.
- Akureyrarmót – annars vegar með frjálsri aðferð og hins vegar hefðbundin ganga
- Opna SKA-mótið,
- Páskatrimm

Andrésarandar leikarnir 2011 í göngu og alpagreinum:

36. Andrésar andar leikarnir voru haldnir í 26.-29. apríl 2011. Að þessu sinni kom sumardagurinn fyrsti inn í páskavíkuna og því var ekki hægt að halda leikana á tilsettum tíma.

Keppt var í skíðagöngu og alpagreinum. Fjöldi keppenda í ár var 631 en það var fækkun frá 2010 um ca. 90 keppendur. Keppnin gekk í alla staði mjög vel og má það þakka dugmiklu starfsfólki skíðafélagsins sem stóð þétt saman með það eitt að markmiði að gera leikana sem eftirminnilegasta fyrir keppendur og aðra aðstandendur.

Ferðir

Ferðanefnd sér um að skipuleggja keppnisferðir fyrir 13 ára og eldri. Farið var í 5 ferðir á vegum ferðanefndar: til

Reykjavíkur, á Ísafjörð, í Oddskarð og í Stafdal. Skíðafélag Dalvíkur hefur ferðast með iðkendum SKA síðustu ár og nú í vetur vorum við líka með sömu gististaði.

Iðkendur 12 ára og yngri fóru Jónsmót á Dalvík og annaðist barna- og unglinganefnd skipulagningu þeirrar ferðar. Þar var 21 keppandi á vegum alpagreina SKA. Þá skipulagði barna- og unglinganefnd einnig fjölskylduferð á Siglufjörð. Heildarfjöldi í fjölskylduferðinni voru 85 manns.



8 ára og yngri - TePe mót

Merkustu viðburðir og árangur iðkenda SKA veturinn 2010-2011

Árangur iðkenda SKA á liðnum vetri er eins og svo oft áður mjög góður. Félagið átti 5 einstaklinga í landsliði SKÍ (alpagreina), en það eru þau Íris Guðmundsdóttir, María Guðmundsdóttir, Katrín Kristjánsdóttir, Sigurgeir Halldórsson og Róbert Ingi Tómasson.

Eins og svo oft áður átti SKA fulltrúa á HM fullorðinna, HM unglinga, Ólympíudögum Æskunnar og Topolino. Íris Guðmundsdóttir, Katrín Kristjánsdóttir, Sigurgeir Halldórsson og Gunnar Þór Halldórsson voru valin til að keppa á HM í Gamisch-Partenkirchen. Þá var Róbert Ingi valinn til að keppa á Ólympíudögum Evrópu-æskunnar sem fram fór í Liberec í Tékklandi. Sigurgeir, Róbert Ingi, Magnús Finnsson og Katrín Kristjánsdóttir tóku þátt á HM unglinga sem fram fór í Sviss og Kristín Rut Gunnarsdóttir tók þátt á Toppolinoleikunum sem fram fóru á Ítalíu. Allir þessir krakkar stóðu sig með þrýði og voru sér og félaginu til sóma.

Á Skíðamóti Íslands stóðu iðkendur SKA sig einnig vel. Íris Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í bæði í svigi og stórsvigi kvenna og þar með alpatvíkeppni líka. Katrín Kristjánsdóttir varð Íslandsmeistari í stórsvigi 17-19 ára, Sigurgeir Halldórsson varð Íslandsmeistari í stórsvigi, alpatvíkeppni og samhliðasvigi 17-19 ára, Magnús Finnsson varð Íslandsmeistari í svigi 17-19 ára og María Guðmundsdóttir varð Íslandsmeistari í samhliðasvigi 17-19 ára. Þá varð Sigurgeir einnig bikarmeistari SKÍ í flokki 17-19 ára.

Unglingarnir sem kepptu á UMÍ stóðu sig einnig þrýðilega þó svo að enginn meistaratitill hafi komið í hús þetta árið, en þau voru með í baráttunni um efstu sætin í flestum flokkum.

Árangur gönguiðkenda SKA á liðnum vetri var mjög góður sl. vetur. Félagið átti 2 einstaklinga í A-landsliði SKÍ, en það eru þeir Andri Steindórsson og Brynjar Leó Kristinsson. SKA átti einnig 2 í B-landsliði þ.e. Sindra Frey Kristinsson og Kristinn Þrúarinn Kristjánsson.

Vadim varð bikarmeistari SKÍ og unnu keppendur SKA til margra verðlauna á mótum vetrarins. Brynjar Leó sigrði í 15 km frjálsri aðferð á SMÍ og tvíkeppnina, Veronika sigraði í hefðbundinni aðferð á SMÍ og tví-

keppnina. Á UMÍ 2011 sigraði Ragnar Gamaliel Sigurgeirsson 5Km hefðbundið og 3,5Km frjálsaðferð, Ragnar vann því líka tvíkeppnina. Ragnar og Gunnar Ólafsson unnu síðan parakeppnina á UMÍ 2011.

4. Stefna og markmið SKA

Skíðafélag Akureyrar, SKA, er sérgreinasamband innan ÍBA. Tilgangur þess er að efla skíðaíþróttina, hreyfingu og heilbriggt líferni jafnt meðal keppnismanna sem almennings. Félagið stendur fyrir æfingum fyrir börn, unglinga og fullorðna og á að jafnaði keppendur á öllum helstu skíðamótum innanlands sem utan. Félagið er einnig mikilvægur og jákvæður félagslegur vettvangur iðkenda og aðstandenda þeirra. Hjá SKA starfa vel menntaðir og reyndir þjálfarar.

Í félaginu eru starfandi fagnefndir fyrir alpagreinar, skíðagöngugreinar og frá hausti 2011 einnig fyrir bretta- greinar. Samkvæmt lögum félagsins er tilgangur þess að efla iðkun skíðaíþróttarinnar, bæði meðal keppnismanna og almennings og auka áhuga á gildi íþróttarinnar. Íþróttafélagið stendur fyrir þjálfun í íþróttinni. Því er mikilvægt að samvinna og samheldni ríki meðal félagsmanna og stjórnenda deilda auk þess sem þeir kappkosti að vinna að framgangi félagsins og markmiðum. Stjórnarmenn og þjálfarar í félaginu eru hvattir til að hafa frumkvæði og stuðla að virkri og árangursríkri samvinnu. Hér er um margþætta samvinnu að ræða sem nær ekki aðeins til allra þeirra sem annast stjórnslu hjá félaginu, heldur einnig til iðkenda og starfsmanna. Þá nær samvinnan einnig út fyrir raðir félagsins, eins og til foreldra, skóla, ÍBA, Íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrar, Skíðasambands Íslands og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Stefnt er að samstarfi við önnur íþróttafélög og grunnskóla þannig að börnum og unglingum verði sköpuð tækifæri til íþróttaiðkunar á breiðum grunni. Fjölhæf kunnátta og leikni barna í mörgum íþróttagreinum á unga aldri skilar sér í öflugum keppnis- og afreksmönnum framtíðar. Eitt af meginmarkmiðum félagsins er að stuðla að iðkun íþróttar fyrir almenning sem og keppnis- og afreksfólk.



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2010

Skammstöfun: SFA
Heimasíða: www.svifflug.is
Netfang: svifflug@gmail.com
Símanúmer: 821 1331

Stjórn félagsins 2010:

Formaður: Sigtryggur Sigtryggsson
Varaformaður: Björn Einarsson
Gjaldkeri: Einar Björnsson
Ritari: Jón Magnússon
Meðstjórnandi: Björn Elvar Björnsson
Varamenn: Þórður Ívarsson og Eiríkur Jónsson
Flugkennarar: Sigtryggur Sigtryggsson og Einar Björnsson
Skoðunarstjóri: Jónas Hallgrímsson

Svifflug í 75 ár

- Markmið félagsins og áherslur:

Svifflugfélag Akureyrar hefur starfað óslitið frá stofnun árið 1937. Tilgangur félagsins er að stuðla að útbreiðslu svifflugíþróttarinnar og gera félagsmönnum kleift að iðka svifflugíþróttina með því að kaupa og reka svifflugur.

Félagið hefur nær allan tíman starfað á Melgerðismelum þar sem félagið á gott flugskýli. Svifflug er kennt á tveggja manna svifflugu, en eftir flugnám fljúga svifflugmenn gjarnan einir á léttari og rennilegri eins mans svifflugum. Oftast er svifflugur dregnar á loft með togvindu sem er ódýr og fljótleg flugtaksaðferð.

Starfsemi SFA hefur nær allan tíman verið borin upp af hópi unglunga og kornugra manna og þrotlausu sjálfboðaliðastarfi. Fjölmarginir atvinnuflugmenn hafa byrjað flugferil sinn hjá SFA.

Fyrir ca 15 árum fór smám saman að breytast tíðarandinn, bæði í alþjóðlegu svifflugi og hjá SFA. Þrotlaus sjálfboðaliðavinna og tímafrekar fjarvistir frá fjölskyldu voru ekki lengur sjálfsgæður hlutur. Flugtak með togvindu er hópverkefni sem krefst amk tveggja reyndra manna á jörðu niðri. Svifflugmenn skiptast á að fljúga og bíða, og það þarf 3 menn til að ganga frá svifflugum í skýli í lok flugdags.

Minni svifflugfélög í heiminum voru lögð niður eða sameinuð öðrum stærri, þar sem hægt var að hafa menn á launum. Nú á síðustu árum hafa aukist mjög mikið kröfur um pappírsvinnu við skoðun og rekstur flugtækja. Þetta hefur enn aukið „stofnanavæðingu“ svifflugíþróttarinnar.

SFA markaði nýja langtímastefnu fyrir ca 10 árum, að kaupa svifflug með hjálparmotor sem gerir reyndum

mönnum kleift að iðka svifflug með „sjálfsafgreiðslu“. Mörg ár tók að safna pening og undirbúa kaupin, en árið 2007 keypti félagið tveggja manna mótorsvifflugu sem hentar bæði til flugkennslu og svifflugs einstaklinga. Tekið var lán með veði í flugskýli til að fjármagna kaupin.



Ungir sjálfboðaliðar að vinna við flugskýli SFA við Sellandafjall 1955

Rekstur mótorsvifflugunnar hefur gengið erfðilega, lánið stökkbreyttist og viðhaldskostnaður og pappírsvinna hafa aukist mikið. En mörg ógleymanleg flug hafa verið flogin á þessa mótorsvifflugu sem ekki hefði verið hægt að fljúga á hefðbundinni svifflugu, og má sjá margar fallegar myndir úr þessum flugum á heimasíðu félagsins.

Svifflugfélög í heiminum eru gjarnan þátttakendur í íþróttasambandi viðkomandi lands. Á Sandskeiði starfar öflugt svifflugfélag. Það félag gekk í ÍSÍ fyrir mörgum árum síðan og alveg frá þeim tíma hefur innganga SFA í ÍBA verið rædd af og til. Svifflug á Melgerðismelum hefur einsog áður segir verið borið uppi af kornungum iðkendum og flugnemum og á fullt erindi inn í ÍBA. Það var svo árið 2010 sem félagið fékk inngöngu. Þá bregður svo við að félagið er í miðju og erfiðu umbreytingarferli yfir í mótorsvifflugufélag og óvenju lítil um flugennsla og ungmennastarf. Önnur kafnir stjórnarmenn hafa litið þátt tekið í starfsemi ÍBA. Til lengri tíma litið á SFA heima í ÍBA. Flugkennsla og ungmennastarf mun í framtíðinni örugglega aukast þegar núverandi erfiðleikar eru að baki, lán uppgreidd og skoðunarmál og evrópureglugerðir komnar í fastar skorður.

Yfirlit yfir starfsemi félagsins 2010:

Árið 2010 einkenndist einsog undangengin ár af erfiðri umbreytingu félagsins í mótorsvifflugfélag, með mikilli pappírsvinnu, viðhaldi og baráttu við stökkbreytt bólglið lán. Gjaldskrá félagsins var hækkuð mikið á aðalfundi félagsins í mars.

SFA fékk inngöngu í ÍBA í apríl, skref sem lengi hefur staðið til. Það mun eflaust verða til góðs þegar SFA kemst útúr núverandi erfiðleikum og getur farið að leggja aftur áherslu á flugkennslu og ungmennastarf.



Hin stórglæsilega mótorsviffluga félagsins TF-SBT á flugi.

Ágætlega viðraði til flugs sumarið 2010. Talsvert var flogið á mótorsvifflugu félagsins. Óvenju mikið var um gestaflug og steggja/gæsaflug enda reyndi félagið að auglýsa það talsvert. Þetta gaf félaginu bráðnauðsynlegar tekjur uppí stökkbreytt lán, en flugkennsla og unglingastarf hefur því miður verið með minnsta móti.

Félagsmenn flugu mótorsvifflugunni talsvert þrátt fyrir miklar verðhækkanir. Enn var mótorsvifflugan að færa félagsmönnum ný tækifæri sem hefðbundin sviffluga gefur ekki, m.a. flaug formaðurinn hitauppsteymisflug langt inni í Fnjóskadal og í Aðaldal.

Helstu viðburðir árið 2010:

SFA tók þátt í árlegri Flughelgi á Akureyrarflugvelli 19.-20. júní.

Íslandsmót í svifflugi er haldið annað hvert ár á Hellu á Rangárvöllum. Mótið féll niður 2010 vegna eldgoss í Eyjafjallajökli.

Tveir félagsmenn gerðu leiðangur á mótorsvifflugunni til Blönduóssflugvallar og heimsóttu þar hinn gamalreynda svifflugöldung Pétur Eggertsson og buðu honum í flugtúr. Pétur var svifflugkennari

á Melgerðismelum mörg sumur uppúr 1960 og margir atvinnuflugmenn lærðu hjá honum.

Eins og undanfarin ár komu svifflugbræður okkar í Svifflugfélagi Íslands norður eina helgi í septemberbyrjun með margar og góðar svifflugur og var mikið flogið.

Jón Magnússon ritari



"TF-SBT á Blönduósflugvelli. Jón Magnússon og afturi situr hinn gamalreyndi svifflugkennari Pétur Eggertsson sem kenndi svifflug á Melgerðismelum í kringum 1960, en býr nú á Hvammstanga."



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar Ársskýrsla 2011


Skammstöfun: SFA
Heimasíða: www.svifflug.is
Netfang: svifflug@gmail.com
Símanúmer: 821 1331

Stjórn félagsins 2011:

Formaður: Sigtryggur Sigtryggsson
Varaformaður: Jónas Hallgrímsson
Gjaldkeri: Einar Björnsson
Ritari: Jón Magnússon
Meðstjórnandi: Sindri Ólafsson
Varamenn: Haukur Jónsson og Eiríkur Jónsson
Flugkennarar: Sigtryggur Sigtryggsson og Einar Björnsson
Skoðunarstjóri: Jónas Hallgrímsson



Melgerðismelar u.þ.b. 1955.



Úr flugi Sigtryggs Sigtryggssonar og Gylfa Magnússonar frá Akureyri til Sandskeiðs. Mótorsviffluga félagsins svífur hljóðlaust um uppstreymið í hliðum Eiríksjökuls.



Á Melgerðismelum. Tveggja manna mótorsviffluga með innfeldan mótör nær, eins manns æfingasviffluga fjar.

Yfirlit yfir starfsemi félagsins 2010:

Árið 2011 einkenndist einsog undangengin ár af erfiðri umbreytingu félagsins í mótorsvifflugfélag, með mikilli pappírsvinnu, viðhaldi og baráttu við stökkbreytt bólgilán. Gjaldskrá félagsins var enn hækkuð á aðalfundi félagsins í ár, til viðbótar við miklar hækkunar í fyrra.

Árið 2011 er fysta árið frá upphafi þar nánast ekkert var flogið með hefðbundnu togvindustarti á Melgerðismelum, heldur var nær eingöngu var flogið á mótorsvifflugum félagsins.

Enn var mótorsvifflugan að færa félagsmönnum ný tækifæri sem hefðbundin sviffluga gefur ekki. Mikið var um austanáttir og náðust mörg flug í fjallabylgjum þar sem eldri svifflugur félagsins höfðu aldrei flogið áður, t.d. yfir óbyggðum norður í Flateyjardal.

Í lok sumars skemmdist mótorsvifflugan mikið í lendingu. Tryggingarfélagið hefur nú nýverið ákveðið að láta ekki gera við mótorsviffluguna heldur borga út tryggingarféð. Líklegt er að SFA lækki seglin nokkuð og kaupi verulega ódýrari og lakari mótorsviffluguheldur en þá sem keypt var í bjartsýnskasti sumarið 2007 og ættu lang-

dregin og sligandi fjárhagsvandræði SFA því vonandi að verða brátt úr sögunni.

Helstu viðburðir árið 2011:

SFA tók þátt í árlegri Flughelgi á Akureyrarflugvelli 25.-26. júní.

Íslandsmóti í svifflugi er haldið annaðhvort ár á Hellu á Rangárvöllum. Mótinu var frestað árið 2010 vegna eldgoss í Eyjafjallajökli, en það var í staðinn háð í júlí 2011. SFA sendi ekki menn til keppni á mótinu, en eins og jafnan áður voru nokkrir af „strákunum okkar“ meðal keppanda. Hinir svonefndu „strákarnir okkar“ eru Akureyringar sem lærðu svifflug á Melgerðismelum á unglingsárum, en eru löngu fluttir suður og fljúga farþegaþotum í vinnunni og svifflugum á Sandskeiði í frístundum.

Gerður var í fysta sinn leiðangur á Sandskeiði á mótorsvifflugunni í ágúst 2011. Mótorsvifflugan var á Sandskeiði u.þ.b. 10 daga og var mikið flogið. Á leiðinni suður var flogið ógleymanlegt svifflug í uppstreymi í norðurhlíðum Eiríksjökuls og glæsilegar myndir settar á heimasíðuna, einnig var norðurflugið yfir Gullfoss og Kerlingarfjöll eftirminnilegt.

Jón Magnússon ritari

Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2010

Stjórn SA 2010:

Björn Snær Guðbrandsson formaður
Finnur Steingrímsson varaformaður
Sigurður Áki Sigurðsson gjaldkeri
Gyða Árnadóttir ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon meðstjórnandi

Rekstur Skotfélags Akureyrar gekk vel á árinu 2010. Hagnaður félagsins var rúmlega 400.000 kr. þrátt fyrir hækkanir á helstu aðföngum og rekstrarliðum s.s. rafmagni, tryggingum og öðru því sem nauðsynlegt er við rekstur félagsins.

Við höldum 20 mót í 8 mismunandi greinum. Þar af voru níu mót í haglagreinum og 11 í kúlugreinum. Við höfum haft þann háttinn á að öll mót eru opin þ.a. félagar í öðrum skotfélögum hafa getað komið og keppt og haft sömu rétt til verðlauna og aðrir. Þetta fyrirkomulag hefur aukið fjölda keppenda og gert mótin þar með mun skemmtilegri og meira krefjandi. Það er því ljóst að þetta fyrirkomulag verður áfram. Við höldum aðeins eitt landsmót á árinu eins og undanfarin ár og það var STI mót í skeet. Ástæðan er sú að við erum með fáa keppendur í skeet en það er eina greinin sem keppt er í á landsvísi á sumrin. Það er ekki ennþá keppt í sporting en við bindum vonir við að það verði á næstu árum. Í kúlugreinunum er keppt á veturna og þar sem við vorum ekki komin með inniaðstöðu þá gátum við ekki haldið slík mót. Skv. okkar plönun þá verður inniaðstaðan komin í gagníð næsta haust og þá ættum við að geta haldið 1-2 landsmót í staðl- aðri skammbyssu og loftbyssu.

Undanfarin ár hefur Skotfélag Akureyrar átt fáa keppendur sem keppa á landsvísi. Í skeet hafa 2-3 verið að keppa og einn í loftgreinum. Þessu þurfum við að breyta. Við teljum að það verði forgangsmál næstu misserin að fjölga keppendum á landsvísi og jafnframt að ná titlum til félagsins. Inniaðstaðan mun breyta þessu að einhverju leyti en aðstaðan ein og sér er ekki næg. Sem dæmi má nefna að við höfum haft frábæra útiaðstöðu til margra ára en þar höfum við aðeins einn keppanda sem var á meðal 10 bestu á síðasta ári. Við þurfum að setja okkur markmið og útfæra síðan leiðir að því. Þetta gerist ekki á einum degi en á næstu 3-5 árum sjáum við vonandi jákvæða þróun í þessum málum.

Undanfarin ár hefur tími og kraftur félagsins farið í að byggja upp góða aðstöðu fyrir félagsmenn. Þessari vinnu líkur aldrei en með síðustu viðbótum á sportingvöllinum, endurnýjun véla á skeetvöllinum, 500 metra ríffilbraut og



Áramót 2010. f.v. Gísli Ólafsson, Björn Stefánsson og Björn Snær Guðbrandsson.

inniaðstöðu þá er komin góð umgjörð sem ætti að duga einhvern tíma fyrir utan eðlilegt viðhald. Þar sem það stýttist í að þessi kúfur verði að baki þá ættum við að hafa tíma og kraft til að sinna betur innra starfi félagsins.

Skotmaður ársins 2010 var Finnur Steingrímsson og er hann vel að titlinum kominn þar sem hann er mjög fjölhæfur og góður skotmaður. Annar í kjörinu var Guðlaugur Bragi Magnússon en hann hefur tekið miklum framförum síðustu ár. Þetta eru öflugir skotmenn og ljóst að þetta eru bestu keppnismenn SA um þessar mundir.

Árið 2011

Það er ekki hægt að segja að árið 2011 hafi byrjað vel en góður og traustur félagi féll frá í byrjun árs. Þetta var Gísli Ólafsson en hann var einn af þeim sem lagði grunn að þeirri aðstöðu sem við höfum nú hér á Glerárdal en aðstöðuna fengum við afhenta 1991. Gísli keppti jafnframt í mörg ár fyrir félagið við góðan orðstír. Hann var einn af fáum félögum frá þessum tíma sem var enn að keppa og var áramótið hans síðasta mót. Til að heiðra minningu Gísla þá munum við skíra eitt mót í höfuðið á honum. Okkur fannst við hæfi að það væri sportingmót en Gísli vann fyrsta sportingmótið sem haldið var hjá Skotfélagi Akureyrar. Við höfum keypt keppnisbyssu Gísla og mótið mun verða opnað með þeirri byssu.

Eitt helsta deilumál í félaginu síðustu árin er aðgengi að ríffilhúsi. Sú stefna hefur verið að takmarka það utan hefðbundinna opnunartíma við þá sem hafa keppt á mótum og mætt á vinnudaga félagsins. Nú munum við breyta þessu. Frá og með 1. september verður sett upp master-

kerfi í ríffílhúsið. Félagsmenn geta leigt lykíl og er árgjaldið 10.000 kr. Þeir félagsmenn sem mæta á vinnudaga félagsins og keppa í a.m.k. tveimur mótum þurfa hins vegar aðeins að borga 5.000 kr. Við vonumst til þess að þetta nýja fyrirkomulag komi til móts við þá sem hafa verið ósáttir við núverandi kerfi.

Að öðru leyti mun árið verða með hefðbundnu sniði. Við reiknum með að halda svipaðan fjölda móta og undanfarið. Svæðið verður opið eins og í fyrra og við höfum þegar ráðið starfsmann fyrir sumarið.

Framundan er vinna við að setja upp inniaðstöðu

félagsins og við vonumst til að félagsmenn verði tilbúnir að leggja okkur lið í þeirri vinnu. Þegar vorar verður stærsta verkefnið að ljúka við frágang á sportingvöllum. Til viðbótar verða svo hefðbundin viðhaldsverkefni.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim sem veittu félaginu lið á síðasta ári og vonum að það verði jafn margir og helst fleiri tilbúnir að leggja okkur lið við verkefni ársins.

Akureyri 23. mars 2011

Björn Snær Guðbrandsson

formaður Skotfélags Akureyrar



Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2011

Stjórn SA 2011:

Björn Snær Guðbrandsson formaður
Finnur Steingrímsson varaformaður
Sigurður Áki Sigurðsson gjaldkeri
Gyða Árnadóttir ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon meðstjórnandi

Rekstur Skotfélags Akureyrar gekk vel á árinu 2011 og skilaði félagið rekstrarafgangi eins og undanfarin ár.

Við höldum 23 mót í 10 mismunandi greinum. Þar af voru tíu mót í haglagreinum og þrettán í kúlugreinum. Mótin voru því heldur fleiri en árið á undan. Mikil gróska hefur verið í öllum keppnisgreinum og hefur keppendum fjölgað verulega og þá ekki síst í kúlugreinum. Af haglagreinunum nýtur Sporting mestra vinsælda en fjöldi keppenda fór tvívegis í um 20 manns. SA hélt eitt landsmót í Skeet og komu keppendur víðsvegar af landinu.

Keppendur í ríffílskotfimi gerðu víðreist á árinu og tóku þátt í mótum hjá Skotfélagi Húsavíkur og Austurlands og náðu þar góðum árangri. Ætlunin er að efla þetta samstarf félaganna enn frekar.

Skotmaður ársins 2011 var Finnur Steingrímsson og er þetta annað árið í röð sem hann hlýtur þennan titil. Finnur er vel að titlinum kominn þar sem hann er mjög fjölhæfur og góður skotmaður. Hann varð Akureyrarmeistari í Trap-skotfimi og varð annar í Akureyrarmeistaramótum í Staðlaðri skammbýssu og Sporting. Finnur náði einnig góðum árangri í loftgreinum og varð hann m.a. í þriðja og fjórða sæti á STI mótum í loftskammbýssu og tvívegis náði hann öðru sæti í lofttríffli, þar á meðal á Íslandsmótinu.

Annar í kjörinu varð Guðlaugur Bragi Magnússon en hann keppir aðallega í Skeet en náði þó þeim árangri í



Akureyrarmeistarar 2011. f.v. Guðmundur Brynjarsson, Þórður Ívarsson, Sigurður Áki Sigurðsson, Finnur Steingrímsson, Guðlaugur Bragi Magnússon, Áki Garðarsson og Bragi Óskarsson.

sumar að verða Akureyrarmeistari í Staðlaðri skammbýssu. Bragi vann eitt STI mót í Skeet og varð fjórði í tveimur öðrum.

Á árinu var verið að leggja lokahönd á Sportingvöllinn með því að bæta við tveimur vélum og eru nú 7 kastvélar á svæðinu. Að öðru leyti var mest um viðhaldsvinnu að ræða á skotvöllum.

Nú er malarnámi lokið á svæði félagsins og eftir situr ný ríffílbaut. Það á þó eftir að ganga frá henni og væntum við þess að farið verði í það verk í vor en það er Akureyrarbær sem hefur umsjón með verkinu.

Mikil vinna og fjármunir hafa farið í að byggja upp inniaðstöðu félagsins í kjallara íþróttahallarinnar og er þeirri vinnu ekki lokið ennþá. Við vonumst þó til þess að geta hafið æfingar þar í haust, en inniaðastaðan er ein aðalforsenda þess að við getum náð til yngri keppenda. Þar getum við boðið upp á loftbýssuskotfimi en sú grein er



Skotmaður SA 2010 og 2011. Finnur Steingrímsson.

ódýr og þægileg leið til að stíga sín fyrstu skref í skotfimi. Aðstaðan er mjög vel staðsett og því gerum við okkur vonir um að t.d. framhaldsskólanemar fari að hefja æfingar hjá okkur.

Árið 2012

Framundan er viðburðaríkt ár. Mótaskráin er orðin klár og skv. henni verða 27 mót á árinu sem er í takt við vaxandi áhuga félagsmanna á æfingum og keppni. Hámark ársins verður svo Íslandsmótið í Skeet en það verður haldið helgina 11.-12. ágúst.

Svæðið verður opið svipað og áður og við höfum þegar ráðið starfsmann fyrir sumarið. Við ætlum reyndar aðeins að draga úr opnun svæðisins í mars og apríl þar sem það eru aðallega kúlugreinamenn sem sótt hafa í þessa voropnun en nú geta þeir leigt sér lykil og þurfa því ekki að treysta á hefðbundna opnun.

Að lokum vill stjórnin þakka öllum þeim sem veittu félaginu lið á síðasta ári og vonum að það verði jafn margir og helst fleiri tilbúnir að leggja okkur lið við verkefni ársins.

Akureyri 28. febrúar 2012

Björn Snær Guðbrandsson

Formaður Skotfélags Akureyrar



Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2010

Yfirlit yfir starfsemi félagsins árið 2010.

Óhætt er að segja að árið 2010 hafi verið brotið blað í sögu Fimleikafélags Akureyrar. Framan af árinu var starfið þó með hefðbundnum hætti, æfingar í Glerárskóla og þátttaka á mótum í Reykjavík. Akureyrarfjör var haldið í Glerárskóla og gestir mótsins komu frá Ármanni, Gerplu og Stjörnunni. Akureyrarmeistarar voru krýndir í þrepum og fengu þeir veglegan bikar að gjöf. Glæsileg vorsýning var haldin að vanda í Íþróttahöllinni í lok maí þar sem allir iðkendur FIMAK tóku þátt og sýndu listir sínar fyrir fullu húsi. Strax eftir vorsýningu hófst mikil vinna hjá félaginu við að pakka áhöldum og undirbúa flutning úr Glerárskóla í hið nýja og glæsilega fimleikahús sem staðsett er í Íþróttamiðstöðinni við Giljaskóla. Áralangri bið eftir viðunandi æfingaaðstöðu var loksins lokið og gríðarleg eftirvænting var hjá þjálfurum og iðkendum að getað byrjað æfingar í nýja húsinu. Farnar voru margar ferðir með flutningabilum og kerrum og gríðarleg vinna var að koma skipulagi á hina nýju æfingaaðstöðu. Var það einkum að þakka yfirþjálfara félagsins, Florin Páun, hversu vel sú vinna gekk. Einnig öllum þeim foreldrum, þjálfurum, iðkendum og stjórn félagsins sem veittu ómetanlega aðstoð. Júnímánuður fór að mestu leyti í þessa flutninga og af þeim sökum voru ekki haldnir sumarfimleikar á þeim tíma líkt og tíðkast hafði síðustu árin. Þess í stað var boðið upp á 3ja vikna sumarfimleika um miðja júlí fram í byrjun ágúst og fékk félagið leyfi til að nota hluta nýja hússins undir þá. Um miðjan ágúst hófust loks æfingar hjá keppniskrökkum í húsinu af fullum krafti en æfingar hjá öðrum iðkendum hófust 4. september.

Formleg vígsla hússins og afhending þess fór ekki fram fyrr en um miðjan október þrátt fyrir að félagið hafi fengið húsið afhent í júní og æfingar hafist af krafti í byrjun ágúst. Vígsluathöfnin var hin myndarlegasta í alla staði og



Ögri Harðarson 4. þrep

fjöldinn allur af gestum mætti til að berja húsið augum og gleðjast yfir þessum merka áfanga.

Í byrjun nóvember var í fyrsta skipti í sögu félagsins haldið fimleikamót á vegum FSÍ. Um var að ræða mjög stórt þrepamót í áhaldafimleikum karla og kvenna. Keppendur mótsins voru um 500 frá ýmsum félögum. FIMAK átti marga keppendur og stóðu þeir sig allir með þryði. Mótið stóð yfir í tvo heila daga og að því loknu fékk félagið mikið hrós frá stjórn FSÍ, bæði fyrir framkvæmd þess sem og allt utanumhald. Þess ber að geta að sem endranær hefði félagið ekki getað framkvæmt þetta nema fyrir tilstuðlan allra þeirra sjálfbodaðliða sem lögðu hönd á plóginn sem og allra þeirra fyrirtækja á Akureyri sem veittu því ómetanlegan stuðning. Fyrir það ber að þakka.

Í desember var svo hið árlega jólasprell haldið þar sem iðkendur sýndu listir sínar fyrir troðfullu húsi. Jólasveinar heimsóttu laugardagsbörnin og gerðu þeim glaðan dag.

Á milli jóla og nýárs tók félagið við rausnarlegum styrk frá Samherja, að fjárhæð 5 milljónir króna og var sá styrkur ætlaður eins og áður til að greiða niður æfingagjöld og keppnisferðir iðkenda á grunnskólaaldri.

Fimleikamaður ársins 2010 í áhaldafimleikum stúlkna var kjörin Heiða Hansdóttir, í áhaldafimleikum drengja, Stefán Trausti Njálsson og í hópfimleikum, Helena Rut Pétursdóttir.

Heiða Hansdóttir var jafnframt fulltrúi Fimleikafélags Akureyrar í valinu á íþróttamanni Akureyrar.

Stjórn félagsins skipa Birna Ágústsdóttir formaður, Inga Stella Pétursdóttir varaformaður, Eva Reykjalín gjaldkeri, Hans Rúnar Snorrason ritari og Jón Sigmarsson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Matthea Sigurðardóttir og Guðrún Vaka.

F.h. stjórnar,

Birna Ágústsdóttir, formaður.



4. þrep Andrea Hansen

Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2011

Yfirlit yfir starfsemi félagsins árið 2011

Árið 2011 var Fimleikafélagi Akureyrar að mestu leyti gott og sú vinna sem hófst haustið 2010, við að koma félaginu fyrir í hinu nýja húsi, hélt áfram af fullum krafti allt árið 2011. Félagið stækkaði mjög ört síðastliðið ár og var iðkendafjöldinn kominn vel yfir 800 í lok árs. Þar með var félagið orðið eitt af stærstu íþróttafélögum á Akureyri.

Starfssemi félagsins var að sama skapi mjög viðburðarík árið 2011 og dagskráin þéttskipuð. Höfðu stjórn félagsins sem og aðrar nefndir og starfsmenn þess í nógu að snúast við almennt utanumhald félagsins, rekstur þess, skipulagingu móta og annarra viðburða.

Fyrsta mót ársins 2011 sem iðkendur FIMAK sóttu var þrepamót FSÍ í áhaldafimleikum, sem haldið var helgina 29.- 30. janúar í Stjörnuheimilinu, Garðabæ. Þar var keppt í 5. þrepi stúlkna. Framhald af því var þrepamót FSÍ sem haldið var í Versölum hjá Gerplu helgina 4. 5. febrúar þar sem keppt var í 1.- 4. þrepi stúlkna og 1.- 5. þrepi drengja.

Íslandsmót unglinga í hópfinleikum fór fram í Ásgarði 18.- 20. febrúar. Átti FIMAK keppendur í 4., 5. og 6. flokki.

Bikarmót í áhaldafimleikum var haldið 25. - 27. febrúar hjá Ármanni. FIMAK átti 3 lið í 3.- 5. þrepi stúlkna og eitt lið í 5. þrepi drengja.

Íslandsmót í þrepum í áhaldafimleikum fór fram laugardaginn 5. mars. Fimleikafélag Akureyrar átti þar tvo keppendur, þau Guðrúnu Jónu Þrastardóttir og Jón Smára Hansson.

Dagana 25.- 26. mars fór fram innafélagsmót hjá FIMAK, Akureyrarfjör, þar sem allir iðkendur félagsins á grunnskólaaldri fengu að spreyta sig. Mótið gekk vel og flestir ánægðir eftir daginn. Akureyrarmeistarar voru krýndir og fengu þeir eftir sem áður veglegan bikar að gjöf.



Ögri og Breki Harðarsynir sigurvegarar á haustmóti 2011



Keppendur á haustmóti 2011

Helgina 14.-15. maí hélt FIMAK Vormót FSÍ í hópfinleikum. Yfir 600 keppendur mættu til leiks í 59 liðum frá 12 félögum víðs vegar af landinu. Keppt var í landsreglum í 3. - 5. flokki stúlkna og 3.- 5. flokki drengja og Mix ásamt því að krýndir voru deildarmeistarar vetursins í hverjum flokki fyrir sig. Þetta var stærsta fimleikamót sem haldið hefur verið á Akureyri og auk þess með stærri fimleikamótum sem haldin eru á Íslandi. Það má því með sanni segja að þetta hafi verið mikil reynsla fyrir okkur sem störfum fyrir félagið.

Laugardaginn 21. maí var svo hin árlega vorsýning fimleikafélagsins haldin, í fyrsta skipti í nýja fimleikahúsinu. Skipta varð hinum mikla iðkendafjölda félagsins niður á þrjár sýningar og var hver sýning um 45 mínútur. Fullt var út úr dyrum á öllum sýningum. Þema sýningarinnar var að þessu sinni frumskógurinn.

Víkuna 15.-18. ágúst var haldið sérstakt Parkour námskeið. Fékk félagið til liðs við sig Parkour þjálfara frá Danmörku, Tom Nyeng Möller. Tom sá um námskeiðið ásamt þeim Stefáni Þór Friðrikssyni og Erni Haraldssyni Parkour þjálfurum FIMAK.

Helgina 22.-23. október fór fram fyrsti hluti Haustmóts FSÍ í áhaldafimleikum sem haldinn var í Hafnafirði hjá Björkunum. Þar voru saman komnir allir fremstu fimleikamenn landsins þar sem keppt var í frjálsum aðferðum, 1. og 2. þrepi kvenna og karla. Fimleikafélag Akureyrar átti þar einn keppenda Guðrúnu Jónu Þrastardóttir sem keppti í 2. þrepi.

Helgina 4.- 6. nóvember fór fram annar hluti Haustmóts FSÍ í 3. - 5. þrepi drengja og stúlkna hér á Akureyri þar sem um 300 keppendur mættu til leiks. Þetta var í annað sinn sem við höldum þetta mót og allt gekk samkvæmt áætlun. Árangur okkar iðkenda á heimavelli var frábær.

Haustmót í hópþímleikum fór fram helgina 29.- 30. október á Akranesi. Fimleikafélag Akureyrar sendi 6 lið til keppni (50-60 keppendur) í landsreglum í 3. flokki, 4. flokki og 5. flokki. Árangur liðanna var mjög góður.

Í desember voru valdir íþróttamenn Fimleikafélags Akureyrar. Við valið var eftir sem áður tekið mið af árangri á mótum, ástundun og jákvæðni á æfingum auk þess sem viðkomandi verður að vera góð fyrirmynd annarra iðkenda.

Fimleikamaður ársins 2010 í áhaldafimleikum stúlkna var kjörin Guðrún Jóna Þrastardóttir, í áhaldafimleikum drengja, Jón Smári Hansson og í hópþímleikum, Bryndís Huld Þórarinsdóttir. Jón Smári var jafnframt valinn fulltrúi Fimleikafélags Akureyrar í valinu á íþróttamanni Akureyrar.

Helstu markmið félagsins og áherslur fyrir árið 2011 voru sem áður að vera öflugt og sýnilegt félag og reyna að skapa tækifæri fyrir sem flesta til að stunda fimleika. Félagið hefur lagt sérstaka áherslu á að reyna að ná til þeirra unglinga, bæði stúlkna og drengja, sem hafa ekki endilega stundað neinar íþróttir áður. Boðið var upp á námskeið í parkour fyrir 10 ára og eldri, sem var mjög vel sótt af ungum drengjum og hefur áhuginn á þessari tegund fimleika aukist verulega. Áhugi stúlkna á parkour



4. þrep haustmót 2011

hefur ekki verið til jafns við áhuga drengja enn sem komið er. Foreldrar parkour iðkenda hafa sett sig sérstaklega í samband við félagið og lýst mikilli ánægju með þetta framtak félagsins þar sem loksins sé kominn íþrótt sem höfði til þessa hóps og það sé eins og allir viti besta forvörninn.

Einnig var gerð sú nýbreytni að bjóða stúlkum og drengjum, 14 ára og eldri, sem ekki vildu æfa lengur með keppnishópum eða höfðu jafnvel aldrei æft fimleika áður, að fara í svokallaðan mix hóp en sá hópur samanstendur af blöndu af báðum kynjum, þar sem stundaðar eru krefjandi æfingar í góðum félagsskap. Þessi tilraun félagsins hefur mælst gríðarlega vel fyrir og m.a. komið í veg fyrir brottfall iðkenda eftir að keppni líkur. Félagið hefur einnig í nokkur ár boðið upp á fimleika fyrir fullorðna, svokallaða goldies hópa, en þar koma saman einstaklingar 20 ára og eldri, bæði konur og karlar, ýmist með fimleikagrunn eða ekki, og æfa saman fimleika undir stjórn þjálfara félagsins.

Vilji félagsins til að bjóða fótluðum að æfa fimleika og nýta þá frábæru aðstöðu sem félagið hefur upp á að bjóða hefur því miður ekki náð fram að ganga. Er tímaleysi stjórnar þar helst um að kenna. En vonandi verður bætt úr því fljótlega.



4. þrep 13 ára og eldri, Amanda Helga á jafnvæggisslá

Í stjórn félagsins eru Birna Ágústsdóttir, formaður, Inga Stella Pétursdóttir, varaformaður, Hans Rúnar Snorrason, gjaldkeri, Friðbjörn Möller Baldursson, ritari og Guðrún Vaka, meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Matthea Sigurðardóttir og Freydis Heiðarsdóttir.

Mótanefnd skipa Arna Hrönn Skúladóttir, Florin Páun, Guðrún Gyða Hauksdóttir, Guðrún Vaka, Inga Stella Pétursdóttir, Katrín Emma Jónsdóttir, Matthea Sigurðardóttir og Rannveig Inga Ómarsdóttir.

Foreldrafélag skipa Agla Egilsson, Drífa Þórarinsdóttir, Hafdis Sif Hafþórsdóttir, Kristbjörg Góa Sigurðardóttir og Kristbjörg Jörgensdóttir.


Í fjáröflunarnefnd eru Guðrún Vaka og Þórleifur Björnsson.

Að þessu sögðu þakkar Fimleikafélag Akureyrar öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt árið 2011, innilega fyrir aðstoðina.

F.h. stjórnar
Birna Ágústsdóttir formaður



4. þrep 13 ára og eldri haustmót 2011



Stofnað 1964

Íþróttafélagið Narfi Ársskýrsla 2010

Skýrsla formanns árið 2010

Frjálsar íþróttir

Unnar Vilhjálmsson frá UFA hefur séð um að þjálfa krakkana í frjálsum einnig hafa Einar og Gígja farið og æft með UFA inná Akureyri. Þau eru að fara til Gautaborgar í sumar og við erum afar stolt af þeim.

Meðal annar eru það mót sem haldin hafa verið hérna í íþróttahúsinu sem félagið hefur séð um og gengið vel.

Fótbolti

Áhuginn á fótbolta er ekki mikill meðal yngri kynslóðarinnar hérna í Hrísey, en eins og allt þá er það breytingum háð hvað krakkar nú til dags velja sér, eins og tölvur og innivera í stað þess að vera úti að leika sér og stunda íþróttir.

Undan farin ár hefur knattspyrnufélagið tekið þátt í utandeildinni og gengið misjafnlega. En því miður vegna skorts á leikmönnum þá verðum við ekki með í ár. En við vonum að það eigi eftir að lagast. Þeir sem spiluðu með félaginu borguðu fyrir leikina og allan kostnað sjálfir.

Sund

Búið er að hafa samband við Atla Svein Jónsson um að hafa sundæfingar í sumar fyrir krakka.

17. júní

Spretthlaup og annað sprell.

Áramótaball

Ungmennafélagið hefur haldið áramótaball og gengið vel.

Jólaball annan í jólum

Ungmennafélagið hefur séð um jólaballið annan í jólum ár hvert og er það aðalega fólgið í því að setja upp jólatré, fá nammipoka og mandarínur og jólasveina fyrir börnin.

Íþróttaskóli

Íþróttaskóli barna á aldrinum 1-5 ára hefur verið einu sinni í viku sl. 10. ár á haustin og vorin. Ingibjörg Guðmundsdóttir og Berglind Smáradóttir hafa séð um skólann.

28. apríl 2011

F.h. stjórnar ungmennafélagsins Narfa
Narfi Freyr Narfason



Stofnað 1964

Íþróttafélagið Narfi Ársskýrsla 2011

Okkar félagsstarf hefur verið svipað og á síðastliðnum árum. Þar ber hæst vikulegar frjálsíþróttæfingar undir dyggri stjórn Unnars Vilhjálmssonar og aðstoðarfólks hans, þar æfa um 20 börn á aldrinum 6-15 ára öll saman. Nokkur þeirra hafa tekið þátt í mótum undir merkjum Narfa á árinu. Við höldum Hríseyjarmótið í frjálsum á liðnu hausti í 3. sinn og var þátttaka góð. Rúmlega 30 keppendur frá UMF Narfa, UMSE og UFA tóku þátt. Námskeið fyrir leikskólabörn voru haldin á vor og haustönn undir stjórn Ingibjargar Guðmundsdóttur þroskaþjálfar/kennara. Þar eru börnin látin takast á við krefjandi æfingar og leiki til að auka hreyfigetu og einbeitingu, þar er alltaf mikið fjör. Æfingarnar eru vikulegar. Viðavangshlaupið á 17. júní var á sínum stað og þar var þátttaka góð þrátt fyrir kalt veður, Ungmennafélagið hefur staðið fyrir dagskrá í tilefni dagsins undanfarin ár. Mikil eftirspurn var eftir því að æfa fótbolta meðal skólakrakkana í Hrísey. Þeim óskum var mætt og vikulegum æfingum komið á í október. Ingimar Ragnarsson þjálfar um 20 krakka sem mæta í tveimur aldurshópum frá 6-9 ára og frá 11-15 ára. Æfingar ganga vel og er stefnt á að halda áfram. Jólaball félagsins var á sínum stað á annan í jólum. Það hefur verið haldið í áratugi og þykir mörgum ómissandi hluti jólahátíðarinnar.

Á gamlársglasi var íþróttamaður ársins tilnefndur í fyrsta sinn hjá okkur og varð Einar Örn Gíslason frjálsíþróttamaður fæddur 1998 fyrir valinu. Hann hefur auk vikulegra æfinga með UMF Narfa sótt æfingar 2-3

í viku til Akureyrar og tekið þátt í fjölmörgum mótum þ.á.m. á móti í Gautaborg s.l. sumar. Við erum mjög stolt af honum. Á aðalfundi í mars var kosinn nýr formaður, Heimir Áslaugsson tók við starfi Narfa Freys Narfasonar sem þurfti að hverfa til annarra starfa. Margt fleira var gert til að styrkja félagsandann í Hrísey og stefnum við á að verða enn öflugri 2012.



Stjórn

Heimir Áslaugsson formaður
Bára Steinsdóttir gjaldkeri
Pétur Steinþórsson ritari
Narfi Freyr Narfason
Ingimar Ragnarsson
Einar Örn Gíslason, íþróttamaður



Akureyri handboltafélag Ársskýrsla 2010-2011

Stofnað 2006

Árið 2010 var að mörgu leiti sérstakt og gott fyrir Akureyri handboltafélag. Á árinu 2010 var undirritað samkomulag milli KA og Þórs um áframhaldandi samstarf um rekstur meistaraflokks og annars flokks karla í handbolta til næstu 10 ára. Þetta markar að sjálfsögðu framhaldið og að sátt og eining sé milli aðila um það starfs sem unnið er undir merkjum Akureyrar handboltafélags. Það var í sjálfu sér ekkert sjálfgefið en með þrautsegu og dugnaði þeirra aðila sem haldið hafa merki Akureyrar á lofti er verið að skapa grundvöll til glæstrar framtíðar.

Fyrir leiktíðina 2010-2011 var orðið ljóst að þó nokkrar breytingar yrðu á liði félagsins ásamt því að Rúnar Sigtryggsson þjálfari myndi láta af störfum en Rúnar hafði þjálfað liðið frá stofnun þess 2006. Akureyri handboltafélag vill nota þetta tækifæri til að þakka Rúnari fyrir hans mikla framlag í þágu Akureyrar handboltafélags ekki bara sem þjálfara heldur ekki síður mannsins sem með sinni ákefð dreif okkur áfram þegar okkur fundust öll sund vera að lokast er erfiðleikar steðjuðu að ungu félagi.

Nokkrir leikmenn höfðu ákveðið að hverfa á önnur mið eða hætta. Árni Sigtryggsson fór í atvinnumennsku til Þýskalands, Andri Snær fluttist til Danmerkur og leikur þar í efstu deild, Jónatan Magnússon fór til Noregs, Heiðar fór í Val, Hafþór markmaður flutti sig í Mosfellsbæinn og spilar með Aftureldingu og hefur líklega verið þeirra besti maður í vetur. Hörður Flóki sem staðið hafði sig alveg frábærlega ákvað að leggja skóna á hilluna.

Gestur Guðrúnarson sem verið hafði framkvæmdastjóri hjá okkur ákvað einnig að snúa sér að öðrum verkefnum eins og að klára sitt nám sem fengið hafði að sitja á hakanum vegna anna við rekstur félagsins. Eru Gestir þökkuð frábær störf í þágu félagsins og sú mikla ósérhlífni sem hann sýndi m.a. með því að fresta námi svo handboltinn gæti gengið fyrir.

Fyrstu verk stjórnar þegar síðasta tímabili lauk var að finna framkvæmdastjóra í stað Gest. Strax var leitað til Hlyns Jóhannssonar sem verið hafði þjálfari kvennaliðs KA/Þórs en hafði látið af störfum sem slíkur. Eftir smá umhugsun ákvað Hlynur að taka að sér verkefnið og fullyrði ég að hann hefði staðið sig frábærlega, oft á tíðum við erfiðar aðstæður. Hlynur er mikill keppnismaður, fylginn sér og áhugasamur fram í fingurgóma og hafa þau ein-kenni hans rekið okkur stjórnarmennina áfram.

Strax var farið að leita að þjálfara í stað Rúnars og um leið og nafn Atla Hilmarssonar kom upp var ekki aftur snúið. Eftir tiltölulega stuttan samningstíma var Atli ráðinn til starfans við mikla ánægju handboltaunnenda. Fljótlega eftir ráðningu Atla var gengið til samninga við



Bestu áhorfendur á Íslandi

Sævar Árnason sem aðstoðarþjálfari og hafa þeir sem tvíeyki staðið sig frábærlega.

Bæta þurfti í leikmannahópinn því miklar kröfur voru gerðar eftir góða niðurstöðu frá fyrra tímabili og eins og áður sagði nokkrir leikmenn yfirgefið hópinn ásamt því að við þurftum markmann.

Að lokum var gengið frá samningum við þrjá nýja leikmenn þá Sveinbjörn Pétursson markmann sem kemur að láni frá HK, Bjarna Fritzson sem kom frá FH og Daniel Einarsson sem kom frá Stjörnunni. Með þessum mönnum og þeim leikmönnum sem voru fyrir hjá okkur, eldri leikmönnum og reyndari og ungum og efnilegum, var okkur ljóst að við gætum verið með hörku lið.

Æfingar hófust í byrjun ágúst undir stjórn Atla ásamt því að við fengum Dean Martin knattspyrnuþjálfara til að sjá um líkamspjálfun leikmanna.

Nokkrir æfingleikir voru spilaðir fyrir væntanlegt mót og ljóst að liðið var til alls líklegt.

Fyrsti leikur var síðan við HK þann 30. september og vannst sá leikur með fáheyrðum yfirburðum 29-41 á úti-velli. Liðið var greinilega til alls líklegt og tapaði liðið ekki leik fyrr en 12. desember gegn Fram. Akureyri handboltafélag var í efsta sæti deildarinnar er keppni lauk fyrir áramót.

Sem eitt af bestu liðum deildarinnar áunnum við okkur rétt til að spila í deildarbikar milli jóla og nýárs annað árið í röð. Því miður, eins og árið áður, töpuðum við úrslitaleik, nú gegn FH.

Að lokinni deildarkeppninni stóð Akureyri handboltafélag uppi sem deildarmeistari og er það besti árangur liðsins frá upphafi. Að lokinni deildarkeppninni var komið að því að spila til úrslita. Akureyri byrjaði á því að vinna HK hér heima í hörkuleik en tapaði svo öðrum leiknum á úti-velli heldur illa. Var því komin heilmikil spennan í keppnina en Akureyri vann svo þriðja leikinn á heimavelli 28-25 og var því komið í úrslitaleik við FH sem slegið hafði út Fram.

Allir leikirnir gegn FH voru hrikalega spennandi en því miður fór svo að við töpuðum þrem leikjum en unnum einn. Því miður byrjuðum við á því að tapa fyrsta leik á heimavelli sem örugglega sat í okkar liði.

Það breytir ekki því að þetta var okkar lang besta tímabil frá upphafi og gaf miklar væntingar fyrir framhaldið.

Akureyri handboltafélag átti þrjá menn sem spiluðu með A-landsliði Íslands þá Odd Gretarsson, Sveinbjörn Pétursson og Bjarna Fritzon.

Annar flokkur stóð sig frábærlega á tímabilinu, liðið komst í úrslit bæði í deild og bikar. Því miður töpuðust báðir þessir leikir en liðið lék á tíðun virkilega flottan handbolta og eru þessir strákar sá stofn sem við þurfum að byggja á til lengri tíma. Hlúa þarf betur að liðinu um leið og við gerum frekari kröfur til HSÍ um umgjörð leikja sem og tímasetningar þeirra, þar er hægt að bæta verulega úr. Geir Aðalsteinsson sem verið hafði þjálfari 2. flokks í þrjú ár lét af störfum eftir síðasta tímabil og var Heimir Árnason ráðinn í hans stað. Geir eru þökkuð hans störf í þágu félagsins. Í Geir eigum við áfram öflugan félag sem staðið hefur dyggilega við bakið á okkur og verðu svo vonandi áfram um langan tíma.

Akureyri handboltafélag átti fjóra stráka sem æfðu og spiluðu unglíngalandsliðum Íslands þá Guðmund Hólmar Helgason, Geir Guðmundsson, Ásgeir Kristinsson og Hlyn Elmar Matthíasson.

Það verður þó aldrei þannig að handboltalið sé rekið án stuðningsmanna og fyrirtækja. Við höfum haft mjög mikla góðvild í okkar samfélagi og margir einstaklingar og mörg fyrirtæki sem styðja okkur með ráðum og dád svo sem Byr, KEA, SS Byggir, Saga fjárfestingarbanki, Hummel, Flugfélagið, Nettó, Norðlenska, Ásprent, SBA, BK kjúklingur og svona gæti ég haldið áfram. Það verður þó ekki hallað á neinn að minnst sé sérstaklega á Samherja sem hefur verið okkar traustasti bakhjarl, ekki bara okkar, heldur nánast alls íþróttallífs á Akureyri á umliðnum árum. Þökk sé þeim og öllum hinum að það skuli vera hægt að halda úti einu öflugasta handboltaliði á Íslandi og eina liðinu í úrvalsdeild af landsbyggðinni. Þegar önnur lið geta farið í strætó á milli húsa til að keppa þurfum við að fljúga. Bara sú ákvörðun að vera með hefur strax skuldbundið félagið um milljónir.

Fjölmarginir einstaklingar hafa komið að beinni eða óbeinni vinnu fyrir félagið og er þeirra framlag gríðarlega



Opna augun!

mikilvægt fyrir starfsemina og seint full þakkað. Sú umgjörð sem boðið er uppá hjá okkur hefur verið ein sú besta ef ekki sú besta sem finnst í handboltanum á Íslandi. Metnaðurinn hefur verið mikill. Bara það að leikur geti farið fram hér fyrir norðan þarf að kalla til fjölda manns til að gera allt klárt, manna ritaraborðið, fá kynni, setja upp auglýsingar, raða stólum, kaupa inn og ganga frá í sjoppu, setja upp stuðningmannaherbergi, gera allt klárt fyrir matinn og kaffið og svo að ganga frá öllu saman eftir leik. Stjórnendur heimasíðunnar eiga heiður skilinn fyrir magnaða síðu og í Þóri Tryggva eigum við öflugasta íþróttaljósmyndara landsins.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllu þessu fólki fyrir þeirra magnaða framlag, þetta hefur gengið vel og er það von okkar stjórnarmanna að svo verði áfram. Þið eigið allan heiður skilinn. Einnig vil ég þakka starfsfólki Hallarinnar fyrir samstarfið.

Ég vil að lokum þakka samstarfsmönnum mínum í stjórninni ásamt stjórnendum og framkvæmdastjórum KA og Þórs fyrir samstarfið sem hefur verið með miklum ágætum.

Hannes Karlsson formaður.



Stofnað 2008

Íþróttafélagið Draupnir Ársskýrsla 2010

Aðalstjórn árið 2010

Formaður: Jón Stefán Jónsson
Varaformaður: Guðrún Soffía Viðarsdóttir
Gjaldkeri: Birna Blöndal
Ritari: Aðalbjörn Hannesson
Meðstjórnandi: Tinna Hermannsdóttir
Meðstjórnandi: Sævar Eðvarðsson
Meðstjórnandi: Bryngeir Valdimarsson

Varamenn:

Atli Páll Gylfason, Elva Dögg Grímsdóttir og Kristín Hanna Bjarnadóttir.

Starf og árangur

Annað starfsár Draupnis gekk mjög vel, raunar töluvert betur en árið 2009 og það bæði innan og utan vallar. Aðal ástæða þess að betur gekk er án efa meiri reynsla stjórnarmanna af starfinu enda var árið 2009 stjórninni afar lærdómsríkt eins og kom fram í síðustu ársskýrslu.

Árið 2010 sendi Draupnir til leiks karla- og kvennalið í Íslandsmótið í knattspyrnu og eins og við var búist var gengi liðanna upp og ofan eins og árið áður enda áfram mikil þróun í gangi hjá félaginu og ákveðnir vaxtarverkir. Karlaliðið endaði í næst neðsta sæti síns riðils í Íslandsmótinu en kvennaliðið endaði í því neðsta.

Hjá félaginu voru yfir 60 skráðir iðkendur árið 2010 og

var æfingasókn nær aldrei undir 20 manns hjá karlaliðinu og aldrei undir 15 manns hjá kvennaliðinu. Iðkenda fjöldi hélst mjög stöðugur allt árið og er það merki um þann stöðugleika sem félagið er vonandi að ná.

Starfið utan vallar er gríðarlega öflugt enda krefst það mikillar vinnu að halda úti liði sem þessu. Félagið sækir sér litla styrki frá fyrirtækjum á Akureyri auk þess sem leikmenn fara í margskonar fjáraflanir til að mögulegt sé að halda félaginu gangandi. Loks borga leikmenn félagsins æfingagjöld til þess að hægt sé að reka félagið.

Félagið átti því miður í afar litlu samstarfi við Þór á árinu 2010 og var það vegna ágreinings sem kom upp árið áður. Ætlunin er hins vegar að efla samstarfið við Þór árið 2011 og er sú vinna langt komin þegar þetta er skrifað.

Draupnir átti í góðu samstarfi við KA lengst af árinu 2010 og sá meðal um að manna línuvörslu á leikjum 2. flokks KA auk þess sem leikmenn Draupnis sáu um dómgæslu á einum velli á N1 mótinu.

Í stuttu máli sagt er stefnt að því að efla samstarfið við Þór og KA með formlegum skriflegum samningum sem munu lúta að því að Þór og KA veiti Draupni aðstöðu og keppnaðstöðu sumarið 2011 gegn því að leikmenn Draupnis sinni ýmsum störfum t.d. dómgæslu í yngri flokkum fyrir stærri félögin.

*Fyrir hönd stjórnar Draupnis,
Jón Stefán Jónsson, formaður*



Stofnað 2008

Íþróttafélagið Draupnir Ársskýrsla 2011

Aðalstjórn árið 2011

Formaður: Sævar Eðvarsson
Varaformaður: Guðrún Soffía Viðarsdóttir
Gjaldkeri: Birna Blöndal
Ritari: Bryngeir Valdimarsson
Meðstjórnandi: Tinna Hermannsdóttir
Meðstjórnandi: Jón Stefán Jónsson
Meðstjórnandi: Atli Páll Gylfason

Varamenn:

Gunnar Þórir Björnsson, Elva Dögg Grímsdóttir og Kristín Hanna Bjarnadóttir.

Starf og árangur

Þriðja starfsár Draupnis og það langerfiðasta er að baki. Draupnir ætlaði sér að senda til leiks bæði karla og kvennalið í Íslandsmótið í knattspyrnu. Svo fór hins vegar að ekki náðist að manna kvennaliðið og því þurfti að draga þær úr keppni skömmu fyrir mót. Gríðarleg vonbrigði en það var því miður ekki umflúið þar sem einfaldlega náðist ekki í lið.

Ekki tók betra við hjá karlaliðinu, liðið hóf keppni í Íslandsmótinu en afar illa gekk að manna liðið, var þar

helst um að kenna að ferðalög út fyrir bæjarmörkin voru óvenju mörg og löng í riðlinum sem liðið tók þátt í. Svo fór að lokum að skömmu fyrir útileik sem átti að spila gegn Sindra á Hornafirði var liðið dregið úr keppni í júlí því einfaldlega var ómögulegt að manna ferðina. Hár bensínkostnaður, löng ferðalög og aðstöðuleysi gekk einfaldlega að liðinu dauðu.

Við í stjórn Draupnis viljum hins vegar sjá félagið lifa áfram, því kannski verður vilji til að senda liðið til leiks í Íslandsmótið í knattspyrnu á nýjan leik í framtíðinni þó það gerist ekki árið 2012.

Gleðitiðindi bárust hins vegar í lok árs 2011 þegar nokkrir menn sýndu áhuga á að stofna júdódeild innan félagsins og vonar stjórnin innilega að svo verði svo félagið getið vaxið og dafnað áfram. Við vonum innilega að stjórn ÍBA sé okkur sama sinnis og óskum þess jafnframt að bandalagið styðji félagið í þeirri baráttu sem það er að halda úti jafn litlu félagi og Draupnir er. Hér setjum við punktinn í þessari ársskýrslu en vonandi og væntanlega verður hún mun lengri árið 2012 þegar félagið sækir á nýjar slóðir í íþróttahéiminum til þess að vaxa og dafna!

*Fyrir hönd stjórnar Draupnis,
Sævar Eðvarðsson, formaður*



Íþróttafélagið Þór

Ársskýrsla 2010-2011

Árið 2010

Árið 2010 var viðburðaríkt í sögu Íþróttafélagsins Þórs. Þetta var fyrsta heila árið sem meistaraflokkar karla og kvenna í knattspyrnu spiluðu heilt tímabil á endurbættum Þórsvelli. Fyrsti opinberi viðburður Íþróttafélagsins Þórs var hin árlega Þrettándagleði sem haldin var að Réttarhvammi, í samstarfi við Akureyrarstofu. Þrettándagleðin var með hefðbundnu sniði, álfakóngur og -drottning mættu ásamt jólasveinum, tröllum, þúkum og alls kyns kynjaverum. Ýmis skemmtiatriði voru í boði og jólin kvödd með viðeigandi hætti. Talið er að um eða yfir 2.000 manns hafi mætt á svæðið.

Goðamótin, sem eru fjögur á hverjum vetri, tókust öll með miklum ágætum. Þúsundir gesta komu til bæjarins í tengslum við mótin, iðkendur, þjálfarar, fararstjórar, foreldrar og aðrir aðstandendur setja svip sinn á bæjarlífið þær helgar sem þessi mót eru haldin. Mótin í ár voru númer 22, 23, 24, og 25, mótaröðinni.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í maí hafði komið fram tillaga um að félagið kæmi á fót deild fyrir pílukastara. Sú tillaga var borin upp og samþykkt. Þegar á heildina er litið má segja að rekstur Íþróttafélagsins Þórs hafi gengið vel. Heildarvelta samstæðunnar fyrir starfsárið 2009-2010 var um 130 milljónir og hagnaður 746 þúsund krónur.

Stjórn Þórs starfsárið 2010-2011

Sigfús Ólafur Helgason formaður

Valdimar Pálsson varaformaður

Nói Björnsson gjaldkeri

Páll Jóhannesson ritari

Meðstjórnendur eru formenn deilda.

Aðalsteinn Þorláksson píludeild

Hörður Sigurharðarson handknattleiksdeild

Kári Þorleifsson körfuknattleiksdeild

Símon Vilbergsson Taekwondodeild

Unnsteinn Jónsson knattspyrnudeild

Varamenn í stjórn: Halldór Áskelsson og Vigdís Lovísa Rafnsdóttir.

Farið var í viðræður við bæjaryfirvöld um að fá að nýta miðhæðina í stúkunni undir starfsemi píludeildar. Það var auðfengið og var ráðist í það strax á haustdögum og starfsemi píludeildar var komin á fullt í september. Með tilkomu deildarinnar innan Þórs jókst áhuginn og deildin tók að stækka hægt og örugglega.

Opið hús var haldið í maí þar sem starfsemi knattspyrnudeildar var kynnt. Glæsilegur dagur þar sem iðkend-



ur og foreldrar fjölmenna og njóta samverunnar og búa sig undir komandi átök. Á opna húsinu var tilkynnt að stjórn Íþróttafélagsins Þórs hefði á fundi þann 27. apríl einróma kjörið þá Ævar Heiðar Jónsson og Pétur Sigurðsson heiðursfélaga í Þór.

Þann 6. júní varð Íþróttafélagið Þór 95 ára og af því tiltefni var opið hús í Hamri þar sem fjölmargir mættu á staðinn og nutu veðurbliðunnar og skemmtu sér hið besta. Meðal þess sem í boði var, var glæsileg sýning iðkenda í Taekwondo deild á hlaupabrautinni við knattspyrnuvöllinn. Í félagsheimilinu voru til sýnis fjölmargar gamlar ljósmyndir úr sögu félagsins. Þá var tveimur félögum veitt silfurmerki Þórs, Geir Kristni Aðalsteinssyni og Kristni Hreinssyni. Þá færði nýkjörinn formaður KA, Hrefna Torfadóttir ásamt Tryggva Gunnarssyni, Þór blómavönd og veggplatta í tilefni dagsins.

Þá kom einnig fulltrúi frá Knattspyrnusambandi Íslands Björn Friðþjófsson og veitti félögum í Þór silfurmerki KSÍ. Þetta voru: Rúnar Steingrímsson, Sveinn Guðmundsson, Eiríkur Eiríksson, Edward van der Linden, Valdimar Pálsson, Hermína Brynja Sigurðardóttir, Hlynur Birgisson, Reynir Eiríksson, Þorsteinn Árnason, Ómar Torfason, Siguróli Kristjánsson, Sigurjón Magnússon, Páll Viðar Gíslason og Halldór Áskelsson. Allt þetta fólk hefur unnið gríðarlega mikið starf í þágu knattspyrnunnar og er svo sannarlega vel að þessum viðurkenningum komið.



Pollamót Þórs og Icelandair þar sem knattspyrnuhettjur fyrri ára eru í aðalhlutverkinu var haldið dagana 2. og 3. júlí. Að þessu sinni voru 63 lið skráð til leiks í þremur deildum hjá körlunum, Polla-, Lávarða- og Öðlingadeild, samtals 48 lið. Hjá konunum var leikið í tveimur deildum, Skvísur og Ljónynjur, samtals 15 lið. Pollamótin eru sannkölluð fjölskylduskemmtun og margvísleg skemmtun í boði fyrir alla gesti mótsins. Mótinu lauk með góðgerðarleik í knattspyrnu milli Amnesty International og Old boys liðs Þórs, sem skipað var knattspyrnufólki af báðum kynjum.

Í október var haldið árlegt opið hús þar sem handknattleiks- og körfuknattleiksdeildir, ásamt hinni nýstofnuðu píludeild stóðu fyrir kynningu á sínum íþróttum auk þess sem æfingagjöld vetrarins voru innheimt. Píludeildin kom upp spjöldum í Hamri þar sem gestir og gangandi fengu að prufa undir dyggri leiðsögn forráðamanna deildarinnar.

Á aðventunni var haldið opið hús alla laugardaga í Hamri fyrir gesti og gangandi. Boðið var upp á heitar vöffur, kökur og kaffi og annað góðgæti. Síðasta sunnudag fyrir jól komu svo jólaveinar í heimsókn í Hamar og glöddu viðstadda.

Árið 2011

Vegna mikilla snjóþýngsla og ófærðar í bænum í upphafi árs var hin árlega Þrettándagleði Þórs slegin af.

Af óviðráðanlegum ástæðum varð að fresta hátíðardagsskránni „Við áramót“ sem haldin er í lok hvers árs þar sem liðið ár er gert upp með viðeigandi hætti. Þessi hátíð var svo sett á og fór fram þann 7. janúar. Atli Sigurjónsson knattspyrnumaður var kjörinn Íþróttamaður Þórs árið 2010. Óðinn Ásgeirsson var kjörinn körfuknattleiksmaður Þórs og Haukur Fannar Möller Taekwondamaður Þórs.

Íþróttafólki Þórs sem tók þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2010 voru veittar viðurkenningar. Þetta eru: knatt-



Atli Sigurjónsson knattspyrnumaður var kjörinn Íþróttamaður Þórs árið 2010. Óðinn Ásgeirsson var kjörinn körfuknattleiksmaður Þórs og Haukur Fannar Möller Taekwondamaður Þórs.

spyrnukonurnar Amanda Mist Pálsdóttir U-16, Arna Sif Ásgrímsdóttir U-19, Rakel Hönnudóttir A-landslið og Silvía Rán Sigurðardóttir U-19 og valin í A-landslið. Stefán Karel Torfason körfuknattleiksmaður U-16 ára sem varð m.a. Norðurlandameistari 2010. Handboltamennirnir Geir Guðmundsson U-18, Oddur Grétarsson U-21 og A-landslið og Sveinbjörn Pétursson A-landslið. Allt þetta íþróttafolk er gott vitni um frábært uppbyggingarstarf félagsins og því er þetta ekki síður mikill heiður fyrir félagið jafnt og íþróttafólkið sjálft.



Viðurkenningar veittar

Eftirtöldum félögum

var veitt silfurmerki Þórs við þetta tækifæri:

Tryggvi Kristjánsson sem lengi starfaði sem þjálfari hjá unglingaráði handknattleiksdeilda Þórs. Tryggvi var mjög ötull í sínu starfi bæði sem þjálfari og við annars konar félagsstörf sem tengdust íþróttinni.

Dragan Kristinn Stojanovic knattspyrnuþjálfari. Dragan starfaði lengi sem þjálfari Þórs og tók m.a. við sem þjálfari meistaraflokks Þórs/KA og á stóran þátt í því að liðið er nú komið í allra fremstu röð kvennaliða á Íslandi. Einnig þjálfaði Dragan marga yngri flokka Þórs í knattspyrnu með afbragðs góðum árangri.

Davíð Kristján Hreiðarsson körfuknattleiksdómari. Davíð spilaði upp alla yngri flokka Þórs og lék svo um margra ára skeið með meistaraflokki í körfubolta. Davíð lék m.a. með Þór í átta leiktímabil í efstu deild. Þegar Davíð hætti að spila snéri hann sér að dómgæslunni og er nú þar í fremstu röð. Davíð hefur bætt um betur og hefur jafnframt snúið sér að því að dæma knattspyrnuleiki.

Þá var félagið sem létust á árinu minnst með viðeigandi hætti. Þau eru:

Hjördís Áskelsdóttir. Hjördís fæddist 5. maí 1960 en lést fimmtudaginn 21. janúar og var því einungis 49 ára gömul þegar hún lést.

Ævar Heiðar Jónsson heiðursfélagi Íþróttafélagsins Þórs fæddist 4. ágúst 1945 og var því 65 ára að aldri þegar hann lést. Ævar æfði og keppti lengi í knattspyrnu með Þór og ÍBA og körfubolta með Þór.

Tryggvi Georgsson fyrrum knattspyrnumaður fæddist 17. febrúar 1932 og var því 78 ára að aldri þegar hann lést.

Jón Smári Friðriksson. Jón Smári fæddist 16. desember 1943 og var því 67 ára þegar hann lést. Jón lék á yngri árum knattspyrnu með Þór og ÍBA auk þess sem hann var einnig í körfubolta með Þór.

Á opna húsinu skrifaði kvennaráð Þórs/KA undir styrktar- og samstarfssamning við Brim og einnig var skrifað undir samstarfssamning við Toppmenn og sport þess efnis að allar deildir félagsins muni leika í búningum frá Hummel



Sérstakur ræðumaður dagsins var Hermann Sigtryggsson



næstu fjögur árin. Sérstakur ræðumaður dagsins var Hermann Sigtrygsson.

Goðamót ársins sem voru fjögur (númer 26, 27, 28, og 29) að vanda tókust með miklum ágætum. Mörg þúsund gestir koma í bæinn árlega í tengslum við þessa viðburði og setja svip sinn á allt mannlífið í bænum.

Aðalfundur Þórs var haldinn 29. mars. Þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi sökum slæms efnahagsástands í þjóðfélaginu var samsteypa í heild rekin með hagnaði. Heildarvelta félagsins var 131 milljón og hagnaður um 453 þúsund krónur. Á fundinum var borin upp tillaga að stofnum nýrrar deildar innan Þórs fyrir iðkendur í keilu en undirbúningur þess hafði staðið yfir um nokkurt skeið. Tillagan var samþykkt og keiludeild innan Þórs orðin að staðreynd. Þar með eru deildir Þórs orðnar sex talsins.

Stjórn Þórs fyrir starfsárið 2011-2012

Sigfús Ólafur Helgason formaður
Haraldur Ingólfsson varaformaður
Vigdís Lovísa Rafnsdóttir gjaldkeri
Páll Jóhannesson ritari
Meðstjórnendur eru formenn deilda
Hinrik Þórðarson píludeild
Kári Þorleifsson körfuknattleiksdeild
Sverrir Torfason handknattleiksdeild
Unnsteinn Jónsson knattspyrnudeild
Sigurður B. Sigurðsson keiludeild
Varamenn: Halldór Áskelsson og Núi Björnsson.

Pollamót Þórs og Ícelandair 2011 var haldið dagana 1. og 2. júlí í blíðskaparveðri. Heldur færri lið mættu til leiks þetta árið en tókst engu að síður frábærlega. Til leiks voru skráð 54 lið í Polla-, Lávarða- og Öðlingadeild karla og Skvísu- og Ljónynjudeild kvenna. Samtals 42 lið í karladeildunum og 12 lið í kvennadeild.

Þann 7. júlí 2011 komu Þórsarar saman í Hamri og minntust þess að 60 ár voru liðin frá hörmulegu slysi þar

sem tveir Þórsfélagar létust þegar stór steinn féll á rútu við svokallaðan Sporhamar. Í rúttunni voru íþróttamenn úr Þór á leið frá Bolungarvík til Ísafjarðar um Óshlíðarveg. Auk þessara tveggja sem létust slösuðust tveir mikið. Þeir sem létust voru Kristján Guðmundur Kristjánsson frjálisíþróttamaður, 21. aldursári, og Þórarinn Jónsson knattspyrnumaður en hann hefði orðið 20 ára mánuði síðar. Meðal þeirra sem komu í Hamar voru þrír af eftirlifandi félögum sem fóru í ferðina örlagaríku, þeir Tryggvi Gestsson, Halldór Árnason og Arngrímur Kristjánsson.

Sigfús Ólafur Helgason, formaður Íþróttafélagsins Þórs, lagði blómaskreytingar á leiði Kristjáns Guðmundar Kristjánssonar sem hvílir í Lögmannshlíðarkirkjugarði og Þórarins Jónssonar sem hvílir í Akureyrarkirkjugarði.

Í byrjun ágúst fór fram lokakeppni á Norðurlandamóti U17 ára karla í knattspyrnu hér á landi og voru spilaðir tveir leikir í riðlakeppninni á Þórsvellinum. Auk þess var spilað um 1. og 3. sætið á mótinu á Þórsvellinum. Ísland tefldi fram tveimur liðum á mótinu og áttu Þórsarar einn fulltrúa í öðru liðinu þ.e. Bergvin Jóhannsson.

Í hugum Þórsara fóru fram margir stórleikir á Þórsvellinum þar sem bæði karla- og kvennalið félagsins léku í efstu deild, auk bikarleikja sem fram fóru á vellinum og þá er sérlega minnisstæður frábær árangur karlaliðsins í VISA-bikarnum þar sem þrjú efstu deildarlið voru slegin út úr bikarnum á vellinum.

Rúsinan í pylsuendanum var svo stórvíðburður þegar Þór/KA tók á móti stórliði FC. Turbine Potsdam í Meistaradeild Evrópu. Þrátt fyrir að leikurinn færi fram við fremur slakar aðstæður, ausandi rigning og fremur kalt í veðri, mættu mörg hundruð manns á völinn til að verða vitni að fyrsta leik kvennaliðs frá Akureyri í Meistaradeild Evrópu. Öll umgjörð í kringum leikinn var til fyrirmyndar og höfðu aðstandendur þýska stórliðsins á því orð hve vel var að öllu staðið og klúbbnum til mikilla sóma.

Opið hús var í lok október þar sem handknattleiks- og körfuknattleiksdeildir félagsins kynntu starfsemi sína og innheimtu æfingagjöld vetrarins.

Á aðventunni var opið hús alla sunnudaga fram að jólum. Gestum og gangandi var boðið upp á heitar vöffur,



Knattspyrnumaðurinn Sveinn Elías Jónsson var kjörinn íþróttamaður Þórs 2011



Knattspyrnumaðurinn Sveinn Elías Jónsson var kjörinn íþróttamaður Þórs 2011. Körfuknattleiksmaður Þórs er Stefán Karel Torfason keilumaður Þórs er Haukur Þór Sigurðsson, pílumaður Þórs er María Steinunn Jóhannesdóttir, Taekwondomaður Þórs er Haukur Fannar Möller og þá var Arnór Þorri Þorsteinsson kjörinn handboltamaður Þórs.



Silfurmerki Þórs: Helgi Ómar Pálsson, Gunnþór Kristjánsson, Sigurður Grétar Sigurðsson, Óðinn Ásgeirsson, Vigdís Lovísa Rafnsdóttir og Ragnheiður Jakobsdóttir.

kakó og kaffi auk annarra veitinga sér að kostnaðarlausu. Þetta er orðið að árlegum viðburði og hefur mælst vel fyrir.

„Við áramót“ er jafnan lokaviðburður hvers árs hjá Íþróttafélaginu Þór þar sem liðið ár er gert upp og íþróttamaður Þórs er heiðraður. Á þessu varð engin breyting og var hátíðin haldin 30. desember og mætti vel á annað hundrað gesta á samkomuna. Hápunktur dagsins er þegar gert er opinbert hverjir hafi verið tilnefndir til kjöri á íþróttamanni Þórs og úrslit kosningar þar að lútandi. Knattspyrnumaðurinn Sveinn Elías Jónsson var kjörinn íþróttamaður Þórs 2011. Körfuknattleiksmaður Þórs er Stefán Karel Torfason, keilumaður Þórs er Haukur Þór Sigurðsson, pílumaður Þórs er María Steinunn Jóhannesdóttir, Taekwondomaður Þórs er Haukur Fannar Möller og þá var Arnór Þorri Þorsteinsson kjörinn handboltamaður Þórs.

Sú venja hefur skapast á opnu húsi „Við áramót“ að veita því íþróttafólki sem tekið hefur þátt í verkefnum landsliða viðurkenningar. Í ár tóku 14 einstaklingar þátt í landsliðsverkefnum, þetta eru: knattspyrnufólkið Atli Sigurjónsson, Gísli Páll Helgason, Jóhann Helgi Hannesson, Amanda Mist Pálsdóttir, Arna Sif Ásgrímsdóttir, Bergvin Jóhannsson, Heiða Ragney Viðarsdóttir, Lára

Einarsdóttir, Oddný Karólína Hafsteinsdóttir, Rakel Hönnudóttir og Sandra María Jessen. María Steinunn Jóhannesdóttir í pílukasti og Taekwondofólkið Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Daníelsdóttir.

Þá var eftirtöldum einstaklingum veitt silfurmerki Þórs fyrir störf þeirra fyrir félagið: Helgi Ómar Pálsson, Gunnþór Kristjánsson, Sigurður Grétar Sigurðsson, Óðinn Ásgeirsson, Vigdís Lovísa Rafnsdóttir og Ragnheiður Jakobsdóttir.

Gullmerki Þórs hlutu Dröfn Þórarinsdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir og Unnsteinn Jónsson.

Félaga sem féllu frá á árinu var minnst, en þeir voru: heiðursfélagarnir **Jóhannes Ingólfur Hjálmarsson**, fyrrum heimsmeistari öldunga í kraftlyftingum, **Hreinn Óskarsson**, fyrrum ritari Þórs og formaður félagsins og síðar formaður knattspyrnudeildar,

Guðmundur Ketilsson, fyrrum formaður Þórs, og **Bogi Eymundsson** mikill og dyggur stuðningsmaður Þórs sem lést langt fyrir aldur fram.

Aðalræðumaður dagsins var Kristján Þór Júlíusson alþingismaður og fyrrum bæjarfulltrúi og bæjarstjóri á Akureyri.



Aðalræðumaður dagsins var Kristján Þór Júlíusson.

Stjórn Íþróttafélagsins Þórs hefur haft það að markmiði undanfarin ár að opna félagsheimilið upp á gátt fyrir alla. Markmiðið er að allir finni sig velkomna í félagsheimilið og fari þaðan ánægðir. Eitt af því sem gert hefur verið og vakið óskipta athygli er að fólki hefur staðið til boða að koma og nýta sér Bogann til gönguferða á daginn og þegar vel viðrar að nýta sér hlaupabrautirnar í kringum Þórsvöllinn. Fólki er þá gjarnan boðið að koma við inni í Hamri og setjast niður í spjall og þiggja kaffisopa. Þetta hefur fallið í góðan jarðveg og fjölmargir leggja daglega leið sína á félagssvæði Þórs til þess að nýta sér þessa mögnuðu aðstöðu.



Gullmerki Þórs 2011 hlutu Dröfn Þórarinsdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir og Unnsteinn Jónsson.

Handknattleiksdeild

Skýrsla til ÍBA 2010-2011

Unglingaráð handbolta

Hörður Sigurharðarson formaður
Vigdís Rafnsdóttir varaformaður
Linda Guðmundsdóttir gjaldkeri
Elva Haraldsdóttir ritari
Sverrir Torfason meðstjórnandi

Deildin telur sex flokka, 3.-8. flokk. Aðalþjálfarar eru fjórir og þrír til aðstoðar. Iðkendur eru um 130 talsins. Æfingar fara fram í íþróttahúsi Síðuskóla. Unglingaráð stendur fyrir innheimtudegi á æfingagjöldum og tekur helmingsþátt í rekstri kvennaflokka með KA. Þriðji til sjötti flokkur taka þátt í Íslandsmóti og fjórði og fimmti flokkur í bikarkeppni.

Unglingaráð heldur tvö stór mót fyrir drengi og stúlkur á hverju starfsári, eitt að hausti og annað að vori. Haldinn er handboltadagur fyrir iðkendur og alla áhugamenn um handbolta einu sinni á ári. Lokahóf er haldið í lok hvers vetrar þar sem farið er yfir starf vetrarins og viðurkenningar veittar.

Markmið handboltans er að efla liðsheild, ánægju og leikgleði iðkenda. Að öllum iðkendum líði vel á æfingum og læri að vera í hóp og vinna að sameiginlegu markmiði.

Skýrsla til ÍBA 2011-2012

Unglingaráð handbolta

Sverrir Torfason formaður
Stefán Gunnarsson varaformaður
Linda Guðmundsdóttir gjaldkeri
Elva Haraldsdóttir ritari
Steinunn Ragnarsdóttir meðstjórnandi
Brynhildur Pétursdóttir meðstjórnandi

Deildin telur sex flokka, 3.-8. flokk. Aðalþjálfarar eru fjórir og þrír til aðstoðar. Iðkendur eru um 130 talsins. Æfingar fara fram í íþróttahúsi Síðuskóla. Unglingaráð stendur fyrir innheimtudegi á æfingagjöldum og tekur helmingsþátt í rekstri kvennaflokka með KA. Þriðji til sjötti flokkur taka þátt í Íslandsmóti og fjórði og fimmti flokkur í bikarkeppni.

Unglingaráð heldur tvö stór mót fyrir drengi og stúlkur á hverju starfsári, eitt að hausti og annað að vori. Haldinn er handboltadagur fyrir iðkendur og alla áhugamenn um handbolta einu sinni á ári. Lokahóf er haldið í lok hvers vetrar þar sem farið er yfir starf vetrarins og viðurkenningar veittar.

Markmið handboltans er að efla liðsheild, ánægju og leikgleði iðkenda. Að öllum iðkendum líði vel á æfingum og læri að vera í hóp og vinna að sameiginlegu markmiði.

Körfuknattleiksdeild

Árið 2010

Starfsárið 2010 var á margan hátt þökkalegt rekstrarlega, sem og árangurslega séð. Eftir hrunið haustið 2008 var tekið til í öllum rekstri deildarinnar. Minni tekjur kölluðu á minni útgjöld til þess að halda rekstrinum réttu megin við núllið. Fyrsti viðburðurinn sem deildin stóð fyrir á árinu var Þrettándagleði Þórs sem haldin var í samstarfi við Akureyrarstofu. Þrettándagleðin tókst með miklum ágætum en hún var haldin að Réttarhvammi og voru jólin kvödd með viðeigandi hætti líkt og félagið hefur gert síðan snemma á þriðja áratug síðustu aldar.

Á haustdögum 2009 höfðu orðið miklar breytingar á leikmannahópum beggja meistaraflokka og nýir þjálfarar við stjórnartaumana. Böðvar Þórir Kristjánsson, sem lék um langt skeið með Þór, tók við karlaliðinu og hans beið það erfiða verkefni að stýra ungu kornungu liði. Nýtt uppbyggingartímabil var hafið. Eins var það hjá kvennaliðinu. Nýr þjálfari, Baldur Ingi Jónasson, tók við liðinu auk þess sem liðinu hafði borist góður liðsstyrkur og í hönd fór skemmtilegt tímabil.

Jafnframt áttu sér stað á haustdögum veigamiklar breytingar á unglingastarfi deildarinnar sem hafði það í för með sér að iðkendum í yngri flokkum fjölgaði jafnt og þétt. Auk þess dreifðust nú verkin á fleiri hendur sem létti störfun til muna.

Keppnistímabilið hjá karlaliðinu var erfitt lengst af og liðið var í bráðri fallbaráttu allan veturinn. En menn gáfust ekki upp og ungu leikmennirnir héldu haus og héldu sæti sínu í 1. deild. Í lok tímabilsins lét Böðvar af störfum sem þjálfari og í hans stað var ráðinn Konrad Tota en hann hafði um tíma leikið með meistaraflokki Þórs í efstu deild. Konrad tók einnig við sem þjálfari meistaraflokks kvenna.

Annað var uppi á teningunum hjá stúlkunum. Baldur Ingi Jónasson tók við liðinu á haustdögum 2009, en hann á að baki langan og farsælan feril að baki bæði sem leikmaður og þjálfari. Þórsliðið fór á kostum allan veturinn og hver sigurleikurinn á fætur öðrum leit dagsins ljós. Fór svo að lokum að liðið endaði í öðru sæti deildarinnar og lék til úrslita gegn Fjölni um laust sæti í efstu deild. Fór svo að stelpurnar töpuðu báðum leikjunum gegn Fjölni en engu að síður stóðu þær sig frábærlega og gátu verið stoltar af árangri vetrarsins. Í lok tímabilsins urðu miklar breytingar á liði Þórs. Baldur Ingi lét af störfum og flutti búferlum til Reykjavíkur þar sem hann hugði á nám við Háskóla Íslands. Margir af lykilmönnum Þórs yfirgáfu liðið og ljóst var að næsti vetur gæti orðið erfiður. Hjá karlaliðinu var útlitið heldur bjartara. Nýir leikmenn bættust í leikmannahóp liðsins og menn horfðu björtum augum til næsta vetrar.

Í febrúar stóð unglingaráðið fyrir körfuboltaskóla fyrir krakka 11 ára og yngri og var skólinn haldinn í íþróttahúsi Glerárskóla og öllum að kostnaðarlausu. Unglingaráðið fékk marga góða þjálfara til liðs við sig, m.a. Sigurð Ingimundarson þáverandi þjálfara Njarðvíkur og A-landsliðs karla. Þá var Cedric Isom fyrrum leikmaður Þórs einn af kennurum í skólanum.

Unglingaráðið stóð fyrir körfuboltaskóla aftur á haustdögum með sama sniði, þ.e. fyrir krakka 11 ára og yngri og sem fyrr öllum að kostnaðarlausu. A-Landsliðsþjálfarinn mætti á svæðið og aðstoðaði við að kenna krökkunum réttu handtökin sem og fjölmargir leikmenn meistara-flokks. Báðir skólarnir voru vel sóttir og mættu ríflega 50 krakkar í hvort skipti.

Keppnistímabilið hófst í byrjun október og það fór nokkurn veginn eins og menn óttuðust, þ.e. að veturinn yrði erfiður sérstaklega hjá stelpunum. Leikir þeirra fram að áramótum töpuðust flestir frekar stórt og ljóst að mikið verk var fyrir höndum við að byggja aftur upp gott lið. Karlaliðið byrjaði ekki vel og átti á brattann að sækja. Svo fór að Óðinn Ásgeirsson sem áður hafði lagt skóna á hilluna tók fram þá fram að nýju. Honum rann blóðið til skyldunnar og vildi leggja sitt af mörkum við að koma liðinu aftur á sigurbraut.

Í byrjun nóvember hélt Körfuknattleiksdeild Þórs kynningarkvöld þar sem leikmenn beggja meistara-flokka voru kynntir með pompi og prakt og þá var einnig skrifað undir samstarfs- og styrktarsamninga við Greifann veitingahús og Höldur.

Í nóvember var opið hús í Hamri þar sem haldin var svokallaður innheimtudagur þar sem starf unglingaráðs var kynnt og æfingagjöld vetrarsins innheimt.

Í árslok á opnu húsi „Við áramót“ var Óðinn Ásgeirsson kjörinn körfuboltamaður Þórs en Óðinn hefur lengi verið einn fremsti körfuknattleiksmaður landsins og lék hann frábærlega með Þór. Á opna húsinu var Stefáni Karel Torfasyni veitt viðurkenning fyrir þátttöku sína með U16 ára landsliði Íslands sem varð m.a. Norðurlandameistarar 2010. Þá var Davíð Kristjáni Hreiðarssyni körfuknattleiksdómara veitt silfurmerki Þórs. Davíð spilaði upp alla yngri flokka Þórs og lék svo um margra ára skeið með meistara-flokki í körfubolta. Davíð lék m.a. með Þór í 8 leiktímabil í efstu deild. Þegar Davíð hætti að spila snéri hann sér að dómgæslunni og er nú þar í fremstu röð. Davíð hefur bætt um betur og hefur jafnframt snúið sér að því að dæma knattspyrnuleiki.

Stjórn körfuknattleiksdeildar Þórs: Kári Þorleifsson formaður, Ómar Aspar gjaldkeri og Rúnar Haukur Ingimarsson.

Unglingaráð: Ágúst Guðmundsson formaður. Meðstjórnendur: Hrafn Jóhannesson, Þorgils Sævarsson, Baldvin H. Sigurðsson, Lúðvík Sæmundsson, Einar Örn Aðalsteinsson, Óðinn Ásgeirsson og Þorvaldur Örn Arnarson.

Starfsárið 2011 byrjaði með látum. Samkvæmt venju hefði fyrsta verk deildarinnar verið að halda hina árlegu Þrettándagleði eins og menn höfðu gert undanfarin ár. En sökum mikillar ófærðar og slæms veðurs varð að slá þennan viðburð af og setti það óneitanlega strik í reikninginn hjá deildinni en þessi viðburður var einn af helstu tekju-póstum deildarinnar.

Slæmt gengi kvennaliðsins á haustdögum hélt áfram á nýju ári. Liðið tapaði hverjum leiknum á fætur öðrum og lagðist þungt á leikmenn liðsins sem margar hverjar voru að stíga sín fyrstu skref á körfuboltavellinum með meistara-flokki og sumar hverjar enn á grunnskólaaldri. Undir lok tímabilsins lét Konrad Tota af störfum með kvennaliðið

og vildi einbeita sér að karlaliðinu en þar hafði orðið mikill viðsnúningur. Við starfi Konrads tók Baldur Már Stefánsson og stýrði hann liðinu til loka deildarkeppninnar. Kvennaliðið lauk keppni án stíga.

Endurkoma Óðins Ásgeirssonar hafði þau áhrif á liðið að hver sigurinn á fætur öðrum vannst og liðið klifraði upp stigatöfluna, hægt og rólega. Fór svo að lokum að karlaliðið komst inn í fjögurra liða úrslitakeppni um laust sæti í efstu deild. Liðið fór þar alla leið í lokaúrslit gegn Val og fór svo að lokum að Hliðarendapiltarnir höfðu sigur og Þór sat eftir áfram í 1. deild.

Í lok tímabilsins hætti Konrad Tota sem þjálfari karlaliðsins og Baldur Már sem þjálfari kvennaliðs. Í þeirra stað var ráðinn Nebojsa Vidic og var honum ætlað að þjálfar báða meistara-flokka félagsins.

Í apríl fór unglingaráð af stað með mót fyrir krakka 11 ára og yngri í samstarfi við Kjarna-fæði og var mótið nefnt „Kjarna-fæðismót Þórs í körfubolta“. Auk heimamanna í Þór mættu til leiks lið frá Tindastóli, Dalvík, Smára úr Varmahlíð og Kormáki frá Hvammstanga. Lagt var upp með að byrja smátt og leyfa þessu móti að vaxa hægt og rólega og tryggja þannig að mótið festi sig í sessi. Mótið tókst í alla staði mjög vel.

Unglingaráð körfuknattleiksdeildar Þórs tók upp þá nýbreytni að vera með körfuboltaskóla yfir sumartímamann. Yfirþjálfari körfuboltaskóla Þórs var Bjarki Ármann Oddsson. Í skólanum fengu börn á aldrinum 9-19 ára tækifæri til að æfa grunnatriði körfuboltans. Tekin voru sérstaklega fyrir athletið eins og þreföld ógn, skot, knattrak, sendingar, vörn og fráköst. Allar æfingar fóru fram í íþróttahúsinu við Gleráarskóla og vill Körfuboltaskólinn þakka öllum starfsmönnum íþróttamiðstöðvarinnar kærlega fyrir hjálpina í sumar. Í heildina mættu um 80 krakkar á æfing- ar en um 50 þeirra æfðu reglulega. Æfingar voru fjórum sinnum í viku en æft var í fjórum aldurshópum. Skólinn var starfræktur í samtals tíu vikur en þá tók við smá hlé hjá krökkunum áður en vetraræfingarnar byrjuðu. Hápunktur sumarsins var um verslunarmannahelgina þegar tæplega 30 krakkar í fjórum liðum, einn þjálfari og heill hellingur af aðstoðarmönnum fóru austur á Egilsstaði á Unglingalandsmót UMFÍ. Stóðu krakkarnir sig eins og sannar hetjur og var virkilega gaman að sjá þær miklu framfarir sem krakkarnir höfðu tekið. Þessi skemmtilega nýjung við körfuboltastarf Þórs er komin til að vera. Á síðustu árum hefur þróunin verið sú að félög á höfuðborgarsvæðinu hafa verið langt á undan hvað varðar aðstöðu fyrir iðkendur. Nú hefur verið tekið stórt skref í átt að því að sporna við þeirri þróun. Körfuboltinn á Akureyri er í mikilli sókn og gaman er að segja frá því að aldrei áður verða sendir jafn margir flokkar á Íslands-mót og nú í vetur, þ.e. veturinn 2010-2011. Er það bein afleiðing þeirrar miklu uppbyggingar sem átt hefur sér stað undir dyggri stjórn unglingaráðs körfuknattleiksdeildarinnar síðastliðin tvö ár.

Í lok sumars tók Körfuknattleiksdeild Þórs þá erfiðu ákvörðun að senda ekki meistara-flokk kvenna til keppni á Íslands-mótinu. Liðið tapaði öllum leikjum sínum síðasta vetur og litlar breytingar höfðu orðið á hópnum sem gæfi vonir um betra gengi. Auk þess voru fáir leikmenn á meist-

araflokksaldri til staðar. Menn lögðu því upp með að byggja upp nýtt lið til framtíðar og leyfa ungu leikmönnum að einbeita sér í keppni í sínum réttu flokkum. Meistaraflokkur æfði þó á fullu og af mikilli alvöru og tók m.a. þátt í bikarkeppni KÍÍ.

Í september stóð unglingaráð fyrir körfuboltaskóla fyrir börn 11 ára og yngri sem haldinn var í íþróttahúsinu við Síðuskóla. Kennarar í skólanum voru Ágúst H. Guðmundsson, Nebojsa Vidic, Helgi Rúnar Bragason og Baldur Már Stefánsson auk þess sem leikmenn meistaraflokka lögðu þessu verkefni lið. Nærri 50 krakkar sóttu körfuboltaskólann að þessu sinni.

Karlalið Þórs hafði enn og aftur orðið fyrir nokkurri blóðtöku og ljóst var á gengi liðsins í fyrstu leikjum tímabilsins að veturinn gæti orðið erfiður. Enda fór svo að liðið tapaði fyrstu sjö leikjunum í deildinni og útlitið svart.

Í byrjun nóvember stóð unglingaráð deildarinnar fyrir opnu húsi í Hamri þar sem starfsemi deildarinnar var kynnt og æfingagjöld vetrarins innheimt. Unglingaráðið sem skipað er fjölmönnum hópi samstilltra manna hafði sett sér það markmið að fjölga iðkendum með það að markmiði að hægt yrði að bjóða upp á æfingar í öllum flokkum án þess að þurfa að láta fleiri en einn flokk æfa saman. Þetta er virðist vera á góðri leið enda fjölgar iðkendur í yngri flokkum milli ára.

Á opnu húsi í Hamri þann 30. desember „Við áramót“ var Stefán Karel Torfason kjörinn körfuboltamaður Þórs 2011. Þá var þeim Sigurði Grétari Sigurðssyni og Óðni Ásgeirssyni veitt silfurmerki Þórs, en þessir tveir heiðursmenn voru báðir lengi í fremstu röð leikmanna og starfa nú á bak við tjöldin hjá félaginu. Þá var Dröfn Þórarinsdóttir veitt gullmerki Þórs en Dröfn hefur í áráðir verið lykilmanneskja á bak við körfuboltalið Þórs. Hún hefur séð lengi um að þvo búninga liðsins, séð um stuðningsmannakaffi í leikjum liðsins auk fjölmargra annarra starfa. Án fólks eins og Drafnar væri erfitt að halda úti starfi íþróttahreyfingarinnar.

Stjórn: Kári Þorleifsson formaður, Ómar Aspar gjaldkeri, Stefán Vilberg Leifsson og Baldur Már Stefánsson.

Unglingaráð: Ágúst Guðmundsson formaður. Meðstjórnendur: Hrafn Jóhannesson, Þorgils Sævarsson, Guðmundur Ævar Oddsson, Hermann Daði Hermannsson, Lúdvík Sæmundsson, Einar Örn Aðalsteinsson, Óðinn Ásgeirsson og Þorvaldur Örn Arnarson.

Körfuknattleiksdeild Þórs vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóg með okkur í ýmiskonar fjáröflunum á undanförunum miss-erum. Blómasala, uppskipun, málningarvinna, pítsusala, tjaldsvæðagæsla, stólauppröðun, garðsláttur, harðfisksala og fleira mætti nefna, hundruð sjálfboðavinnustunda liggja þarna að baki og er deildin afar þakklát öllum þeim sem hafa komið að þessu með okkur. Þá má ekki gleyma öllum okkar góðu styrktaraðilum auk 6. *mannsins*, stuðningsmannaklúbbsins sem er deildinni ómetanlegur. Þá má ekki gleyma að þakka forráðamönnum Samherja fyrir þeirra höfðinglega framlag til íþróttahreyfingarinnar undanfarin ár. Þeirra framlag verður seint fullþakkað.

Allar helstu upplýsingar um starf deildarinnar má finna á heimasíðu félagsins www.thorsport.is og tölvu-

póstfang körfuknattleiksdeildarinnar er karfan.stjorn@thorsport.is.

Knattspyrnudeild Þórs

Undanfarin tvö ár hefur starf knd. Þórs verið öflugt eins og áður. Fjöldi fólks kemur að starfinu í einni eða annarri mynd og höfum við verið þeirrar gæfu aðnjótandi að vel hefur gengið að fá fleiri til liðs við okkur. Allt það góða fólk sem leggur starfinu lið með framlagi sínu, í hvaða mynd sem er, á hinar bestu þakkir skilið. Starfsemin er mjög fjölbreytt og krefst gríðarlegs vinnuframlags sjálfboðaliða sem seint verður metið til fjár.

Síðastliðin átta ár hefur knd. Þórs verið rekin með samtals 5,3 milljónir króna í hagnað og er það grundvallaratriði í áframhaldandi uppbyggingu hennar að svo verði áfram.

Núna er skipurit knd. þannig að undir stjórn eru unglingaráð og leikmannaráð karla og kvenna. Auk þess er starfandi sérstök Goðamótsnefnd. Unglingaráð er með starfandi knattspyrnskóla Þórs fyrir unglinga í 3. flokki.

Goðamót hafa virkilega fest sig í sessi og eru þau ein öflugasta mótaröð landsins í keppni fyrir yngri flokka. Þegar þetta er skrifað eru mótin orðin 31 talsins og verða orðin 33 eftir veturinn. Goðamótin hafa tekist mjög vel og eru féluginu og bænum til sóma. Aðstaðan sem boðið er upp á, Boginn, gisting í Glerárskóla og innangengt aðgengi í Glerársundlaug er einstök. Goðamótin eru örugglega gott dæmi um hvað íþróttir skipta miklu máli í að laða fólk í heimsókn til Akureyrar.

Stjórn knd. 2010 var skipuð eftirfarandi:

Unnsteinn Jónsson formaður, Vignir Traustason varaformaður, Ragnheiður Jakobsdóttir gjaldkeri, Heimir Guðlaugsson ritari, Edvard van der Linden, Hannes Kristjánsson og Orri Stefánsson meðstjórnendur.

Stjórn knd. 2011 var skipuð eftirfarandi:

Unnsteinn Jónsson formaður, Aðalsteinn Pálsson varaformaður, Ragnheiður Jakobsdóttir gjaldkeri, Heimir Guðlaugsson ritari, Edvard van der Linden, Bjarni Freyr Guðmundsson, Hannes Kristjánsson, Orri Stefánsson og Svanberg Snorrason meðstjórnendur.

Landsliðsfólk Þórs

Eitt af markmiðum þeirra sem leggja stund á knattspyrnu af fullum áhuga er að fá að spila fyrir hönd þjóðarinnar. Margir Þórsarar náðu þeim áfanga síðastliðin tvö ár að komast í landslið og/eða æfingahópa fyrir landslið.

Landsleikir 2010

Rakel Hönnudóttir	A landslið kvenna	8 leikir
Silvía Rán Sigurðardóttir	U19 landslið kvenna	3 leikir
Arna Sif Ásgrímsdóttir	U19 landslið kvenna	6 leikir
Amanda Mist Pálsdóttir	U17 landslið kvenna	2 leikir

Landsleikir 2011

Rakel Hönnudóttir	A landslið kvenna	2 leikir
Arna Sif Ásgrímsdóttir	U19 landslið kvenna	3 leikir

Gísli Páll Helgason	U21 landslið karla	1 leikur
Atli Sigurjónsson	U21 landslið karla	2 leikir
Jóhann Helgi Hannesson	U21 landslið karla	1 leikur
Bergvin Jóhannsson	U17 landslið karla	3 leikir
Amanda Mist Pálsdóttir	U17 landslið kvenna	2 leikir
Heiða Ragný Viðarsdóttir	U17 landslið kvenna	5 leikir
Lára Einarisdóttir	U17 landslið kvenna	8 leikir
Sandra María Jessen	U17 landslið kvenna	8 leikir
Oddný Karólína Hafsteinsd.	U17 landslið kvenna	1 leikur

2. flokkur og meistaraflokkur 2010

2. fl. karla náði 7. sæti í A deild Íslandsmóts. Í VISA bikar féll liðið út í annari umferð fyrir Keflavík.

2. fl. kvenna náði 3. sæti í A deild Íslandsmóts. Í VISA bikar sat liðið hjá í fyrstu umferð og féll svo út í næstu umferð fyrir Breiðablik.

Í þessum flokkum eru margir af þeim sem eiga fast sæti í meistaraflokks liðunum og eru því lítið með sínum aldursflokki. Árangur í 2. flokki er því mjög misjafn á milli leikja og ekkert við því að segja. Markmiðið er jú að bestu leikmennirnir í öðrum flokki séu það góðir að þeir leiki sem mest með meistaraflokki og sem minnst með sínum flokki.

Það er líka gott til þess að vita að á bak við þessa flokka er öflugur hópur foreldra sem styður við þá. Það er lykilatriði að styðja þessa krakka eins og kostur er og þar eru foreldrar í lykilhlutverki.

Mfl. karla endaði fjórum sætum ofar í 1. deild en árið 2009, endaði í 2. sæti með tólf stigum meira en þá, eða 43 stig. Tímabilið var mjög jafnt, stigasöfnun næstum jöfn í fyrri og seinni umferð mótsins, 22 stig í fyrri umferð og 21 stig í seinni umferð. Árið 2009 var árangur meistaraflokks karla í síðustu 13 umferðum íslandsmótsins góður, þá náðust 1.92 stig að meðaltali úr leik. Sumarið 2010 er uppskeran 1.95 stig að meðaltali úr leik.

Eitt af því sem vekur athygli er að í sumar tapaðist enginn leikur á heimavelli. Það er ljóst að endurbýggður Þórsvöllur er ekki bara glæsilegur, heldur einnig mjög erfiður heim að sækja. Þar eiga Mjólnismenn stóran hlut að máli. Hafa gert mikið í því að byggja upp stemmningu sem styður okkar leikmenn til dádá. Þannig skulum við hafa það áfram.

Í VISA bikar vann liðið Hvöt frá Blönduósi í 32 liða úrslitum og tapaði síðan naumlega á útivelli fyrir Grindavík í 16 liða úrslitum.

Mfl. kvenna náði sínum besta árangri í úrvalsdeild og end-

aði í 2. sæti. Sannarlega mjög glæsilegur árangur. Stelpurnar skorðu einu marki meira en í árið 2009, en fengu 10 fleiri mörk á sig. Stigasöfnun var heldur minni en í fyrri, núna komu í hús 37 stig á móti 39 í fyrri. Þetta eru samt 2,06 stig úr leik, að öllu jöfnu þarf 2 stig úr leik til að vera í einu af efstu tveimur sætum. Hjá stelpunum er líka fróðlegt að skoða árangurinn á Þórsvellinum. Í sumar unnu þær 8 af 9 heimaleikjum í deildinni og töpuðu einum. Eini leikurinn sem tapaðist var á móti Val og sá leikur tapaðist á síðustu 5 mínútunum í þeim leik. Það munaði því ekki miklu að þær yrðu líka taplausar á heimavelli eins og strákarnir.

Í VISA bikar vann liðið Fjarðabyggð/Leikni í 16 liða úrslitum, vann svo FH í 8 liða úrslitum, en tapaði svo að lokum fyrir Val á Hlíðarenda í undanúrslitum.

2.fl kvenna hjá Þór/KA stóð sig í heildina lítið vel í sumar. Stelpurnar enduðu í 3. sæti í A-deild, á eftir Val og Breiðablik. Sumarið var þó kaflaskipt þar sem afrakstur fyrri hluta var frekar lítill en seinni parturinn mjög góður. Leikmenn voru í frekar slöku formi í upphafi sumars sem er að sjálfsögðu áhyggjuefni en vonandi samt eitthvað til að læra af. Þolástand var slakt og leikir voru að tapast í seinni hluta seinni hálfleiks þegar lægra tempó var komið í leikmenn, þrekið var nánast búið. Ýmissa hluta vegna fengum við langt hlé frá leikjum á miðju sumri sem við nýttum vel til æfinga og hjálfunarástand leikmanna lagaðist til mikilla muna. Það hafði í för með sér allt öðru vísi knattspyrnuleiki seinni hluta tímabilsins, tempóið/hraðinn var miklu meiri og leikmenn kláruðu 90 mín. án þess að hægja á sér svo nokkru næmi. Þetta, ásamt leikfræði sem einnig var unnið með yfir sumarið varð til þess að spíla-mennska liðsins varð allt önnur og betri og skilaði það góðum árangri, heilmörgum stigum þegar upp var staðið og eins og áður segir, 3. sætinu.

Það hefur alltaf áhrif á þátttöku 2. flokks í Íslandsmóti að bestu leikmenn flokksins séu meira og minna bundnir með mfl., bæði á æfingum og í leikjum. Afnot flokksins af þeim leikmönnum er því upp og ofan. Það segir sig sjálft að gæði í knattspyrnuleikjum 2. flokks eru afar misjöfn eftir því hvort þessir leikmenn eru með flokknum í leikjum eða ekki. Það hefur að sjálfsögðu mikil áhrif á árangur liðsins þegar upp er staðið. Líklegt má telja að þetta sé þó víðar svona en hjá Þór/KA og því komi þetta niður á öðrum liðum einnig. Það er einungis einn leikmaður 2. flokks kvenna að fara upp úr flokknum eftir þetta sumar aldurs vegna og því verður forvitnilegt að fylgjast með flokknum næsta sumar. Einnig eru fjölmargir leikmenn að koma upp úr 3. flokki hjá báðum félögunum, Þór og KA. Ég vil nota tækifærið og þakka leikmönnum, leikmannaráði kvenna, stjórn knattspyrnu-deildar og samstarfsfólki öllu fyrir frábæra samvinnu þar sem allir vinna að sama markmiði, að gera gott starf enn betra. Sérstaklega vil ég þakka vallarstarfsmönnum fyrir frábært samstarf og liðlegheit.



Meistaraflokkur karla 2010

*Með bestu kveðju,
Viðar Sigurjónsson.*

2. flokkur karla

Eins og undanfarin ár æfðu strákarnir í 2.flokk í nánum tengslum við meistaraflokkinn. Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel hér hjá okkur í Þór og hefur án efa átt þátt í því hversu mörgum ungum leikmönnum við höfum skilað upp í meistaraflokk okkar undanfarin ár.

2. flokkur lék í A-deildinni í sumar og eitt af markmiðum okkar í Þór er að þessi flokkur spili í A-deildinni þ.e.a.s. sé á meðal 10 bestu liða landsins í þessum aldursflokki. Þannig að verkefni strákanna á hverju ári séu verðug og krefjandi og þar af leiðandi bæti og þroski hvern og einn og geri hann tilbúnari í að verða einn af framtíðar leikmanni félagsins.

Í sumar voru margir af strákunum á elsta ári flokksins, fastamenn í leikmannahópi meistaraflokks og jafnvel lykilmenn s.s. þeir Atli Sigurjónsson og Gísli Páll Helgason. Þannig að auðvitað endurspegluðust úrslit leikja oft af því hvort elsta árið gæti tekið þátt. T.d. sigruðum við Íslandsmeistara FH á þeirra heimavelli 3-2 þegar „meistaraflokks leikmennirnir“ voru með. Yngri strákarnir áttu líka sína góðu daga og má nefna úrslit eins og 3-1 og 3-0 heimasigra gegn ÍA og KA sem og gríðarlega mikilvægann 4-3 útisigur gegn Fylki. Liðið endaði svo í 7.sæti í A-deildinni eftir flottan 4-1 sigur gegn KA í lokaleik mótsins.

Í Bikarkeppninni sigruðu strákarnir sameiginlegt lið Tindastóls/KS/Hvatar 2-1 en féllu svo úr leik eftir tap gegn Keflavík.

Þrátt fyrir að margir öflugir drengir séu nú gengnir upp í meistaraflokk er það nú svo að aðrir taka við og eru sterkir strákar að koma upp í flokkinn og bæstast þar í hóp efnilegra stráka sem verða árinu og reynslunni ríkari og má fastlega búast við því að nokkrir þeirra eigi eftir að banka á dyrnar hjá meistaraflokki strax á næsta ári t.d. voru þeir félagar Alexander Már Hallgrímsson og Kristinn Þór Rósbergsson í leikmannahópnum sem sigraði Fjarðarbyggð eftirminnilega 9-1 í lokaleik Íslandsmótsins í sumar, þannig að framtíðin heldur áfram að vera björt hér í Þorpinu.

Einstaklingsverðlaun í flokknum hlutu:

Leikmaður leikmanna: **Alexander Már Hallgrímsson.**

Efnilegasti leikmaðurinn: **Kristinn Þór Rósbergsson.**

Besti leikmaðurinn: **Valþór Atli Guðrúnarson.**

Þjálfari: **Hlynur Eiríksson.**

Yngri flokkar 2010

8. flokkur

Í 8. flokki voru þegar mest var 38 krakkar að æfa og þar af 5 stúlkur þannig að kynjahlutfallið var fremur ójafnt. Sumarið hófst á heimsókn á Brekkun þar sem haldið var lítið mót og tókst það í alla staði vel og stóðu allir sig með mikilli þrýði. Því næst var haldið á Strandamót þar sem var mikið fjör og margir leikir spilaðir. Síðasta mót sumarsins var síðan haldið hjá okkur þar sem KA kom í heimsókn. Veðrið var okkur ekki hliðhollt en þrátt fyrir kulda og rigningu stóðu sig allir vel og voru glaðir að lokum. Í lok sumars voru síðan nokkrir drengir sem æfðu með 7.



Meistaraflokkur Þór/KA 2010

flokki og fóru með þeim á Eimskipamót á Húsavík. 8. flokkur samanstendur af flottum og duglegum krökkum sem öll geta orðið flottir knattspyrnumenn og getum við því litum björtum augum á framtíðina.

7. flokkur karla

7. flokkur var mjög fjölmennur í ár og taldi yfir 50 drengi sem allflestir æfðu mjög vel en æft var fimm daga vikunnar í sumar og þá tvo tíma í senn. Framfarir þeirra voru miklar og eru þeir margir hverjir orðnir mjög góðir í fótbolta sem sást greinilega á spilamennsku þeirra í mótum sumarsins þar sem mjög mörg lið flokksins unnu til verðlauna. Þau mót sem strákarnir tóku þátt í voru, Greifamótið, Bústólpamótið, Strandamótið, Nikulásarmótið, Króksmótið og Eimskipsmótið. Þannig að verkefnið voru mörg og leikreynsla strákanna jókst jafnt og þétt með hverju mótinu sem þeir tóku þátt í sem síðan á án efa eftir að nýttast þeim á næstu árum því við erum viss um að hér sé framtíðarflokkur á ferð.

7. flokkur kvenna

Árið er búið að vera gott hjá stelpunum í 7. flokki. Þeim fjölgaði mikið í sumar, frá því að vera 4 til 5 að æfa í vetur upp í 15 þegar mest var í sumar Þær fóru á Pæjumótið og Eimskipsmótið í bæði skiptin með eitt lið. Þá voru tvær stelpur sem vegna mikillar getu æfðu og spiluðu með 6. flokki. Stelpurnar bættu sig mikið í sumar fótboltalega og væri frábært að fá að sjá þær æfa í vetur en á þessum aldri eru stelpur í fótbotla oft eins og farfuglar, koma að sumri en hverfa á burt á veturna. Við viljum breyta því, einu sinni í viku er betra en aldrei.

6. flokkur karla

Það er ekki hægt að segja annað en að strákarnir í 6.flokk hafi staðið sig hreint frábærlega á árinu. Árangur þeirra á öllum mótum ársins var ein sigurganga frá upphafi til enda og yrði það alltof langt mál að telja upp öll þau verðlaun sem flokkurinn hreppti. Hápunktar sumarsins voru þó hugsanlega tveir, þ.e. glæstir sigrar á Shellmótinu út í Vestmannaeyjum og svo Íslandsmeistaratitlarnir. Á Shellmótinu fóru strákarnir hreint á kostum og komu margir að máli við þjálfara okkar og lýstu yfir hrifningu sinni á drengjunum. Þá áttum við tvo leikmenn í liði mótsins, þá Ágúst Eðvald Hlynsson og Birki Heimisson. Hvað varðar Íslandsmótið þá fóru bæði A og B liðið í gegnum undankeppnina hér á Norðurlandi án þess að fá eitt einasta mark á sig. Bæði liðin hömpuðu síðan Íslandsmeistaratitli

á Egilsstöðum um miðjan ágústmánuð. Aðrir titlar sem drengirnir unnu voru Goðamótsmeistarar, Króksmótsmeistarar og Nikulásarmótsmeistarar. Flokkurinn tók einnig þátt í Bústólpamótinu og Eimskipsmótinu á Húsa-vík en þar voru úrslit ekki skráð.

Eins og sjá má þá eigum við hér gríðarlega efnilegan flokk sem félagið er mjög stolt af. Flokkurinn er fjölmennur en í sumar voru milli 60-70 strákar sem æfðu samviskusamlega fimm daga vikunnar og með sama dugnaði verður virkilega spennandi að fylgjast með hvað þessir drengir eiga eftir að gera í framtíðinni.

6. flokkur kvenna

Árið er búið að vera gott hjá 6.kvk og hefur þeim fjölgað mikið í sumar frá því að vera um 14 í vetur upp í að vera mest 30 stelpur í sumar. 6. flokkur byrjaði á að fara á Goðamót sem c-lið 5. flokks og var mikil ánægja með hvernig þær spiluðu þar. Mót sumarsins voru nokkuð mörg.

Greifamót: 6. flokk (2 lið)

Hrafnagil: 6. flokk (2 lið) vorum í fyrsta sæti – skiptir ekki öllu, bara svona fyrir tölfraðina.

Landsbankamótið: 6. flokk (3 lið) – A-lið endaði í 4. sæti.

Síamótið: 6. flokk (3 lið)

Íslandsmót: 6. flokk (2 lið)

Þæjumótið: 6. flokk (3 lið)

Eimskipsmót: 6. flokk (2 lið)

Það eru margar hæfileikaríkar fótboldastelpur í þessum hóp og hefur þeim farið fram bæði sem einstaklingum og sem liðsheild. Þær elska að æfa og leggja sig allar fram. Það verður líka að minnast á foreldra þessara stelpna, alltaf tilbúnir að hjálpa á hliðarlínunni, skipuleggja ferðir og gera allt það sem liðið vanhagaði um og hafa sýnt jákvæðan stuðning meðan á leik stendur.

5. flokkur karla

Fimmti flokkur var öflugur í sumar, og var góður stígandi í leik liðanna. Byrjað var að fara á Goðamót, síðan N1 og loks Shell mót á Selfossi þar sem C-liðið kom heim með bikar.

A, B og C lið fóru svo öll í úrslitakeppni Íslandsmóts. B og C kepptu svo til úrslita um Íslandsmeistaratitil, en því miður fengum við silfrið í æsispennandi og jöfnum úrslitaleikjum.

Framfaraverðlaun á eldra ári: Halldór Mar

Með miklum metnaði fylgir oft mikil framför og á það við í tilviki þessa stráks. Hann mætti mjög vel á allar æfingar og passaði vel upp á að láta vita þá sjaldan það kom fyrir að hann komst ekki. Góð æfingasókn og dugnaður á æfingum skilaði honum miklum framförum og mun sú framför halda áfram ef hann heldur áfram á sömu braut.

Bestur á eldra ári: Alexander Ívan Bjarnason

Einstaklega metnaðarfullur og duglegur innan vallar sem utan. Var lykilmáður í góðu liði 5. flokksins í sumar og á án efa eftir að verða frábær leikmaður í framtíðinni ef hann heldur áfram á sömu braut. Einstaklega góður leiðtogi og góður drengur.



Yngri flokkur 2011. Efnilegustu og bestu leikmennirnir.

Framfaraverðlaun á yngra ári: Jón Óskar Sigurðsson

Hugarfar sigurvegarans einkennir þennan dreng umfram allt. Tapsár með afbrigðum ef illa gekk á æfingum og viljinn til að sigra ofar öllu. Með þetta hugarfar leggja leikmenn alltaf mikið á sig og þá verður framförin óumdeilanlega mikil. Þessi lýsing á einstaklega vel við þennan dreng enda framför hans mikil í vetur og sumar.

Bestur á yngra ári: Andri Freyr Eiðsson

Óþreytandi baráttuþrek og vilji til að leggja sig fram einkennir þennan eðal dreng. Þrátt fyrir að hann sé ekki hár í loftinu er hann stór á vellinum því mótherjar hans vita alltaf af nærveru hans. Sífellt ógnandi með hraða sínum og leikni auk þess að leggja sig alltaf fram í varnarvinnunni. Mikið efni í góðan leikmann.

Hugarfarsverðlaun 5. flokks karla: Aron Kristófer Lárusson

Einstaklega jarðbundinn og góður strákur sem alltaf vill öllum vel og tekur leiðbeiningum og gagnrýni með jafnaðargeði. Einn hans helsti kostur er klárlega sá að hann spilar alltaf vel. Latur ekki stórleiki hraða sig og fer ekki niður á lágt plan í þeim léttari. Sannarlega frábært hugarfar sem mun skila þessum dreng góðum hlutum eins lengi og hann heldur því.

5. flokkur kvenna

Tímabilið hjá 5.flokki kvenna var einstaklega gott. Þær tóku þátt í hvorki meira né minna en 6 mótum. Goða-, Landsbanka-, Síma-, Þæju-, Íslandsbanka- og síðast en ekki síst Íslandsmóti. Í stuttu máli sagt gekk mjög vel á þessum mótum og aldrei urðu stelpurnar neðar en 5. sæti sem er góður árangur. Aðal sigurinn í þessum flokk vannst nú samt í fjölgun iðkenda en iðkendum fjölgaði um nánast nákvæmlega 100% í flokknum í sumar. Úr um 15 í 30.

Framfaraverðlaun á eldra ári: Kristín Alfa Arnórsdóttir

Framfarir þessarar stúlku hafi verið með ólíkindum miklar á árinu enda leggur hún sig fram á hverri einustu æfingu og í hverjum einasta leik. Ekki er langt um liðið síðan hún byrjaði að æfa fótbolta en hún er nú þegar orðin ein af efnilegri leikmönnum landsins í sínum aldursflokki.

Besti leikmaður á eldra ári: Andrea Mist Pálsdóttir

Þessi stúlka er svo sannarlega mikið efni í frábæran leikmann. Hún hefur allt sem til þarf að bera til að ná langt og með réttu hugarfari er engin spurning að hún mun ná alla leið í meistaraflokk og jafnvel enn lengra en það. Í sumar stóð hún sig gríðarlega vel og verðskuldar því svo sannarlega þessa nafnbót.

Framfaraverðlaun á yngra ári: Dagný Rós Sigurðardóttir

Hún hefur ekki æft í nema tæpt hálf ár en stefnir í að verða lykilmáður í þessum flokki á næsta ári, slíkar eru framfarirnar. Hún er sannkallaður jaxl sem aldrei kvartar, hún hefur óbilandi baráttuþrek og vilja inni á vellinum sem á eftir að skila henni langt.

Best á yngra ári: Emilía Eir Pálsdóttir

Sú sem fær þessi verðlaun hefur verið hreint út sagt frábær í sumar. Það væri hægt að veita henni öll verðlaun flokksins því framfarir hennar hafa verið gífurlegar og hugarfarið er frábært. Ekki leikur nokkur vafi á því að hún á þessa nafnbót því algjörlega skilið.

Hugarfarsverðlaun í 5. flokki kvenna: Anna Lilja Valdimarsdóttir

Einstaklega mikill karakter, jákvæð og skemmtileg stúlka. Henni mætti hreinlega lýsa sem gáfumenni inni á vellinum því hún hefur lygilega gott hugarfar og leikskilning miðað við aldur. Sjaldan hefur verið jafn auðvelt að velja þessi verðlaun því hún á þau svo algjörlega skilið.

4. flokkur karla

Strákarnir í 4. flokki hafa vaxið mikið sem leikmenn í sumar og tekið miklum framförum enda hafa þeir flestir æft vel og samviskusamlega. Flokkurinn hefur talið í kringum 30 stráka og tóku A og B lið þátt í Íslandsmótinu í 11 manna bolta auk þess sem eitt lið tók þátt í Íslandsmótinu í 7 manna bolta. A liðið hafnaði í 3ja sæti í sínum riðli, B liðið hafnaði í 2. sæti í sínum riðli eftir hreinan úrslitaleik við Fjarðabyggð um hvort liðið kæmist í úrslitakeppnina og 7 manna liðið varð í 5. sæti í sínum riðli.

Hápunktur sumarsins var þátttaka drengjanna í Rey Cup mótinu, farið var með tvö lið á mótið og sigruðum við í keppni B liða og vorum hársbreidd frá því að vinna til verðlauna í keppni C liða. Þá tóku strákarnir líka þátt í Greifamóti KA og Íslandsbankamóti okkar Þórsara.

Framfaraverðlaun á eldra ári: Valdemar Geir Gunnarsson

Hann hefur tekið ótrúlega miklum framförum með miklum dugnaði á æfingum. Þetta er strákur með flottan vinstri fót og hefur oftast en ekki bundið B - liðið saman í leikjum sínum. Með sama hugarfari og dugnaði verður hann mikilvægur leikmaður í 3.flokk.

Bestur á eldra ári: Númi Kárasón

Hann er snöggur, er einn stór vöðvi og þar af leiðandi harður í horn að taka og er drifkraftur hans mikill. Þetta er strákur sem hefur sett sér markmið, að ná langt.



Frábær stuðningur í Bikarúrslitaleiknum 2011

Framfaraverðlaun á yngra ári: Brynjar Logi Magnússon

Hann hefur verið að bæta sig jafnt og þétt í allt sumar, hefur allt sem góðan varnarmann þrýðir, það er erfitt fyrir andstæðina að komast fram hjá honum, er með góðar tækl-ingar og síðast en ekki síst er hann mjög öflugur í loftinu.

Bestur á yngra ári: Vignir Jóhannsson

Hann er mikill leiðtogi og barátta hans og ósérhlífni drífur samherja hans áfram. Þetta er strákur sem leggur sig alltaf 100% fram hvort sem um æfingu eða leik er að ræða. Þetta er strákur sem getur farið alla leið.

Hugarfarsverlaun fyrir 4. flokk karla: Aron Ingi Hlynsson

Keppnistímabilið hefur að nokkru leyti verið svolítil vonbrigði fyrir hann. Hann var lengi frá vegna meiðsla og svo hafa veikindi einnig verið að hrjá hann nú undir lok tímabils en duglegur hefur hann verið að mæta og gera það sem hann hefur getað gert. Margir hefðu jafnvel lagt árar í bát og gefist upp en, nei ekki þessi drengur, hann ætlar að ná langt.

4. flokkur kvenna

Árið 2009-2010 var upp og niður ef svo má segja. Liðið var gott en því miður náði það ekki að klára tímabilið á meðal þeirra bestu á landinu. Hinsvegar vann liðið nokkur mót (Rey-cup, Bústólpamót á Hrafnagili og Íslandsbankamót) og sýndi þannig styrk sinn þar sem liðið vann lið eins og Val sem eru meðal efstu liða í deildinni og Breiðablik sem varð að lokum Íslandsmeistari í 4. flokk kvenna. Í upphafi vetrar voru um 30 stelpur að æfa og yfir sumarið voru á milli 24-27 stelpur að mæta á æfingar. Mót sem farið var á: Goðamót: 7 manna bolti; vorum með 3 lið. Hrafnagil: 7 manna bolti; 1 lið (samanstóð af stelpum sem höfðu ekki fengið ýkja mikinn spiltíma í öðrum leikjum), Rey Cup: 11 manna bolti; 2 lið (notuðum 3 stelpur úr 5. flokki), Íslandsbankamót: 11 manna bolti; 2 lið.

Framfaraverðlaun á eldra ári: Helena Rut Pétursdóttir

Leikmaðurinn hefur tekið miklum framförum á stuttum tíma. . Réttfættur leikmaður, með löng skref og þar af leiðandi með mikinn hraða bæði með og án bolta. Á stuttum tíma hefur hún þróað með sér betri sendingartækni, betri hæfileika varnarlega séð í maður á mann og að skalla boltann sem og meiri skilning á leiknum sjálfum.

Besti leikmaður á eldra ári: Oddný Karólína Hafsteinsdóttir

Þessi leikmaður átti frábært tímabil, skoraði 15 mörk á Íslandsmótinu sem gerði hana markahæsta leikmann liðs-

ins. Mjög hæfileikaríkur leikmaður sem býr yfir miklum hraða, góðri boltatækni, góð maður á mann, góð í samvinnu tveggja leikmanna og frábær „slúttari“. Hún er leikmaður sem aldrei gefst upp, vinnur vel á vellinum, bæði varnar- og sóknarlega, og með flottan persónuleika og góðan leikskilning.

Framfaraverðlaun á yngra ári: Kristjana Ýr Þórðardóttir

Leikmaðurinn, eins og margir af yngri leikmönnum hópsins, sýndi að hún á mikla framtíð fyrir sér sem knattspyrnumaður. Meðan á tímabilinu stóð hefur hún bætt sig mikið bæði með og án bolta. Einnig hefur hún góða skot-tækni og hæfileiki hennar til að lesa leikinn hefur gert henni kleift að staðsetja sig betur í leikjum. Varnarlega séð er hún alltaf á réttum stað til að loka á andstæðinginn og sóknarlega séð tekur hún góðar ákvarðanir í að dreifa boltanum áfram til samherja sinna. Hún er mjög duglegur leikmaður með mjög jákvætt hugarfar.

Besti leikmaður á yngra ári: Lillý Rut Hlynisdóttir

Hún hefur mikinn leikskilning, spilar bæði með og án bolta, með mikla tækni og vinnuframlag hennar í leikjum er mjög mikið. Hún er góð bæði varnar- og sóknarlega í maður á mann, býr yfir mikilli sendingatækni. Einn af lykil-leikmönnum liðsins, hjálpar vörninni mikið, og þegar hún vinnur boltann tryggir hún að dreifa boltanum í spil til liðsfélaga sinna. Hún gefst aldrei upp og skilur allt sem hún á eftir á vellinum.

Hugarfarsverlaun fyrir 4. flokk kvenna: Þórdís Snædal

Leikmaðurinn var fyrirliði B-liðsins í sumar og sýndi þar góða forystuhæfileika. Hún er mjög jákvæður leikmaður, hvetjandi fyrir aðra, kurteis áreiðanleg og einbeitt. Mætir á allar æfingar og keppist við að standa sig vel á æfingum. Býr yfir hugarfari vel agaðs leikmanns sem lið getur alltaf treyst á, bæði innan sem utan vallar.

3. flokkur karla

Iðkendur voru 30-32 þetta árið.

Fyrsta verkefni vetrarins var árlegt Greifamót KA var haldið á vordögum þar sem við mættum með A og B-lið. Þar gekk okkur með ágætum og A-liðið vann til gullverðlauna.

VISA-bikar KSÍ AL/NL var á sínum stað þar sem við fórum í úrslitaleikinn eftir að hafa unnið KS/Tindastól/Hvöt heima 2-1. Síðan var spilað við KA í undanúrslitum. Unnum við leikinn heima 7-3 en töpuðum úti 4-1.

Samanlagt unnum við því 8-7, sem þýddi að við vorum komnir í úrslitaleikinn á móti Fjarðabyggð/Leikni sem fram fór á Þórsvelli. Þurftum við að horfa á eftir bikarnum austur þar sem við töpuðum 1-4.

Framfaraverðlaun á eldra ári: Sindri Sverrisson

Þessi drengur er duglegur og fastur fyrir, mætir mjög vel á æfingar og hefur verið einn af okkar bestu strákum í sumar. Hann er mjög fastur fyrir, en fær allt of oft að gjalda fyrir dugnaðinn eða vera svona fastur fyrir. Gaman að vinna með þessum strák og spennandi að fylgjast með honum á næstu árum!

Bestur á eldra ári: Orri Sigurjónsson

Hann hélt liðinu saman með vinnusemi, les leikinn manna best! Það má segja að hann var eiginlega hjartað í þessu liði okkar. Hann gerir hlutina einfalt, skilar boltanum vel frá sér. Hef lúmskan grun um að hann eigi eftir að spila marga leiki með bróður sínum í Þórstreyjunni í framtíðinni.

Framfaraverðlaun á yngra ári: Almar Vestmann

Hann kom mjög sterkur inn í hópinn eftir að hafa átt við hnémeiðsli að glíma fyrri part vetrar en með góðri mætingu á æfingar og eftir hafa lagt sig fram á æfingum kom hann sterkur inn í A-liðið í sumar.

Bestur á yngra ári: Bergvin Jóhannsson

Þessi drengur á eftir að spila marga leiki fyrir félagið okkar ef hann heldur vel á spöðunum næstu tvö til þrjú ár. Styrkur, hraði, skilningur á leiknum er til fyrirmyndar, skapið er á réttum stað, átti til að fara aðeins yfir strikið, en það er ekkert sem þarf að hafa áhyggjur af! Hann tekur tilsögn vel og það er gaman að vinna með honum!

Hugarfarsverðlaun fyrir 3. flokk karla: Anton Freyr Jónsson

Sá leikmaður sem fær þessi verðlaun var undantekningarlaust mættur með fyrstu mönnum á æfingasvæðið, lagði sig alltaf 100% fram, var alltaf jákvæður, tók tilsögn vel, og var alltaf tilbúinn í að aðstoða á æfingum og vinnu fyrir knattspyrnudeildina. Þá var sérstaklega gaman að vinna með honum og gott að hafa í hóp!

3. flokkur kvenna

Flokkurinn átti tvö lið í Íslandsmótinu. Þór 1 spilaði í A-deild Íslandsmótsins í sumar og Þór 2 spilaði í B-deild. Allur hópurinn tók auk þess þátt í Rey Cup. Til að gera langa sögu stutta gekk sumarið afar vel hjá stelpunum í Þór 1 og urðu þær í 3. sæti A-deildar og urðu auk þess Bikarmeistarar Norður-Austurlands. Stelpurnar í Þór 2 urðu neðstar í B-deildinni enda að etja kappi við sterk A-lið frá öðrum félögum. Loks urðu stelpurnar í 3. flokki Rey Cup meistarar í 7 manna bolta og í öðru sæti í 11 manna bolta. Frábært sumar hjá frábærum hóp!

Framfaraverðlaun á eldra ári: Birna Karítas Aðalsteinsdóttir

Framan af vetri virtist áhugi hennar á fótboltanum ekki nægjanlegur en eftir því sem á leið jókst metnaðurinn og um leið frammistaðan og ekki síst getan. Framfararirnar voru miklar og getur þessi stúlka án efa náð langt hafi hún metnað og áhuga til. Er eins og Vidic í vörninni og Owen frammi.

Besti leikmaður á eldra ári: Katla Ósk Káradóttir

Valið að þessu sinni var ekki erfitt. Þessi stúlka var fyrirliði 3.flokks kvenna, fastamaður í hóp í meistaraflokki félagsins og sýndi gríðarlega gott hugarfar auk þess að spila frábærlega í sumar. Einfaldlega frábært efni og frábær einstaklingur, án efa einn mest spennandi ungi leikmaður landsins. Hleypur hraðar en krókódill á eftir bráð sinni.

Framfaraverðlaun á yngra ári: Kolbrún Lilja Hjaltadóttir

Eins og alltaf hjá þessum frábæra árgangi var valið þarna gríðarlega erfitt. Ekki margar, heldur einfaldlega allar voru tilkallaðar að þessu sinni. En ég held að óhætt sé að segja að þessi stúlka sé að sýna gríðarlegar framfarir og vonandi heldur hún áfram í fótboltanum þó hún sé efnileg á öðrum vígstöðvum. Skallaði 300 bolta frá í einum og sama leiknum og bætti þar með félagsmet Þórs um 27 bolta, metið átti sjálfur Lárus Orri Sigurðsson.

Best á yngra ári: Heiða Ragney Viðarsdóttir

Frábær karakter með frábært hugarfar og gríðarlegan metnað. Hún sýndi ekki bara ótrúlegar framfarir heldur var einfaldlega jafn besti maður liðsins í allt sumar. Lygilegt er að gengið hafi verið framhjá henni í landsliðsvali yngri landsliða hingað til en hennar tími mun koma ef hún heldur áfram að vera eins og selur í bakverðinum.

Hugarfarsverðlaun í 3. flokki kvenna: Snjólaug Heimisdóttir

Rétt eins og í verðlaunum fyrir framfarir er hægt að verðlauna nær allar í flokknum fyrir hugarfar inni á vellinum. Það sem hins vegar gerir það að verkum að þessi stúlka verður fyrir valinu að þessu sinni er hversu mikið hún leggur á sig á hverri einustu æfingu auk þess að æfa sjálf aukalega utan æfingar. Nokkuð sem allir iðkendur ættu að taka sér til fyrirmyndar. Hún getur brugðið sér í líki Evra, eða stökkbreytt sér í Paul Scholes og smellt honum af 30 metrunum. Ef þetta hugarfar heldur áfram mun hún ganga hinn breiða gullveg sigurvegarans.

Jósepsbikarinn er minningarbikar um Jósep Ólafsson, fyrrum leikmann í yngri flokkum Þórs. Jósep lést langt fyrir aldur fram aðeins 16 ára gamall. Fjölskylda Jóseps gaf bikarinn og er hann árlega veittur fyrir framúrskarandi virkni, ástundun og áhuga í 3. flokki karla. Jósep lagði stund bæði á knattspyrnu og handbolta hjá Þór. Jósep Ólafsson fæddist 30. júní 1974 og lést 6. janúar 1990.

Jósepsbikarinn fær: Hákon Hjartarson

Þessi drengur er framúrskarandi duglegur, mætti mjög vel á æfingar og hefur verið einn af okkar bestu strákum í sumar. Hann er mjög fastur fyrir, fljótur, og hefur verið einn af okkar helstu markaskorurum. Mjög gaman að vinna með þessum strák og verður gaman að fylgjast með honum á næstu árum!

Stóru hugarfarsverðlaun karlaflokka: Karl Jóhann Sveinsson

Hann er mikill félagi, alltaf tilbúinn að vinna fyrir félagið, t.d. með því að vera boltadrengur á leikjum mfl. Hann mætir á allar æfingar sem hann kemst á og gefst aldrei upp þótt margar æfingar séu ákveðinn „brekka“ fyrir hann. Hann er einstaklega jákvæður og góður strákur.

Stóru hugarfarsverðlaun kvennaflokka: Birta María Aðalsteinsdóttir

Sú sem hlýtur hugarfarsverðlaun allra stúlkna hefur afar jákvætt hugarfar og stuðlar þannig að því að nýta hæfileika sína til hins ýtrasta. Hún hefur átt við meiðsl að

stríða en hefur tjaslað sér saman fyrir hverja æfingu og hvern leik til þess að geta verið með, sem sýnir að viljinn er fyrir hendi. Hún kom inn í flokkinn á miðju sumri og náði strax góðum tengslum við aðra leikmenn flokksins og smitar út frá sér sínu jákvæða hugarfari. Hún sér hlutina ávallt í jákvæðu ljósi og finnur björtu hliðarnar. Hún tekur ábyrgð á gjörðum sínum og annarra og er til fyrirmyndar í því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún býr yfir hugarfari leikmanns sem ávallt er hægt að treysta á jafnt innan vallar sem utan sem sýndi sig og sannaði í sumar.

2. flokkur og meistaraflokkur 2011

2. fl. karla náði 8. sæti í A deild Íslandsmóts. Bjargaði sér frá falli í B-deild með því að vinna KA í síðasta leik tímabilsins og senda þá þar með niður. Í VISA bikar féll liðið út í 8 liða úrslitum fyrir Haukum sem fóru alla leið í úrslitaleikinn.

2. fl. kvenna náði 6. sæti í A deild Íslandsmóts. Í VISA bikar fór liðið alla leið í úrslit. Sá leikur var leikinn á Þórsvelli gegn FH, en tapaðist því miður.

Það er gott til þess að vita að á bak við þessa flokka er öflugur hópur foreldra sem styður við þá. Það er lyklatríði að styðja þessa krakka eins og kostur er, þar eru og verða foreldrar í lykilhlutverki.

Mfl. kvenna endaði í 4. sæti í úrvalsdeild. Því miður tókst ekki að fylgja eftir þeim árangri sem þær náðu sumarið 2010. Árangurinn er samt sem áður góður, 32 stig úr 18 leikjum í deildinni.

Í Valitor bikar kvenna kom liðið inn í 16 liða úrslit, lék á Þórsvelli við Fylki í leik sem tapaðist.

Í haust var síðan komið að stærstu leikjum sem liðið hefur tekið þátt í, 32 liða úrslit í meistaradeildinni. Leikið var heima og heiman gegn firnasterku liði 1.FC Turbine Potsdam, margföldum Þýskalandsméisturum og Evrópu-meisturum 2010. Það var því nokkuð ljóst strax og vitað var hver mótherjinn yrði að við ofurefli yrði að etja. Sú varð líka raunin en frammistaða okkar leikmanna var þeim til sóma og dýrmætt veganesti inn í framtíðina.

Þátttaka í þessu var einnig öllum sem að þessu komu góður skóli.

Mfl. karla lék í efstu deild, loksins eftir margra ára bið. Tímabilið byrjaði ekki sérstaklega vel, margir útileikir í byrjun móts sem skiluðu litlu. Síðan komst ágætis gangur í þetta, samhliða velgengni í bikarkeppni. Seinni hluta móts tók síðan að halla undan fæti og einnig féllu önnur úrslit okkur ekki í hag. Í lokaumferðinni má svo segja að enn vorum við uppi þegar 10 mínútur voru eftir, en þá gengu heilladísirnar aldeilis í lið með Grindvíkingum og okkar beið það sára hlutskipti að falla aftur niður í 1. deild. Það var hrikalega sárt.

Strákarnir komust alla leið í úrslit í Valitor bikar karla, léku þar til úrslita við KR og urðu að bíta í það súra epli að tapa leiknum þrátt fyrir að vera betra liðið á vellinum og að vera með langbestu stuðningsmennina.

Þessi úrslitaleikur gefur öllum sem að honum komu dýrmæta reynslu fyrir framtíðina og sýndi það að á góðum degi eru strákunum allir vegir færir.



Meistaraflokkur kvenna 2011

Úrslit í PEPSI deildinni, með KR sem Íslandsmeistara, gerðu það svo að verkum að Þór tekur þátt í Evrópukeppni sumarið 2012. Verður það í fyrsta sinn sem mfl. karla nær svo langt.

Framundan er því annað spennandi verkefni í Evrópukeppni og erum við Þórsarar stoltir yfir því að liðin okkar hafi náð svona langt.

2. flokkur kvenna

Liðið lenti í 6. sæti í A-deildinni, vann 5 leiki, gerði 1 jafntefli og tapaði 8 leikjum. Er þetta að mínu mati ásættanlegur árangur í ljósi þess að kjarninn í hópnum var mjög lítill og erfilega gekk að manna í lið í sumum leikjunum. Í hinu unga meistaraflokksliði Þórs/KA er margar 2. flokksstelpur sem eðlilega gátu ekki mikið spilað með 2. flokknunum, en fengu þó að spreyta sig þar með góðum árangri. Einnig fengum við að nota stelpur úr öflugum 3. flokk Þórs og í nokkrum leikjum þurftum við að nota stelpur úr 4. flokknunum. Það sýndi sig þó í þeim leikjum sem við gátum notað okkar sterkustu leikmenn þá voru það fá lið sem stóðu í okkur.

Liðið stóð sig þó frábærlega í Visa-bikarnum, þar komst liðið í úrslitaleikinn sem fram fór á Þórsvellinum þann 11. september. Liðið sló út HK/Víking, Fylki og KR á leið sinni í úrslitaleikinn en úrslitaleikurinn tapaðist 2-5 á móti firnasterku liði FH.

*Takk fyrir sumarið
Hlynur Birgisson*

2. flokkur karla

Strákarnir í 2. flokk stóðu sig með þrýði á liðnu keppnistímabili. Hópurinn var ekki fjölmennur, taldi í kringum 16 drengi, þar sem fáir skiluðu sér upp úr 3. flokk. Strax var ljóst að liðið mætti ekki við neinum skakkaföllum svo sem meiðslum eða leikbönnum. Mikið mændi því á strákunum og spiluðu þeir marga leiki lemstraðir eða jafnvel veikir og eiga þeir mikið hrós fyrir allt sem þeir lögðu á sig, fyrir

sjálfra sig, félagana og ekki síst félagið sitt. Einnig fengu drengir úr 3. flokk að spreyta sig með 2. flokk og gerðu þeir það mjög vel. Komið var á betri tengingu milli 3. flokks og 2. flokks sem vonandi skilar fleiri strákum upp á milli flokkanna sem er lykilatriði í framtíð félagsins.

Eins og áður sagði var árangurinn úti á vellinum þrýðilegur. Liðið náði 3. sætinu í Soccerademótinu þar sem einungis meistaraflokkslið fyrir utan okkar stráka tók þátt, hélt sæti sínu í A-deild 2. flokks eftir langa og harða keppni en við teljum það gríðarlega mikilvægt ekki síst fyrir strákana sjálfa að vera á meðal 10 bestu liða landsins og fá þannig að þroskast sem knattspyrnumenn á meðal þeirra bestu. Í bikarkeppni 2. flokks féll liðið úr keppni í 8-liða úrslitum á útivelli gegn Haukum 4-3 eftir að vægast sagt hafi hallað mjög á okkar drengi í dómgæslunni og til að mynda var fullkomlega löglegt mark tekið af liðinu á mikilvægu augnabliki í leiknum en svona er fótboltinn, stundum ósanngjarn.



Sæti í Pepsiðild fagnað



Meistaraflokkur karla 2011

Flestir drengjanna tóku miklum framförum og verður fróðlegt að fylgast með þeim á næstu árum því þeir hafa alla burði til þess að taka næsta skref sem er að verða góðir meistaraflokksleikmenn.

Á lokahófi meistara- og 2. flokks fengu eftirtaldir drengir viðurkenningu;

Efnilegasti leikmaðurinn: Orri Sigurjónsson.

Leikmaður ársins: Halldór Orri Hjaltason.

Leikmaður leikmannanna: Arnar Geir Halldórsson.

Loks má geta þess að Kristinn Þór Rósbergsson skoraði 17 mörk í Íslandsmótinu og var markahæsti leikmaður mótsins ásamt þremur öðrum leikmönnum.

Þá er komið að því að renna yfir úrslit leikjanna í þessum mótum 2.flokks og markaskorara liðsins.

Soccerademótið:

Liðið sigraði B-lið KA í hörkuleik um 3. sætið inni í Boganum 2-1.

Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson, Alexander Már Hallgrímsson.

Þetta var frábær árangur sem lofaði góðu um framhaldið þar sem meistaraflokkslið Völsungs, Tindastóls, Magna, Dalvíkur/Reynis, KS/Leifturs, Draupnis og B-liðs KA enduðu fyrir neðan drengina.

Íslandsmótið A-deild:

Þór-KR 1-2. Fyrsti leikur Íslandsmótsins, strákarnir spiluðu flottan leik, voru 80%-20% með boltann en það dugði því miður ekki, við skoruðum bara eitt mark.

Mark: Kristinn Þór Rósbergsson.

Þór-Valur 4-1. Valsmenn teknir í kennslustund, gátum skorað miklu fleiri mörk, það kom svo á daginn að Valsmenn voru með slakan 2.flokk í ár og sátu þeir á botninum allt tímabilið og féllu niður um deild.

Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson 2, Halldór Orri Hjaltason og Orri Sigurjónsson.

Víkingur-Þór 10-2. Fyrsti leikur strákanna úti undir berum himni, hávaða rok á annað markið og voru þeir ekki tilbúnir í slíkan leik en allt of stórt tap sem allir voru sammála um að væri stórt slys sem ekki myndi endurtaka sig. Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson 2.

FH-Þór 4-2. Góður leikur af okkar hálfu, vorum yfir 2-1 þegar 15-20 mínútur voru eftir af leiknum en þá fór þreytan að segja til sín og fengum við á okkur ódýr mörk á síðustu mínútunum.

Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson og Jónas Björgvin Sigurbergsson.

Þór-Keflavík 2-4. Slakur fyrrihálfleikur, vorum 0-3 undir í hálfleik en komum til baka í þeim síðari en náðum ekki að jafna þrátt fyrir mikla baráttu.

Mörk: Halldór Orri Hjaltason og Hákon Guðni Hjartarson

Þór-Fjölnir/Björninn 3-1. Mikilvægur sigur á Fjölni/Birninum sem hafði sterku liði á að skipa.

Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson 2 og Alexander Már Hallgrímsson.

ÍA-Þór 1-3. Fylgdum góðum sigri eftir með virkilega flottum leik á erfiðum útivelli.

Mörk: Ingólfur Árnason 2 og Kristinn Þór Rósbergsson.

Breiðablik/Augnablik-Þór 3-2. Töpuðum vægast sagt ósanngjarnt í kaflaskiptum leik þar sem við vorum sterkari í seinni hálfleik og náðum að jafna leikinn 2-2 eftir að hafa verið 0-2 undir. Fengum á okkur kolólöglegt rangstöðu mark á síðustu mínútunum sem fékk að standa.

Mörk: Alexander Már Hallgrímsson og Kristinn Þór Rósbergsson.

Þór-Breiðablik/Augnablik 1-2. Tap í hörkuleik, mark á 90 mínútu felldi okkur, áttum allaveganna skilið stig út úr leiknum.

Mark: Hákon Guðni Hjartarson.

KA-Þór 2-1. Þetta tap sveið mest, strákarnir lögðu sig alla fram og sköpuðu sér aragrúa færa sem ekki nýttust og því fór sem fór.

Mark: Hákon Guðni Hjartarson.

KR-Þór 2-5. Frábær sigur, þar sem við vörðumst gríðarlega vel og Gummi í markinu átti einn sinn besta leik í sumar síðan beittu strákarnir flottum skyndisóknum sem refsuðu Kr-ingum illilega. Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson 3, Rúnar Freyr Þórhallsson og Jónas Björgvin Sigurbergsson.

Valur-Þór 0-5. Þægilegur sigur við frábær vallarskilyrði

en leikið var á Vodafonevellingum í bongó blíðu og sýndu strákarnir sínar bestu hliðar.

Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson 2, Alexander Már Hallgrímsson 2 og Edmondo Steinar De Santis.

Þór-Víkingur 1-1. Gott stig á móti góðu liði sem sýndi okkur að stórt tap í fyrri umferðinni gegn þeim voru óeðlileg úrslit. Þess má geta að hart var tekist á og fóru fjögur rauð og ellefu gul spjöld á loft í leiknum. Mark: Rúnar Freyr Þórhallsson.

Þór-FH 0-4. Fyrsti leikurinn sem við ekki náum að skora í en andstæðingurinn spilaði vel og það fór svo að FH varð Íslandsmeistari með nokkrum yfirburðum.

Keflavík-Þór 3-0. Ekkert um þennan leik að segja.

Fjölnir-Þór 3-0. Og enn síður þennan, við lékum illa gegn baráttuglöðum andstæðingum.

Þór-ÍA 1-3. Slæmt tap gegn Skagamönnum sem þýddi það að ekkert annað en sigur í síðasta leik gegn KA kæmi til greina ef liðið ætlaði sér að vera uppi í A-deild á næsta ári.

Mark: Kristinn Þór Rósbergsson.

Þór-KA 3-1. Frábær endir á spennandi og krefjandi tímabili. Strákarnir sýndu úr hverju þeir eru gerðir, gáfu sig alla í leikinn og uppskáru eftir því en með þessum úrslitum tryggðum við sæti okkar í A-deildinni og sendum KA liðið niður í B-deild.

Mörk: Jónas Björgvin Sigurbergsson, Kristinn Þór Rósbergsson og Alexander Már Hallgrímsson.

Bikarkeppni 2. flokks:

32-liða úrslit: Þór-KA 4-3. Góður sigur gegn erkifjendunum í KA. Vorum komnir í góða stöðu 3-1 en þá urðum við kærulausir og hleyptum KA strákunum inn í leikinn en það var svo hann Krissi sem skoraði sigurmarkið á loka mínúttunni sem kom okkur áfram í keppninni Mörk: Alexander Már Hallgrímsson 2, Ingólfur Árnason og Kristinn Þór Rósbergsson.

16-liða úrslit: Stjarnan-Þór 0-2. Auðveldur sigur á úti-velli, vorum sterkari allan leikinn.

Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson 2.

8-liða úrslit: Haukar-Þór 4-3. Gríðarlega svekkjandi tap þar sem markmið okkar var að fara lengra í þessari keppni.

Mörk: Kristinn Þór Rósbergsson 2 og Ingólfur Árnason.

Hlynur Eiríksson

Yngri flokkar 2011

Árið 2011 var mikið fótboltaár hér í Þorpinu, fullt af leikjum í yngri flokkum og bæði liðin í Pepsi deild.

Æfingahópur yngriflokka er stór, þegar best var í sumar vorum við með rétt rúmlega 500 iðkendur sem er þó nokkur aukning frá í fyrra, það gera u.þ.b 1000 foreldrar. Þetta er stórt félag sem við öll erum hluti af.

Unglingaráð knattspyrnudeildar Þórs þakkar þá vinnu sem foreldraráðin hafa unnið sem og aðrir foreldrar, þá ber líka að þakka þeim sem tilbúnir eru að leggja á sig sjálfsboðavinnu, s.s dómurum og aðstoðardómurum. Félag eins og Þór væri ekki í stöðugri sókn ef ekki væri óeigin-gjörnu sjálfsboðastarfi fyrir að fara.

8. flokkur

Sumarið hjá 8. flokki var mjög skemmtilegt, þrjár æfingar í viku og mikið líf og fjör á æfingum. Þegar sumarið hófst voru um 30 krakkar skráðir í flokkinn en alltaf bættust fleiri við og voru um 50 krakkar skráðir í flokkinn í lok sumars. Það gerðist þó aldrei að allir 50 mættu á sama tíma. Kynjahlutfallið hefur lagast frá fyrri árum og í sumar voru 12 stúlkur að æfa. Krakkarnir fjölmenntu á Strandarmót og vorum við með fjögur lið á því móti, eitt þeirra var einungis skipað stúlkum. Þetta var í fyrsta sinn sem það hefur gerst og gáfu þær strákunum ekkert eftir í baráttunni.

Krakkarnir stóðu sig öll með prýði, veðrið lék við okkur og allir fóru sáttir heim í mótslok með verðlaunapening.

Í ágúst fengum við galvaska Húsvíkinga í heimsókn til okkar og voru spilaðir nokkrir leikir. Krakkarnir voru rosalega dugleg að mæta á æfingar, ávallt glöð og hress og lögðu sig fram á æfingum og baráttan var jafn mikil í stórfiskaleikum, vítakeppninni með Arnar Geir í markinu og spilin, þó svo að sumir hafi stundum haft meiri áhuga á kettinum sem átti það til að hanga á æfingasvæðinu okkar. Greinilegt að þarna eru flottir krakkar á ferð.

7. flokkur kvenna

Árið var gott hjá stelpunum í 7. flokki. Í vetur voru níu stelpur sem æfðu með 6. flokki, en með sumrinu fjölgaði stelpunum og í lok sumars voru um 27 stelpur að æfa. Þetta er meira en tvöfalt fleiri stelpur en í fyrrasumar. Í sumar tókum við þátt í Strandarmótinu, Þæjumótinu og Húsavíkurmótinu, vorum með tvö lið á hverju móti og spiluðum vel.

Þetta er hópur af fótboldastelpum sem njóta þess að vera á vellingum, njóta þess að æfa og eru miklar keppnis-manneskjur. Það var mjög skemmtilegt fyrir okkur þjálfarana að vinna með þeim, en það var líka erfitt verkefni að sjá til þess að þær fengju krefjandi æfingar því þær bættu sig hratt og leystu æfingarnar á auðvelda hátt. Vonandi halda þær allar áfram að æfa sig af krafti.

7. flokkur karla

Strákarnir í 7. flokki voru mjög flottir í sumar og stóðu sig vel. Markmið okkar var að hafa það skemmtilegt saman, vanda sig við æfingarnar og mæta vel. Það skilaði miklum framförum, sérstaklega hvað varðaði boltatækni og leikskilning.

Við tókum þátt í nokkrum mótum í sumar, byrjuðum á Norðurálmótinu á Akranesi og var það í fyrsta skipti í nokkurn tíma sem Þór sendir lið þangað. Við vorum mjög sáttir við það mót og stefnum á að halda okkur við það í framtíðinni, á Norðurálmótinu voru strákarnir valdir þrúðasti hópurinn, sem voru okkar stærstu verðlaun í sumar og erum við mjög stoltir af þeim. Einnig förum við á Nikulásarmótið í Ólafsfirði, Strandarmótið og Húsavíkurmótið. Strákarnir spiluðu marga flotta leiki í sumar en aðalmálið er að hafa gaman af því að keppa við aðra og taka framförum og það gerðu strákarnir svo sannarlega í sumar.

Það er ljóst að ef strákarnir halda áfram að bæta sig líkt og þeir gerðu í sumar verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni!

6. flokkur karla

Iðkendur í 6. flokki karla í sumar voru um 60 talsins. Shellmótið í Vestmannaeyjum er að sjálfsögðu toppurinn á tímabilinu hjá 6.flokki, frábær ferð í alla staði og ein allsherjar skemmtun fyrir alla þá sem fóru í með. Þar náðu öll liðin okkar frábærum árangri og til dæmis spilaði D-liðið úrslitaleik sem tapaðist naumlega, þannig að við komum með silfurverðlaun heim í Hamar. Bjarki Gísli var valinn í pressu-landsliðið og Aron Máni var valinn í lið mótsins. Frábært hjá þeim.

Á Nikulásarmótinu í Ólafsfirði fór A-liðið okkar á kostum og vann alla sína leiki og fékk mikið hrós bæði frá andstæðingum sínum og áhorfendum fyrir skemmtilegt og flott samspil á vellinum. Þórslíðin unnu til gullverðlauna í bæði A-B flokki og C-flokki ásamt því að við fengum silfur í C-liðum. Króksmótið á Sauðárkróki var skemmtilegt og spennandi enda spiluðu flest liðin okkar til úrslita þar.

Við spiluðum á Þórsvellinum í Íslandsmótinu, Norður- og Austurlandsriðli. Bæði B-liðið og C-liðið unnu og eru Íslandsmeistarar í sínum flokki. A-liðið okkar náði ekki að sýna sitt besta á Íslandsmótinu og komst ekki í úrslitin.

Við enduðum sumarið á Eimskipamótinu á Húsavík þar sem við spiluðum marga hörkuleiki með blönduðum og jöfnum liðum þar sem við sigruðum og töpuðum til skiptis en umfram allt skemmtum okkur vel í lok sumarsins.

Þetta er sannarlega glæsilegur hópur af flottum og skemmtilegum fótboltastrákum sem tóku gríðarlegum framförum í sumar þar sem aðaláherslurnar hjá okkur þjálfurunum voru á leikskilning, samvinnu og samspil og síðast ekki síst góðan mórál inni á vellinum. Strákarnir eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér og munu örugglega margir þeirra spila í PEPSI-deildinni eftir nokkur ár. Stórt hrós til þeirra allra.

6. flokkur kvenna

Stelpurnar tóku miklum framförum í fyrra og héldu áfram á sömu braut á þessu ári. Í upphafi árs voru um 20 stelpur en þær voru orðnar 28 þegar sumri lauk. Við tókum þátt í Goðamótinu, síðan Landsbankamótinu, Síamótinu, Þejumótinu og Húsavíkurmótinu, auk þess að spila í Íslandsmótinu, Hnátumóti Norðurlands og Hnátumóti Norður- og Austurlands (úrslit).

Okkar besti árangur í sumar var þegar við unnum Hnátumót Norðurlands, en enn mikilvægara er að liðin okkar hafa spilað skemmtilegan fótbolta sem ekki aðeins Þórsarar dáðust að, heldur fengum við einnig hrós frá foreldrum og þjálfurum keppinautanna. Þessar stelpur hafa sýnt dálítið sem mörg lið í meistaraflokki gleyma og/eða vantar. Á vellinum og utan hans voru þær lið sem stóð saman og studdu hver aðra á þann hátt að ef ein misstígur sig eru alltaf tvær tilbúnar að hjálpa henni aftur upp. Vinátta og virðing umkringdi þessar stelpur og þær kepptust við að ýta undir betri árangur hver hjá annarri. Þær voru saman sem lið og voru vinningslið - alveg sama hver úrslitin voru.

5. flokkur kvenna

Við byrjuðum með um 18 stelpur í vetur en í lok sumar voru þær hátt í þrjátíu. Við þjálfararnir erum mjög ánægðir með framfarirnar í hópnum. Hver og ein lagði mikið á sig og þær sem komu nýjar inn voru fljótar að bæta sig og bindast hópnum. Við tókum þátt í Goðamóti sem Þór/KA og síðan sem Þór í Landsbankamótinu, Síamótinu og Þejumótinu. Við náðum góðum árangri á öllum mótunum og stelpurnar spiluðu í anda þess að „deyja fyrir klúbbinn“, gáfust aldrei upp og börðust alveg þangað til flautað var til leiksloka í hverjum leik. Og þær eru auðvitað stoltar af félaginu sínu og hafa fagnað mörkum með þessum söng og þannig látið alla vita hvaðan þær koma.

Besti leikmaður á eldra ári: Lísbet Perla Gestsdóttir

Einhver sagði einhvern tímann: „Góður markmaður er hált liðið.“ Hún var valin í landslið Síamótsins og er fyrirlíði A-liðsins okkar, hefur verið foringi og uppörvandi fyrir liðið, veitir öðrum liðsmönnum öryggi þegar hún stendur í markinu og átti frábæra leiki á þessu ári.

Besti leikmaður á yngri ári: Hulda Björg Hannesdóttir

Hæfileikar, dugnaður, ástriða, liðsandi, sigur. Þetta eru aðeins fá af þeim orðum sem lýsa þessum unga leikmanni. Jafnvel þótt hún sé á yngri hári hefur hún leikið með A-liðinu og ásamt öðrum leikmönnum sýnt frábæra frammistöðu og gefur alltaf allt sitt í leikina, frá upphafi til lokaflauts. Hún er alltaf til staðar til að stöðva sóknir andstæðinganna og byggja upp leik okkar, ásamt því að leggja upp og skora mörk.

Mestu framfarir á eldra ári: Petra Sif Ingólfssdóttir

Hún missir aldrei úr æfingu og leggur alltaf hart að sér. Hún tekur vel leiðsögn þjálfara og er opin fyrir nýjum hlutum sem veitti okkur þjálfurunum fleiri valkosti við liðsuppstillingu og gerði okkur kleift að nota hana í fleiri en eina stöðu á vellinum og alltaf skilaði hún sínu vil. Hún hefur staðið sig frábærlega og heldur vonandi áfram á sömu braut í framtíðinni.

Mestu framfarir á yngri ári: Steinunn Gréta Kristjánsdóttir

Leikmaður sem ekki æfði frá því í fyrrasumar og kom aftur eftir árs hlé og náði hinum fljótt. Leggur hart að sér, hefur jákvætt hugarfar, er hvatning fyrir aðra. Hún er alltaf tilbúin að taka ráðleggingum og fyrirmælum frá þjálfurum og nýtir sér þær í leikjum og á æfingum. Alltaf til staðar fyrir liðið og tilbúin að leggja sitt af mörkum þegar verkefnið er sem erfðast og tilbúin að spila hvaða stöðu sem er á vellinum. Hún er liðinu innblástur og hefur sýnt stöðugar framfarir á milli leikja.

Leikmaður með besta hugarfarið: Guðrún Katrín Gunnarsdóttir

Ég hélt lengi vel að hún hefði fengið fótboltahæfileikana frá ömmu sinni og hæfileikana til að leysa öll þau verkefni sem ég setti fyrir á æfingum, því amma hennar missti aldrei af leik. Hvílikur heiður! En svo áttaði ég mig á því að ástriða hennar, einurð og ást á fótbolta hlyti að vera ástæðan. Mæting hennar var ekki bara góð á venjulegum



ÞórlKa í meistaradeild Evrópu 2011

æfingum heldur mætti hún einnig á tækniæfingar og lagði hart að sér, alltaf með svip eins og hún vildi segja: „Þjálfari, hefurðu ekki eitthvað erfiðara handa mér að gera, því ég mun sýna þér hvernig það er gert?“ Hún er þannig leikmaður að ef maður segir orðið „fótbolti“ er hún um leið komin í skóna sína og tilbúin að sparka í boltann og skora mörk.

5. flokkur karla

Árið hjá 5. flokki karla var gott, strákarnir sóttu æfingar vel, bæði í vetur og sumar og tóku miklum framförum. Þeir spiluðu frábærlega á Goðamótinu sem haldið var í lok vetrar og unnum við það í flokki A, B, C og F-liða. Íslandsmótið stóð yfir í allt sumar hjá strákunum og komust A, B og C liðin áfram í úrslitakeppnina. Þeir náðu þó ekki að fylgja góðum árangri eftir og náðu ekki að spila til úrslita þrátt fyrir að hafa staðið sig vel. Við tókum þátt í N1 mótinu og Olísmótinu og heilt yfir stóð flokkurinn sig mjög vel á þeim mótum.

Þjálfarar eru nokkuð sáttir með sumarið enda sýndu strákarnir það að með réttu hugarfari eru fá lið sem eiga séns í þá og verður gaman að fylgjast með þessum strákum í framtíðinni og margir í þessum hópi geta náð mjög langt ef haldið er rétt á spilunum.

Besti leikmaður á eldra ári: Tómas Örn Arnason

Þessi drengur leggur sig 100% fram á öllum æfingum og er alltaf jákvæður með rétta hugarfarið. Þetta er varnartröll flokksins sem samt finnst svo skemmtilegt að sækja og þar

liggja hans hæfileikar. Alltaf er hægt að treysta á hann varnarlega og haldi hann áfram á sömu braut er framtíð hans mjög björt í boltanum.

Mestu framfarir á eldra ári: Ingólfur Hannesson (Don)

Þar sem framfarir hafa verið mjög miklar hjá þessum árgangi á þessu ári koma margir til greina. En þessi drengur hefur samt vaxið mest. Þar sem hann er að færast upp í 4. flokk kæmi það ekki á óvart að hann eigi fast sæti í liðinu á næsta ári þar sem hann er gríðarlega fljótur, sterkur og virkilega harður af sér. Einnig má bæta við að hann þolir ekki að tapa!

Besti leikmaður á yngra ári: Ágúst Eðvald Hlynsson

2000 árgangurinn hér hjá Þór er rosalega sterkur. Þessi drengur ber höfuð og herðar yfir alla jafnaldra sína og eftir honum hefur verið tekið. Hann hefur allt sem góður fótboltamaður þarf að búa yfir, hann er góður með boltann með frábæran leikskilning og skorar mikið af mörkum þrátt fyrir að vera ekki fremsti maður á vellinum.

Mestu framfarir á yngra ári: Júlíus Elvar Ingason

Þessi drengur hefur verið að bæta sig ótrúlega mikið þetta árið. Hann hóf feril sinn sem markmaður, ákvað að færa sig framar á völlinn og er núna öflugur fyrir framan mark andstæðingana. Þar sem hann er kominn af mikilli fótbolta- og markaskoraraflöskyldu ætti það ekki að koma neinum á óvart ef þessi strákur á eftir að ná mjög langt í framtíðinni.



Fjölmarginir Þórsara föru á landsliðsæfingar 2010.

Leikmaður með besta hugarfarið: Birkir Heimisson

Hér kemur aðeins einn drengur til greina. Hann tekur fótboltann mjög alvarlega fyrir utan að hann er einn af aefnilegustu drengjum landsins. Kæmi það ekki á óvart að hugarfar hans kæmi honum alla leið. Það þarf ekki að segja þessum strák að fara snemma að sofa eða að taka aukaæfingu. Gríðarlega jákvæður og hefur rétta hugarfarið til að verða bestur.

4. flokkur karla

Virkilega skemmtilegu tímabili er nú lokið hjá strákunum. Saman förum við á Rey Cup og skemmtum okkur vel og árangurinn var ágætur en hefði með smá heppni getað orðið enn betri. Í Íslandsmótinu fór A-liðið í úrslitakeppni en B-liðið var ekki langt frá því markmiði. Aðalatriðið er þó að flestir bættu strákarnir sig sem fótoltamenn og liðin okkar spiluðu góðan fótbolta, það er jú það sem skiptir máli.

Bestur á eldra ári: Aron Ingi Hlynsson

Það sýndi sig í sumar þegar á reyndi hversu mikilvægur þessi drengur er liði sínu. Hann hefur gríðarlega hæfileika og getur náð alla leið í yngri landsliði Íslands ef hann ætlar sér það og er tilbúinn að leggja það á sig sem þarf með aukaæfingu og öllu sem því fylgir.

Mestu framfarir á eldra ári: Brynjar Logi Magnússon

Það vantar ekki að þessi drengur er stór og hann er sterkur en það besta er að hann fer ekki allt sitt á stærðinni einni saman. Hann er gæddur miklum hæfileikum sem hann ræktaði svo sannarlega vel í vetur og sumar og framförin var gríðarleg. Þarna er á ferðinni virkilega efnilegur drengur.

Bestur á yngra ári: Alexander Ívan Bjarnason

Það er okkur þjálfurunum sönn ánægja að velja þennan dreng sem besta leikmann síns aldursflokks. Hann er einfaldlega topppointak af knattspyrnumanni, gríðarlega gott hugarfar í bland við mikla hæfileika er blanda sem ætti ekki að geta klikkað. Nú verður hann bara að halda áfram vel á spilunum.

Mestu framfarir á yngra ári: Brynjar Skjöldal Þorsteinsson
Framfarir þessa drengs voru hreint ótrúlegar í vetur og sumar. Í 5. flokki átti hann aldrei fast sæti í A-liði en í sumar var hann einn af lykilmönnum A-liðsins í 4. flokki og það á yngra ári. Samviskusemi í mætingum á æfingar og jákvæðni í alla staði hefur skilað honum á þann stall að vera nú einn af okkar efnilegri leikmönnum.

Leikmaður með besta hugarfarið: Vignir Jóhannsson

Valið á besta hugarfarinu er alltaf erfitt, sem betur fer. En sá sem fyrir valinu verður á það að sjálfsgöðu skilið enda búinn að leggja mikið á sig til að verða jafn efnilegur og hann er í dag. Öll æfingasókn, framkoma og framlag á æfingum er algjörlega til fyrirmyndar fyrir aðra unga stráka í fótbolta og er okkur því sönn ánægja að verðlauna hann sem leikmanninn með besta hugarfar flokksins.

4. flokkur kvenna

Tímabilið hjá 4. flokki kvenna var heilt yfir mjög ásættanlegt þó liðið hafi ekki náð því markmiði sínu að komast í úrslitaleik Íslandsmótsins. Árgangarnir í þessum flokki eru mjög öflugir á landsvísu og hafa verið það í gegnum árin og því var markmiðið sett hátt. Stelpunum fjölgaði mjög þetta árið og er það gríðarlega jákvætt. Um 25 stelpur byrjuðu í vetur og þegar yfir lauk voru þær orðnar 37. Flokkurinn tefldi fram A- og B liðum í öllum mótum, en liðið tók þátt í Goðamóti Þórs og Rey Cup, auk Íslandsmótsins.

A-liðið varð að láta sér að góðu 4. sætið í Goðamótinu þrátt fyrir einungis eitt tap, B-liðið gerði sér lítið fyrir og stóð uppi sem sigurvegari í keppni B-liða á Goðamótinu. Á Rey Cup stóðu bæði liðin sig frábærlega. B-liðið varð í 3. sæti og A-liðið komst í úrslitaleik sem tapaðist 2-0. Í Íslandsmótinu var viðunnandi árangur hjá báðum liðum. B-liðið hafnaði í 5. sæti í keppni B-liða á landinu. A-liðið hafnaði í 2. sæti í A-liði og komst þar af leiðandi í úrslitakeppnina um Íslandsmeistaratitilinn. Þar unnust leikir á móti Tindastól og KR, en tap gegn Fjölni varð til þess að þær misstu af úrslitaleiknum.

Best á eldra ári: Lillý Rut Hlynisdóttir

Hún hefur mikinn leikskilning, spilar bæði með og án bolta, með mikla tækni og vinnuframlag hennar í leikjum er mjög mikið. Hún er góð bæði varnar- og sóknarlega í maður á mann, frábær skallamaður og býr yfir mikilli sendingatækni. Hún er einn af lykilleikmönnum liðsins, hjálpar vörninni mikið og þegar hún vinnur boltann tryggir hún að dreifa boltanum í spil til liðsfélaga sinna. Hún gefst aldrei upp og skilur allt sem hún á eftir á vellinum. Svo sannarlega leikamaður sem vert er að fylgjast með í framtíðinni.

Mestu framfarir á eldra ári: Viktoría Sól Birgisdóttir

Á stuttum tíma hefur þessi stelpa orðið einn albesti varnarmaður á landinu í sínum aldursflokki. Með frábæru hugarfari og gríðarlegum metnaði hefur hún styrkst og bætt sig í öllum hliðum fótoltans. Nokkuð sem allir iðkendur ættu að taka sér til fyrirmyndar.

Best á yngra ári: Andrea Mist Pálsdóttir

Þessi leikmaður átti frábært tímabil. Mjög hæfileikaríkur leikmaður sem býr yfir miklum hraða, góðri boltatækni, er góð maður á mann, góð í samvinnu tveggja leikmanna og frábær „slúttari“. Hún er leikmaður sem aldrei gefst upp, vinnur vel á vellinum, bæði varnar- og sóknarlega, og með flottan persónuleika og góðan leikskilning.

Mestu framfarir á yngra ári: Karen Sif Jónsdóttir

Leikmaðurinn hefur tekið miklum framförum á stuttum tíma. Leikmaður, með góðan grunn úr fimleikum sem nýtist henni vel á vellinum, með mikinn hraða bæði með og án bolta. Á stuttum tíma hefur hún þróað með sér betri sendingartækni, er orðin betri í að „taka menn á“ sem og meiri skilning á leiknum sjálfum.

Leikmaður með besta hugarfarið: Birta María Aðalsteinsdóttir

Hún er mjög jákvæð, hvetjandi fyrir aðra, kurteis, áreiðanleg og einbeitt. Mætir á allar æfingar og keppist við að standa sig vel á æfingum sem og í kappleikjum. Býr yfir hugarfari vel agaðs leikmanns sem lið getur alltaf treyst á, bæði innan sem utan vallar.

3. flokkur kvenna

Frábæru tímabili er lokið í 3. flokki kvenna. Flokkurinn sendi til leiks tvö A-lið í 11 manna bolta og árangurinn var mjög góður, enda einvörðungu eðal leikmenn sem skipuðu þessi lið. Þór 1 varð í öðru sæti A-deildar, fór í úrslitaleik Íslandsmóts og Rey Cup, niðurstaðan silfur á tveimur stöðum! Þór 2 varð í 3. sæti b-deildar og varð bikarmeistari Norður- og Austurlands með örlítilli hjálp frá nokkrum stúlkum í Þór 1. Loks ber að geta að alls fóru átta stúlkur úr þessum flokki á landsliðsæfingar á árinu og fjórar þeirra voru svo valdar í endanlegt landsliðsúrtaf sem keppti á Norðurlandamóti í sumar. Örstutt og laggott um þennan flokk: Frábær hópur, frábær árangur, einstakt tímabil!

Best á eldra ári: Sandra María Jessen

Oft er valið erfitt í þessu árgangi en að þessu sinni er það sennilega óumdeilt. Kraftur, vilji og hæfileikar út í gegn prýða þessa stúlku og mun þetta án efa skila henni á stall með bestu leikmönnum landsins í meistaraflokki innan fárra ára. Hún á þegar fast sæti í meistaraflokki og U17 ára landsliði og er það örugglega bara byrjun á löngum og farsælum ferli.

Mestu framfarir á eldra ári: Arndís Lilja Jónsdóttir

Eftir að mörgu leyti erfiða byrjun fyrst í október í nýju umhverfi og nýju liði tók þessi stúlka sannkallað framfarastökk í sumar og er í dag einn af okkar allra efnilegustu leikmönnum. Virkilega spennandi verður að fylgjast með hvort viðlíka framfarir halda áfram hjá henni í 2. flokki á næsta ári.

Best á yngra ári: Oddný Karólína Hafsteinsdóttir

Ekki þarf að hafa mörg orð um hversu efnileg þessi stúlka er, hún vinnur stanslaust í að bæta veikleika sína og rækta

styrkleika sína. Þessi vinna hennar hefur skilað henni hvorki meira né minna en leikjum í meistaraflokki í sumar þrátt fyrir að vera einungis á yngra ári í 3. flokki. Best á yngra ári er markamaskínan

Mestu framfarir á yngra ári: Kristín Júlía Ásgeirsdóttir

Vitað mál var að við vorum að fá mjög sterkan leikmann í haust þegar þessi stúlka gekk til liðs við okkur. Engan hefði þó grunað að hún myndi taka þeim framförum sem til þurfti til að verða markahæsti leikmaður A-deildar í þriðja flokki og það á yngra ári í flokknum. Með Oddnýju Karólínu myndar þessi stúlka óhugnanlegasta sóknarpar landsins í augum andstæðinga sinna.

Leikmaður með besta hugarfarið: Heiða Ragney Viðarsdóttir

Þær eru margar sem hafa gott hugarfar en þessi er hreinlega með einstakt hugarfar. Hún æfði sig aukalega í allt sumar, hún var fyrirliði síns flokks, fékk hól frá landsliðsþjálfaranum (U17) fyrir gott hugarfar, hún er alltaf tilbúin að hjálpa til og það oft óumbeðin. Einfaldlega frábær karakter og því að sjálfsögðu við hæfi að verðlaunin fari til hennar.

3. flokkur karla

Við tókum upp samstarf við Dalvík-Reyni til að geta mannað tvö lið í Íslandsmótinu og komu sjö strákar þaðan. Fyrsta mótið á árinu var Greifamótið sem haldið var í Boganum. Þar stóðu strákarnir sig mjög vel og voru þeir að bæta sig jafnt og þétt. Við sendum A, B, og C-lið í Íslandsmótið. Geta A-liðsins er mun meiri en stöðutaflan sýnir. Ýmislegt setti strik í reikninginn, meiðsli, veikindi og leikbönn. B-liðið tók jafnt og þétt framförum og var farið að spila mjög skemmtilegan bolta í lokin.

Við sendum eitt lið í Valitor-bikarkeppni Norður- og Austurlands og féllum úr keppni í fjögurra liða úrslitum í mjög spennandi leik gegn KF. Í lok júlí fórum við á Footbal-Festival í Árósum í Danmörku. Við sendum eitt lið í keppni undir 16 ára, þar sem strákarnir spiluðu við lið frá Evrópu stóðu þeir sig mjög vel. Við saum að nágrannar okkar eru ekkert betri en við. Í sumar spiluðu 34 strákar fyrir Þór í 3. flokki karla og allir voru þeir skemmtilegir og þroskuðust sem knattspyrnumenn. Ef þeir halda áfram að vera samviskusamir og duglegir að bæta sig þá verður framtíðin björt fyrir Þór.

Bestur á eldra ári: Róbert Logi Kristinsson

Mjög fjölhæfur og getur spilað flestar stöður, sterkur í návigjum og erfitt að stoppa hann þegar hann fer af stað.

Framfaraverðlaun á eldra ári: Bergvin Jóhannsson

Fljótur, ákveðinn, góðar spyrnur og metnaður til að ná langt.

Bestur á yngra ári: Tryggvi Þór Logason

Mjög yfirvegaður, les leikinn mjög vel og skilar boltanum vel frá sér.

Mestu framfarir á yngra ári: Úlfar Valsson

Hefur sýnt miklar framfarir á árinu, heldur bolta vel og skilar frá sér.

Leikmaður með besta hugarfarið í flokknum: Númi Kárasón

Duglegur, samviskusamur og harður í návígum.

Jósepsbikarinn, veittur fyrir framúrskarandi virkni, áhuga og ástundun: Aron Gautason

Hefur góða tækni og sendingar. Jákvætt hugafar og metnað til að ná langt.

Hugarfarsverðlaun allra kvennaflokka: Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir

Þessi verðlaun eru sennilega einn sá mesti heiður sem hægt er að hlotnast í yngri flokkum. Það er því vel við hæfi að þessi stúlka sem hefur algjörlega einstakt hugarfar fyrir lið sitt, hljóti þessi verðlaun. Hún er alltaf jákvæð, til í að hjálpa, hvetjandi, metnaðargjörn og svo mætti lengi telja. Einfaldlega ótrúlega flott eintak af persónu.

Hugarfarsverðlaun allra karlaflokka: Árni Gunnar Ellertsson

Samviskusamur og hefur verið að bæta sig sem leikmaður jafnt og þétt en var óheppinn með veikindi. En hann hélt áfram að mæta á æfingar og leiki sem áhorfandi. Einnig stóð hann vaktina í Danmörku sem fánaberi og myndbandsupptökumaður.

Píludeild Þórs

Stjórn píludeildar árið 2011-2012

Formaður: Hinrik Þórðarson

Varaformaður: Kristján Ö. Helgason

Gjaldkeri: Bjarni Sigurðsson

Ritari: María Steinunn Jóhannesdóttir

Meðstjórnandi: Kristján I. Arnarsson

Varamenn: Guðrún Þ. Þórðardóttir og Haukur M. Hergeirsson.

Starfsemi deildarinnar felst helst í því að halda mót og hafa æfingar fyrir félagana í deildinni. Helstu mót sem deildin heldur eru meistaramót Þórs, tvö til þrjú í mismunandi greinum.

Deildarkeppni sem er spiluð á átta kvöldum.



Fyrirtækjakeppni þar sem reynt er að fá fólk sem ekki spilar pílu að staðaldri til að vera með.

Akureyri Open, sem er þá mót fyrir alla sem vilja vera með.

Flugelda- og jólamót, þetta eru mót þar sem við drögum saman reynda og óreynda spilara og spilum þá tvímenning og í verðlaun er annars vegar flugeldar og hins vegar jólasteik.

Einnig sér deildin um að halda stigamót einu sinni í mánuði fyrir Íslenska pílukastsambandið (Íps) og svo fara efstu menn á stigalistanum sem verður til með þessum mótum, í úrtökumót en efstu menn í þeim mótum vinna sér rétt til þess að spila með landsliði Íslands í pílu.

Og nú í ár fengum við svo að halda Íslandsmót í leik sem nefnist 301 og var mótið um helgina 25. og 26. febrúar 2012.

Meistaramót Þórs er mót þar sem þeir einstaklingar



sem æfa hjá félaginu keppa um hver sé bestur innan félagsins. Akureyri Open er mót sem við höfum haldið tvisvar og fáum við fólk af öllu landinu í það mót.

Aðalsteinn Þorláksson vann öll mót sem deildin bauð uppá á síðasta keppnisári nema Akureyri open en þar varð hann í öðru sæti, honum var einnig boðið sæti í landsliðinu en hann var fyrsti varamaður en varð því miður að afþakka vegna anna. María Steinunn Jóhannesdóttir vann allar kvennakeppnir sem deildin bauð uppá og varð einnig íslandsmeistari í tvímenningi í 501. Þá komst hún í landslið Íslands og fór til Írlands og spilaði þar.

Markmið deildarinnar er að efla hróður píluíþróttarinnar og búa til fleiri góða spilara, einnig stefnum við að því að koma af stað unglingastarfi og var byrjað að reyna þetta í haust en undirtektir voru dræmar.

Keiludeild

Ársskýrsla keiludeildar Þórs 2011

Stjórn keiludeildar árið 2011 var þannig skipuð: Sigurður B. Sigurðsson formaður, Haukur Þór Sigurðsson varaformaður, Ingólfur Ó. Valdimarsson gjaldkeri og Þórir G. Valgeirsson ritari.



Starfið hófst að nýju eftir sumarfrí um mánaðamótin ágúst, september með reglulegum æfingum tvisvar í viku.

Iðkendur á árinu voru 18 á aldrinum 18 til 60 ára.

Á árinu 2011 var í fyrsta skipti sent lið frá Akureyri á Íslandsmót í keilu og hefur það gengið vonum frammar.

Þrjú forgjafarmót voru haldin þar sem allir keppa á jafnréttis grundvelli og var þátttaka góð og almenn ánægja með þetta fyrirkomulag.

Þá sótti Þórir Gunnar Valgeirsson námskeið á vegum Keilusambands Íslands og útskrifaðist með fyrsta stigs réttindi til að þjálfa keilu sem er mikið gleðiefni.



Ársskýrsla keiludeildar Þórs 2012

Stjórn keiludeildar árið 2012 var þannig skipuð: Sigurður B. Sigurðsson formaður, Haukur Þór Sigurðsson varaformaður, Ingólfur Ó. Valdimarsson gjaldkeri, Þórir G. Valgeirsson ritari.

Áfram hefur verið boðið uppá æfingar tvisvar í viku en nú með þjálfara sem er gjörbylting fyrir iðkendur hér á Akureyri.

Iðkendur eru nú skráðir 23 og heldur vonandi áfram að fjölga í þessari ungu íþróttagrein hér á Akureyri.

Deildarkeppnin hélt áfram að spilast og þegar þetta er skrifað á lið Þórs raunhæfa möguleika á að komast í umspil um laust sæti í efstu deild, frábær árangur hjá svo ungrri deild.

Áfram hafa verið haldin forgjafarmót og mælast þau vel fyrir og hefur verið góð aðsókn, allt að 30 manns hafa verið skráðir.

Þá liggur fyrir að fyrsta Akureyrarmótið í keilu verður haldið í apríl og verður það tengt við 150 ára afmæli Akureyrar.

Okkar helstu stefnumál í áframhaldandi starfi eru að auka veg barna,unglinga og kvenna í keilu á Akureyri ásamt því að halda áfram að mennta þjálfara og senda öflugt keppnislið til þátttöku á Íslandsmóti.

Taekwondo deild

Taekwondo. Starfskýrsla fyrir árin 2010 og 2011

2010

Þrátt fyrir það að Taekwondo deild Þórs sé fremur lítil deild er óhætt að segja að iðkendur hennar hafi jafnan látið til sín taka og árangur þeirra í mótum jafnan góður. Stærsti viðburður ársins var þegar Íslandsmótið Poomse var haldið í Íþróttahúsinu að Hrafnagili 20. – 21. nóvember og sá Taekwondo deild Þórs um allan undirbúning og framkvæmd mótsins og tókst mjög vel til, deildinni til mikils sóma. Á mótinu stóð Þór uppi sem sigurvegari félaga með 22 stig og fjölmargir titlar einstaklinga komu í hús. Á opnu húsi í lok ársins var Haukur Fannar Möller kjörinn Taekwondomaður Þórs 2010.

Stjórn deildarinnar skipuðu: Símon Hrafn Vilbergsson



formaður, aðrir í stjórn: Helga María Sigurðardóttir og Rúnar Ingi Guðjónsson.

2011

Rekstur Taekwondo deildar Þórs á árinu 2011 gekk vel þegar á heildina er litið. Nokkur fækkun á iðkendum varð framan af ári en iðkendum fjölgaði eftir því sem á árið leið. En þrátt fyrir þá staðreynd að starfsemin væri ekki jafn blómleg að teknu tilliti til fjölda iðkenda var árangurinn mjög góður. Á haustdögum tóku iðkendur úr Þór þátt í fyrsta bikarmóti vetrarins 2011/2012 í Taekwondo sem haldið var að Varmá í Mosfellsbæ. Alls lögðu sjö keppendur leið sína suður og stóðu sig allir með miklum sóma og snéru allir heim með verðlaunagripi. Keppt var í tveimur greinum: Poomsae (formi) og Kyorugi (bardaga). Í poomsae hlutu þau Sveinborg Katla Danielsdóttir og Haukur Fannar Möller gull og Ægir Jónas Jensson hlaut silfur. Í bardaga hlutu Davíð Karl Sigurðson og Sigurður Óli Ragnarsson gull, Sveinborg Katla silfur og þeir Hlynur Ívar Hauksson og Gunnar Ingi Stefánsson brons. Var þetta fyrsta mótið af þremur í bikarmótaröð TKÍ sem halda á veturinn 2011-2012.

Á hófi Íþróttafélagsins Þórs „Við áramót“ sem haldið var í lok árs var Haukur Fannar Möller kjörinn Taekwondomaður Þórs. Tveir iðkendur Þórs í Taekwondo fengu viðurkenningar fyrir þátttöku sína í landsliðsverkefnum. Þetta voru: Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Danielsdóttir.

Stjórnina skipa:

Formaður: Jón Magnússon

Varaformaður: Sigurður Óli Ragnarsson

Ritari: Þorgerður Guðmundsdóttir

Gjaldkeri: Stefanía Hauksdóttir

Meðstjórnandi: Elísabet Árný Árnadóttir

Sem fyrr fara allar æfingar deildarinnar fram í Hamri.





Stofnað 1973

Tennis- og badmintonfélag Akureyrar

Ársskýrsla 2010

Akureyri 27. apríl 2011

Starfsári TBA 2010 er lokið.

Þetta hefur verið gott ár fyrir félagið af mörgum ástæðum.

Okkur hefur tekist að fjölga virkum iðkendum. Mestan hluta haustsins 2010 mættu 30 iðkendur í hverri viku, auk yngstu krakkanna sem tóku þátt í mikroton og miniton á laugardögum. Í hópi þessara föstu iðkenda erum við vonandi að sjá krakka sem halda áfram að leggja rækt við badmintonþróttina á komandi árum og hafa dug til að byggja sig upp í að keppa um toppsætin á landinu í sínum aldurshópi.

Haustið 2010 var badmintoníþróttinni vísað burt úr Íþróttahöllinni, vegna þess að iðkendur töldust of fáir veturinn áður til að félagið ætti rétt á að þjálfa þar aftur í vetur. Félaginu var vísað í Íþróttahús Glerárskóla, sem á margan hátt er lakari kostur en Íþróttahöllin. Stjórnin kynnti ÍBA og forsvarsmönnum íþróttamála hjá Akureyrarbæ þau atriði sem er ábótavant í salnum við Glerárskóla: Mikilvægast er þar að netin og súlurnar eru afleitar, litur veggjanna samlitur boltunum, þannig að þeir hverfa leikmönnum og dúkurinn á gólfinu er bæði of mjúkur og of háll. Þar að auki hefur félagið litið svigrúm til að fjölga þátttakendum, eins og stefnt er að, í svo litlum sal.

Þrátt fyrir þetta var haustið gott. Mikilvægasta ástæðan var hve vel tókst til með þjálfunina. Kristján Pétur tók sjálfur mun fleiri þjálfunartíma en veturinn áður. Tímarnir nýttust betur en áður, þrátt fyrir að dreifing þeirra á vikuna væri ekki eins og við töldum best á kosið. Þar að auki gaf Kristján Pétur sér tíma til að styðja aðstoðarþjálfarann, Sonju, í stjórnun hennar á mikroton- og minitontímum. Sonja fór á tvö þjálfaranámskeið 2010, til að standa enn betur að þjálfun yngstu krakkanna og Kristján útvegaði sér styrk til að fara til Danmerkur til að fræðast betur um badmintonþjálfun og fá fleiri hugmyndir. Almennt verður að segjast að Kristján Pétur stóð sig frábærlega og tók að sér ýmiskonar verkefni, sem tímalaus formaður aðrir stjórnarmeðlimir eða foreldrar hefðu með réttu átt að sinna. Mikilvægast var þar hve vel hann studdi við bakið á spírandi foreldrafélagi badmintoniðkenda, en hann var líka virkur í að finna réttu boltana, réttu þjálfunar- og keppnisfötin, líklega stuðningsaðila, í að skipuleggja keppnisferðir og fleira.

Stjórnin gerði sér grein fyrir því haustið 2010 að fjölgun

þjálfunartíma kallaði á meiri fjárútlát. Fjárhagsáætlunin sem gerð var í september fyrir veturinn 2010-2011 gerði ráð fyrir að félagið vantaði 700 þúsund upp á að fjárhagurinn gengi upp – en þetta var talsvert hærri upphæð en öll þjálfunargjöld iðkenda. Þessi upphæð var tilgreind í fjárhagsáætluninni sem væntanlegar tekjur af söfnunum og styrkjum frá fyrirtækjum. Undanfarin ár hefur TBA aðeins gert ráð fyrir þremur tekjulindum, þ.e. æfingagjöldum, hagnaði af sjoppurekstri á mótum og styrk frá Akureyrarbæ. Haustið 2010 voru tekjur af þessum tekjulindum aðeins um það bil helmingur þeirra tekna aflað var. Stjórnin hefði samt getað verið mun virkari við að leita til fyrirtækja. Miðað við þann árangur sem umleitanir félagsins til fyrirtækjanna skiluðu, má segja að aðaltakmörkunin á tekjuöfluninni hafi verið að stjórnin var ekki nægilega virk í að hafa samband við fyrirtæki til að leita eftir styrkjum. Það verður því að teljast ágætis árangur að fjárhagur félagsins er í góðu lagi. Félagið á meira að segja meiri peninga á reikningum sínum en á sama tíma og í fyrra. Samt þarf að hækka æfingagjöldin veturinn 2010-11. Ástæðan er sú, að ef félagið á að standa vel að badmintonþjálfuninni, þarf að leggja tiltölulega mikið í þjálfaralaunin miðað við þátttakendafjölda, á meðan TBA er að byggja íþróttina upp hér í bænum.

Krakkarnir okkar stóðu sig vel á mótum ársins. Fjölmennustu keppnisferðirnar voru farnar til Siglufjarðar í desember og til Þorlákshafnar í lok febrúar. Á Siglufirði voru margir okkar manna að keppa í fyrsta sinn og stóðu sig vel miðað við að þeir höfðu aðeins æft í örfáa mánuði.

Það er líka gaman að segja frá því að nokkrum af unglingunum okkar var boðið að taka þátt í landsliðsæfingum í vetur og Ivalu Birna var nærri því að komast inn í badmintonlandslið Íslandinga. Í desember tilnefndi stjórnin Ivalu Birnu sem íþróttamann ársins á Akureyri og gerði grein fyrir þessari tilnefningu til Íþróttaráðs.

Fyrirsjáanlegt er að við eigum ekki eftir að njóta krafta Kristjáns Péturs jafn mikið á komandi vetri og í vetur. Hann stefnir á að vera meira heima hjá konunni sinni og væntanlegu barni, en hjá börnunum okkar!

Kristján hefur áform um að koma á hvetjandi kerfi fyrir badmintonkrakkana, þar sem þau geta keppt að því að ná einskonar „stigum“ í bandminton, á svipaðan hátt og sjálfsvarnariþróttakrakkarnir keppa að því að fá nýjan lit á beltið sitt.

Stjórnin fékk fyrirspurn frá skvössurum, sem óska eftir aðild að félaginu, til að geta keppt undir nafni þess á mót-

um. Stjórnin hefur ákveðið að verða við þessari beiðni, en eftir er að ganga frá þessu við skvassarana.

Áhugi var í stjórnin á að ná fleiri fullorðnum badmintonspilurum inn í félagið eða til að taka þátt í mótum félagsins. Talsvert er um fullorðna spilara sem leigja tíma í íþróttahúsum bæjarins í eigin nafni. Það myndi efla félagið að fá þetta fólk með í starf TBA.

Stjórnin velti fyrir sér að standa fyrir fullorðinsmóti vorið 2012 og endurvekja þannig þá hefð að fullorðnir badmintonspilarar komi til Akureyrar og ljúki þar badmintonvetrinum. Stjórnin fékk hvatningu til að gera þetta, sérstaklega frá fullorðnum iðkendum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta gæti orðið góð tekjuöflun fyrir TBA, en kostar líka talsverða skipulagsvinnu.

Verið er að teikna byggingu íþróttahúss við Nausta-

skóla. Kristján Pétur hefur hvatt íþróttafulltrúa bæjarins til að hafa badmintoníþróttina sérstaklega í huga við innréttingu hússins. Það gæti verið spennandi verkefni fyrir stjórnina að fylgja þessu eftir.

Stjórnin ræddi um hve mikilvægt er að standa vel að starfi félagsins, ef takast á að gera badminton að raunhæfum valkosti fyrir þau mörgu börn og unglinga sem t.d. hafa ekki áhuga á hóp- og boltaíþróttunum. Þáttur í þessu er að kynna badmintoníþróttina í grunnskólunum og að koma upp vettvangi þar sem krakkarnir hafa möguleika á að fylgjast með framúrskarandi íþróttamönnum innan badmintoníþróttarinnar.

Fyrir hönd stjórnar

Kristján M. Magnússon formaður



Stofnað 1973

Tennis- og badmintonfélag Akureyrar Ársskýrsla 2011

Akureyri 14. mars 2012

Starfsár TBA 2011 var gott ár fyrir félagið á ýmsan hátt, en ýmislegt hefði líka mátt fara betur.

Aftur í tókst að fjölga virkum iðkendum. Þátt fyrir að ýmsir erfiðleikar hafi steðjað að starfinu, sjáum við að vaxandi hópur leggur rækt við badmintonþróttina, mætir í þjálfun og keppir á mótum.

2011 var starfið nánast alfarið Íþróttahúsi Glerárskóla. Eins og við höfum margoft talað um, er húsið alls ekki góður kostur til badmintoniðkunar. Enn er óbreytt að netin og súlurnar eru afleitar, litur veggjanna vonlaus, dúkurinn á gólfinu er ennþá bæði of mjúkur og of háll og aðstaða okkar þar nægir nánast bara sem geymsla. Haustið 2011 kom í ljós að svigrúmið til að fjölga þátttakendum var ekki til staðar lengur, því salurinn og tímarnir buðu ekki upp á það.

Haustið 2011 lagði stjórnin talsverða vinnu í að finna, kaupa merkja íþróttaföt fyrir iðkendur. Enn vantar þó upp á að allir iðkendur hafi merkt föt í litum félagsins. Þjálfunin haustið 2011 gekk vel, en ýmislegt tók samt á. Tímarnir hafa enn ekki verið að nýtast nægilega vel og þess vegna hefur þurft að breyta æfingatöflunni nokkrum sinnum. Tilraun félagsins með badmintonskólann fyrir 3-5 ára hefur ekki fengið eins mikla þátttöku og þjálfari og stjórn vonuðust til. Fyrstu krakkarnir sem „ólust upp“ í þessum skóla eru samt að skila sér inn í keppnishóp yngstu krakkanna. Kristján Pétur, okkar mesti og besti þjálfari, hefur haft í mörgu að snúast í öðru en þjálfuninni hjá okkur, en vegna anna stjórnarmanna á öðrum vettvangi hefur hann samt þurft að taka á sig verkefni sem stjórnin hefði í raun átt að leysa. Foreldrafélagið, með Huldu í farabroddi, hefur reyndar létt honum skipulagningu keppnisferða, sem áður var að mestu í hans höndum.

Fjárhagsáætlunin fyrir 2011 gekk nokkuð vel upp. Félagið hafði meiri tekjur af mótum en á árinu 2010 og einnig gekk betur að afla styrkja frá fyrirtækjum. Aftur 2011 fékk TBA kr 300 þús frá Samherjasjóðnum. Nauðsynlegt var að hækka æfingagjöldin lítilsháttar haustið 2011 vegna aukins kostnaðar, en hækkunin var þó hvergi nærri í samræmi við verðbólgu. Ársreikningur sýnir að félagið á um 400 þúsund meira í sjóði eftir starfsárið 2011 en eftir árið 2010.



Frá foreldrabadmintondegi 2011

Iðkendur hafa staðið sig vel á mótum vetrarins. Nokkru færri keppnisferðir voru farnar í vetur en á síðasta starfsári. Hefðbundið haustmót á Siglufirði féll niður, vegna hörmulegs dauðsfalls eins af iðkendum þar. Ivalu Birna heldur áfram æfingum með landsliðinu og er nú kominn inn í landsliðshópinn. Aftur í ár var hún tilnefnd til samkeppninnar um íþróttamann ársins á Akureyri og uppskar félagið lítilsháttar fjárstuðning vegna þátttöku hennar í æfingum landsliðsins.

Stjórn TBA fundaði tvisvar með ÍBA á árinu 2011 til að koma málefnum sínum á framfæri. Í annað skiptið var það ÍBA sem bauð til fundarins. Umræðuefnið var aðstöðuvandinn í Íþróttahúsi Glerárskóla og niðurskurður æfingátíma félagsins. Lítið náðist af breytingum í þeim efnum á árinu 2011. Stjórnin óskaði eftir því við ÍBA að við frágang íþróttahússins við Naustaskóla yrði badmintoníþróttin höfð í fyrirrúmi.

Á haustdögum 2011 barst stjórn TBA erindi frá stjórn KA, þar sem leitað var eftir hvort TBA hefði áhuga á að gerast deild í KA. Stjórn TBA fundaði með KA-mönnum til að ræða þessa hugmynd og hvað hún hefði í för með sér. Ákveðið var að ræða þetta mál nánar við framkvæmdastjóra og stjórn KA eftir áramót 2011/12.

Ákveðið var að taka málið til atkvæðagreiðslu á næsta aðalfundi félagsins, þannig að væntanlegar breytingar á starfsemi félagsins kæmu þá til framkvæmda haustið 2012.

Fyrir hönd stjórnar,
Kristján M. Magnússon formaður



Stofnað 1974

Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2010

Skýrsla Akurs, starfsárið 2010

Íþróttafélagið Akur var stofnað 7. desember 1974 og hét þá Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri. Eins og nafnið ber með sér var það vettvangur fyrir fatlaða íþróttamenn á svæðinu. Þeir voru tregir til þátttöku fyrst í stað en voru síðan fljótir að skipa sér í forustu á mótum, bæði innanlands og erlendis.

Í mars 1979 stóð ÍFA fyrir fyrsta Íslandsmótinu í Boccia og Borðtennis fyrir fatlaða á Íslandi og höfum við átt keppendur á öllum Íslandsmótunum síðan og Íslandsmeistara á hverju ári.

Nú er félagið opið öllum, fötluðum og ófötluðum sem vilja stunda þær greinar sem félagið býður uppá, sem eru Boccia, Bogfimi, Borðtennis, Dans og Frjálsar.

Stjórn Akurs skipa: Jósep Sigurjónsson, Elvar Thorarensen, Jón Heiðar Jónsson, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jón Heiðar Daðason.

Á árinu var höggvið stórt skarð í félagahópinn þegar Aðalsteinn Friðjónsson varð bráðkvaddur á besta aldri en hann var virkur félagi til dauðadags. Einnig kvóddum við nokkra eldri félaga sem dottnir voru út úr almennum æfingum.

Stutt ágríp af árangri Akursfélaga á stórmótum 2010

Íslandsmót BTÍ sveitakeppni, 14. febr. 2010

Sigurvegari í 2. deild, A sveit Akurs (Helgi Þór Gunnarsson, Jakob Jørgensen og Markus Meckl.) sveitin varð því fyrst sveita utan af landi til að ávinna sér keppnisrétt í 1. deild.

Íslandsmót ÍF – Frjálsar íþróttir innanhúss 21. mars 2010

Karlar: Egill Andrés Sveinsson, Hástökk
3. sæti, Kúluvarp 3. sæti,



Vinnshafar í einstaklingskeppni á Íslandsmóti í Boccia.

Karlar 35+:

Stefán Thorarensen, 60m Hlaup 2. sæti, 200 m Hlaup 2. sæti, Langstökk 2. sæti.

Ungkonur 19 – 22 ára: **Guðný Halla Jónsdóttir, Kúluvarp 1. sæti**, 60m Hlaup 3. sæti.

Konur: **Guðbjörg Ellý Gústafsdóttir, Hástökk 1. sæti**, Kúluvarp 2. sæti, Langstökk 3. sæti

Konur 30+: Guðrún Ólafsdóttir, Kúluvarp 2. sæti, Langstökk 4. sæti. **Helga Helgadóttir, Kúluvarp 1. sæti.**



2. verðlaun Haukur ÍFR, 1. verðlaun Sigurrós Akur og
3. verðlaun Hulda Suðri

Íslandsmót ÍF, mars 2010 Boccia sveitakeppni

1. deild, Akur A, 2. sæti (Guðrún Ólafsdóttir, Sigurrós Ósk Karlsdóttir, Stefán Thorarensen).

Íslandsmót ÍF, mars 2010 Borðtennis

Tvíliðaleikur, 2. sæti, Sunna Jónsdóttir/Stefán Thorarensen

3. - 4. sæti, Kolbeinn Jóhann Pétursson/Sigurrós Ósk Karlsdóttir

Konur

einstaklingskeppni. 1. sæti, Sunna Jónsdóttir,
2. sæti, Sigurrós Ósk Karlsdóttir,

3. sæti, Guðrún Ólafsdóttir

Standandi karlar. 2. sæti, Kolbeinn Jóhann Pétursson

Þroskah. karlar. 2. sæti Stefán Thorarensen

Opinn flokkur. 3.- 4. sæti, Sunna Jónsdóttir

Borðtennissambandið, Ísl.mót barna og unglunga mars 2010
Ungm. 19-21 árs, tvíliðal. 3. sæti, Haukur Arnarson/ Kolbeinn Pétursson

Drengir 13 ára og yngri, tvíliðal. 3.-4. sæti, Júlíus Thorarensen/ Hermann Ottósson

Dans, unglingar 14-15 ára, Latin dansar parakeppni 1. – 2. maí
1. sæti Alexandra Guðný Berg Haraldsdóttir / Ólöf Ósk Þorgeirsdóttir

Íslandsmót ÍF, frjálsar utanhúss 5. júní 2010

Ungkonur 19 – 22 ára: Guðný Halla Jónsdóttir, Kúluvarp 1. sæti.

Íslandsmót í Boccia, Einstaklingskeppni 1.-2. okt. 2010.

1. Deild Stefán Thorarensen, 2. sæti

3. Deild Sigurros Karlsdóttir, 1. sæti

U flokkur: Sigríður Þórunn Jósepsdóttir, 1. sæti,

Díana Björk Friðriksdóttir 2. sæti

Á árinu voru 4 félagar úr Íþróttafélaginu Akri valdir af Íþróttasambandi fatlaðra, til keppni fyrir Ísland á erlendri grund.

Norðurlandamót fatlaðra í Boccia, Danmörk 14. – 17. maí 2010

Kolbeinn Jóhann Pétursson, Sigrún Björk Friðriksdóttir og Stefán Thorarensen

Evrópuleikar Special Ol í Póllandi 18. – 24. sept. 2010.

Stefán Thorarensen í Frjáls-um og Sunna Jónsdóttir í Borðtennis

Við tókum þátt í 28. Hængsmóttinu 31. apríl – 1. maí 2010.

Þar hlutum við meðal annars Hængsmótsbikarinn fyrir bestan heildar árangur á móttinu og höfðum við þá unnið hann í fjögur skipti af þeim fimm sem þessi bikar hefur verið í gangi.



Sævör Dagný og Jana

Fyrsta Grand Prix mót í borðtennis á Akureyri, sigurvegari Jakob Jörgensen

Úrslit í 2. flokki: 1. Garðar Gunnarsson, 2. Magnús B. Kristinsson, 3.-4. sæti, Bjarki Búason og Hreiðar Hreiðarsson.

Að venju héldum við 2 innanfélagsmót þorramót og desembermót.

Við tókum þátt í 59. ársþingi ÍBA 14. apríl 2010.

Félagið eignaðist Curling sett til að spila með á venjulegu gólfi, (dúk, parketi eða steypu) og virðist það geta orðið vinsælt.

Akur notaði að venju opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs og er það góður vettvangur til kynningar á félaginu.

Í desember 2010 kallaði útgerðafélagið Samherji íþróttafélögin enn á sinn fund til að styrkja íþróttastarf og æskulýðsstarf á svæðinu. Í okkar hlut kom kr. 600 þúsund sem var ráðstafað líkt og fyrri styrkjum frá Samherja til að greiða niður keppnisferðir og æfingagjöld.

Við höfum einnig átt stuðning ýmissa annarra fyrir-tækja og félaga vísan til að fjármagna starfsemi okkar, auk þess sem íbúar á félagssvæðinu hafa styrkt okkur með kaupum á jólakortum okkar.

Jósep Sigurjónsson, formaður



Sigrún Björk og Sigurros



Stofnað 1974

Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2011

Akur er íþróttafélag sem býður meðal annars upp á íþróttir fyrir fatlaða. Það er þó opið öllum sem áhuga hafa á þeim greinum sem æfðar eru. Þær eru: **Boccia, bogfimi, borðtennis og dans, auk frjálsra íþróttar.**

Stjórn Akurs skipa: formaður Jósep Sigurjónsson gjaldkeri, Elvar Thorarensen ritari, Jón Heiðar Jónsson meðstjórnendur, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir og Jón Heiðar Daðason.

Æfingar félagsins eru að mestu komnar í Íþróttahúsi Glerárskóla, þó er hluti af Boccia æfingunum í Íþróttahúsi Oddeyrarskóla og Dansinn í Brekkuskóla og KA heimilinu.

Félagarnir hafa sótt öll mót sem þau hafa þátttökurétt á hér innanlands.

Ágrip af frammistöðu Akursfélaga á mótum 2011

Borðtennis, Íslandsmót BTÍ.

A-sveit Akurs spilaði 4 fyrstu leiki sína í 1. deild 12. og 13. febrúar og vann báða leikina þann 12. og tapaði báðum þann 13. (tveir sigrar og tvö töp).

Liðakeppni unglinga 12. febrúar

2. sæti Akur B: Garðar D. Gunnarsson og Júlíus F. Thorarensen.

3. sæti Akur A: Bjarki Búason og Magnús Kristinsson.

Einstaklingskeppni unglinga 27. og 28. mars

Piltar 12 – 13 ára: 3. – 4. sæti Hermann Ottósson Akri.



1. verðlaun Bjarki, 2. verðlaun Magnús og 3. verðlaun Júlíus

24. apríl, fór fram síðasta Grand Prix mót vetrarins.

Þar kepptu 8 stigahæstu borðtennis mennirnir og var Jakob Jörgensen einn þeirra, hann veiktist og varð að hætta keppni.

Íslandsmót ÍF, Borðtennis 26. – 27. mars

Tvíliðaleikur 2. sæti, Kolbeinn Jóhann Pétursson / Stefán Thorarensen

Konur 1. sæti. Sigurrós Ósk Karlsdóttir

2. sæti. Guðrún Ólafsdóttir

Standandi karlar 2. sæti. Kolbeinn Jóhann Pétursson

Proskaheftir karlar 1. sæti. Stefán Thorarensen

Hængsmót 29. og 30. apríl

Hængsbikarinn gekk til Akurs, fyrir besta heildarárangur á mótinu.

Boccia Þroskah. einstakl. 1. sæti: Helga Helgadóttir

Boccia Hreifih. einstakl. 2. sæti: Sigurrós Ósk Karlsdóttir

Boccia Opinn flokkur. 2. sæti: Dína Björk Friðriksdóttir

Boccia Sveitakeppni Hreifih. 2. sæti: Akur B, Elvar Thorarensen, Stefán Thorarensen og Kolbeinn Jóhann Pétursson.

Boccia Sveitakeppni Opinn flokkur.

1. sæti Akur B, Sigríður Þórunn Jósepsdóttir, Dína Björk Friðriksdóttir og Jósep Snorri Svanbergsson

2. sæti: Akur A: Anna Kristín Jónsdóttir, Tómas Sigurrósarson og Sigríður Ósk Sigurrósardóttir

Borðtennis opinn flokkur kvenna,

1. sæti: Guðrún Ólafsdóttir.

2. sæti: Sigurrós Ósk Karlsdóttir.

3. sæti: Sigríður Ósk Sigurrósardóttir.

Borðtennis opinn flokkur karla,

1. sæti: Bjarki Búason.

2. sæti: Magnús B. Kristinsson,

3. sæti: Júlíus Fannar Thorarensen.



Jósep Snorri með 1. gullið



3. verðlaun Sigríður, 1. verðlaun Guðrún og 2. verðlaun Sigurrós
á Hængsmóti 2011



Verðlaun Akurs á Hængsmóti 2011

Íslandsmeistaramót Danssambandsins 7. – 8. maí

10 - 11 ára, latin dansar, 2. sæti: Sóley Elvarsdóttir / María Helena Mazul

10 - 11 ára, standard, 2. sæti: Elísabet Guðmundsdóttir / Sara María Birgisdóttir

10 - 11 ára, standard, 3. sæti: María Helena Mazul / Sóley Elvarsdóttir

14 – 15 ára, latin, 1. sæti: Brák Jónsdóttir / Katrín Birna Vignisdóttir

14 – 15 ára, latin, 3. sæti: Eyrún Þórsdóttir / Jana Arnarsdóttir

14 – 15 ára, standard, 3. sæti: Ólöf Ósk Þorgeirsdóttir / Alexandra Haraldsdóttir

16 – 18 ára, Standard, 3 sæti: Elín Ósk Arnarsdóttir / Sævör Dagný Erlendsdóttir

Íslandsmót einstaklingskeppni í Boccia í Vestmannaeyjum 8. – 9. október

2. deild 1. sæti: Sigurrós Karlsdóttir,

3. deild 3. sæti: Svava Vilhjálmsdóttir,

U flokkur 2. sæti: Sigríður Jósepsdóttir.

Við tókum þátt í störfum 15. sambandsþings ÍF, 2.4.2011

Akur hefur notað opnu sína í Leó, félagsblaði Hængs og er það góður vettvangur til kynningar á félaginu.

Í desember 2011 kallaði útgerðafélagið Samherji íþróttafélögin enn á sinn fund til að styrkja íþróttastarf á svæðinu. Í okkar hlut kom kr. 600 þúsund sem verður ráðstafað líkt fyrri styrkjunum, til að greiða niður keppnisferðir og æfingagjöld.

Við höfum einnig átt stuðning ýmissa annarra fyrirtækja og félaga vísan til að fjármagna starfsemi okkar, auk þess sem íbúar á félagssvæðinu hafa styrkt okkur með kaupum á jólakortum okkar.

Jósep Sigurjónsson, formaður.



Stofnað 1963

Nökkvi félag siglingamanna á Akureyri Ársskýrsla 2010

Aðalfundur haldinn 24. feb. 2010.

Árið 2010 var enn eitt af stóru árunum í sögu Nökkva, enn vorum við með lang öflugasta siglingahópinum og allir landsliðs siglarnir eru hér á Akureyri. Einnig er talsverð aukning í sumarstarfseminni og yfir 200 krakkar komu á námskeiðin sl. sumar. Sumir krakkar voru skráð næstum allar vikur sumarsins sem námskeiðin stóðu yfir. Annar var árið hefðbundið, æfingar hófust á líkamsræktarstöð-inni Bjargi í byrjun árs og stóðu fram á vor. Flott þjálfara-námskeið „Train the Trainer“ var um mánaðarmótin apríl maí hjá Ými í Kópavogi og þar áttum við marga þáttak-endur sem núna eru með alþjóðleg kennsluréttindi í sigl-ingum. Þrír siglingamenn fóru svo til Weymouth í Eng-landi (ólympíuleikvangur siglinga 2012) Arnar, Gauti Elfar og Þorlákur og fengu þjálfun af bestu Laser siglur-um heims. Á sjómannadaginn tókum við virkan þátt í hátíðarhöldum og sáum um róðrarkeppnina annað árið í röð og jafnframt afhenti Konráð Alfredsson formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, Nökkva fjóra róðrabáta, sem félagið hefur átt til fjölda ára. Þeir er kanski ekki

neinn happafengur fyrir Nökkva þar sem bátarnir eru stórir og þurfa gríðarlegt pláss við bryggjur og erfðir í flutningum og geymslu en á móti nýttum við þá aðeins í sumarstarfinu á lognkyrrum dögum og munu í framtíðinn vera með í eflingu bátalífs á Pollinum þegar nýja aðstaðan rís. Námskeiðin hófust í júní og stóðu fram í ágúst og voru mjög vel sótt. Nokkur námskeið voru í meðferð kayakka og byrju um veturinn í sundlaug Glerárskóla en þar höfum við fengið að vera frítt. Seglbrettanámskeið voru nokkur undir stjórn formannssins og eru nokkrir nýjir og meiri-hluti stúlkur komin vel í gang.

Aðstaðan í landi hefur ekkert skánað og nú er svo komið að ekki verður lengur unað við aðstöðuna, það verður að vera eitt af forgangs verkefnum áður en nám-skeiðin hefjast í ár að gera talsverðar úrbætur. Siglinga-menn úr Nökkva tóku þátt í nokkrum mótum í sumar og stóðu sig frábærlega vel, opnunarmótið, vikulangar æf-ingabúðir og mót í Ými síðast í júní og svo frábært Íslands-mót hér á Akureyri í ágúst og svo lokamót fyrir sunnan í september. Þrír siglingamenn Nökkva tóku svo þátt í



Hópmýndin í Hofi. Keppendur Nökkva og aðstandendur klúbbsins að loknu Íslandsmóti sem haldið var á Akureyri 2010. Verðlaunaafhendingin fór fram í Hofi.



Athafnasvæði siglingaklúbbsins hefur verið að batna ár frá ári og nýju flotbryggjurnar höfðu mikið að segja.

Danish Open siglingamóti í aA Benraa í Danmörku, þeir Björn Heiðar, Gauti Elfar og Þorlákur og þótt þeir ynnu ekki til neinna verðlauna þá er reynslan gríðarlega mikilvæg og einnig fengu þeir tækifæri á að sigla með og hitta frábæra siglingakonu Alberte Lindberg sem var þjálfari hjá okkur um tíma í Nökkva 2007.

Íslandsmótið verður að fá þínu ummfjöllun hér en keppnin stóð í 3 daga, annaðhvort blanka logn eða hifandi rok og aðstæður vegna húsnæðismála Nökkva voru heldur daprar þótt stemmingin væri frábær. Heit súpa var borinn fram í óupphitupum geymsluskúrnum okkar en svo endaði þetta með stórkostlegri verðlaunaafhendingu í glæsilega nýja menningarhúsi okkar Akureyringa Hofi. Frábært mót og mögnuð stemming og ekki skemmdi fyrir að Norðursiglingamenn á Húsavík heiðruðu okkur með heimsókn eins flottasta seglskips landsins Hildar sem allir fengu að sigla með eitt kvöld. Önnur glæsileg uppákoma var um Verslunarmannahelgina en þá komu saman tugir báta af öllum stæðrum og gerðum og voru hluti af hátíðarhöldum sem áttu sér stað fyrir framan leikhúsið okkar, enn og aftur flott bátasýning þar sem siglingaklúbburinn er stór og lifandi partur af bátalífinu hér í bænum.

Um mitt ár var aftur farið að vinna í teikningum af nýja svæðinu og hafa verið haldnir nokkrir fundir með landlagsarkitekt vegna þeirra mála og vonandi getum við kynnt nýjar tillögur hér á fundinum á eftir. Bátasmiðja Nökkva var starfandi frá jan- júlí með tvo starfsmenn, mikil gróska var í bátasmiði og margir nýjir kayakar og smábátar litu dagsins ljós og einnig var haldið áfram með nokkra báta, td BB-11, Píratinn og plastbátinn Hvellinn. Talsvert verk er enn óunnið og verið að vinna í að koma þessum verkefnum af stað aftur.

Siglingaklúbburinn hefur staðið í stappi við skipulags yfirvöld vegna skilta á Nökkvasvæðinu, það er ekki auðvelt að ná styrkjum af fyrirtækjum nema gegn einhverskonar auglýsingum og skiltin hafa gefið siglingaklúbbum talsverðar tekjur. Eftir að starfsmaður skipulagsins kom að formanni klúbbsins og starfsmönnum við ólöglega uppsetningu skiltis á svæðinu þá varð talsvert uppsteit og siglingaklúbbum gert að fjarlægja öll skilti af svæðinu því þau væru öll ólögleg. Málið er nú í meðferð Akureyrarbæjar og verður gaman að vita hver niðurstaðan verður úr því.

Samherji styrkti klúbbinn myndarlega á sl ári með 500 þús kr framlagi en annars gengu fjáraflanir ekki vel og litla styrki að fá. Saga Capital eins og þeir hétu 2010 styrktu Íslandsmótið myndarlega og áttum við frábært grillkvöld á svölunum hjá þeim einn keppnisdagana.

Tveir Topper Topas, tveggja manna seglbátar og varahlutir voru keyptir á árinu og svo einn notaður kayak, einnig keyptum við okkar fyrsta alvöru keppnisreiða á Optimista fyrir Íslandsmótið. Talsvert er farið að vanta af varahlutum og nýjum búnaði sérlega fyrir Laser bátana og ákaflega sparsamar fjárveitingar bæjarins til klúbbsins gefa ekki mikla möguleika á endurnýjun búnaðar.


Ég vil þakka öllum, fyrirtækjum, stofnunum bæjarins, siglingakrökkum og fullorðnum, foreldrum og svo stjórnarmönnum fyrir gott ár og góða samvinnu, með von um góðan stuðning í báráttunni sem framundan er.

Akureyri 24. feb. 2011

Rúnar Þór Björnsson

formaður Nökkva,

félags siglingamann á Akureyri



Nökkvi félag siglingamanna á Akureyri Ársskýrsla 2011

Ársskýrsla Nökkva 2011.

Aðalfundur Nökkva var haldinn í Örkinni Hans Nóa 24 feb 2011. Í stjórn voru valdir áfram, Rúnar Þór Björnsson, Steinar Magnússon, Benedikt Sveinbjörnsson, Sigurður Þorláksson og Hjalti Jóhannesson. Haldið er áfram með sömu málin, þ.e.a.s. skipulag á fyrirhuguðum framkvæmdum Nökkva á Höpfnarsbyggju og inn á Leirunni. Strax í janúar var fundur með Halldóri arkitekt, Oddi og félögum frá L listanum en þá var farið fyrir okkar hugmyndir og framtíðar áætlanir. Í mars voru svo hugmyndir okkar kynntar opinberlega á heimasíðunni en ekkert hefur gengið að komast áfram með þessi mál og ákveðnir erfiðleikar hvað varðar skipulagsdeild og uppgjör við arkitektinn fyrir vinnu sl ára. Um miðjan maí var svo starfsemin að komast af stað, æfingar hófust og undirbúningur undir námskeið sumarsins. Nökkvi var svo aðili að stofnun strandmenningarfélags um borð í Húna 14 maí og vonandi getur nýtt félag hjálpað til við framtíðaruppbyggingu

strandmenningar í viðu samhengi hér við innanverðan Eyjafjörð.

Áður en námskeiðin hófust 6 júní, höfðum við fengið fjárveitingar fyrir talsvert af nýjum búnaði og loforð fyrir nýjum björgunarbát þannig að við vorum talsvert betur sett hvað varðaði öryggisbúnaðinn en áður í siglingaklúbbnum. Keyptar voru nýjar vatnsheldar VHF talstöðvar, fjöldi af nýjum björgunarvestum og nýr Zodiac björgunarbátur með mótör. Einnig voru 4 eldri optimistar seldir á Eskifjörð en þar er unnið að því að koma af stað siglingaklúbb á vegum áhurasamra aðila og var Hólmfríður Ásbjarnardóttir send sem þjálfari frá Nökkva.

Bræðurnir Þorlákur og Sigurður Sean tóku þátt í miðsumarmóti í Brokey og gekk það mjög vel, Þorlákur vann radial flokkinn og Sigurður Sean opin flokk kæna.

Sumarnámskeiðin gengu vel og þrátt fyrir ískaldann júní mánuð var þáttaka í námskeiðum mjög góð og var stöðug út sumarið. Nökkvamenn skipulögðu æfingabúðir



Kiwanis og Lionsklúbbarnir á Akureyri, Siglingasamband Íslands ásamt þroskahjálp á Norðurlandi styrktu kaup á nýjum seglbát sem einnig er sérhannaður fyrir fatlaða einstaklinga.

með Húsvíkingum í júlí sem heppnuðust afburðar vel og voru um 45 siglingamenn og konur frá flestum siglingaklúbbum landsins þá viku, en æfingabúðirnar voru hluti af hátíðinni Sail Húsavík 2011. Rétt fyrir Íslandsmótið í Kópavogi fengum við 3 nýja keppnis optimista frá Danmörku ásamt talsvert af nýjum möstrum og öðrum búnaði. Má segja að standardinn á optimist búnaðinum hafi farið úr einkunn 5 í allavega 9 en mikil þörf er fyrir endurnýjun búnaðar í kænusiglingum og næst kemur þá röðin að Laser búnaði.

Kjölbátanámskeið voru haldin um borð í Paradís og gengu þau vel og það væri gaman ef hægt væri bæta við fleirum sem hefðu afnot af klúbbátum okkar.

Íslandsmótið var svo haldið hjá Ými í Kópavogi aðra helgina í ágúst og fórum við Nökkvamenn með 40 feta gám fullhlaðinn af búnaði og 12 keppendur, erum ca helmingi færri en á Íslandsmótinu sem haldið var á Akureyri árið áður. Keppnin gekk þokkalega, annarsvegar var brjáláð rok þar sem þurfti að bjarga meirihluta siglingamanna í land eða þá blanka logn og á endanum þurfti að blása keppnina af vegna veðurs, stafalogs. Nökkvi átti 5 íslandsmeistara, Gauti Elvar Arnarson í Laser standard, Björn Heiðar og Dagur í 2 og þriðja sæti. Þorlákur Sigurðsson var í fyrsta sæti í Laser Radial og bróðir hans Sigurður Sean í fyrsta sæti í Laser 4,7 og Lilja Gísladóttir í 3 sæti í þeim flokki. Gunnar Úlfarsson varð Íslandsmeistari í Optimist A flokki og Friðrik Valur Elíasson Íslandsmeistari í B flokki.

Akureyrarmót Nökkva var haldið 10 sept í frábæru veðri og voru úrslitin og verðlaunaafhendingu frestað fram að uppskeruhátíð seinna á árinu.

Í byrjun október varð svo mikið tjón á skútum við Torfunefsbyggju í ofsa sunnan roki, sem betur fer skemmdist kjölbátur Nökkva, Paradís ekkert en þar mátti ekki miklu muna en róðrabátar frá Nökkva skemmdust inn á Leirunni.

Þorlákur Sigurðsson siglingamaður úr Nökkva var valin siglingamaður ársins hjá Siglingasambandi Íslands í hófi í október og er hann vel að titlinum kominn en hann var einnig valinn siglingamaður Nökkva 2011.

Í hófi sem haldið var í Menningarhúsinu Hofi 13 des sviftum við hulunni af glænýjum seglbáti sem kemur alla leið frá Malasíu, hannaður af Áströlum sérstaklega fyrir fatlaða einstaklinga. Söfnum fyrir bátum hefur tekið nokkur ár og hellstu styrktaraðilar eru Kiwanis og Lions-



Þorlákur Sigurðsson siglingamaður Siglingasambands Íslands og Nökkva 2011 á siglingu á Pollinum.

klúbbarnir á Akureyri, SÍL og þroskahjálpi á Norðurlandi en Samskip sá um flutninginn norður. Við sama tilefni tilkynnti góðvinur Nökkva, Bjarni Magnússon að Kiwanis-klúbburinn Grímur í Grímsey gæfi klúbbnum fjármagn fyrir nýjum Optimist.

Uppskeruhátíð Nökkva var svo haldinn á Greifanum 28 des að loknu árlegu hófi Íþróttaráðs en þar voru veittar viðurkenningar fyrir Akureyrarmótið 2011 og tilkynnt um hver væri siglingamaður Nökkva 2011 eins og fram kemur hér framur

Daginn eftir eða 29. des vorum við Nökkvamenn aftur mættir í hóf en það var í boði Samherja í KA húsinu og vorum við svo heppnir að vera í hópi fjölda annara íþróttafélaga og félagasamtaka sem fengu styrki úr Samherja-sjóðnum.

Þegar til baka er litið er þetta enn eitt af stóru árunum í Nökkva, margir styrkir frá fyrirtækjum og samtökum, mikið af nýjum öryggisbúnaði og siglingabúnaði almennt sem gefur okkur talsverð sóknarfæri inn í framtíðina.

Það er samt áhyggjuefni að fækkað hefur í æfingahópnunum og ljóst að nýjar áherslur verða að koma till ef fjölga á keppnis siglingamönnum á Akureyri. Bætt aðstaða í landi er mikið forgangsmál og framtíðar uppbygging verður að fara hefjast sem fyrst ef við ætlum að halda ungu fólki innan okkar raða.

Ég vil þakka fráfaraðandi stjórn fyrir árið, Maríu fyrir umsjón reikninga, Páli fyrir endurskoðun reikninga og svo öllum öðrum fyrir þeirra framlag sem er alveg ómetanlegt.

*Akureyri 22. feb. 2012
Rúnar Þór Björnsson formaður*



Stofnað 1928

Knattspyrnufélags Akureyrar Ársskýrsla 2010-2011

Á framhaldsaðalfundi KA þann 13. apríl 2010 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Hrefna G. Torfadóttir, formaður
Tryggvi Gunnarsson, varaformaður
Sigríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Sigurður Kjartan Harðarson, ritari
Sigurbjörn Sveinsson sem, meðstjórnandi

Varamaður var kjörin Ragnheiður Júlíusdóttir

Formenn deilda sitja einnig í stjórn en þeir voru:
Gunnar Garðarson, fyrir blakdeild
Erlingur Kristjánsson, fyrir handknattleiksdeild
Jón Óðinn Waage, fyrir júðódeild
Bjarni Áskelsson, fyrir knattspyrnudeild



Ómar

Knattspyrnufélag Akureyrar Ársskýrsla 2010

Aðalstjórn hélt 14 bókaða fundi frá síðasta aðalfundi, með hlé í júlí og ágúst. Fyrst var fundað einu sinni í mánuði á sunnudagsmorgnum, en því var breytt í ársbyrjun 2011 og eftir það voru fundir á tveggja vikna fresti.

Í janúar 2011 tilkynnti Tryggvi Gunnarsson, varaformaður, að hann hygðist hætta í stjórn félagsins af persónulegum ástæðum. Varaformaður í hans stað varð Sigurbjörn Sveinsson og kom þá varamaður aðalstjórnar, Ragnheiður Júlíusdóttir, inn sem aðalmaður.

Aðalstjórn KA þakkar Tryggva hans mikla og óeiginlegu starf fyrir félagið.

Fjárhagsráð, sem skipað er í af aðalstjórn, var endurvakið og sitja í því Árni Jóhannsson, Eygló Birgisdóttir og Gunnar Kárasen. Hlutverk fjárhagsráðs er m.a. að hafa eftirlit með fjárreiðum íþróttadeilda félagsins, að fylgjast með að reikningshald sé í lagi, að gera samanburð á áætlunum og rauntölum og að leggja fram tillögur til hagræðingar og sparnaðar.

Sumarið 2010 var leikjaskóli starfræktur eins og undanfarin ár. Einungis var boðið upp á skólann hálfan daginn. Umsjónarmaður skólans var Jón Óðinn Óðinsson.

KA ákvað að halda skólagjöldum í lágmarki eins og sumarið á undan og tókst það vegna veglegs styrks frá Samherja og var aðsókn að skólanum mjög góð.

KA vill enn og aftur þakka forsvarsmönnum Samherja fyrir velvild þeirra í garð félagsins.

Framkvæmdum við baðaðstöðu í kjallara lauk árið 2010 og hlaut aðstaðan nafnið Nellabað í höfuðið á Niels heitnum Halldórssyni, miklum og traustum KAmanni.

Formleg opnun aðstöðunnar fór fram 6. nóvember 2010 og var boðið upp á mjólkurgraut og slátur að því til efni. Gunnar Níelsson, sonur Nella, fór með nokkur orð við opnun Nellabaðs og las m.a. uppúr gömlum dagbókum Nella, sem innihalda úrslit leikja og vangaveltur um klúbbinn.

Óhætt er að segja að þar séu mörg gullkornin að finna. Einnig var viðstödd Sigurbjörg dóttir Nella, eða Böggja eins og við köllum hana flest, svo og fjölskylda Gunna Nella.

Sumarið 2010 lék meistaraflokkur KA í knattspyrnu heimaleiki sína á Akureyrarvelli. Haustið áður hafði verið unnið að framkvæmdum við völlinn til að lagfæra sigin horn og ýmsar lagfæringar voru gerðar á honum þetta sumar.

Völlurinn sjálfur þarfnast mikilla og bráðnauðsynlegra lagfæringa, því dren er þar ekkert og ef rigningarkafli eins og sumarið 2010 þá liggur vatnið bara ofan á vellinum og hann því ill nothæfur og skemmist enn frekar.

Búið er að bjóða út viðgerðir á stúkunni á Akureyrarvelli og munu þær væntanlega klárast sumarið 2011.

Meirihlutinn í bæjarstjórn hefur ákveðið að leggja Dalsbrautina framhjá KA-svæðinu.

Vitað var að það væri á stefnuskrá bæjaryfirvalda að leggja götuna í stokk meðfram KA svæðinu en Dalsbrautin hefur svo oft og svo lengi verið á stefnuskrá bæjarstjórna hér að það kom félagsmönnum nokkuð í opna skjöldu þegar fréttist af því að nú ætti að verða af þessum framkvæmdum.

Stjórn KA ákvað samt að standa ekki úti á horni og hrópa heldur setjast niður og ræða málin. Staðan var orðin sú að meirihluti bæjarstjórnar hafði ákveðið að þessi gata mundi koma og því talið miklu skynsamlegra og heilvænlegra fyrir félagið að fara í viðræður og eiga gott samstarf við bæjaryfirvöld.

Nefnd á vegum aðalstjórnar fundaði síðan með fulltrúum meirihlutans í bæjarstjórn um skipulagningu og uppbyggingu KAsvæðis með tilkomu væntanlegrar Dalsbrautar.

Þær viðræður voru vinsamlegar og lagði félagið fram tillögur að skipulagi svæðisins þegar Dalsbrautin verður komin.

KA vill þakka Akureyrarbæ og íþróttaráði fyrir gott samstarf.

Tekin var upp sú nýbreytni hjá félaginu að kalla til fundar aðalstjórnar með stjórnnum allra deilda og öllum þjálfurum.

Fyrsti fundurinn var haldinn í maí, þá var grillað, farið yfir það helsta hjá félaginu og fleira.

Á næsta fundi, í nóvember var borðaður plockfiskur og rúgbrauð og deildirnar gerðu grein fyrir starfsemi sinni á komandi vetri.

Þessir fundir eru bæði skemmtilegir og að allra mati mjög nauðsynlegir því þarna hittast allir þeir sem reka og stjórna deildum félagsins og félaginu í heild og öll höfum við það sama að markmiði að vilja hag félagsins sem mestan.

Á haustmánuðum fóru formaður, Gunnar Jónsson framkvæmdastjóri ásamt Sigfúsi formanni og framkvæmdastjóra Þórs til viðræðna við bæjarstjóra um vanefndir á greiðslum samningsbundinnar vísitölu til beggia félaganna en þessi fundur var að frumkvæði stjórnar KA.

Forsaga málsins er sú að í desember 2008 ákvað síðasta bæjarstjórn að einhliða að fella niður greiðslu samkvæmt þeim lið rekstrarsamnings, sem kvað á um vísitölubindingu en þá greiðslu átti að inna af hendi í janúar 2009.

Þannig hefur KA því verið rekið á sömu krónutölu hvað rekstrarstyrk varðar frá árinu 2008 og í þessu árferði þá gengur það ekki upp til lengdar.



Haukur Heiðar 2011

Sömu aðilar frá KA sátu einnig annan fund og þá með bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar.

Þar var einnig rætt að samningurinn við KA er orðinn gamall og inniber einungis 9 mánaða restrarstyrk sem endast á í 12 mánuði á meðan önnur félög eru með samning upp á 12 mánuði.

Af viðræðum við bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar var ljóst að félagið fengi ekki leiðréttingu á greiðslu samningsbundinnar vísitölu og enn hefur ekkert gerst með breytingu á 9 mánaða greiðslunni í 12 mánuði. Þetta mál hefur einnig verið rætt við formann íþróttaráðs.

Það er alveg ljóst að þótt tímar séu erfðir þá þarf bæði raunsæi og sanngirni í samskiptum íþróttafélaga og bæjarstjórnar.

Stjórn KA hefur ítrekað sett fram óskir um að fá lagfæringu á rekstrarsamningi félagsins.

Stjórnin vill líka að sanngirnis sé gætt og að KA sitji ekki eftir í samanburði við önnur félög.

Í nóvember var undirritaður nýr samningur á milli KA og Þórs um Akureyri handboltafélag. Sá samningur er til 10 ára en verður endurskoðaður að fimm árum liðnum auk þess sem önnur endurskoðunarákvæði eru í honum.

Þegar þetta er ritað er Akureyri handboltafélag nýorðið deildarmeistarar og vill stjórn KA nota tækifærið og óska félaginu til hamingju með titilinn.

Í desember 2010 tilkynni Samherji um veglegan styrk til barna og unglingastarfs.

Höfðinglegur styrkur Samherja á því ári til íþrótt barna- og unglinga varð til þess að hægt var að bjóða 8. flokki í knattspyrnu að æfa frítt og engin æfingagjöld voru heldur hjá yngri flokkum í jódo og blaki. Ferðakostnaður barna- og unglinga lækkaði hjá öllum deildum.

Samherji lét ekki staðar numið þar heldur veitti einnig styrki til meistaraflokka félagsins.

Við KA menn þökkum af alhug höfðingsskap og hlýhug Samherja í okkar garð.

Félagið gerði heildarsamninga bæði við Ölgerð Egils Skallagrímssonar og við KEA.

KA þakkar báðum þessum aðilum góðan stuðning.

Í janúar 2011 var haldið upp á 83. ára afmæli félagsins með veglegu Hnallþórubóði að hætti KA.

Annáll ársins var fluttur, Viðar Sigurjónsson fræðslu-fulltrúi ÍSÍ flutti tölu og síðast en ekki síst kom Helga Steinunn Guðmundsdóttir fyrrverandi formaður KA og ritari ÍSÍ og tilkynnti að KA hlotnaðist á ný sá heiður að verða fyrirmyndarfélag samtakanna. KA varð fyrst fyrirmyndarfélag árið 2007 til fjögurra ára og var þetta endurnýjun nú á þessari heiðursnafnbót.

Þá var einnig og ekki síst var kynntur íþróttamaður KA árið 2010.

Aðalstjórn ákvað að breyta til að þessu sinni. Einungis ein tilnefning kom frá hverri deild og var það íþróttamaður þeirrar deildar sem tilnefndur var. Áður höfðu ýmist ein eða tvær tilnefningar komið frá deildum og fannst stjórninni að það þyrfti að vera regla á þessu og að sá sem deildin tilnefndi væri sá íþróttamaður sem teldist hafa skarað fram úr. Allir þeir íþróttamenn sem tilnefndir voru fengu bikar frá fyrrverandi formönnum félagsins þar sem á stóð t.d. handknattleiksmaður KA, júdómaður KA og svo framvegis. Einnig var afhendur svokallaður formannabikar en það er bikar sem fyrrverandi formenn veita þeim sem hlýtur nafnbótina íþróttamaður KA, svo og farandbikar frá KA sem íþróttamaður KA fékk afhentan.

Tilnefndir voru:

Frá blakdeild: **Birna Baldurdóttir**,

Frá handknattleiksdeild: Kolbrún Gígja Einarsdóttir

Frá júdódeild: Helga Hansdóttir.

Frá knattspyrnudeild: Sandor Matus

Íþróttamaður KA að þessu sinni varð **Birna Baldursdóttir**,

Í janúar 2011 var haldið konukvöld KA, hið fyrsta um langan tíma. Það tókst alveg geysilega vel. Hér mættu rúmlega 50 konur og skemmtu sér hið besta. Þær, sem sáu

um að þetta konukvöld gæti orðið að veruleika eiga miklar þakkir skildar.

Í byrjun ársins 2011 var samþykkt á aðalstjórnarfundum að stofnuð yrði félagsheimilisnefnd til að glæða lífi í bæði í félagsheimilið okkar og starf hins almenna félagsmanns. Ritari og varaformaður eru fulltrúar aðalstjórnar þar og primus mótorar. Þeirra vinna hefur núna verið að fá fólk í nefndina og vonir standa til að nú á vormánuðum muni fjörið byrja.

Eins og undanfarin ár er félagsstarf KA, eins og flestra annara íþróttafélaga, að miklu leyti rekið á sjálfböðavinnu. Stjórnir deilda og ráða og flestir þeir, sem koma að starfsemi deildanna þiggja þar enga umbun fyrir nema ánægjuna og lífsfyllinguna. Þessir eiga miklar þakkir skildar.

Þá er ótalinn þáttur þjálfara. Góðir þjálfarar eru ekki síst ástæðan fyrir þeim mikla fjölda iðkenda sem er hjá félaginu.

Hér verður ekki fjallað um árangur flokka né rekstur deilda og vísast í ársskýrslur hvernar deildar.

Allir eru sammála um hve nauðsynlegt er að halda utan um börnin okkar og unglinga og halda þeim sem lengst heilbrigðu íþrótt- og félagsstarfi.

En það er heldur ekki spurning að gott félagsstarf með þátttöku hins almenna félagsmanns styrkir félagið og er einnig mikilvægt hverjum félagsmanni.

f.h. Aðalstjórnar KA

Sigurður K. Harðarson, ritari

Ársskýrsla Blakdeildar KA 2010 – 2011

Stjórn blakdeildar 2010-2011 var þannig skipuð:

Sigurður Arnar Ólafsson, formaður

Gunnar Garðarson, varaformaður

Fanney Valsdóttir, ritari

Ingigerður Ósk Helgadóttir, gjaldkeri

Guðríður Friðriksdóttir, meðstjórnandi

Starfsemi blakdeildar var með hefðbundnu sniði og sendi bæði lið í meistaraflokki karla og kvenna auk fjölmargra yngri flokka. Iðkendur hjá deildinni eru nú um 130 talsins. Frábær árangur meistaraflokks karla verður seint toppaður en liðið var þrefaldur meistari, deildarmeistari, bikarmeistari og Íslandsmeistari. Að vísu er liðið á toppnum nú um áramótin og von um áframhaldandi velgengni. Kvennaliði endaði í 3.sæti í fyrri og er sem stendur í sama sæti. Liðið lék einnig til úrslita um bikarinn síðasta vetur. Auk þess á kvennaliðið blakkonu ársins á Íslandi en það er Birna Baldursdóttir.

Starf yngri flokkanna gekk vel og komu 3 Íslandsmeistararitlar þar í hús.

Þau umskipti urðu á árinu að Sigurður Arnar Ólafsson sem verið hafði formaður deildarinnar flutti til Noregs og



Helga Hansdóttir íþróttamaður KA 2011



Blak 2010-2011

Gunnar Garðarsson tók við. Sigurði Arnari og Heiðu konu hans eru þökkuð frábær störf á liðnum árum.

Blakdeildin átti 6 landsliðsmenn á árinu og voru það:
Alda Ólína Arnarsdóttir
Auður Anna Jónsdóttir
Birna Baldursdóttir
Eva Sigurðardóttir
Gunnar Pálmi Hannesson
Sesselja Fanneyjardóttir

Ársskýrsla Handknattleiksdeildar KA 2010-2011

Innan Handknattleiksdeildar eru starfandi 2 ráð eins og áður, þ.e. kvennaráð sem rekur meistaraflokk kvenna og 3. fl. kvenna og síðan er unglingaráð sem sér um yngri flokka, bæði stráka og stelpna. Ég minni á að allir kvennaflokkarnir í handbolta keppa undir merkjum KA og Þórs.

Í stjórn eru Árni Grétar Árnason, Erlingur Kristjánsson, Jóhannes Bjarnason, Kristveig Atladóttir og Sigríður Hulda Ingvarsdóttir. Stjórnin hefur fundað á 2-3 vikna fresti á árinu reksturinn gengið vel. Þær Kristveig og Sigríður ætla að ganga úr stjórn og langar mig til að þakka þeim fyrir gott samstarf á þessum tíma. Í stað þeirra kemur Erla Tryggvadóttir og síðan ræðst það af umfangi starfsins hvort við leitum eftir fleira fólki til að starfa með okkur.

Hlynur Jóhannsson og Stefán Guðnason þjálfuðu liðin okkar á síðasta keppnistímabili og við náðum finum árangri. 3. fl. endaði í 2. sæti í efstu deild og síðan 4. sæti í úrslitakeppninni en meistaraflokkur í 7. sæti í N1 deildinni. Auk þess áttum við 4 landsliðsstúlkur í yngri landsliðum.

Sl. vor var ákveðið að halda áfram að leika í efstu deild og samkomulag gert við Jóhann Gunnar Jóhannsson um að þjálfar lið meistaraflokks og Stefán Guðnason var ráðinn þjálfari 3. fl. Þegar leið fram á sl. sumar breyttust aðstæður og fæstir leikmenn liðsins ætluðu að leika áfram af ýmsum ástæðum. Því var ekki um annað að ræða en hætta við að keppa í efstu deild og Jóhann Gunnar missti við það áhugann á þjálfarastarfinu. Liðið hefur því keppt í 2. deild

í vetur og Martha Hermannsdóttir hefur verið spilandi þjálfari í liðinu. Sem stendur er liðið í 2. sæti í 2. deild og hefur leikið vel. Lið 3. fl. sem náði mjög góðum árangri á síðasta tímabili er nú í 7. sæti í 1. deild undir stjórn Stefáns Guðnasonar.

Nú stendur fyrir dyrum að fara að skoða næsta vetur. Við þurfum á næstu vikum að líta á þá möguleika sem við höfum fyrir meistaraflokk, en það ræðst alfarið af áhuga og metnaði stelpnanna hvert verður stefnt, þ.e. hvort við veljum N1 deild eða áfram 2. deild.

Rekstur deildarinnar hefur verið góður og auðvitað er mun ódýrara að senda lið í 2. deild en þá efstu. Margir hafa stutt vel við bakið á okkur og ber að þakka fyrirtækjum á Akureyri þann stuðning. Auðvitað er nauðsynlegt að nefna Samherja í þessu sambandi sem styrkir okkur dyggilega eins og svo mörg önnur íþróttafélög hér á svæðinu.

Að lokum langar mig að nefna að við handboltamenn þurfum að halda fund um stefnu deildarinnar á næstunni og festa á blað ýmislegt sem við kemur keppni, uppbyggingu æfinga, ferðalögum o. fl. eða sem sagt að búa til handbók fyrir deildina til að starfa eftir.


Erlingur Kristjánsson

Handknattleiksdeild - Unglingaráð

Starf stjórnar Unglingaráðs Handknattleiksdeildar hefur verið með nokkuð hefðbundið í vetur.

Í stjórn unglingaráðs eru Sigurður Tryggvason, Sigríður Jóhannsdóttir, Hannes Pétursson, Sigurður Baldursson, Jón Árelíus Þorvaldsson og Halldór Karlsson. Fundir hafa verið haldnir reglulega í vetur.

Iðkendur eru um 240 talsins í dag og er fjölgun frá því



Martha Hermannsdóttir



KA Grótta

fyrri, og til gamans má nefna að nú eru um 35 strákar sem æfa í 3. fl. karla.

Í byrjun hausts voru haldnir fundir með foreldrum og farið yfir verkefni vetrarins. Á þeim fundum voru stofnuð foreldrafélög í 5. og 6. flokki.

Haldið var stórt mót í byrjun október í 6. fl. með u.þ.b. 450 þátttakendum, það mót héldum við með Þór og hefur samstarfið við Þór verið mjög gott. Sl. vor var einnig haldið mót í 5. fl. með rúmlega 200 þátttakendum.

3. fl. karla varð Íslandsmeistari sl. vor undir stjórn Jóhanns Gunnars Jóhannssonar og Sævars Árnasonar. 3. fl. karla varð einnig bikarmeistari nú í febrúar og eru í harði baráttu í sínum deildum, einnig varð 4. fl. kvenna deildarmeistari í 2. deild nú í mars.

Stjórnin stóð fyrir B- stigs dómaranámskeiði nú nýlega og mættu þar 15 manns frá KA og Þór og þreyttu prófið.

Sigurður Tryggvason

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar KA 2010-2011

Á aðalfundi deildarinnar 21. febrúar 2011 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Bjarni Áskelsson, formaður
Páll S. Jónsson
Gunnar Nielsson
Halldór Aðalsteinsson
Sigurbjörn Sveinsson

Í skýrslu Bjarna Áskelssonar, formanns stjórnar knattspyrnudeildarinnar, til aðalfundar í mars 2011 kom fram að afar mikilvægt væri að halda rekstri deildarinnar réttum megin við strikið, en til þess að það mætti takast hefðu fjölmargir lagt hönd á plóg og þakkaði hann öllum sem hefðu komið að rekstri knattspyrnudeildarinnar á einn eða annan hátt fyrir mikla og góða vinnu.

Bjarni sagði að sem fyrr hafi N1-mótið verið langviða-

mesta verkefni knattspyrnudeildar KA og hafi mótið síðastliðið sumar verið það stærsta frá upphafi. Í ár verður 25. N1-mótið haldið á KA-svæðinu. Í þessu sambandi upplýsti Bjarni að samningur knattspyrnudeildar KA og N1 hafi nú verið endurnýjaður til næstu fimm ára, en samningurinn felur í sér stuðning við N1-mótið og jafnframt verður N1 aðalstyrktaraðili meistaraflokks og 2. flokks á samningstímanum.

Bjarni sagði að starf yngri flokka félgsins hafi sem fyrr verið öflugt og metnaðarfullt, undir styrki stjórn yngri-flokkaráðs og þakkaði hann bæði ráðsfólki og þjálfurum fyrir þeirra störf og mikinn metnað.

Að loknu síðasta keppnistímabili lét Dean Martin, Dínó, af störfum, sem þjálfari meistaraflokks þegar þriggja ára samningur hans rann út. „Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Dínó og Steingrími Erni Eiðssyni, aðstoðarþjálfara meistaraflokks, fyrir mjög gott starf undanfarin ár. Krafta Steina Eiðs njótum við áfram sem þjálfara í yngri flokkum félagsins,“ sagði Bjarni.

„Gunnlaugur Jónsson var ráðinn þjálfari meistaraflokks KA sl. haust og er samningur hans til tveggja ára. Aðstoðarþjálfari var ráðinn Ingvar Már Gíslason, sem þekkir innviði knattspyrnunnar í KA vel, bæði sem leikmaður á sínum yngri árum og síðar stjórnarmaður. Eru þeir báðir boðnir velkomnir til starfa og væntum við mikils af störfum þeirra.

Gunnar Gunnarsson, Gassi, sem hefur verið samofinn starfi knattspyrnudeildar KA í mörg undanfarin ár og stýrt N1-mótinu frábærlega, ákvað á haustdögum að söðla um og flytja sig suður yfir heiðar þar sem hann starfar nú hjá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar. Eru honum færðar bestu óskir um farsæld í starfi hjá FH um leið og öll hans miklu og góðu störf í þágu KA í öll þessi ár sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar og stjórnarmaður eru þökkud af heilum hug. Við starfi hans tók Óskar Þór Halldórsson þann 1. febrúar síðastliðinn og mun hann koma að starfi allra flokka hjá félaginu, frá áttunda flokki og upp í meistaraflokk. Býð ég Óskar Þór velkominn til starfa,“ sagði Bjarni.

Bjarni sagði það hafa komið berlega í ljós síðastliðið sumar að KA-svæðið væri orðið ofsetið, það þylði ekki ekki átroðning vel á fimmta hundrað iðkenda, sérstaklega í langvarandi bleytutíð. Margoft hafi af þessum sökum þurft að fella niður æfingar og takmarka aðgang yngri flokkanna að svæðinu vegna þess að svæðið þylði ekki álagið. Þetta er óviðunandi ástand og getur ekki gengið til lengdar, sagði Bjarni. Hann sagði að í viðræðum við bæjar-yfirvöld að undanförunu hafi verið lögð áhersla á að til þess að anna auknum fjölda iðkenda yrði að koma til gervigrasvöllur á KA-svæðinu, eins og gert hafi verið ráð fyrir í samningum við Akureyrarbæ á sínum tíma, sem síðan var slegið á frest vegna efnahagshrunsins.

„Að lokum vil ég þakka leikmönnum, þjálfurum og starfsmönnum hér í KA-heimilinu fyrir gott samstarf á liðnu ári um leið og ég endurtek þakki til allra þeirra fjölmörgu sjálfbóðaliða sem leggja knattspyrnunnar í KA lið með einum eða öðrum hætti. Félögum mínum í stjórn knattspyrnudeildar færi ég þakki fyrir gott samstarf á liðnu ári. Valgerði Davíðsdóttur, sem hefur nú ákveðið að



láta af stjórnarstörfum, þakka ég sérstaklega fyrir mikið og gott starf undanfarin ár," sagði Bjarni Áskelsson.

Skýrsla yngriflokkaráðs

Björg Unnur Sigurðardóttir, formaður yngriflokkaráðs, gerði grein fyrir starfi yngri flokkanna á liðnu ári. Sagði Unnur að starfið hafi í öllum meginatriðum gengið vel. Iðkendur yfir sumarmánuðina sagði hún að væru á fimmta hundrað og á fjórða hundrað yfir veturinn. Hún gat þess að þrír knattspyrnumenn í þriðja flokki væru viðloðandi landslið í sínum aldursflokkum. Þannig hafi Lára Einarsdóttir, sem er á eldra ári í þriðja flokki KA og spilar jafnframt með Þór/KA í 2. flokki og meistaraflokki, spilað landsleiki á síðastliðnu ári og staðið sig með mikilli þrýði. Þá hafi tveir piltar á eldra ári í þriðja flokki, Fannar Hafsteinsson og Ævar Jóhannesson, verið ítrekað boðaðir til landsliðsæfinga í U-17.

Unnur gat þess að auk hinna venjubundnu æfinga væri áhersla lögð á að bjóða þeim iðkendum upp á sérþjálfun. Þannig væri slík þjálfun í boði á morgunæfingum yfir sumarmánuðina og styrktarþjálfun yfir vetrarmánuðina. Þá væri í boði sérþjálfun í samvinnu við framhaldsskólana í bænum og sömuleiðis væri boðið upp á skólalav í grunnskólum.

Í almennum umræðum á fundinum gerði Óskar Þór Halldórsson grein fyrir þeim viðræðum sem fulltrúar KA hafa átt við fulltrúa meirihluta L-listans um mögulega uppbyggingu gervigrasvallar á félagssvæði KA við Dalsbraut og mögulega gerð æfingavalla í Naustahverfi. Kom

fram hjá Óskari Þór að þessar viðræður tengdust hugsanlegri lagningu Dalsbrautar, en til þessa væri enn sem komið um að ræða könnunarviðræður sem alltof snemmt væri að segja til um til hvers leiddu. Af hálfu Akureyrarbæjar liggi engar ákvarðanir fyrir um þessar framkvæmdir, en fram hafi komið að línur myndu skýrast í gerð þriggja ára áætlunar sem nú færi í hönd.

Gunnar Jónsson sagði í þessu sambandi að engar ákvarðanir yrðu teknar af hálfu KA í þessum málum nema fyrir myndi liggja ítarleg kynning og samþykkt félagsfundar.

Óskar Þór sagði að samkvæmt upplýsingum Fasteigna Akureyrarbæjar yrðu tilboð í einstaka verkþætti vegna endurnýjunar stúkunnar við Akureyrarvöll opnuð fyrirhluta næsta mánaðar. Í kjölfarið yrði ráðist í verkið og við það væri miðað að skipta verkinu þannig að í fyrsta áfanga yrði lokið við endurnýjun búnings- og dómaraaðstöðu og annarrar aðstöðu í stúkunni sem yrði að ljúka áður en blásið yrði til fyrsta leiks á Akureyrarvelli í vor.

Tveir stjórnarmenn í fráfarandi stjórn knattspyrnu-deildar gáfu ekki kost á sér til endurkjörs, annars vegar Gunnar Gunnarsson og hins vegar Valgerður Davíðsdóttir. Í þeirra stað voru kjörnir í stjórn Sigurður Skúli Eyjólfsson og Hjörvar Maronsson. Aðrir í stjórn eru Bjarni Áskelsson, Páll S. Jónsson, Gunnar Nielsson, Halldór Aðalsteinson og Sigurbjörn Sveinsson.

Óskar Þór Halldórsson



Stofnað 1928

Knattspyrnufélag Akureyrar Ársskýrsla 2011-2012

Á aðalfundi félagsins þann 30. mars 2011 voru þessi kjörin í stjórn:

Hrefna G. Torfadóttir, formaður
Sigurbjörn Sveinsson, sem varð varaformaður
Sigríður Jóhannsdóttir, sem varð gjaldkeri
Sigurður K. Harðarson, sem varð ritari
Þorbjörn Guðrúnarson, sem varð meðstjórnandi
Þá var Ragnheiður Júlíusdóttir kjörin varamaður

Auk ofangreindra eiga sæti í stjórn KA, sem formenn deilda:

Erlingur Kristjánsson frá handknattleiksdeild
Bjarni Áskelsson (og síðar Gunnar Nielsson) frá knattspyrnudeild

Gunnar Garðarsson frá blakdeild
Jón Óðinn Waage frá júdódeild.

Aðalstjórn KA hélt 16 bókaða fundi á starfsárinu með hefðbundnu sumarhlé í júlí og ágúst.

Þorbjörn Guðrúnarson kom nýr inn í stjórnina á aðalfundi, sem meðstjórnandi.

Árið fór ekki vel af stað fyrir knattspyrnumenn félagsins. Gríðarlegar kalskemmdir urðu á KA svæðinu og auka-kostnaður vegna þeirra nam rúmlega einni milljón króna. Þá tók allt vorið og raunar langt fram á sumar að ná svæðinu í þolanlegt horf.

Þess var óskað að Akureyrarbær kæmi að þessum auka-kostnaði og hefur verið tekið jákvætt í það.

Sumarið 2011 var að venju starfræktur leikjaskóli KA og veitti Jón Óðinn honum forstöðu eins og áður. Skólinn er ætlaður börnum á aldrinum 6-12 ára og sóttu hann rúmlega 250 börn.

Skemmst er frá að segja að skólinn tókst með eindæmum vel og þátttakendur skemmtu sér konunglega.

Vorið 2011 var ráðist í verulegar endurbætur á íþróttasal KA-heimilisins.

Skipt var um dúk á gólfi og áhorfendabekkir endurnýjaðir. Er ekki annað að heyra en iðkendur séu ánægðir með útkomuna.

Reglulegir fundir hafa verið með forsvarsmönnum bæj-

arins vegna fyrirhugaðra breytinga á íþróttasvæði KA mtt lagningar Dalsbrautar.

Þá hefur verið ákveðið að lagður verði gervigrasvöllur á íþróttasvæðinu og munu framkvæmdir vonandi hefjast síðla árs 2012 þannig að völlurinn verði tilbúinn til notkunar sumarið 2013.

Fundur var haldinn með Hverfisnefnd Naustahverfis um stöðu og framtíðarhorfur íþróttaaðstöðu í hverfinu en íbúar þar horfa til samvinnu við KA um uppbyggingu íþróttaaðstöðunnar.

Fundir voru haldnir með stjórnnum deilda, ráðum og þjálfurum, að venju grillfundur að vori og plokkfiskfundur að hausti. Sífellt fjölgar á þessum fundum og er ljóst að þeir mælast vel fyrir meðal félagsmanna.

Enn á ný veitti Samherji veglega styrki til unglinga-starfs á svæðinu og fór KA ekki varhluta af þeirri styrkveitingu.

KA vill enn á ný færa forsvarsmönnum Samherja þakkir fyrir þeirra mikla höfðingsskap.

Á haustdögum barst félaginu uppsagnarbréf frá Gunnari Jónssyni, framkvæmdastjóra.

Í hans stað hefur verið ráðinn Sævar Pétursson.

KA vill sérstaklega þakka Gunnari allt hans áralanga og óeigingjarna starf fyrir félagið og óskar honum af alhug velfarnaðar á nýjum vettvangi.



KA Gróttu



2. fl. kvenna 2012

Í janúar 2012 var að venju haldið upp á afmæli félagsins, sem varð nú 84 ára.

Mikið fjölmenni var í afmælisveislunni og margt gert. Annálar fluttir, minnst var látinna félaga, ávörp flutt, úthlutað úr Jakobssjóði, landsliðsfólki veitt viðurkenning og tilnefningar deilda til Íþróttamanns KA kynntar. Þær voru:

- a. Frá blakdeild: Filip Pawel Szewczyk
- b. Frá handknattleiksdeild: Martha Hermannsdóttir
- c. Frá júdódeild: Helga Hansdóttir
- d. Frá knattspyrnudeild: Haukur Heiðar Hauksson

Síðan var lýst kjöri Íþróttamanns KA og þann heiður hlaut Helga Hansdóttir, júdókona.

Í lok samkomunnar var gestum boðið upp á veislukaffi, sem þeir gerðu góð skil.

Í annað skiptið var Konukvöld KA haldið í ársbyrjun 2012 og tókst það engu síður en áður.

Nú létu karlmenn félagsins ekki við svo búið standa og héldu sitt Karlakvöld litlu síðar, sem tókst mjög vel.

Starfið í Félagsheimilinu er flestum hugleikið og margar skoðanir á því hvað betur mætti fara.

Fyrirhuguð félagsheimilisnefnd hefur ekki gengið, sem skyldi en í janúarlök kynnti ungur félagsmaður, Egill Ármann Kristinsson hugmyndir sínar um félagsstarfið fyrir stjórnarmönnum og voru þær þess eðlis að honum var falið að vinna verkið áfram.

Hann hefur nú þegar stofnað Ungmennaklúbb KA og eru aðrir slíkir á leiðinni.

Eins og áður er sagt bjuggu þeir tæplega fimmhundrað félagsmenn KA, sem iðka knattspyrnu, við erfiðar aðstæður. Þrátt fyrir það gekk liðunum þokkalega vel og meistaraflokkur deildarinnar er á góðu róli undir stjórn þeirra Gunnlaugs Jónssonar og Ingvars Más Gíslasonar.

Meistaraflokkur spilaði flesta sína leiki á Akureyrarvelli eftir að hann varð leikfær en jafnframt var þar unnið að endurbótum á vallarstúkunni og er þeirri vinnu nú að

verulegu leiti lokið þó enn vanti skeljar í sæti til að uppfylla kröfur KSÍ um löglega keppnisvelli.

Starfsemi handknattleiksdeildar var með hefðbundnu hætti, þ.e. án meistara- og annars flokks karla sem leikur undir merkjum Akureyri handboltafélags og kvennaflokkar eru reknir í samstarfi við Íþróttafélagið Þór.

Fjöldi handboltaiðkenda hjá KA er um 280 og félagið átti tvo landsliðsmenn í yngri landsliðum karla og fjóra í yngri landsliðum kvenna.

Blakdeildin stóð sig mjög vel eins og svo oft áður. Meistaraflokkur karla varð deildameistari, bikarmeistari og Íslandsmeistari og kvennaliðinu gekk ágætlega þó þær hafi ekki náð verðlaunasæti.

Iðkendur blaksins hjá KA eru um 100 og deildin átti 11 landsliðsmenn árið 2011.

Júdódeildin hélt einnig sínu ótrúlega striki og landaði 13 íslandsmeistaratitlum árið 2011 auk aragrúa af brons- og silfurverðlaunum. Þá varð júdómaður ársins, Helga Hansdóttir í þriðja sæti á norðurlandamóti undir 20 ára í -63 kg. Helga var síðar kjörin Íþróttamaður KA 2011.

Ekki er hægt að ljúka svona pistli án þess að minnst á þátt stjórnarmanna deilda, ráða og annarra sem af ósérhlífni koma að rekstri félagsins. Án þeirra væri starfið óvinnandi og þeim eru hér færðar miklar þakkir.

Þá er líka nauðsynlegt að geta allra þeirra, sem styrkja félagið með ýmsum móti. Þeirra aðkoma að starfinu er okkur KA fólki ómetanleg. Hafið þökk fyrir ykkar stuðning.

*fyrir hönd Aðalstjórnar KA
Sigurður K. Harðarson, ritari*

Ársskýrsla Blakdeildar KA 2011-2012

Starfsemi blakdeildar var með hefðbundnu sniði og sendi bæði lið í meistaraflokki karla og kvenna auk fjölmargra yngri flokka. Iðkendur hjá deildinni eru nú um 100 talsins. Meistaraflokkur karla endurtók afrek sitt frá árinu áður og varð þrefaldur meistari, deildarmeistari, bikarmeistari og Íslandsmeistari. Kvennaliðinu gekk ágætlega en vann ekki til verðlauna. Á þessu tímabili hafa bæði lið lent í miklu mótlæti, en við því var búið, því margir eldri leikmenn hafa horfið á braut. Starf yngri flokkanna gekk vel á síðasta keppnistímabili og var 3. fl. karla Íslandsmeistari en starfið fór svo rólega af stað eftir sumarfrí.



KA Leiknir 1. deild 2011

Blakdeildin átti 11 landsliðsmenn á árinu þannig að framtíðin er björt.

*Formaður blakdeildar KA er
Gunnar Garðarsson*

Ársskýrsla Handknattleiksdeildar KA 2011

Innan Handknattleiksdeildar eru starfandi 2 ráð eins og áður, þ.e. kvennaráð sem rekur meistaraflokk kvenna og 3. fl. kvenna og síðan er Unglingaráð sem sér um yngri flokka, bæði stráka og stelpna. Ég minni á að allir kvenna-flokkarnir í handbolta keppa undir merkjum KA og Þórs.

Í stjórn Kvennaráðs eru Árni Grétar Árnason, Erlingur Kristjánsson, Jóhannes Bjarnason og Erla Hleiður Tryggvadóttir. Stjórnin var með 25 bókaða fundi og voru þeir vikulega á tímabili en lítið fundað yfir hásumarið.

Starf stjórnar Unglingaráðs Handkn. deildar hefur verið með hefðbundnu sniði og í stjórn unglingaráðs voru Sigurður Tryggvason, Sigríður Jóhannsdóttir, Hannes Pétursson, Sigurður Baldursson, Jón Árelíus Þorvaldsson og Halldór Karlsson. Sigurður lét af formennsku sl. áramót og Jón Árelíus tók við af honum. Fundir hafa verið haldnir reglulega í vetur á þriggja vikna fresti. Í byrjun hausts voru haldnir fundir með foreldrum yngstu flokka-anna og farið yfir verkefni vetrarins og sent var út fréttabréf með dagskrá vetrarins og helstu upplýsingum.

Haldið var mót í byrjun október í 6 fl. karla og kvenna með u.þ.b. 350 þátttakendum, það mót héldum við með Þór og hefur samstarfið við Þór verið mjög gott. Sl. vor var einnig haldið mót í 5. fl. karla með rúmlega 250 þátttakendum.

Einnig stóð stjórn Unglingaráðs fyrir B- stigs dómara-námskeiði nú nýlega og mættu þar 15 manns frá KA og Þór og þreyttu prófið. Dómgæslumálin hafa verið í góðu lagi hjá okkur í vetur en þeim málum þarf að sinna vel.

Martha Hermannsdóttir þjálfaði lið meistaraflokks kvenna tímabilið 2010-2011 og varð liðið í 2. sæti í 2. deild og varð svo deildarmeistari eftir úrslitakeppni. Á þessum vetri er liðið í efstu deild N1 deildinni undir stjórn Guðlaugs Arnarsonar og er liðið þar í neðri hlutanum. Stefán Guðnason þjálfaði 3. flokk sl. keppnistímabil en Óðinn Stefánsson tók við í vetur fram að áramótum.

Handknattleiksdeild KA átti 6 landsliðsmenn á árinu sem léku með yngri landsliðum, fjórar stúlkur og tvo stráka.

Hjá öðrum flokkum var árangur viðunnandi og 3. fl. karla varð bikarmeistari undir stjórn Einvarðs Jóhannssonar og 4. fl. kvenna varð deildarmeistari í 2. deild en Stefán Guðnason þjálfaði liðið.

Iðkendur Handknattleiksdeildar eru um 280 talsins í dag sem er svipaður fjöldi og á undanförunum árum.

Rekstur deildarinnar hefur gengið ágætlega Unglingaráð er alltaf rekið á pari en rekstur meistaraflokks er nokkuð þyngri. Margir hafa stutt vel við bakið á okkur og ber að þakka fyrirtækjum á Akureyri þann stuðning. Auðvitað er nauðsynlegt að nefna Samherja í þessu sambandi sem styrkir okkur dyggilega eins og svo mörg önnur íþrótta félög hér á svæðinu.

Á aðalfundi í fyrra nefndi ég að við handboltamenn þyrftum að halda fund um stefnu deildarinnar á næstunni og festa á blað ýmislegt sem við kemur keppni, uppbyggingu æfinga, ferðalögum o.fl. eða sem sagt að búa til handbók fyrir deildina til að starfa eftir. Þetta starf er nú komið af stað og vonandi sést einhver afrakstur að því með vorinu.

Erlingur Kristjánsson formaður

Ársskýrsla Júðódeildar 2011-2012

Júðódeildin heldur áfram að skilar góðum árangri. Það er árlegt að röð Íslandsmeistara komi frá deildinni auk þess sem keppendur júðódeildar ná á hverju ári frábærum árangri erlendis. Árið 2011 var engin undantekning en 13 Íslandsmeistarar komu í hús á árinu. Auðvitað fengu KA menn líka aragrúa af silfur- og bronsverðlaunum. Til gamans má geta þess að júðómenn KA hafa unnið til 111 verðlauna á alþjóðlegum mótum og Íslandsmeistaratitlarnir eru orðnir 472. Þetta er frábær árangur.

Iðkendur Júðódeildar eru nú um 100 og þó strákarnir séu í meirihluta þá á deildin öfluga sveit kvenna. 4 júðómenn voru valdir í landslið á árinu 2011.

Formaður júðódeildar KA er Jón Óðinn Waage

Ársskýrsla knattspyrnadeildar 2011-2012

Knattspyrnumenn í KA bjuggu við sérlega erfiðar aðstæður á liðnu sumri. KA-svæðið kól meira og verr undir þykkum klakanum en elstu menn muna og því einkenndist fyrri hluti sumars af því að endurheimta græna litinn á svæðinu. Fyrir vikið var ekki unnt að hefja þar æfingar fyrr en

komið var fram í júlí og knattspyrnuleikir yngri flokka voru ekki spilaðir fyrr en í ágúst. Æfingar voru því framman af sumri að stórum hluta í Boganum og á grasblettum hér og þar á Akureyri og í nágrennasveitum.

Í ljósi þessara erfiðu aðstæðna var aðdáunarvert hversu margir iðkendur voru í knattspyrnunni í KA sumarið 2011, en þeir voru vel á fimmta hundrað. Og ekki síður er athyglisvert hversu góður árangur náðist í yngri flokkum félagsins, en fullyrða má að hann hefur sjaldan eða aldrei verið betri en 2011. Til marks um voru fjórir flokkar með lið sín í úrslitakeppni Íslandsmótsins og þar af fór A-lið 5. flokks kvenna í hreinan úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn, en varð að gera sér annað sætið að góðu eftir háspennuleik gegn Val á Hlíðarenda.

Fimm leikmenn yngri flokka – þrír piltar og tvær stúlkur - spiluðu landsleiki á árinu 2011 og mun fleiri voru kallaðir á landsliðsæfingar. Góður efniviður er því til staðar og verkefni framtíðarinnar er að halda utanum hann og byggja frekar upp. Liður í uppbyggingunni er tilkoma gervigrasvallar á KA-svæðinu, en í desember fékk KA vilyrði frá bæjaryfirvöldum um að slíkur völlur verði tilbúinn til notkunar á KA-svæðinu vorið 2013.



3. fl. karla 2012

Sumarið 2011 var unnið að breytingum á stúku Akureyrarvallar. Þeirri framkvæmd er að stærstum hluta lokið, en þó er eftir að setja sæti í stúkuna, sem þarf til þess að völlurinn uppfylli kröfur leyfiskerfis KSÍ um 1. deild karla. Einnig er eftir ýmiskonar frágangur við völlinn – gangstígur, girðingar, þökulagning sunnan syðri marksins og fleira.

Annar flokkur karla átti á brattann að sækja sl. sumar, enda var hann óvenju fámennur, og var niðurstaðan næst neðsta sæti A-deildar og þar með fall í B-deild.

Meistaraflokkur karla endaði í 8. sæti 1. deildar. Keppnistímabilið fór vel af stað hjá liðinu, en síðan kom langur og erfiður kafli. Liðið náði sér síðan ágætlega á strik síðari hluta mótsins og var með þriðja besta árangurinn úr seinni umferðinni. Þjálfarar liðsins voru Gunnlaugur Jónsson og Ingvar Már Gíslason og verða þeir áfram með liðið á árinu 2012.

*Fh. Knattspyrnudeildar
Óskar Þór Halldórsson framkvæmdastjóri*



Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2010

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með áritun sinni.

Akureyri 14. apríl 2011

Stjórn:

Þróstur Guðjónsson

Haukur Valtýsson

Margrét Ólafsdóttir

Þróstur Guðjónsson
Haukur T. Valtýsson
Margrét Ólafsdóttir

Gjaldkeri:

Magnús Gauti Gautason

Magnús Gauti Gautason

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2010.

Akureyri 14. apríl 2011

Sveinn Torfi Pálsson

Sveinn Torfi Pálsson

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2010

Rekstrartekjur	2010	2009
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9,330,996	9,254,147
Lottó frá ÍSÍ	8,438,164	6,645,835
Framlag frá ÍSÍ	1,571,038	1,033,476
Framlag frá Getraunum	592,422	487,341
	<u>19,932,620</u>	<u>17,420,799</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	3,710,369	3,236,432
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1,173,522	927,430
Lottóúthlutun til aðildarféлага	8,353,785	6,643,117
Annar rekstrarkostnaður	5,950,690	7,922,393
	<u>19,188,366</u>	<u>18,729,372</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	744,254	(1,308,573)
Vaxtatekjur	209,055	448,045
Vaxtagjöld	1,109	0
	<u>207,946</u>	<u>448,045</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>952,200</u>	<u>(860,528)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

EIGNIR	2010	2009
Veltufjármunir		
SKÍ v/prifa	35,000	0
ÍSÍ v/prifa	35,000	63,750
Bankainnistæður	2,381,981	1,182,194
Veltufjármunir	<u>2,451,981</u>	<u>1,245,944</u>
Eignir	<u>2,451,981</u>	<u>1,245,944</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	778,469	1,638,997
Hagnaður (tap) ársins	952,200	(860,528)
Eigið fé	<u>1,730,669</u>	<u>778,469</u>
SKULDIR		
Skammtímaskuldir		
Ógreitt vegna launa	339,791	0
Ýmsar skammtímaskuldir	381,521	467,475
Skuldir	<u>721,312</u>	<u>467,475</u>
Eigið fé og skuldir	<u>2,451,981</u>	<u>1,245,944</u>



Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2011

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2011 með áritun sinni.

Akureyri 12. mars 2012

Stjórn:

Þróstur Guðjónsson

Haukur Valtýsson

Margrét Ólafsdóttir

Þróstur Guðjónsson
Haukur F. Valtýsson
Margrét Ólafsdóttir

Gjaldkeri:

Magnús Gauti Gautason

Magnús Gauti Gautason

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2011.

Akureyri 12. mars 2012

Sveinn Torfi Pálsson
Sveinn Torfi Pálsson

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson
Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2011

Rekstrartekjur	2011	2010
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9,330,996	9,330,996
Lottó frá ÍSÍ	8,360,373	8,438,164
Framlag frá ÍSÍ	1,175,198	1,571,038
Framlag frá Getraunum	1,876,949	592,422
	<u>20,743,516</u>	<u>19,932,620</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	4,035,027	3,710,369
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1,036,857	1,173,522
Úthlutun til aðildarfélaga vegna lottó og styrkja	9,363,164	8,353,785
Annar rekstrarkostnaður	3,847,134	5,950,690
	<u>18,282,182</u>	<u>19,188,366</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2,461,334	744,254
Vaxtatekjur	129,159	209,055
Vaxtagjöld	1,065	1,109
	<u>128,094</u>	<u>207,946</u>
Hagnaður ársins	<u>2,589,428</u>	<u>952,200</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

EIGNIR	2011	2010
Veltufjármunir		
Ýmsar kröfur	67,990	70,000
Bankainnstæður	4,353,450	2,381,981
Veltufjármunir	<u>4,421,440</u>	<u>2,451,981</u>
Eignir	<u>4,421,440</u>	<u>2,451,981</u>
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR		
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	1,730,669	778,469
Hagnaður ársins	2,589,428	952,200
Eigið fé	<u>4,320,097</u>	<u>1,730,669</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ógreitt vegna launa	0	339,791
Ýmsar skammtímaskuldir	101,343	381,521
Skuldir	<u>101,343</u>	<u>721,312</u>
Eigið fé og skuldir	<u>4,421,440</u>	<u>2,451,981</u>

Lög Íþróttabandalags Akureyrar

1 gr.

Íþróttabandalag Akureyrar skammstafað ÍBA er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri. Það starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 64 frá 1998.

2 gr.

Hlutverk ÍBA er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð er stofnuð eru fara með stjórn sérgreina-mála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjaryfirvöld.
3. Að varðveita og skipta á milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðsins.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Van-ræki aðildarfélag að halda aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA ef þörf krefur boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
8. Að skipa nefnd sem sér um framkvæmd á kosningu á Íþróttamanni Akureyrar.

3 gr.

Öll félög á Akureyri sem hafa íþróttir að megin markmiði eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBA, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma gilda í lögum ÍBA og ÍSÍ.

4 gr.

Óski félag eftir að gerast aðili að ÍBA, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í bandalaginu eftir að aðild þess hefur verið samþykkt af stjórn ÍBA, en staðfesta skal inngöngu þess á ársþingi.

Ennfremur öðlast félagið keppnisrétt hjá ÍSÍ eftir að sambandið hefur staðfest inntöku í ÍBA. Stofnfund félagsins skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara á sannanlegan hátt. Til þess að öðlast full réttindi sem aðildarfélag í ÍBA þ.m.t. aðgang að íþróttamannvirkjum og styrkjum, sem ÍBA veitir, þarf félagið að senda inn fjárhagsáætlanir og halda aðalfundi í samræmi við lög þess. Aðlögunartími til þess að öðlast slík réttindi skal vera 3 ár.

5 gr.

Aðildarfélög og sérráð skulu senda ársskýrslu til ÍBA fyrir 1. mars og starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Félög og sérráð skulu í ársskýrslu tilgreina aðalstjórn, stjórn deilda og nefnda ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið.

6 gr.

Félög og sérráð sem ekki hafa sent tilskilin gögn sbr. 5.gr. missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBA og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á íþróttapíng. Komi til þessa er stjórn ÍBA heimilt að fella niður styrk til viðkomandi aðila.

Líði annað ár svo að félag geri ekki skil á skýrslum og reikningum, skal næsta ársþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr ÍBA.

7 gr.

Félag getur misst öll réttindi sín innan ÍBA um stundarsakir ef það brýtur landslög um íþróttamál, lög og reglur eða ákvæði ÍBA, lög sambanda sem bandalagið er meðlimur í svo og leikreglur ÍSÍ og öðlast þau ekki aftur fyrr en það hefur fullnægt settum refsíákvæðum. Haldi félag ekki aðalfund á réttum tíma og standi Bandalaginu skil á starfsskýrslu og ársreikningi skal aðildarfélagi veitt skrifleg áminning og verði ekki úr bætt innan eins mánaðar skal stjórn ÍBA tilkynna félaginu að því hafi verið vikið úr Bandalaginu.

8 gr.

Leggi félag innan ÍBA niður starfsemi, skulu eigur þess renna til ÍBA (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdarstyrk frá Akureyrarbæ).

9 gr.

Þing ÍBA skal halda annað hvert ár, eigi síðar en 15. apríl, og fer það með æðstu stjórn ÍBA.

Átta vikum fyrir þing skal ÍBA tilnefna 3. manna uppstillinganefnd.

Þingboð ásamt tillögu um lagabreytingar ef einhverjar eru skal senda aðildarfélögunum skriflega með 4 vikna fyrirvara.

Þau mál sem aðilar ÍBA óska eftir að verði á dagskrá skulu berast stjórn bandalagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Viku fyrir þing skal aðilum send ársskýrsla, endurskoðaðir reikningar, kjörbréf og skrá yfir fulltrúafjölda þann sem heimilt er að senda á ársþingið. Ennfremur þær tillögur sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið.

Ársþing ÍBA er lögmeitt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

10 gr.

Hvert bandalagsfélag hefur rétt á að senda fulltrúa á þing ÍBA. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna skv. síðustu ársskýrslu þannig að félag með:

1 – 100	félagsmenn hljóti 2 fulltrúa.
101 – 250	félagsmenn hljóti 3 fulltrúa.
251 – 400	félagsmenn hljóti 4 fulltrúa.
401 -550	félagsmenn hljóti 5 fulltrúa.
551-700	félagsmenn hljóti 6 fulltrúa.
701 og fleiri	félagsmenn hljóti 7 fulltrúa.

11 gr.

Á þingi ÍBA eiga sæti með atkvæðisrétti fulltrúar þeir sem aðildarfélög ÍBA hafa kjörið til þings skv. 10 gr. sbr þó 6 og 7 gr. svo og tveir fulltrúar frá hverju virku sérráði á bandalagssvæðinu.

Fulltrúar aðildarfélaga og sérráða innan ÍBA hafa einir atkvæðisrétt eða varamenn þeirra. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði. Fulltrúi getur því aðeins farið með atkvæði, að hann hafi lagt fram kjörbréf sitt og að það hafi verið staðfest af þinginu.

Rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa auk stjórnar ÍBA, framkvæmdastjórn ÍSI, íþróttafulltrúi ríkisins, íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar og fulltrúi frá Vetraríþróttamiðstöð Íslands.

12 gr.

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta, þingritara og varamanna þeirra.
4. Ársskýrslur stjórnar og sérráða ræddar svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá.
5. Fyrri umræða um lagabreytingar ef fyrir liggja, 3 manna laganefnd kjörin til að athuga breytingar fyrir framhaldsfund.
6. Ræddar tillögur og mál sem fyrir liggja.
7. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.
8. Kosnar 3 – ja manna þingnefndir.

ÞINGHLÉ.

1. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
2. Kosningar og tilnefningar.
Tilnefningar í sérráð ÍBA.
Kosinn formaður ÍBA.
Kosnir 3 menn í stjórn ÍBA og 3 til vara.
Kosning 2 skoðunarmanna.
Kosning í nefndir, er þingið ákveður.
Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.
1. Önnur mál.
2. Þingslit.

Þingið skal standa í einn dag nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nefndir starfi í þinghléi. Allar kosningar skulu vera skriflegar séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti.

13 gr.

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur og eða helmingur sambandsaðila óskar þess.

Allur boðunar og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á

aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera laga-eða reglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðbirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um venjulegt ársþing.

14 gr.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í málum sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukaþingi. Til að taka megí mál sem ekki er getið í fundarboði á dagskrá þingsins þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

15 gr.

1. Formanni ÍBA ber að kalla saman formannafund ekki síðar en 1 mánuði eftir ÍBA þing.
2. Stjórn ÍBA skiptir með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara. Formenn einstakra félaga sérráða eða sársambanda má ekki kjósa í stjórn.
3. Starfstími stjórnar ÍBA er 2 ár.
4. Formannafund skal halda a.m.k. fjórum sinnum á ári.
„Á formannafundi gerir stjórn ÍBA grein fyrir starfsemi sinni frá því að síðasti formannafundur var haldinn. Auk þess skal taka fyrir á formannafundi önnur mál, sem stjórnin eða aðildarfélögin telja nauðsynlegt að ræða.“

16 gr.

Stjórn ÍBA fer með umboð í málefnum bandalagsins milli þinga og skal sjá um allar framkvæmdir þess og vinna að málum þess. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir innan eða utan sinna vébanda til að sjá um og framkvæma viss mál bandalagsins. Formaður skal boða stjórnarfundir eftir því sem þurfa þykir. Að öðru leyti setur formannafundur stjórn starfsreglur. Formannafundir eru lögmatir ef löglega er til þeirra boðað, með viku fyrirvara ásamt dagskrá. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

17 gr.

Í íþróttagreinum þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBA með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd ef ástæða þykir til. Sérráð fer með stjórn íþróttalegra sérmála þeirra íþróttagreina sem það varðar, að svo miklu leiti sem það fer ekki inn á svið annarra sérgreina.

18 gr.

Dómstólar ÍSÍ skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar. Nánar er fjallað um þá í lögum um dómstóla íþrótt- og Olympíusambands Íslands.

*Þannig samþykkt á 59 ársþingi ÍBA
14. apríl 2010.*

Til minnis



*Þeir sem voru
tilnefndir til
Íþróttamaður
Akureyrar 2011*



*Nói Björnsson, Halla fh.
Þórarins B. Jónssonar,
Þóroddur Hjaltalín og
Fríða Pétursdóttir*



*Heiðursviðurkenningar
frá íþróttaráði
Akureyrarbæjar 2011*

Heiðursviðurkenningar frá íþróttaráði Akureyrarbæjar

- Fríða Pétursdóttir
- Þóroddur Hjaltalín
- Þórarinn B. Jónsson





Akureyri



Íslandsmeistarar og heiðursfélagar 2010.



Íslandsmeistarar 2011.